

---

# Aðalskráning fornleifa í Ölfusi: Áfangaskýrsla III

---



Ritstjóri: Ragnheiður Gló Gylfadóttir

Seinna bindi

Höfundar efnis: Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Stefán Ólafsson, Gylfi Björn Helgason,  
Lilja Laufey Davíðsdóttir og Hrönn Konráðsdóttir

---

FS789-12023

Fornleifastofnun Íslands ses.

Reykjavík

2020



*Forsíðumyndin er af leið ÁR-720:012 í landi Eystri-Þurár ÁR-528, horft er til norðausturs.*

*Myndina tók Ragnheiður Gló Gylfadóttir.*

© Fornleifastofnun Íslands 2020

Bárugata 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: [fornleif@fornleif.is](mailto:fornleif@fornleif.is)

Heimasíða: [www.fornleif.is](http://www.fornleif.is)



## Samantekt

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður 5.-7. áfanga aðalskráningar fornminja í Ölfusi. Skráningin fór fram sumrin 2016-2018 og voru skráðar minjar á 25 lögbýlum auk fornleifa sem ná yfir fleiri en eina jörð. Þetta er þriðja og síðasta skýrslan um aðalskráningu fornleifa í Ölfusi og með henni lýkur verkinu. Alls voru skráðar 600 fornleifar í þeim þremur áföngum sem skýrsla þessi fjallar um. Skráningin í Ölfusi hófst 2012 og hafa frá upphafi samanlagt verið skráðar 1412 fornleifar í allri aðalskráningunni. Á svæðinu voru skráðar mjög fjölbreytilegar minjar s.s. fjöldi bæjarhóla, hverskyns útihús og aðhöld fyrir skepnur, garðlög og ummerki um efnistöku eins og mógrafir og torfristu.

Ástand minja á skráningarsvæðinu er í meðallagi og er rúmur helmingur minjastaða horfinn af yfirborði. Í flestum tilvikum hafa minjar horfið í túnasléttun og aðra ræktun. Slíkt kemur ekki á óvart á landbúnaðarsvæði þar sem byggð hefur haldist tiltölulega stöðug.

*Efnisorð:* Fornleifastofnun Íslands, fornleifaskráning, aðalskráning, landbúnaðarminjar, byggðasaga, Sveitarfélagið Ölfus

## Summary

This report provides the results of a general archaeological survey undertaken in Ölfus, southern Iceland. The fieldwork was carried out in the summers of 2016 to 2018 and comprised the last part of a general survey within the community which started in 2012. Since the beginning 1412 sites have been surveyed but of these, 600 were recorded between 2016 and 2018 on 25 farms. A wide range of archaeological sites was identified, including farm mounds, outhouses, various types of animal folds, as well as peat and turf cuttings.

The preservation of the archaeology within this assessment area was fairly bad, as about half of the sites are no longer visible on the surface. Most of the sites had disappeared due to homefield levelling in the 20th century.

*Keywords:* Institute of Archaeology (Iceland), archaeology, general survey, agricultural sites, local history, Sveitarfélagið Ölfus



# Efnisyfirlit

## Fyrri bindi

1.	Inngangur	9
2.	Saga fornleifaskráningar á Íslandi	12
3.	Framkvæmd skráningarinnar og fornleifaskrá	14
4.	Fornleifaskrá	17
	ÁR-486    Alviðra	18
	ÁR-487    Tannastaðir	39
	ÁR-488    Laugarbakkar	57
	ÁR-489b   Fjall	67
	ÁR-490    Árbær	73
	ÁR-491    Þórustaðir	75
	ÁR-492    Hvoll	80
	ÁR-493    Kirkjuferja	91
	ÁR-494    Kirkjuferjuhjáleiga	101
	ÁR-511    Kotströnd	103
	ÁR-513    Gljúfur	113
	ÁR-514    Sogn	121
	ÁR-515    Gljúfurholt	142
	Heimildir	145
	Viðauki I: Hnitaskrá ISN93	152
	Viðauki II: Minjakort	162

## Seinna bindi

4.	Fornleifaskrá	9
	ÁR-527    Núpar	9
	ÁR-528    Eystri-Þurá	31
	ÁR-529    Ytri-Þurá	45
	ÁR-530    Þóroddsstaðir	49
	ÁR-531    Riftún	63



ÁR-532	Bakki	67
ÁR-533	Hjalli	81
ÁR-534	Lækur	101
ÁR-535	Bjarnastaðir	105
ÁR-536	Þorgrímsstaðir	111
ÁR-537	Krókur	115
ÁR-538	Gerðakot	119
ÁR-720	Fornleifar á fleiri en einni jörð	120
5.	Fornleifar og byggðapróun í Ölfusi	130
	Bæjarhólar, bæjarstæði og býli	133
	Kirkjur, bænhús, kuml og legstaðir	136
	Útihús, kál- og túngarðar	137
	Brunnar og vatnsból	141
	Kvíar og stekkir	142
	Sel, beitarhús, fjárskýli og réttir	144
	Efnistökuastaðir	147
	Samgönguminjar	149
	Landamerki	153
	Engjar og nýting þeirra	154
	Aðrar minjar	155
6.	Samantekt	157
	Heimildur	163
	Viðauki I: Hnitaskrá ISN93	170
	Viðauki II: Minjakort	180
	Viðauki III: Örnefnakort	198







## 4. Fornleifaskrá


ÁR-527 Núpar



“Jarðdýrleiki xxx og so tíundast fjórum tíundum.” JÁM II, 420. 30 hdr. 1847. JJ, 75.

Landnáma: „Álfur hinn egski stökk fyrir Haraldi konungi af Ögðum úr Noregi; hann fór til Íslands og kom skipi sínu í ós þann, er við hann er kenndur og Álfsóss heitir; hann nam lönd öll fyrir utan Varmá og bjó að Gnúpum.“ ÍF I, 390.

1397: „XCI. Gnuppar. Kirkia ad Gnupumm hins heilaga Þollaks a .xc. j heimalandi. viij. ær. rodukross oc annann til. kluckur .ij. oc er onnur brotin. kiertistukur .ij. alltaraklædi oc bryk. dvk. paxspialld eitt. portio Ecclesiae vmm .iiij. ar .ix. aurar oc .iiij. alnar. Hefur Gudrydur oc Þorallr bondi hennar lated vppgiora ad ollu kirkiuna a fyrr greindum ärum. Hun a syna portionem vmm .vij. ar næstu halfur atiandi eyrer medann Þormodur hefr bved. Þar fylger Andres lykneski vmm þat framm sem adr er j maldagahennar oc



Ekki var hægt að staðsetja heimatún á Núpum eftir túnakortum bæjanna frá 1920. Túnið samanstóð af nokkrum stakstæðum hlutum sem ekki eru á réttum stað á túnakortunum. Þetta er túnakort austurbæjarins. ©Þjóðskjalasafn Íslands.

alltarisdvkr.“ DI IV, 95-96.1575: „CXC. Nupar. Hálfkirkian ä Nupum ä xc. i heimalande.“ DI XV, 643. “Landamerki: Austan: Úr Fífuhólma í Álftarósi (Ósnefi) í Vatnastekk, þaðan lína í Bleiksmýrarklett, síðan sama stefna norður í afrétt. Sunnan: Þorleifslækur. Vestan: Úr Strút um Þúfuhraun og í mitt Vatnsskarð og sömu stefnu í afrétt.” Ö-Núpur, 1. “Núpar er önnur af tveimur jörðum í Ölfusi sem nefndar eru í Landnámu. Það er allstór jörð, 18 hundruð að fornu mati, óskipt.” Sunnlenskar byggðir III, 345.

1917: Tún 2.9 ha (Austurpartur) & 6.2 ha (Vesturpartur) alls 9.1 ha, allt slétt. Garðar 930 m<sup>2</sup>. (Austurpartur) & 1448 m<sup>2</sup>. (Vesturpartur) alls 2378 m<sup>2</sup>.

**ÁR-527:001** *Núpar* bæjarhóll bústaður 63°58.777N 21°14.133V

“Tvíbýli var lengi á Núpum og var skipting á túni og engjum mjög sérkennileg. Austurbær var 1/3 af jörðinni og var engjum skipt í þrennt og notaði Austurbær aldrei sama blettinn nema eitt ár í senn. Austurbæjarbóndi komst ekki á tún sitt, nema fara yfir tún Vesturbæjarbónda...,” segir í örnefnalýsingu. Í Sunnlenskum byggðum II segir að á Núpum hafi verið tvíbýli a.m.k. frá 1729 er manntal ver tekið í Ölfushreppi. Bærinn er sýndur á túnakorti frá 1920. Á Núpum eru nú þrjú býli en að sögn Hauks Gunnlaugssonar, heimildamanns, var tvíbýli hér eins langt og menn muna. Bæirnir voru sambyggðir, á bæjarhólum og eru þar enn.





Bæjarhóll ÁR-527:001, horft til suðurs.

Núpar I og II eru á bæjarhólnum og einungis nokkrir metrar eru á milli húsanna. Húsin snúa norðaustur-suðvestur, meðfram hlíðinni og neðan við húsin þ.e. til suðausturs er brattur bakki. Húsin eru á brún þessa bakka. Á síðustu árum hefur mikil skógrækt verið í suðurhluta bæjahólsins. Allt svæðið fyrir sunnan húsið er innan bakgarða húsanna en til norðurs er malarplan.

Ekki sést mikið til bæjarhóls þar sem húsin eru. Þau eru byggð 1910 og 1971 en ekki er búið í Vesturbænum lengur. Bæjarhóllinn var 50x30 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er hægt áætla hæð hans á vettvangi vegna rasks. Malarvegur- og plan eru til vesturs en húsin eru á miðjum hólnum. Allt umhverfis bæinn eru ræktuð tún.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Núpar, 1; SB III, 346; Túnakort 1920

**ÁR-527:002** heimild um kirkju

1397: XCI. Gnwpár. Kirkia ad Gnuþumm hins heilaga Þollaks a .xc. j heimalandi. viij. ær. rodrukross oc annann til. kluckur .ij. oc er onnur brotin. kiertistikur .ij. alltaraklædi oc bryk. dvk. paxspialld eitt. portio Ecclesiæ vmm .iiij. ar .ix. aurar oc .iiij. alnar. Hefur Gudrydur oc Þorallr bondi hennar laterd vppgiora ad ollu kirkiuna a fyrr greindum ärum. Hun a syna portionem vmm .vij. ar næstu halfur atiandi eyrer medann Þormodur hefr bved. Þar fylger Andres lykneski vmm þat framm sem adr er j maldagahennar oc alltarisdvur. DI IV, 95-96.

1575: CXC. Nupar. Hálfkirkian ä Nupum ä xc. i heimalande. DI XV, 643. Í Jarðbók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1709 segir: “Munnmæli eru, að hjer hafi til forna kirkja verið, en engin sjást þess viss merki og eru því gátur einar.” “Kirkjuflöt: Smáflöt suðaustur af Grjóttungu. Nafnið gæti bent til að þar hafi kirkjan verið, þó er það ólíklegt, því kirkjur stóðu oftast við bæina,” segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvar kirkjan á Núpum var staðsett með vissu, hvergi hafa komið upp mannabein í námunda við bæinn svo vitað sé. Hugmyndir eru uppi um að útihús 035 sé kirkjan, það verður að teljast afar ólíklegt fjarlægð frá bæ 001 er það mikil. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja kirkjuna með innan við 50 m skekkju.

Engin ummerki um kirkjuna sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** JÁM II, 420; Ö-Núpar, 2; DI IV, 95-96.; DI XV, 643.

**ÁR-527:003** heimild um útihús

63°58.807N 21°14.220V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 80-90 m norðvestan við bæ 001 og tilheyrði Austurbæ.

Óljóst mótar fyrir hól á þessum slóðum og var útihúsið að öllum líkindum á honum.

Slétt, ræktað tún. Umhverfis túnið eru skjólbelti en víða eru hryggir og lágir hólar.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-527:004** heimild um leið

63°58.768N 21°14.202V

“Vegur lá frá bænum, með fjallinu til suðvesturs, og er enn,” segir í örnefnaskrá. Vegurinn er sýndur á túnakorti frá 1920, hann liggur austur-vestur, sunnan við bæ 001, og sameinast leið ÁR-720:012. Leiðin var um 20 m sunnan við bæ 001 og rúmum 40 m NNA við Núpaveg 3780.

Mínjasvæðið er innan bakgarðs eins íbúðarhússins á jörðinni, sem ljóslega hefur raskað veginum.

Engin ummerki um leiðina sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Núpar, 1; Túnakort 1920



**ÁR-527:005** *Stöðulbrekka* heimild um kvíar

63°58.641N 21°14.257V

“Stöðulbrekka: Suðvestan við Hvamminn,” segir í örnefnalýsingu. Stöðulbrekka er rúmum 60 m suðvestan við útihús 009 og 270 m SSV við bæ 001. Ekki er tóft á þessu svæði né er vitað til að svo hafi verið að sögn Guðmundar A. Birgissonar, heimildamanns.

Stöðulbrekka er brött til austurs, niður af Núpafjalli. Mikil skógrækt er í hlíðinni og svæðið mikið breytt á síðustu áratugum.


Engin ummerki um kvíar sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Núpar, 1

**ÁR-527:006** *Vesturbæjarfjárhús* tóftir fjárhús

63°58.789N 21°14.279V



“Vesturbæjarfjárhús: Fjárhús, sem stóðu í túnjaðrinum sunnan við Kattagil,” segir í örnefnalýsingu. Fjárhúsin eru rúmum 130 m vestan við bæ 001 og tæpum 160 m norðan við fjárhús 009. Fjárhúsin eru norðan við Hjallhól, á milli hans og Kattagils. Samkvæmt Guðmundi A. Birgissyni, heimildamanni, eru sagnir um að þetta séu tóftir elsta bæjarins á Núpum.

Tóftirnar eru undir brekku sem hallar til austurs, niður Núpafjall. Þær eru á hólhrygg, austan við bæinn. Til austurs eru skjólbelti og ræktuð tún en hamrar og brattar brekkur til vesturs.


Á svæði sem er 55x25 m að stærð og snýr norður-suður eru þrjár tóftir. Í lýsingu þessari er þeim gefin bókstafur til aðgreiningar. Tóft A er syðst og er fjárhús. Hún er 13x13 m að stærð, skiptist í tvö hólf og er grafin inn í brekku til vesturs. Hólf 1 er sunnar. Það er 7x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Það er opið til austurs. Veggirnir eru 0,3-0,5 m á hæð og það glittir í 2-3 umför af grjóti að innan í því. Þeir eru algrónir að utan. Hólf 2 er norðar. Það er 9x3 m að innanmáli og opið til austurs. Það glittir í 2-5 umför af hleðslum að innan en að utan eru veggirnir algrónir. Inni í hólfinu er mikið rusl, bárujárn að mestu. Tóft B er 2 m norðar. Hún er röskuð, reykkofi var byggður í vesturhluta hennar sem enn er í notkun. Tóftin er 10x10 m að stærð og veggirnir eru 0,5-1 m á hæð. Það má greina 4 umför af stóru hleðslugrjóti í þeim. Tóftin er grafin inn í brekku og opin til austurs. Rétt C er 6 m norðan við tóft B. Hún er 24x15 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Réttin er grjóthlaðin, veggirnir eru 0,2-0,4 m á hæð. Það má greina 2-4 umför af grjóti í þeim. Réttin mjókkar til norðurs og op er til austurs.

Teikning af minjum 006.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar



Tóftir ÁR-527:006 a-b, horft til NNA.




Rétt ÁR-527:006c, horft til norðurs.

**Heimildir:** Ö-Núpar, 2

**ÁR-527:007** tóft útihús

63°58.686N 21°14.309V

Tóft er fast vestan við Orustuhól 029, um 230 m suðvestan við bæ 001 og 60 m suðaustan við útihús 009.



Teikning af tóft 007.



Tóft ÁR-527:007, horft til austurs.

Fast austan við tóftina sést grjóthlaðin undirhleðsla. Virgirðing liggur enn þar ofan á að hluta. Tóftin er ofarlega í brekku sem hallar til austurs niður Núpafjall. Skógrækt er til allra átta nema vestan við tóftina.

Tóftin er grafin inn í brekku að vestan. Hún er 10x7 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Garði er meðfram norðurhlið en veggirnir eru 0,2-0,4 m á hæð að utan. Kantur sést að vestan, þar sem tóftin er niðurgrafin. Að innan eru veggirnir 0,3-0,5 m á hæð og þar glittir í 2-3 umför af grjóthleðslu. Tóftin er öll mjög gróin.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**ÁR-527:008** garðlag túngarður

63°58.819N 21°14.280V

“Vesturbæjartún: Túnið norðaustan Tungu, allt að túngarði,” segir í örnefnaskrá. Túngarðurinn sést enn um 150 m norðvestan við bæ 001, beint norðan við fjárhús 006. Þar má greina einfalda steinaröð í brekkunni ofan við bæinn en hún er slitrótt. Vegur 720:012 lá hér fast vestar og raskaði túngarðinum eitthvað að öllum líkindum. Ekki er vitað hversu stórt svæði túngarðurinn afmarkaði, á túnakortinu sjást nokkur stakstæð tún sem mynduðu tún bæjanna. Afstaða þeirra er ekki rétt á túnakortinu. Það má sjá ummerki um túngarð eftir allri vesturhlið túnsins. Túngarðurinn sést neðarlega í brekkum Núpafjalls. Hann er slitróttur, skógrækt, vegagerð og sléttun hefur raskað honum mikið.



Túngarður ÁR-527:008, horft til NNV.

Túngarðurinn er horfinn austan við heimatúnið að öllum líkindum, þar eru nú framræstar mýrar og gróin tún. Í hliðum Núpafjalls sést túngarðurinn sem einföld steinaröð, virgirðing er þar ofan á. Hann er 90 m að lengd, 1 m á breidd og 0,1-0,2 m á hæð. Til suðurs er hann mun umfangsmeiri, þar eru hann 0,3 m á hæð og 2-3 umför í honum. Túngarðurinn er allur grjóthlaðinn.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Núpar, 2

**ÁR-527:009** tóft fjárhús

63°58.711N 21°14.355V


Fjárhús eru ofarlega í viki sunnan við Hjallhól, um 160 m suðvestan við tóftir 006 og rúmum 220 m suðvestan við bæ 001. Tóftin er ofarlega í brekku, við Núpastíg 024, rétt utan við heimatúnið.

Brekkan er með hömrum efst og grjótskiðum. Gras er umhverfis tóftina er skógrækt fast til austurs. Grjót hefur fallið á tóftina og umhverfis hana.

Tóftin er 10x7 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Hún er opin til austurs, niður brekkuna. Tóftin er grafin inn í brekkuna til vesturs og þar er kantur. Veggirnir eru 0,5-0,8 m á hæð að innan en 0,2-0,4



Tóft ÁR-527:009, horft til austurs.



Teikning af tóft 009.

m á hæð að utan. Hægt er að greina 2-3 umför af grjóthleðslu inni í tóftinni.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**ÁR-527:010** *Borgartún* heimild um fjárhús

“Borgartún: Túnið neðan veitunnar nær Veginum. Þar voru fjárhús Austurbæjar. Ég sléttaði tættunarnar með jarðýtu 1944. Fyrsta vinna af slíku tagi í Ölfusi,” segir í örnefnaskrá. Ekki er hægt að staðsetja fjárhúsin með innan við 50 m skekkju enda langt síðan þau voru sléttuð út. Þau voru austan við bæ 001, þar eru nú framræst, gróin tún.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Núpar, 2

**ÁR-527:011** *Greifagerði* heimild um vörslugarð


“Greifagerði: Smáflöt norðast í Vesturb.túni, varin með garði, horfinn nú. Bletturinn er kenndur við Jón Guðbrandsson, sem var auknefndur Jón Greifi. Hann mun hafa haft þar kálgarð,” segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvar Greifagerði var staðsett, líklega var það í túninu norðvestan við bæ 001. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja kálgarðinn með innan með 50 m skekkju.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Núpar, 2

**ÁR-527:012** tóftir sel

63°59.762N 21°15.724V




Teikning af seli 012.

Forn selstaða er um 870 m norðan við rétt 028 og rúma 2,2 km norðvestan við bæ 001, uppi á Núpafjalli. Á heimasíðu Ferlis segir: “Ef stefnan er tekin á Skálafell og gengið u.þ.b. 400 metra? frá stígnum er komið að tættum - seli. Það er vel gróið og nánast horfið í jörðina. Tjörnin, Hurðarásvötn, er norðan við selið, en það á að vera um 200-300 m frá henni. Þarna hafa verið dýr á sumrin, enda skammt í vatn og hagar góðir.” Selið er fast austan við Þurárhraun, á grónu svæði milli þess og Núpafjalls að austan. Þurárhraun er mosavaxið en nokkuð úfið. Tóftirnar eru hlaðnar undir austurbrún hraunsins en umhverfis þær er gróinn mói. Þar er gras, lyng og mosi áberandi. Selið er á svæði sem er 55x12 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þar eru sex tóftir í þyrpingu. Tunga gengur til norðausturs úr





Tóft ÁR-527:012a, horft til suðvesturs.



Tóftir ÁR-527:012b-c, horft til vesturs.

hrauninu, selið er þar undir. Í lýsingu þessari er hverri tóft gefin bókstafur til aðgreiningar. Tóft A er norðvestust og einna best varðveitt. Hún er 7x5 m að stærð, einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er hlaðin upp að hraunbrúninni til suðvesturs og er grjóthlaðin. Tóftin er opin til norðvesturs og er rétt eða náttlagi. Veggirnir eru 0,2-1 m á hæð, hæstir að innan. Hrun er í opi og mikið hefur jafnframt hrunið úr veggjum. Það eru 1-8 umför af steinum í veggjunum. Um 15 m sunnar eru tóftir B og C. Hér er líklega um tvær tóftir að ræða eða tvö byggingarstig ofan á eldri tóft. Þær eru alveg við hlið hvor annarrar. Tóft B er norðvestar. Hún er 4x4 m að stærð og á henni eru tvenn op, eitt til suðausturs og annað til norðvesturs. Veggirnir eru 0,2 m á hæð og hér og þar glittir í grjót. Þeir eru mosa- og lyngivaxnir. Það er líklega jarðfastur steinn í vesturhorni. Tóft C er fast suðvestar. Hún er mun greinilegri en tóft B. Hún er 5x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur, Veggirnir eru 0,2-0,3 m á hæð og þar má greina 1-3 umför. Tóftin er opin til austurs. Þar er hrun og jarðfall. Tóft D er 5 m austar. Hún er 8x7 m að stærð, snýr



Tóft ÁR-527:012d, horft til austurs.



Tóft ÁR-527:012e, horft til suðurs.

austur-vestur og skiptist í 2 hólfi. Veggirnir eru 0,2-0,4 m á hæð og það glittir í 2 umför af grjóthleðslu. Tóftin er lyngi-, kjarri- og mosavaxin. Að vestan er hólfi 1. Það er 3x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru grjóthlaðnir og eru 0,2 m á hæð. Hólfið er opið til suðurs. Hólfi 2 er austar. Þar er 3x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Það er opið til vesturs. Það er hlaðið upp að brún til suðurs. Tóft E er 7 m austar. Hún er 8x5 m að stærð, skiptist í tvö hólfi og snýr austur-vestur. Hólfi 1 er vestar. Það er 2x2 m að innanmáli og veggirnir eru 0,4 m á hæð. Klettur er í suðurvegg. Hólfi 2 er austar. Það er 2x1 m að innanmáli og opið til norðurs. Klettur er í suðvesturhorni. Veggirnir eru 0,3 m á hæð. Tóftin er gróin lyngi og mosa. Hleðsla F er 9 m suðaustar, í hraunbrúninni. Hún er norðaustan við klett og sést illa fyrr en að henni er komið. Hún er 1 m á lengd og 0,2 m á hæð. Það má sjá 2 umför af grjóti í henni. Tilgangur hennar er óljós.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** <http://www.ferlir.is/?id=6397>

**ÁR-527:013** heimild um leið 63°58.852N 21°13.995V  
“Hjáleigudalur: Brekkulaut mót suðaustri. Vegur uppá Melana lá austan við hann,” segir í örnefnalýsingu. Leiðin er sýnd á herforingjaráðskorti frá 1909. Hún lá til austurs frá leið ÁR-720:023 norðan við heimatúnið, að myllu 030.

Leiðin er horfin, þarna eru nú ræktuð tún.

Öll ummerki leiðarinnar eru horfin af yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Núpar, 3; Hkort 37 1:50000

**ÁR-527:014** *Stekkatún* heimild um stekk 63°59.137N 21°14.259V  
“Stekkatún: Grasflöt með stórum björgum sem fallið hafa úr fjallinu, sér ekki mannvirki,” segir í örnefnaskrá. Stekkatún er rúmum 670 m norðan við bæ 001 og 530 m austan við herminjar 031.

Stakstæð, stór björg og klettur eru á þessu svæði. Þarna er einnig malarnám en því hefur verið hætt. Annað hvort var stekkurinn hlaðinn við einhvern steininn eða hvarf þegar skriðan féll niður.

Engin ummerki um stekkin sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Núpar, 4

**ÁR-527:015** *Mógrafabali* heimild um mógrafir 63°58.470N 21°14.320V  
“Núpabringur: Mýri suður af túninu, upp að gamla vegi og vestur með hrauni. Þar var tekinn mór. Mógrafabali: Smáhóll norðaustast í Núpabringum,” segir í örnefnalýsingu. Mógrafirnar eru um 280 m sunnan við fjárhús 040 og tæpum 600 m sunnan við bæ 001. Að sögn Guðmundar A. Birgissonar, heimildamanns, voru mógrafirnar um 10-15 ha að stærð. Hann fyllti upp í þær og plantaði grenitrjám þar.

Framræst tún sem búið er að planta hundrum ef ekki þúsundum af trjám í. Jarðvegur var jafnframt tekin hér ofan af.

Engin ummerki um mógrafirnar sjást á yfirborði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Núpar, 4

**ÁR-527:016** heimild um brunn  
Samkvæmt Guðmuni A. Birgissyni var brunnur við Orustuhól 029. Hann fyllti yfir brunninn en veit hvar hann er. Því miður var ekki hægt að fara á staðinn með Guðmundi og skrásetjarar fundu hann ekki við yfirferð sína. Ekki reyndist hægt að staðsetja brunninn með inna við 50 m skekkju, hann var þó skammt vestan við íbúðarhúsið á hólnum.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**ÁR-527:017** *Torfdalur* örnefni rista 63°58.370N 21°13.360V  
“Torfdalur: Dæld í hraunið, vestan engjagötunnar, blautur, góður torfvöllur. Þar var skorið mikið torf til einangrunnar á Hitaveitu Reykjavíkur 1939,” segir í örnefnaskrá. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1706 segir: “Torfrista og stúnga í lakara lagi.” Hér er verið að skrá örnefnið Torfdalur, sem gæti bent til torfristunar. Ekki er vitað hvort að hér sé um sama stað og árið 1706 að ræða. Torfdalur er um 900 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 270 m norðaustan við beitarhús 039.

Á þessum slóðum er votlendi og þegar því sleppir til suðurs tekur Þurárhraun við.

Engin ummerki um ristur eru sjáanleg á yfirborði, enda gróa slík ummerki iðulega fljótt aftur.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Núpar, 5; JÁM II, 420

**ÁR-527:018** *Borgarholt* tóft fjárskýli 63°58.117N 21°12.750V  
“Borgarholt: Austurendi hraunsins. Þar standa fjárhús núna,” segir í örnefnaskrá. Hér er verið að skrá örnefnið Borgarholt, sem gæti bent til fjárskýlis, ekki fjárhúsins sem eru líklega reist um miðja 20. öld. Borgarholt er um 1,6 km suðaustan við bæ 001 og rúmum 90 m norðaustan við fjárhús 018. Tóftin var ekki skráð á vettvangi en sést vel á loftmynd, raflína liggur yfir fjárskýlið. Fjárskýlið er á hól, í mýri. Flotgröfuskurður er rúmum 40 m austar.



Á þessum slóðum er þurrt og vel gróið holt. Dauflegir vegslóðar má sjá hér og þar, einkum norðan og vestan við fjárhúsið. Þegar því sleppir til vesturs tekur Þurárhraun við.

Hóllinn er um 20 m í þvermál og algróinn. Ofan á honum er hringlaga tóft, um 8 m í þvermál. Ekki er hægt að lýsa henni nánar, hún var ekki hnitsett á vettvangi.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Núpar, 5

**ÁR-527:019** gata leið

63°58.206N 20°13.507V



Leið ÁR-527:019, horft til austurs.

“Langidalur: Löng lægð í hraunið vestan Snorradals, suðaustur af Harðavelli. Þar var gata,” segir í örnefnaskrá. Tæpum 1,2 km suðaustan við bæ 001 og rúmum 250 m suðaustan við beitarhús 039 er leið. Hún liggur í gegnum nef á norðurhorni Þurárhrauns. Mosi er algörlega ráðandi gróðurfar, en víða standa hraunklettur upp úr gróðrinum.

Leiðin er auðgreinileg og liggur nálega norðvestur-suðaustur á 420 m löngum kafla. Mest mótar fyrir 5 mosa- og grasivöxnum pöldrur og er botn iðulega algróinn, víða sér þó til bert hrauns. Leiðin er 1-2 m á breidd og er hún aðeins sjáanleg þegar hún þræðir gegnum hraunið.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Núpar, 5

**ÁR-527:020** tóft fjárhús


63°57.683N 21°13.396V

“Leghólar: Smáhólar austanvert í Þurártúni. Þar voru lengi sauðahús frá Núpum,” segir í örnefnaskrá. Nokkuð sémilega hlaðin tóft er um 2,1 km sunnan við bæ 001 og tæpum 560 m norðan við landamerkjagarð 021.

Tóftin er á fremur grónu hrauni. Gróður er mosi og lynggróður að uppistöðu. Þegar því sleppir tekur við smáhæðótt votlendi.



Tóft ÁR-527:020, horft til NNW.



Teikning af tóft 020.

Tóftin er 13x12 m að stærð og snýr nálega norðaustur-suðvestur. Hún er ferhyrnd og tvískipt. Er hólfum gefin númer til aðgreiningar hér á eftir. Lýsing hefst að norðan, á hólf 1. Það er 10x4 m að stærð að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hleðslur eru nokkuð laglega hlaðnar og mest má sjá 7 umför af smágrýti í veggjum. Inn á milli glittir í stórgrýti. Veggir eru 1,5 m breiðir og mesta veggjahæð er 1,4 m. Botn hólfsins er nokkuð þýfður og grasivaxinn. Þó mótar ógreinilega fyrir jötu í vesturhorni hólfsins, sem er 4x1,5 m að stærð. Hún er grjóthlaðin, en vegna gróðurs var ekki hægt að telja umför. Gengið er inn í hólfid fyrir miðju suðausturveggjar þess. Hólf 2 sunnan við hólf 1 og ekki er innangengt milli hólfra. Það er 11x4 m að stærð að innanverðu og snýr norðaustur-suðvestur. Hólf 2 er áberandi verr varðveitt miðað við hólf 1. Er mesta veggjahæð 1 m til norðurs, en á hinum hliðum hólfsins eru veggir 0,4-0,6

m háir. Telja má 2-5 umför af grjóti í veggjum. Á suður- og vesturhlið hólfsins sést í grjóthrun. Óljóst mótar fyrir opi á suðvesturhorni hólfsins, en eins og fyrir segir er hólfíð nokkuð hrúnið á þeim slóðum. Engin skýr ummerki sjást um frekari hólfaskiptingu, jötu eða annað innan hólfsins og er botn þess nokkuð sléttur. Hér er líklega um e-s konar aðhald að ræða.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Núpar, 5

**ÁR-527:021** garðlag landamerki

63°57.388N 21°13.269V



Garðlag ÁR-527:021, horft til suðurs.

sjá fremur gróna smágrýtissteyna sem trúlega hafa tilheyrt garðinum. Hleðslur eru signar og er mesta veggjahæð 0,4 m og mesta veggjabreidd 0,5 m. Búið er að reisa vírgirðingu ofan á garðinn og hefur það ljóslega raskað minjastaðnum að einhverjum hluta.

**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**Heimildir:** Ö-Núpar, 6; Örnefnauppdráttur IE 1968

**ÁR-527:022** Draughóll örnefni draugur

63°58.090N 21°14.642V



Draughóll ÁR-527:022, horft til suðurs.

hæð og er fremur vel gróinn, lyngróður að uppistöðu.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Núpar, 6

**ÁR-527:023** Seldalur tóft sel

63°59.159N 21°15.322V


“Seldalur: Gróin dæld upp frá Núpastíg [024]. Þar lá gata. Stundum var slegið og flutt á klökkum niður Núpastíg,” segir í örnefnalýsingu. Tóft er tæpum 1,2 km norðvestan við bæ 001 og 690 m suðaustan við rétt 028, í Seldal. Selið er fast austan við Þurárhraun, í grónu viki norðvestast í dalnum.

Seldalur er mosavaxinn og gróinn. Þurárhraun afmarkar hann til vesturs en Núpafjall til austurs, Mosi





Sel ÁR-527:023, horft til vesturs.



Teikning af seli 023.

og gras er áberandi þar.

Ein tóft sést í selstöðunni, líklega voru þær fleiri. Hún er í viki á milli tveggja hrauntunga og sést illa fyrir en að henni er komið. Tóftin er 7x5 m að stærð, einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er grjóthlaðin en gróið er yfir vegg, aðallega mosi. Mikið hrun er í veggjum. Tóftin er opin til suðausturs. Það má greina 1-3 umför af grjóti í veggjum sem eru 0,3-0,2 m á hæð. Tóftin er óskýr engu að síður. Jarðfastur klettur er hluti af suðurvegg, hann er 1,5 m á hæð. Þar við er grjóthrun og ekki útilokað að annað hólfi eða skúti hafi verið þar. Ekki sjást fleiri mannvirki á svæðinu en tvær dældir eru fyrir suðvestan klettinn. Þar voru mögulega tóftir en ekki sjást hleðslur þar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Núpar, 7

**ÁR-527:024** *Núpastígur* gata leið

63°58.799N 21°14.491V

“Seldalur [023]: Gróin dæld upp frá Núpastíg. Þar lá gata. Stundum var slegið og flutt á klökkum niður Núpastíg,” segir í örnefnaskrá. Núpastígur er rúmum 310 m vestan við bæ 001 og rúmum 750 m suðvestan við herminjar 031. Núpastígur er enn (2017) í notkun. Núpastígur liggur í gegnum fremur bratta og grýtta fjallshlíð Núpafjalls. Heildargróðurþekja er nokkur, mosi að uppistöðu. Gróðurblettir eru fáir, og helst að finna þar sem jarðföstum klettum þar sem hlé er fyrir grjótskriðum.



Núpastígur ÁR-527:024, horft til suðausturs.

Núpastígur er vel greinanlegur og liggur nálega NNV-SSV upp Núpsfjall í hlykkjum. Þegar komið er upp á fjallið tekur hann sveigju til austurs og endar við vesturmörk Seldals. Hann er um 880 m á lengd og með ágætum vilja má sjá leiðina við fjallsrót og er hún mest 0,5 m breidd með mold og smágrýti í botni til skiptist. Þegar ofar dregur verður hún greinilegri og er hún 1 m þar sem hún er breiðust. Þar sjást 2-3 grasivaxnir paldrar, 0,3 m á dýpt, með grasivaxinn botn.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Núpar, 7

**ÁR-527:025** *Núpastekkatún* tóft stekkur


63°58.378N 21°14.689V

“Núpastekkatún: Gróin flöt neðan Fjárþóla. Sér enn fyrir stekknunum,” segir í örnefnalýsingu. Stekkurinn er 870 m suðvestan við bæ 001 og 850 m vestan við beitarhús 039. Stekkurinn er beint neðan við (sunnan við) Stekkatúnsskarð, á svæði sem kallast Núpastekkatún. Tóftin er hlaðin norðvestan við stakstætt bjarg og sést illa fyrir en að henni er komið.

Stekkurinn er í gróinni brekku, til suðurs af Núpafjalli. Malar- og grjótskriða er fast vestar. Svæðið er



Stekkur ÁR-527:025, horft til suðvesturs.



Teikning af stekki 025.

grasivaxið og ekki nýtt lengur.


Tóftin er grjóthlaðin og hlaðin úr fremur stóru hleðslugrjóti. Það er tekið úr nánasta umhverfi. Tóftin er 15x11 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og skiptist í þrjú hólfa. Hólf 1 er norðvestar, ofan við steininn. Hann er hluti af tóftinni og skilur á milli hólfa. Það er 5x2 m að innanmáli og opið til suðausturs, hjá steininum. Veggirnir eru 0,3 m á hæð og í þeim má sjá 2-3 umför af grjóti. Þeir sjást illa að utan vegna gróðurs. Hólfíð er niðurgrafið að öllum líkindum. Hólf 2 er suðvestar, neðan við steininn. Það er 6x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Það er opið til suðvesturs. Veggirnir eru 0,3 m á hæð og þar má sjá 2-3 umför af hleðslugrjóti. Hólf 3 er óljóst, vestan við hólf 2. Þar sést einföld hleðsla úr stórum steinum. Þetta er mögulega aðrekstrargarður inn í hólf 1. Ekki er opið á milli hólfa.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Núpar, 3

ÁR-527:026 *Camp Cameron* mannvirki

63°35.905N 21°15.313V




Uppdráttur af herminjum á Núpafjalli úr bókinni Styrjaldarárin á Suðurlandi, bls. 35.

“Vorið 1941 sendu Bretar aftur herlið fram á Núpafjall. Gerðu þeir bílfæra braut, kílómetra langa, suður af Hellisheiðarvegi [...]. Þaðan lá brautin vestan undir klettabelti um einstigi og á sveig niður í dalverpið norður af Hurðarásvötnum [sjá veg J í lýsingu hér neðar]. Þar reistu þeir tjaldbúðir og eitthvað af bröggum fyrir veturinn [...]. Þegar Bandaríkjamenn tóku við vörnum Suðurlands vorið 1942, yfirtóku þeir stöðvarnar á fjallinu af Bretum. Við Hurðarásvötn voru reistir einir 15 bragar. Þar var sett upp öflug disilstöð [mannvirki A] og kampurinn raflýstur, en neytluvatn sótt á tankbíl úr Hveragerði,” segir í Styrjaldarárin á Suðurlandi e. Guðmund Kristinsson. Um 2,5 km norðvestan við bæ 001 og tæpum 250 m vestan við Hurðarásvötn eru herminjar. Camp Cameron er í hálfgrónu dalverpi ofarlega á norðausturhluta Núpsfjalli.

Landið er smáhæðótt og er mosi mikill í sverði, þó stendur smágrýti og annað grjót sums staðar upp úr mosanum.

Herminjar eru innan svæðis sem er





Uppmælingar af Camp Cameron. Staðurinn var rannsakaður nánar í verkefniú Hernámið í ljósi fornleifafraeðinnar, sjá Elín Ósk Hreiðarsdóttir o.fl.

440x270 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Í bókinni Styrjaldararin á Suðurlandi er teikning birt af braggahverfinu, byggður á þeim minjum sem sáust á yfirborði árið 1998. Teikningin er ekki í réttum hlutföllum, en sýnir ágætlega þær minjar sem sjáanlegar eru þegar komið er á vettvang. Hér á eftir er hverju minjasvæði gefið bókstafur til aðgreiningar. Lýsing hefst syðst, á mannvirki A. Það er merkt sem rafstöð á teikningunni. Grunnar rafstöðvarinnar er auðgreinanlegur, 16x8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Grunnurinn er steypur til norðurs, en moldarborinn til suðurs. Talsvert er um rusl í og við grunninn, s.s. af bárujárnri og glerbrotum. Til norðvesturs sér í timburrafstokk, um 1 m af rafstöðinni. Stokkurinn er 0,5 m á lengd og 0,3 m á hæð og grafinn inn í hól. Þegar skrásetjari var á vettvangi glitti í kopavíra í stokkinum, sem leitt hefur rafmagn frá stöðinni og í braggahverfið (Minjar B,C D, E og F). Minjasvæði B er um 160 m norðvestan við mannvirki A. Það er 40x30 m að stærð og snýr NNA-SSV. Innan þess má sjá sex braggagrunna. Malarborinn vegslóði er fyrir miðju braggasvæðinu og skiptir hann því í tvennt. Sitt hvoru megin við slóðann eru 3 braggar sem reistir eru með 0,5 m millibili. Mosi er áberandi á bröggunum vestan við slóðann, en austanmeginn sjást grunnar þeirra mjög vel. Hin almenna regla er að braggarnir séu 12x6 m að stærð og snúi norður-suður. Hlutverk minjasvæðis B er ekki merkt inn á uppdráttinn, en lögum þeirra bendir til að þar hafi hýbýli hermannanna verið. Minjasvæði C er tæpum 50 m NNA við svæði B. Það er 20x15 m að stærð og snýr norður-suður. Inn á uppdráttinn eru tveir sambyggðir braggar með trégólfi merktir á þessum slóðum og eru grunnar þeirra beggja enn (2017) vel sýnilegir. Ekki er ljóst hvaða hlutverki braggarnir hafa þjónað. Braggasvæði D er rúnum 40 m norðvestan við svæði C. Þar eru þrjú braggar teiknaðir inn á uppdráttinn, þar af einn með steingólfi og áfastri timburhliðsstofu að framan, sem líklega er forstofa. Nánara hlutverk þeirra er ekki merkt á uppdráttinn. Grunnur braggana eru á svæði sem er 35x20 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Steinsteypur ferkantaður bútur, sem gæti verið leifar af strompi, er í suðurhluta vestasta braggans. Í





Camp Cameron ÁR-527:026, horft til vesturs.

niðurgrafnir 0,5-0,9 m á dýpt, niður í jörðina. Heildarþekja mosa er mikil á svæðinu og er þeir við það að hverfa undir gróður. Hvergi glittir í bárujárn, en mikið af timbur- og pappaleifum ýmiss konar, sem líklega eru leifar af veggja- eða gólfyllingu. Um 60 m norðvestan við braggasvæði E er kol- og sorpbrennsla merkt inn á teikninguna og fá þau mannvirki bókstafinn F í þessari fornleifaskrá. Aðeins sjást tvö steinsteypt veggjabrot á svæði sem er 10x5 m að grunnflatarmáli. Veggjabrotin eru jafnstór, 4x1 m að stærð og 0,5-0,8 m á hæð. Þau snúa norðvestur-suðaustur. Feiknamikið af glerbrotum er allt umhverfis steinsteypubrotin. Um 80 m NNA við minjasvæði F er svæði G. Innan þess eru 5 gryfjur. Þær eru ekki merktar inn á teikninguna. Gryfjurnar eru á svæði sem er 30x10 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Gryfjurnar eru íðulega 2x1,5 m að stærð, snúa nálega norður-suður og er dýpt þeirra frá 1 m að austan til 2,2 m til vesturs. Gróður er mikill á svæðinu og áberandi fagurgrænni en umhverfið í kring. Líkast til hafa gryfjurnar verið grafnar til þess að geyma sérstakan úrgang frá hverfinu, t.d. frá kolabrennslunni, en ekki er um eiginlega öskuhauga að ræða. Mannvirki H er um 400 m austan við svæði G og er það fyrsta mannvirkið sem sést þegar vegslóði er keyrður í átt til Camp Cameron. Það er ekki merkt inn á uppdráttinn. Þarna er lítill braggagrunnur með steingólfi, 5x4 m að stærð og snýr NNV-SSA. Mikið er af alls konar rusli í allt að 30-40 m radíusi af svæðinu, s.s. postulínsbrot, skósólar, o.fl. Miðað við staðsetningu og stærð er hugsanlega að mannvirki H séu leifar af varðstöð, eða eftirlitskofa, áður en komið var að braggahverfinu. Vörðubrot I er um 5 m austan við mannvirki H. Það er varða og er hún hlaðin úr 2 umförum af stórgrýti, mesta hæð er 0,3 m og er hún 0,4 m í þvermáli. Ugglaustr er varðan hlaðin af hermönnum. Inn á teikninguna er merkt vígi með sandpokum, á milli minjasvæða A og B. Engin ummerki þess sjást á yfirborði, enda ekki víst að slík mannvirki skilji eftir sig áberandi ummerki í landslaginu. Vegur J liggur frá malarbornum vegi á Núpsfjalli, fast sunnan við minjasvæði H og I, til austurs og sveigur niður í dalvarpið eins og segir í lýsingu Guðmundar Kristinssonar hér að ofan. Vegurinn er malarborinn, mest 1 m á breidd, en þrengist þegar hann liggur niður í dalvarpið, framhjá mannvirki A, breidd þá um 0,5 m. Þar er mölin í veginum laus. Á teikningunni er vegurinn sagður vera einstigi og brattur á þessum slóðum. Niðri í dalnum liggur vegurinn framhjá minjasvæði B og E og sveigir til norðurs og endar við minjasvæði E. Vegurinn lá að kolabrennslu F skv. teikningunni, en þar sést hann mjög óglöglega, mikið mosagróinn.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Guðmundur Kristinsson, 34-35

**ÁR-527:027** tóft


64°00.051N 21°15.583V

Nokkuð sigin tóft er um 2,6 km norðvestan við bæ 001 og rúmum 150 m norðvestan við Camp Cameron 026. Á norðausturhluta Núpafjalls er hálf gróið dalverpi. Á norðurhluta þess, í gróskumikilli brekku, er tóftin. Gerð og ástand hennar er frábrugðið herminjum og af þeim sökum er hún skráð sér.

Á norðausturhluta Núpafjall er hálf gróið dalverpi. Á norðurhluta þess, í gróskumikilli brekku, er tóftin. Tóftin er 6x6 m að stærð, einföld og svo að segja ferhrymslaga. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir. Hér og þar glittir í smágrýti í veggjum án þess að um skýr umför sé að ræða. Veggir eru 0,4 m á hæð og 0,5-1 m breiðir. Dyr eru sjáanlegar fyrir miðju á suðurhlíð tóftarinnar. Lögun hennar bendir til e-s konar aðhalds, en ekki sér til frekari hólfaskiptingar, jötu eða annað sem gæti gefið nánara hlutverk til kynna.



Tóft ÁR-527:027, horft til suðurs.



Teikning af tóft 027.


**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-527:028** tóft rétt

63°59.312N 21°16.087V

“Við afréttargirðinguna skammt fyrir innan Selás [ÁR-528:032] er Fjárrétt, byggð um 1930 fyrir vorsmalanir. Hún hlaut aldrei nafn,” segir í örnefnalýsingu Þurár. Á heimasíðu Ferlis er haft eftir Tómasi Jónssyni, heimildamanni, að réttin hafi verið lagfærð árið 1927, en hluti hennar er miklu mun eldri. Réttin er rúman 1,8 km norðvestan við bæ 001 og 680 m norðvestan við sel 023. Hún er í vestanverðu Þurárhrauni og sést vel.

Réttin er í vesturbrún Þurárhrauns, vírgirðing er fast vestan hennar. Það er hlaðið undir girðinguna að



Rétt ÁR-527:028.



Rétt ÁR-527:028, horft til suðvesturs.

hluta í hrauninu. Hraunið er mosavaxið og mikið um lægðir og hóla.

Réttin er 24x15 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er grjóthlaðin en víða er tekið að hrynja úr veggjum. Þeir eru 1 m á breidd, 0,2-0,7 m á hæð og hér og þar vex mosi. Það má greina 2-7 umför af grjóthleðslu í þeim. Hólf 1 er suðvestar. Það er 12x12 m að innanmáli og op er til norðausturs og annað til suðvesturs. Hólf 2 er norðaustar. Það er 12x8 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Það er op í suðvesturhorni, yfir í hólf 1. Girðingin norðan við réttina er farin en staurar sjást enn hér og þar. Ekki er hægt að sjá mismunandi byggingarstig í veggjum réttarinnar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Þurá, 2; <http://www.ferlir.is/?id=18711>

**ÁR-527:029** Orustuhóll náttúrumin

63°58.672N 21°14.247V

Í bókinni Frásögur um fornaldarleifar er birt tilvísun frá árinu 1821. Þar segir: “2eir Holar nefnast hér Órrustuholar, af hverium annar synist að vera af mómnum giordur, hans stendur austann undir sokolludu Nupafialli skamt fyrir vestann bugardinn Nupa. hann er hjérum 12 fadmar umm mals og 3 alnir a hæð;



...”. Orustuhóll er 25 m norðan við Gvendarbrunn 038 og 210 m sunnan við bæ 001. Íbúðarhús var byggt á hólnum árið 1994, ekki er vitað til þess að mannvistarlög hafi komið upp við þær framkvæmdir. Hóllinn sést lítið nú, þar er skógrækt allt umhverfis og bygging hússins raskaði honum mikið.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** FF, 223

**ÁR-527:030** heimild um myllu

63°58.818N 21°13.213V

Á herfingjaráðskorti frá 1909 er sýnd mylla um 650 m austan við bæ 001, nánast á landamerkjum við Vötn ÁR-526. Myllan var í Sandá sem er lítið annað en lækur.

Sandá rennur til suðurs á þessum slóðum, þar sem myllan var staðsett eru uppistöðulón tengd fiskeldi.

Allt umhverfis eru birkitré, gras og rofin svæði.

Engin ummerki myllunnar sjást á yfirborði.


**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Hkort 37 1:50000

**ÁR-527:031** mannvirki

63°59.191N 15°00.002V

“Vorið 1941 sendu Bretar aftur herlið fram á Núpafjall. Gerðu þeir bílfæra braut, kílómetra langa, suður af Hellisheiðarvegi [...]. Síðan héldu þeir áfram vegagerðinni austan í Núpafjalli um 2ja km leið fram í Seldal og reistu þar einn bragga [...]. Þegar Bandaríkjamenn tóku við vörnum Suðurlands vorið 1942, yfirtóku þeir stöðvarnar á fjallinu af Bretum [...]. Frammi í Seldal var reistur 19 m langur braggi sem birgðaskemma [mannvirki A] og stuttur braggi til íbúðar og skúr fyrir eldhús [mannvirki B],” segir í Styrjaldarárin á Suðurlandi e. Guðmund Kristinsson. Herminjarnar er um 990 m norðvestan við bæ 001



Uppmæling af minjum ÁR-527:031.

og um 1,5 km sunnan við Camp Cameron 026.

Herminjarnar eru í suðausturhorni Seldals á Núpsfjalli. Gróðurþekja er mikil og er dalurinn vaxinn mosa og grasi, en hér og þar stendur grjót upp úr mosanum. Landið er smáhæðott og þegar því sleppir tekið við hálfgrónir fjallamelar.

Herminjar eru á svæði sem er 210x200 m að stærð og snýr í austur-vestur. Í bókinni Styrjaldarárin á Suðurlandi er birtur uppdráttur af minjastaðnum eins og hann leit út árið 1998 (sjá mynd við ÁR-

527:026). Teikningin er ekki í réttum hlutföllum, en gefur ágæta heildarmynd af svæðinu. Hér er hverju mannvirki gefið sér bókstafur í þessari lýsingu. Lýsing þessi hefst til norðurs, á bragga A. Hann er 19x8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er merktur sem birgðarskemma á teikningunni. Búið er að rífa braggann niður og er aðeins grunnur hans eftir. Ekki sér til neinna gripa í eða við braggagrunninn. Braggavæði B er um 30 m sunnan við bragga A. Innan þess eru tveir braggar sem snúa norður-suður, annar er 16x7 m að stærð og hinn er 4x3 m. Smærra mannvirkið er 5 m norðvestan af því stærra. Þeir eru á svæði sem er 20x15 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Stærri bragginn er merktur sem íbúð á teikningunni, en sá minni er ekki merktur inn á hana.



Ruslahaugur ÁR-527:031.

Hann er sennilega eldhúsið sem nefnt er í Styrjaldaárin á Suðurlandi. Tóft C er um 20 m suðvestan við braggasvæði B. Hún er grjóthlaðin og er ekki merkt inn á teikninguna. Líkast til hefur hún verið hlaðin af hermönnum. Hún er 13x8 m að stærð og snýr NNV-SSA. Tóftin er sæmilega hlaðin úr stæðilegu grjóti og mest má sjá 3 umför af grjóti í veggjum. Mesta veggjahæð er 0,5 m og eru veggir 2 m á breidd til vesturs, en á norður- og suðurhlið er veggjabreidd 1 m. Tóftin er opin til austurs. Líkast til hefur verið strengdur vír á hleðslunum, en í veggjum má sjá timburleifar með járnvírum hér og þar. Öskuhaugur D er rúmum 90 m suðvestan við tóft C. Á teikningunni er skrifað “Ruslahaugar” á þessum slóðum, og gefur það til kynna að fleiri en einn haugur ætti að vera á þessu svæði. Þegar skrásetjari var á vettvangi sumarið 2017 var aðeins einn öskuhaugur greinilegur á yfirborði. Hann er 3x3 m að stærð og er gúlpur ásýðunar að sjá á yfirborði, sem og er hann áberandi grænni en annar gróður á svæðinu. Norðan við hauginn er mikið af ýmiss konar rusli tengdu hersetunni, sér í lagi af glerbrotum. Loftvarnabyssusvæði E er um 140 m suðaustan við öskuhaug D. A.m.k. þrjú fallbyssustæði eru sýnileg á svæði sem er 70x20 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Stæðin eru niðurgrafin, og eru þau 0,5-1 m á dýpt. Ekki er mikið af rusli á svæðinu, en sjá má töluvert af timburleifum og steinsteypubrotum í stæðunum. Malarborinn vegur F liggur í gegnum allt minjasvæðið. Hann er mest 1,5 m á breidd. Hann liggur nálega austur-vestur, fast sunnan við minjasvæði A, B, og C. Þar sveigir hann til suðausturs og fer framhjá öskuhaug D. Á þeim slóðum tvístrast vegurinn, einn anginn heldur áfram suðurs en hinn beygir til austurs og liggur sunnan við loftvarnabyssur E. Þar hverfur hann smátt og smátt út í landslagið.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Guðmundur Kristinsson, 34-35

**ÁR-527:032** tóft rétt

63°58.508N 21°14.984V

“Austan undir skarðinu [Valhnúkaskarði] er tvískipt rétt eða stekkur [025]. Uppi í skarðinu er veggur af tóft,” segir á heimasíðu Ferlis. Tóftin er á mörkum Valhnúkaskarðs og Núpafjalls, um 850 m VSV við



Teikning af tóft 032.



Tóft ÁR-527:032, horft til suðurs.



bæ 001 og 820 m NNV við Draughól 022.

Tóftin er í vel grónu skarði, og er lyngróður sem og mosi mikill í sverði. Skarðið er fremur bratt á köflum og hallar til suðausturs.

Fremur gróin tóft er 5x4 m að stærð og snýr nálega NNA-SSV. Hún er einföld og tveir stakir veggjabútar sjást á yfirborði, en einnig mótar óljóst fyrir vegg til suðurs. Tóftin er hlaðin upp að hól til norðurs og afmarkar hann þá hlið tóftarinnar. Tóftin er best varðveitt til austurs. Þar má sjá 2 umför af stórgrýti í grjóthleðslum og er veggurinn 0,6 m á hæð og 1 m breiður. Vestari veggurinn er á kafi í grasi. Hann er 0,3 m á hæð og 0,6 m breiður. Suðurveggurinn er útlattur, 0,1-0,2 m á hæð og 0,5 m breiður. Allt í kringum austur- og suðurhlið má sjá grjóthrun í tóftinni. Ekki eru skýr ummerki um dyr, en sennilega var gengið inn í tóftina fyrir miðju á suðurhlið hennar. Lögum tóftarinnar bendir til e-s konar aðhalds.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** <http://www.ferlir.is/?id=6397>

**ÁR-527:033** varða

63°59.560N 21°15.436V



Varða ÁR-527:033, horft til norðurs.

Varða er um 1,9 km norðvestan við bæ 001. Hún er á Núpsfjalli og staðsett um 800 m norðvestan við herminjar 031 og rúmum 720 m sunnan við Camp Cameron 026. Hún sést vel á milli þessara tveggja hersvæða.

Varðan er á hálfgrónum kletthrygg. Smágrýti er áberandi umhverfis vörðuna, en sjá má mosa í skjóli við steina. Mosapekjan þéttist er neðar dregur af kletthryggnum.

Varðan er 0,6 m í þvermál og 0,7 m á hæð. Hún er hlaðin 5 umförum af stór- og smágrýti. Varðan er lítillaga skökk en stórgrýtið heldur smágrýtinu frá því að falla niður á jörðina. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin, ekki er útilokað að hún hafi verið hlaðin af hermönnum, e.t.v. sem leiðarvísir.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-527:034** gata leið

63°58.765N 21°15.705V



Leið ÁR-527:034, horft til austurs.

“Valahnúkaskarð [...] upp úr því liggur gata, enda grasi gróid í skarðinu og vel upp fyrir brún. Gatan liggur áfram til vesturs í gegnum Hraunið og upp á Skógarveg ÁR-721:066 (Suðurferðargötu).” segir á heimasíðu Ferlis. Leiðin sést vel í hrauninu en er lítið annað en kindatígur. Leiðin var eingöngu rakin gegnum hraunið.

Mosavaxið hraun.

Leiðin hlykkjast meðfram austurhlið Þurárhrauns og sveigir síðan til norðvesturs í gegnum hraunið og fer sunnan við Selás ÁR-528:032. Hún er 0,2 m á dýpt og gróin. Það sést ein rás í hrauninu. Leiðina má rekja á um 550 m lögum kafla í gegnum hraunið en til vesturs fjarar hún úr í mel.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** <http://www.ferlir.is/?id=6397>


**ÁR-527:035** tóft fjárhús

63°58.673N 21°14.279V

Tóft er tæpum 40 m suðaustan við útihús 007 og rúmum 220 m suðvestan við bæ 001. Hún er utan við heimatúnið líkt og það er afmarkað árið 1920. Að sögn Guðmundar A. Birgissonar, heimildamanns, telur Ómar Smári Ármannsson þetta vera kirkjuna. Ekki er ljóst hvað styður þá tilgátu. Hér er líklega um útihús að ræða sé tekið mið af legu og staðsetningu tóftarinnar.



Tóft ÁR-527:035, horft til austurs.



Teikning af tóft 035.

Tóftin er í brekku sem hallar til austurs. Mikil skógrækt er á svæðinu og tré eru innan í tóftinni og utan hennar. Tóftin sést illa vegna trjáræktar.

Tóftin er 9x7 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er opin til austurs. Veggirnir eru 0,5 m á hæð að innan og það má sjá 3-5 umför af grjóti í þeim. Hún er grafin inn í brekku til vesturs. Hlaðnir garðar sjást meðfram báðum langveggjum og dyrakampar eru enn uppstandandi að hluta.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**ÁR-527:036** varða

63°59.240N 21°14.831V

Á Núpafjalli er varða, um 1 km NNV við bæ 001 og rúmum 50 m vestan við malarborinn vegslóða.

Varðan er ekki fornleg í útliti, en fær að njóta vafans og talin hér til fornleifa; vegna þess er hún með í þessari skráningu.

Varðan er á hálfgrónum fjallshrygg. Smágrýti og annað grjót er áberandi en á blettum hér og þar myndar mosi gróðurþekju.

Varðan er 1 m í þvermál og 0,7 m á hæð. Í grjóthleðslum má sjá 7 umför af smágrýti. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi hún var hlaðin.

**Hættumat:** hætta



Varða ÁR-527:036, horft til norðausturs.

**ÁR-527:037** varða

64°00.187N 21°15.018V

Varða er á Núpafjalli, um 500 m NNA við herminjar 026 og rúma 2,6 km norðan við bæ 001. Varðan er illa hlaðin og að öllum líkindum ekki forn. Hún fær að njóta vafans og talin hér til fornleifa.

Varðan er nyrst á Núpafjalli, á lágum hól. Allt umhverfis er rofið svæði og steinar. Hér og þar er mosi og gras.

Varðan er 0,3 m á hæð og lítið annað en hrúga. Hún er 1 m í þvermál. Það má greina um 3-4 umför í henni og hella er til suðurs. Varðan er á hraunhól, umhverfis er lítill gróður.

**Hættumat:** engin hætta



Varða ÁR-527:028, horft til norðurs.



ÁR-527:038 frásögn vatnsból

63°58.663N 21°14.235V

Að sögn Guðmundar A. Birgissonar, heimildamanns, er Gvendarbrunnur að Núpum en ekki eru til heimildir sem geta hans. Gvendarbrunnurinn er um 50 m norðaustan við Stöðulbrekku 005 og 220 m sunnan við bæ 001. Tjörn er fast sunnan við Orustuhól 029, það er brunnurinn.

Tjörnin er náttúruleg og sprettur upp undan hraunbrún. Hún er djúp og full af slími. Ekki rennur lækur úr tjörninni og líklega hlaðið fyrir hann. Allt umhverfis er trjárækt.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

ÁR-527:039 tóft beitarhús


63°58.313N 21°13.668V

Beitarhús eru um 920 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 50 norðan við Þurárhraun.

Tóftin er ofarlega á blóm- og grasivöxnum ási. Deiglendi er umhverfis tóftina sem er vaxið störum og




Tóft ÁR-527:039, horft til suðurs.



Teikning af tóft 039.

öðrum votlendisgróðri.

Tóftin er 29x19 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er þrískipt og í lýsingu hér á eftir er hverju hólfi gefið tölustafur til aðgreiningar. Lýsing þessi hefst að austanverðu, á hólfi 1. Það er 9x6 m að stærð að innanmáli og snýr nálega norðvestur-suðaustur. Hólfið er hlaðið úr blöndu af stór- og smágrýti og mest má sjá 4 umför af grjóti í grasigrónum veggjum. Mesta veggjahæð er 1 m til vesturs og austurs, en norðurhlíð hólfsins er talsvert hrunin og er hún 0,5 m á hæð. Hólfið er lítillaga niðurgrafið, 0,5-0,8 m og ekki er unnt að greina neitt op á því. Líkast til er um hlöðu að ræða. Hólf 2 er vestan við hólf 1. Það er 11x4 m að grunnflatarmáli að innanmáli og snýr NNA-SSV. Það er hlaðið úr smágrýti, en inn á milli glittir í stórgrýti í grjóthleðslum. Telja má 5-6 umför af grjóti í veggjum sem eru 0,9 m á hæð og 1-2 m breiðir. Gengið er inn í hólfið í suðausturhorni þess og í norðvesturhorni vottar óljóst fyrir mjög gróinni jötu. Hólf 3 er suðvestan við hólf 2. Það er 12x6 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Hólfið er verst varðveitt af öllum hólfum tóftarinnar. Mesta veggjahæð er 0,3 m og greina má 2 umför af smágrýti í grjóthleðslum. Veggir eru 1,5-2 m breiðir. Botn hólfsins er sléttur og ekki mótár fyrir garða, jötu eða



Teikning af tóft 040.



Tóft ÁR-527:040, horft til austurs.



frekari hólfaskiptingu innan þess. Hér er líklega um e-s konar aðhald að ræða.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-527:040** tóft fjárhús

63°58.618N 21°14.278V

Tóft er tæpum 320 m sunnan við bæ 001 og 100 m sunnan við tóft 035. Hún er fast ofan við fjós/skemmu sem byggð var á seinni hluta 20. aldar. Sé tekið mið af staðsetningu er um fjárhús að ræða.

Tóftin er ofarlega í brekku, grafin inn í hana að vestan. Allt umhverfis er skógrækt og tré eru í austurhluta tóftarinnar. Brekkan er gróin.

Tóftin er 20x8 m að stærð, snýr austur-vestur og skiptist í 2 hólf. Hólf 1 er austar. Það er 7x3 m að innanmáli og garðar eru meðfram báðum langhliðum. Veggirnir eru 0,3-0,5 m á hæð og það má greina 3-4 umför af grjóthleðslu í þeim. Rusl er inni í hólfinu sem er mjög gróið. Það er opið til austurs. Hólf 2 er vestar, jarðvegsbálgur er á milli hólfa. Þetta er niðurgrafin hlaða. Hún er 7x4 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hólfið er 1 m á dýpt og grjót sést ekki í veggjum vegna gróðurs. Ekkert op sést inn í hólfið.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**ÁR-527:041** heimild um kálgarð

63°58.757N 21°14.084V

“Kálgarðar voru neðan bæjanna [001], sér enn fyrir,” segir í örnefnaskrá. Kálgarðarnir voru er um 50 m sunnan við bæ 001 og rúmum 30 m austan við Núpsveg 3780. Þeir eru ekki sýndir inn á túnakorti frá 1920.

Svæðið er neðanvert í brekku og er í nokkrum halla. Til vesturs er nokkuð hávaxinn trjágróður með gróðurmiklum botngróðri áberandi.

Engin ummerki um kálgarðana sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Núpar, 2

**ÁR-527:042** varða

63°58.931N 21°14.835V

Stakt vörðubrot er ofarlega á hálfgrónum fjallahrygg á Núpfjalli, um 620 m norðvestan við bæ 001 og rúmum 470 m sunnan við herminjar 031.

Á þessum slóðum er víðfemt og er gróðurþekja nokkur. Hún er þó fremur ósamfelld og á skiptast vel gróin mosasvæði og berar klappir.

Vörðubrotið er nálega fyrhrymslaga, 0,3x0,2 m á stærð og snýr austur-vestur. Það er hlaðið ofan á mjög stórt skófgróið bjarg og mest má sjá 2 umför af grjóti. Mesta hæð er 0,3 m og 1,6 m ef bjargið er talið með. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin, en hún er hvorki á þekktum landamerkjum né leiðum.

**Hættumat:** engin hætta



Varða ÁR-527:042, horft til austurs.


**ÁR-527:043** tóft rétt

63°58.110N 21°13.198V

Við yfirferð loftmynda kom í ljós tóft, í Þurárhrauni. Hún er tæpum 400 m suðvestan við fjárhús 018 og rúmum 1,8 km suðaustan við bæ 001. Tóftin er gerð sunnan við Þurárhraun, á mörkum hrauns og mýra. Sé tekið mið af stærð og staðsetningu tóftarinnar er þetta rétt. Tóftin er hringlaga og 18 m í þvermál. Veggir virðast um 4 m í þvermál sem bendir til þess að hún sé forn.

**Hættumat:** engin hætta


# Túnakort Eystri-Purár ÁR-528



## ÁR-528 Eystri-Þurá

“Jarðardýrleiki er óviss, því jörðin tíundast öngvum.” JÁM II, 421. 30 hdr. 1847. “Öll Eystri-Þurá var 30 hundraða jörð... tvíbýlið þegar komið á árið 1801 en þá eru jarðirnar nefndar Þóroddsá. Jarðabókin 1708 talar hins vegar um Eystri-Þurá og Ytri-Þurá.” Sunnlenskar byggðir III, 343.

1917: Tún 2.3 ha, 5/6 slétt (Frambær) & 2.9 ha, 2/3 slétt (Norðurbær) alls 5.2 ha. Garðar 1218 m<sup>2</sup>. (Frambær) & 776 m<sup>2</sup>. (Norðurbær), alls 1994 m<sup>2</sup>.



Minjar innan og í nágrenni heimatúna á Eystri- og Ytri-Þurá ÁR-528 og ÁR-529. © Loftmyndir ehf.

**ÁR-528:001** Eystri-Þurá bæjarhóll bústaður

63°57.713N 21°15.236V

Tvíbýli var á Eystri-Þurá, frá upphafi 19. aldar til loka þeirra 21. Bæirnir voru aðskildir í Frambæ (sjá 007) og Norðurbæ og voru gerð sér túnakort fyrir sitt hvora bæina. Hér er verið að skrá Norðurbæinn. Óljóst vottar fyrir bæjarstæði Norðurbæjar, um 10 m norðan við bæ 007 og rúmlega 220 m austan við Þorlákshafnarveg 38. Bærinn er merktur á syðstu mörkum túnsins, fyrir miðju, á túnakorti frá 1920. Skv. túnakortinu eru útihús 002 og 003 innan heimatúns Norðurbæjar. Bæjarhóllinn er raskaður vegna trjáræktunar, og munu rætur þeirra ljóslega raska minjastaðnum í nánustu framtíð. Þó mótar ágætlega fyrir bæjarhólnum. Á ljósmynd í fórum Ara Eggertssonar, heimildarmanns, frá s. 1980 sést Norðurbær vel og snéru stafnar mót norðvestri.

Bærinn var holti, þar sem nú (2017) er trjárækt. Suðvestan við hóllinn er heimreið að núverandi að íbúðarhúsi á Eystri-Þurá og til suðausturs er bakgarður núverandi íbúðarhúss jarðarinnar; að öðru leyti eru tún umhverfis hóllinn.

Bæjarhóllinn er 30x25 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er mest um 0.5-0.8 m á hæð, og eru hlíðar hans aflíðandi. Engar tóftir sjást þar sem gamli bærinn stóð þótt grjót standi upp hér og þar úr grasinu



Bæjarhóll ÁR-528:001, horft til austurs.



sem gætu verið leifar veggja. Mikill gróður var þegar skrásetjarar voru á vettvangi, bæjarhóllinn er á hinn bóginn greinilegur og er meiri gróska þar en annars staðar; bendir það til mannvistar undir sverði. Engar heimildir geta um kjallara í bænum. Að sögn Ara Eggertssonar, heimildamanns, var bærinn rifinn skömmu eftir aldamótin 2000 og byggingarefni hans endurnýtt í tilfallandi byggingagerð.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-528:002** heimild um útihús

63°57.735N 21°15.377V

Á túnakorti Norðurbæjar frá 1920 er útihús merkt um 120 m vestan við bæ 001 og um 100 m VNV við öskuhaug 028. Það er horfið, líklega vegna sléttunar.

Þar sem útihúsið var er nú (2017) ræktað tún sem hallar örlítið til suðurs.

Engin ummerki um útihús sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-528:003** heimild um útihús

63°57.709N 21°15.121V

Á túnakorti Norðurbæjar frá 1920 er útihús merkt um 90 m austan bæ 001 og tæpum 45 m norðvestan við við Dimmuhól 025. Útihúsið er horfið; sennilega vegna túnasléttunar.

Slétt ræktað tún, til norðvestur og suðausturs eru voldugir áveituskurðir.

Engin ummerki útihúss sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-528:004** heimild um útihús

63°57.671N 21°15.163V

Samkvæmt túnakorti Frambæjar var útihús um 150-160 m sunnan við bæ 007 og 80-90 m sunnan við útihús 006. Það er horfið.

Útihúsið var rétt austan við Þurá, ofan við bug sem gengur til austurs. Þar eru nú slétt, ræktað tún.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920


**ÁR-528:005** tóft útihús

63°57.644N 21°15.139V


Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 100 m suðaustan við bæ 007 og 20 m suðaustan við útihús 006. Útihúsið er enn varðveitt en er um 15 m austar en það er sýnt á túnakorti. Annað hvort var vesturhluti þess rifinn eða það endurbyggt til austurs. Raflína liggja þvert yfir tóftina og timburgerði fyrir hross er 20 m sunnar.

Slétt, ræktað tún. Skjólbelti er rétt suðvestan við tóftina, sunnan við hestagerðið.

Tóftin er 7x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er einföld og opin til suðausturs. Veggirnir eru algrónir, 0,2-0,3 m á hæð og krett grjót sést í þeim. Tóftin var mjög gróin þegar skrásetjari var á



Tóft ÁR-528:005, horft til norðvesturs.



Teikning af tóft 005.



ferðinni sem gerði hana óljósa.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-528:006** tóft útihús


63°57.649N 21°15.194V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 80 m sunnan við bæ 007 og 60 m norðan við útihús 004.

Það er enn varðveitt en mun stærra en það er sýnt á túnakortinu.

Slétt, ræktað tún. Þurá er 30-40 m sunnar og skjólbelti þar við.

Tóftin er 15x15 m að stærð og skiptist í þrjú hólf. Niðurgröftur í miðri tóftinni sýnir hólfaskiptinguna.



Teikning af tóft 006.



Útihús ÁR-528:006, horft til norðurs.

Hún er 0,2 m djúp í miðju. Veggirnir eru hlaðnir úr torfi og grjóti, eru 0,3-0,6 m á hæð og 2 m á breidd.

Það má sjá 3-5 umför af grjóti í þeim. Þil hefur verið til suðurs, það er horfið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-528:007** *Eysti-Þurá* bæjarhóll bústaður

63°57.700N 21°15.237V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var Frambærinn um 10 m fyrir sunnan Norðurbæ 001, norðvestast í túninu. Á túnakorti er merktur bær, peningahús og kálgarður á bæjarhólnum en öll ummerki um mannvirki eru horfin af yfirborði. Núverandi íbúðarhús er byggt ofan í miðjan bæjarhólinn, báðir bæirnir voru á honum en ekki sambyggðir þegar túnakortið var gert. Ekki er víst að þeir hafi nokkurn tíma verið sambyggðir. Við lagfæringar á húsinu árin 2000-2008 kom m.a. í ljós hlóðaeldhús sem var rifið, fast norðan við húsið. Ekki var komið niður á aðrar mannvistarleifar. Kálgarðurinn var fyrir sunnan bæinn, í aflíðandi brekku. Stafnar bæjarins snéru líklega til norðurs eða suðurs.

Bærinn var á náttúrulegu holti, Þurá rennur fast vestan þess. Núverandi heimreið kemur að bæjarhólnum úr norðvestri. Til annarra átta eru tún.

Bæjarhóllinn er um 40x30 m og snýr austur-vestur. Ekki er hægt að segja til um hæð hans á yfirborði, hann er mikið raskaður. Búið er að byggja hús á honum miðjum og gera bakgarð umhverfis húsið.



Mynd frá árinu 1982. Á henni sjást bæir 001 og 007. Myndin er í eigu Ara Eggertssonar, heimildamanns.

Malarplan er á hólnum sjálfum og stafnar bæjarins sneru til SSA. Til austurs sést ennþá kantur eða hlaðinn veggur. Hann er 0,3-0,8 m á hæð og liggur til austurs og sveigir síðan til suðvesturs. Mögulega er þetta hluti af kálgarðsvegg. Fyrir sunnan núverandi íbúðarhús, á mörkum bakgarðsins og bílplans sést hluti af hlaðinni stétt sem tilheyrði gamla bænum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


**Heimildir:** SB III, 344; Túnakort 1920

**ÁR-528:008** Grænavík tóft býli 63°57.659N 21°14.778V


Í Sunnlenskum byggðum segir: «Grænavík var annar bær, austur við hraunið, í byggð um aldamót.» Í örnefnalýsingu segir: «Nokkru ofar, austur af bæjunum, er annað vik lítið og heitir Grænavík. Þar var áður fyrr tómt húskot, síðar sauðahús frá Norðurbæ og síðast fjarrétt.» Grænavík er rúmum 380 m austan við bæ 007 og rúmum 250 m austan við Dimmuhól 025. Eftir að bærinn fór í eyði voru hér fjárhús. Minjarnar eru á grónum hraunhól og sjást víða að. Hóllinn er við vesturhlið Þurárhrauns og er mun umfangsmeiri en aðrir hólar á þessu svæði.

Til norðvesturs er ræktað tún sem komið er í órákt. Til vesturs er vélgrafinn skurður, vírgirðing er þar við. Gömul malarnáma er hér fast til austurs, við nátthaga 022.

Hóllinn er 40x25 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Á honum er tóft, þústir og dældir sem í lýsingu þessari frá bókstaf til aðgreiningar. Tóft A er á suðurhluta hólins, í tungu sem gengur til suðvesturs. Hún er 16x8 m að stærð, snýr norður-suður og er einföld. Veggirnir eru 3 m á breidd, grjóthlaðnir að utan en líklega torfhlaðnir að innan. Op er á miðri suðurhlið. Þar sést einnig aðrekstrargarður, hann er 4x2 m að stærð og snýr norður-suður. Mikið veggjahrun er inni í tóftinni en það sést glitta í 3-4 umför af grjóthleðslu. Veggirnir eru 0,-0,5 m á hæð. Tóftin er grafinn inn í hólinn að norðan og veggirnir eru algrónir að utan, það glittir í 1-2 umför þar. Niðurgroftur B er suðvestan við tóft A. Hann er 7x5 m að



Grænavík ÁR-528:008, horft til norðurs.



Teikning af Grænavíki 008.

stærð og 0,5 m á dýpt. Einföld hleðsla sést þar til suðurs en ekkert op sést á yfirborði. Tilgangur er óljós. Um 2 m norðar eru tvær þústir, C og D við vesturvegg tóftarinnar. Þær eru 0,3 m á hæð, algrónar og tóft A er byggð ofan í þær. Ekki er hægt að sjá nánara lag þeirra. Fyrir austan tóftina eru einnig tvær lágir, E og F. Sí nyrðri er 0,1 m á dýpt og óskýr. Syðri láginn er mun greinilegri, 0,3 m á dýpt og líklega var tóft þar. Op er til SSA. Greinilegt að hér eru mikil uppsöfnuð mannvistarlög.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** SB III, 344 ,Ö-Þurá, 1

**ÁR-528:009** náma mógrafir 63°57.881N 21°15.406V

Í Sunnlenskum byggðum segir: «Neðan fjallsins er land blautt, ræst fram og ræktað nú. Neðst blautar engjar. Gott mótak sem fleiri notuðu en ábúendur jarðarinnar.» «Móvöllur. Þar var tekinn mór um fjölda ára frá 12-14 bæjum. Þar er ruðningur 6 páltorfur og mór 12-16, góður mór,» segir í örnefnalýsingu. Mógrafirnar eru fast norðan við Þjóðveg ÁR-720:012 og um 350 m norðan við bæ 007. Þær sjást enn, skurður er meðfram þeim til allra átta nema austurs, þar er lækur. Þetta svæði kallast Efri-Móvöllur á örnefnakorti Ingólfs Einarssonar.

Gróinn, framræst mýri. Þar vex gras, fífa og annar gróður í halla til suðurs frá fjallinu.

Mógrafirnar eru á svæði sem er tæplega 8000 m<sup>2</sup> (150x38 m) á stærð og snýr VSV-ANA. Þær sjást enn en búið er að fylla upp í stóran hluta þeirra. Í jöðrum svæðisins sjást stakar grafir, þær eru 4x2 m að stærð og djúpar. Aðalmótekjussvæðið sést sem lág í móanum. Svæðið eru 0,5 m lægra en nánasta umhverfi. Ekki mótast fyrir stökum gröfum þar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** SB III, 343; Örnefnauppráttur IE 1968; Ö-Þurá, 3



Mógrafir ÁR-528:009, horft til norðausturs.

**ÁR-528:010** *Þjóðbraut* heimild um bústað 63°57.794N 21°15.374V  
 “Í túnjaðrinum á Þurá var bær sem hét Þjóðbraut. Þar var Herdís Símonardóttir frá 1898 til 1907. Engin grasnyt mun hafa fylgt,” segir í Sunnlenskum byggðum III. Þjóðbraut er merkt inn á örnefnaupprátt Ingólfs Einarssonar frá 1968. Á herforingjaráðskorti frá 1909 er Þjóðbraut teiknað sem eyðibýli, rúmlega 190 m norðvestan við bæ 001. Býlið var um 180 m norðvestan við öskuhaug 028.

Þorlákshafnarvegur 38 liggur nálega norður-suður þvert í gegnum minjasvæðið. Til vesturs og austurs við veginn er grösugt og fremur deiglent óræktað svæði.

Engin ummerki um minjar sást á yfirborði. Svæðið hefur tekið róttækum breytingum vegna lagningar Þorlákshafnarvegur 38 á 20. öld og líkast til lenti Þjóðbraut undir veginum þegar hann var lagður. Ekki er loku fyrir það skotið að mannvist sé undir sverði, þó lítil sé.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** SB III, 344; Örnefnauppráttur IE 1968; Hkort 37 1:50000

**ÁR-528:011** *Þurárskurður* renna áveita 63°57.151N 21°14.528V

Þurárskurður er merktur inn á örnefnaupprátt Ingólfs Einarssonar frá 1968. Skurðurinn er um 1,2 km SSA við bæ 001 og rúmlega 410 m SSV við garðlag 023A. Skurðurinn er handgrafinn og gerður um 1890 og er því tekin með í þessa fornleifaskrá. Þurá og Vindleysa voru stíflaðar þar sem þær koma saman skurður grafinn beint í Þorleifslæk. Vatninu var veitt á svæðið í kring.

Skurðurinn liggur í framræstu votlendi. Landið er fremur flatt og nær algróið.

Þurárskurður liggur nálega norðvestur-suðvestur og er 220 m langur. Hann sést sem renna og var aðeins rakin á vettvangi á 120 löngum kafla. Á loftmynd í Goggle Earth frá 2017 sést framhald rennurnar vel, um 100 m löngum kafla. Rennan er best varðveitt til suðausturs, en því norðar sem farið því ógreinilegri verður hún uns fjarar alveg út. Til suðausturs hverfur rennan í stæðilegan áveituskurð. Rennan er 0,6-1 m breið og 0,3-0,5 m djúp. Lítið, sem nær ekkert, vatn er í rennuni og er botn hennar nær algróinn. Bakkar hennar eru fremur aflíðandi og auðvelt er að ganga yfir rennuna.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Örnefnauppráttur IE 1968: Skráning menningarminja, kafli 3.11



Þurárskurður ÁR-528:011, horft til vesturs.

**ÁR-528:012** *Ístopping* heimild um áveitu 63°57.417N 21°15.233V

“Ístoppin heitir þar sem Þurá og Vindleysa voru stíflaðar og þeim veitt í Þurárskurð [011] [...]” segir í örnefnaskrá. Að sögn Ara Eggertssonar heimildamanns, var stífla við upphaf Þverárskurðar, og er hún



sýnd. Á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar frá 1968. Stíflan var rúmlega 540 m sunnan við bæ 001 og tæplega 620 m suðvestan við nátt Haga 022B.

Á þessum slóðum er landið lítið til nokkuð hallandi og algróið. Árbakkinn er nokkuð brattur, en grösugur. Ekki sér til minja á yfirborði. Líklega hefur árframburður Þurár raskað stíflunni í tímanna rás.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Þurá, 3; Örnefnauppdráttur IE 1968

**ÁR-528:013** *Alnbogaengisvað* heimild um vað 63°57.191N 21°13.234V



Alnbogaengisvað ÁR-528:013, horft til suðurs.

“Í Þorleifslæk eru þessi vöð: Alnbogaengisvað,” segir í örnefnaskrá. Alnbogaengisvað er merkt inn á Örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar. Vaðið er um 1,9 km suðaustan við bæ 007 og rúmum 440 m norðaustan við Miðengisvað 014. Vaðið er horfið, Þorleifslækur er djúpur og bakkar árinna um 0,5 m á hæð.


Framræst, blaut mýri.

Engin ummerki um vaðið sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Örnefnauppdráttur IE 1968; Ö-Þurá, 3

**ÁR-528:014** *Miðengisvað* heimild um vað 63°57.085N 21°13.724V



Miðengisvað ÁR-528:014, horft til suðurs.

“Í Þorleifslæk eru þessi vöð: [...] Miðengisvað,” segir í örnefnaskrá. Miðengisvað er merkt inn á Örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar. Það er um 450 m suðvestan við Alnbogaengisvað 013 og 1,7 km suðaustan við bæ 007. Það var líklega notað á engjavegi niður í Ölfusforri eða að Arnarbæli ÁR-500.

Slétt, framræst mýri. Hún er enn mjög blaut og Þorleifslækur er 15 m djúpur og ófær.

Engin ummerki vaðsins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Örnefnauppdráttur IE 1968; Ö-Þurá, 3

**ÁR-528:015** *Langabrá* heimild um brú 63°57.135N 21°13.990V

“fram yfir Miðengi vestast lá engjavegur, Langabrá,” segir í örnefnalýsingu. Langabrá er sýnd á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar. Hún er horfin en líklega var hún gerð úr torfi og grjóti. Hún var um 230 m norðvestan við Miðengisvað 014 og tæpum 1,5 km suðaustan við bæ 007.

Slétt, framræst mýri. Hún er enn mjög blaut og ófær á köflum.

Engin ummerki brúarinnar sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Þurá, 2; Örnefnauppdráttur IE 1968

**ÁR-528:016** *Rassvað* heimild um vað 63°56.846N 21°14.051V

“Í Þorleifslæk eru þessi vöð: [...] Þriðja vaðið er Rassvað. Það er af Spildubakka, rétt ofan við Meðiuforós, yfir á Bugabakka. Djúpt,” segir í örnefnalýsingu. Rassvað er um 520 m suðvestan við Miðengisvað 014 og tæpa 1,9 km SSA við bæ 007.

Slétt, framræst mýri. Hún er enn mjög blaut og Þorleifslækur er 15 m djúpur og ófær. Hann rennur til suðurs hér.



Engin ummerki um vaðið sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Þurá, 3; Örnefnauppdráttur IE 1968

**ÁR-528:017** Þorleifslækjarbrú heimild um brú 63°56.943N 21°14.145V

“Brú sem heitir Þurárbrú og Þorleifslækjarbrú,” segir í örnefnalýsingu. Þorleifslækjarbrú var úr timbri og enn sjást staurar beggja vegna við Þorleifslæk að sögn Ara Eggertssonar, heimildamanns. Ekki er ljóst hversu gömul þessi brú er en hún fær að njóta vafans og talin hér til fornleifa. Brúin er tæpum 200 m norðan við Rassvað 016 og tæpa 1,7 km suðaustan við bæ 007. Skrásetjari sá ekki brúnna, mikill gróður var á svæðinu og það gríðarlega blautt.

Slétt, framræst mýri. Hún er enn mjög blaut og Þorleifslækur er 15 m djúpur og ófær. Hann rennur til suðurs hér í bugum.

Engin ummerki um brúnna sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-528:018** Spildubru heimild um brú 63°56.907N 21°14.447V

“Spildubru, hestfær kakkabru, er í mörkum Spildnanna,” segir í örnefnalýsingu. Brúin er sýnd á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar. Spildubru er horfin, líklega sokkin í mýrina, Hún var um 310 m vestan við Þorleifslækjarbrú 017 og rúmum 1,5 km sunnan við bæ 007. Brúin lá líklega austur-vestur, að Þorleifsbrú og skildi á milli engja bæjanna.

Slétt, framræst mýri. Hún er enn mjög blaut og ófær að hluta.

Engin ummerki um brúnna sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Þurá, 2; Örnefnauppdráttur IE 1968

**ÁR-528:019** Jókustígur heimild um leið 63°58.184N 21°15.107V

“Ofan við þá er snið í berginu, það heitir Jókustígur og Jóreiðarstígur. Þar hljóp Jóka, ófrísk, upp eftir gemlingum sínum. Fáir munu leika það eftir,” segir í örnefnalýsingu. Jókustígur er um 270 m norðvestan við Hraunrétt 029 og rúmum 900 m norðan við bæ 007. Skrásetjari komst ekki alla leið upp eftir stígnum. Jókustígur er snarbratt snið í hömrum vestan í Vatnsskarði. Það er erfitt yfirferðar og ekki öllum fært.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Þurá, 4



Jókustígur ÁR-528:019, horft til norðurs.

**ÁR-528:020** tóft stekkur 63°58.115N 21°15.641V


Stekkatún er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar, sunnan við Flataskarð. “Rétt sunnan við Flataskarð var stekkatún, rú rúst,” segir í örnefnalýsingu. Stekkurinn er rétt norðarn suðaustan við Flataskarð. Hann er tæpum 840 m norðan við bæ 007 og 670 m vestan við Hraunrétt 029.

Stekkurinn er fast vestan við hamra í Efra Hnúksskarði. Brekkan hallar til vesturs, niður Flataskarð, stekkurinn er neðarlega í henni.

Tóftin er 7x7 m að stærð og skiptist í 2 hólf. Aðrekstrargarður liggur að henni að austan, nánast frá hömrunum. Tóftin er grjóthlaðin og sigin. Hólf 1 er sunnar. Það er 5x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Það er grafið inn í brekkuna til norðausturs, grjótskriða er þar ofar. Það er 0,3-0,4 m á dýpt og til norðurs eru veggirnir kantur. Það má greina 2-3 umför af fremur smáu grjóti í þeim. Það er opið til vesturs. Hólf 2 er norðar og er lambakróin. Það er 3x3 m að innanmáli og ekki niðurgrafið. Ekkert op sést þar inn. Það er 0,3 m hærra en hólf 1, veggirnir eru 0,2 m á hæð og í þeim má sjá 1-2 umför af grjóti. Hólfið er óskýrt vergan mikils gróðurs. Aðrekstargarðurinn er 14 m að lengd, 2 m á breidd og í honum



Stekkur ÁR-528:020, horft til SSA.



Teikning af stekki 020.

má sjá 2-3 umför af grjóthleðslu. Hann fjarar út til austurs en náði að öllum líkindum að hömrunum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Örnefnauppráttur IE 1968; Ö-Þurá, 4

**ÁR-528:021** tóft beitarhús

63°58.016N 21°14.996V


Beitarhús er um 620 m norðan við bæ 001 og rúmum 150 m vestan við Tjaldflöt 030. Tóftin er sunnan í svokölluðu Hraunklifi um 80 m vestan við núverandi þjóðveg og sést vel þaðan.

Fyrir norðan tóftina er hraun gríð mosa. Deiglendi er til suðurs og lækur rennur þar. Búið er að ræsa svæðið og slétta. Moldarflag er þar nú.

Tóftin er 14x10 m að stærð og skiptist í tvö hólf. Veggir í tóftinni er 0,6-1,2 m á hæð, hæstir til norðausturs. Það má greina 3-6 umför í þeim og þeir eru grjóthlaðnir. Að norðan er hlaða en hún er ekki niðurgrafín. Hólf 1 er 3,3x2,2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hrun er fyrir utan og innan hlöðuna. Hólf 2 er sunnar og er 6,5 x 3 m að innanmáli. Hólf 2 snýr norður-suður og er opið til suðurs. Grjóthlaðinn garði liggur eftir því endilöngu. Hann er 0,2 m á hæð og þar má sjá 1 umfar af grjóti. Líklega er búið að hreinsa út úr tóftinni.



Tóft ÁR-528:021, horft til austurs.



Uppmæling af tóft 021.

**Hættumat:** engin hætta


**ÁR-528:022** tóft+garðlag náthagi

63°57.612N 21°14.726V

Garðlag og ferhyrndur náthagi eru um 410 m ASA við bæ 001 og rúmum 40 m austan við Grænuvík 008.

Minjasvæðið er á mótum Þurárhrauns og óræktað svæðis. Landið er algróið og hallalítið.

Garðlag og náthagi eru innan svæðis sem er 180x70 m að stærð og snýr svo að segja austur-vestur. Hverju mannvirki var gefinn bókstafur í þessari lýsingu og byrjar hún að sunnan, á garðlagi A. Garðurinn



Teikning af náthaga 022.



Tóft ÁR-528:022, horft til NNV.

er L-laga og liggur nálega austur-vestur á 70 m löngum kafla. Þar tekur hann sveigju til norðvesturs og liggur á þeirri stefnu á 180 m löngum kafla. Garðurinn er grjóthlaðinn og greina má 2-3 umför af smágrýti í veggjum. Hleðslur eru signar og er mesta veggjahæð 0,4 m og veggjabreidd 1 m. Garðurinn er best varðveittur til norðurs, en til suðurs eru hleðslur grónar og sums staðar hverfur garðurinn undir yfirborð eða verður fremur lítilmótlegur. Garðlagið er nokkuð raskað vegna vírgirðingar sem liggur austur-vestur; þvert fyrir miðju garðsins. Til suðurs endar garðurinn við voldugan áveituskurð. Hugsanlega er um vörslugarð að ræða sem varnaði skepnum að fara yfir Þurárhraun. Garðurinn gæti þó hafa verið túngarður sem markaði óræktað svæði og heimatún Grænuvikar 008. Tóft B er sambyggð garðlagi A á norðvesturhluta þess. Hún er 18x10 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Hún er ferhyrningslaga og hlaðin 3 umförum af smágrýti í grjóthleðslum, sem eru 0,4 m á hæð og 1,5-2 m á breidd. Tóftin er sæmilega varðveitt, en leifar veggjahrens eru við suðurhluta hennar. Gengið er inn í tóftina á norðurhluta austurhlíðar hennar. Ekki er sjáanlegur munur á gróðri innan eða utan tóftarinnar, sem líkast til er náthagi.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-528:023** tóft+garðlag beitarhús

63°57.307N 21°14.169V


Garðlag og tóft eru á suðurenda Þurárhrauns, um 1,1 km suðaustan við bæ 001 og um 900 m norðvestan við Ölfusforir.

Minjarnar eru á suðurhluta Þurárhrauns. Á þessum slóðum er gróið hraun. Gróðurþekjan er mikil og setur mosi sterkan svip á landslagið. Á vissum stöðum sést þó í bert hraunið. Þegar því sleppir til suðurs tekur við gróskumikið og frjósamt votlendi.

Garðlag og tóft eru á svæði sem er 820x60 m að stærð og snýr svo að segja norður-suður. Til aðgreiningar hefur hverju mannvirki verið gefið sér bókstafur og hefst lýsing þessi að austan, á garðlagi A. Garðurinn er hlykkjóttur og liggur á 820 m löngum kafla til NNA-SSV. Við vesturenda hans tekur hann sveig til suðurs og liggur á þeim kafla í nálega norður-suður og heldur þeirri stefnu í 60 m uns garðurinn fjarar út í áðurnefnt votlendi. Garðurinn er best varðveittur til norðurs, en því sunnar dregur verður hann



Minjar ÁR-528:023, horft til suðurs.



Teikning af minjum 023.



ógreinilegri. Garðurinn er veglegur, hlaðinn 6 umförum af stæðilegu mosagrónu grjóti, sem er 0,5-0,8 m á hæð og 0,8 m á breidd. Á miðju garðlaginu er áberandi rof þar sem nýlegur vegslóði fer þar í gegn. Ekki er mikill greinarmunur á mosagróðri á garðlaginu og hraunþekjunni í kring og óneitanlega hugsanlegt að garðlagið sé gamalt. Þó er ekki hægt segja til um aldur þess án frekari rannsókna. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi garðurinn var hlaðinn, hugsanlega landamerkjagarður en allt eins vöslu- eða varnargarður. Tóft B er sambyggð garðlagi A á norðausturhluta þess. Tóftin er sunnan við garðlagið. Hún er einföld og er 9x7 m að stærð. Hún er ferhyrnslaga og snýr nálega norður-suður. Telja má 4 umför af stæðilegu grjóti í mosagrónum hleðslum. Veggir eru 0,4 m á hæð og 0,7 m breiðir. Op er greinanlegt til suðurs. Að innanverðu er tóftin grasi vaxin og er það ólíkt gróðurfari utan hennar, sem er mosi að uppistöðu. Gróðurþekja og lögum tóftarinnar bendir til hún sé e-s konar aðhald.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-528:024** heimild um túngarð

63°57.707N 21°15.261V

Hlaðinn garður var á merkjum Norðurbæjar 001 og Frambæjar 007 að sögn Ara Eggertssonar, heimildamanns. Hér er líklega um hluta af túngarði bæjar 001 að ræða, hann skildi um leið á milli heimatúna bæjanna. Afmörkun túnanna sjást á túnakorti frá 1920. Enn má greina 2 steina úr túngarðinum á yfirborði.

Á þessum slóðum er núverandi malarvegur að þurá. Steinarnir eru í miðjum veginum, í brekku sem hallar til norðvesturs.

Engin ummerki um túngarðinn sjást á yfirborði, fyrir utan þessa tvo steina.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-528:025** *Dimmuhóll* frásögn landamerki

63°57.691N 21°15.082V



Dimmuhóll ÁR-528:025, horft til suðurs.

“Túnið er í kringum bæinn. Engin eru þar örnefni nema Dimmuhóll, smáhóll austur frá bænum. Aldrei mátti slétta hann út,” segir í örnefnaskrá. Dimmuhóll er um 130 m austan við bæ 001 og 100 m norðaustan við útihús 005, í merkjum á milli bæja 001 og 007. Slétt tún. Skurður er fast austan við hólinn, og annar til ASA frá hólnum.

Dimmuhóll er algróinn elftingu, grasi og öðrum gróðri. Hann er nánast þríhyrnslaga, brattur og áberandi. Hliðar hans eru allar sléttar en steinninn er um 1,5 m á hæð. Fyrir sunnan steinninn er hleðslubrot, 2x1 m að stærð og mögulega hluti af landamerkjagarði á milli bæjanna. Hún er 0,3 m á hæð og algróin.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Þurá, 3

**ÁR-528:026** garðlag túngarður

63°57.696N 21°15.202V

Gróið garðlag er milli Frambæjar 007 og Norðurbæjar 001. Garðurinn er um 40 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 60 m austan við öskuhaug 028. Ekkert mannvirki er sýnt á þessum slóðum inn á túnakort Fram- og Norðurbæjar frá 1920.

Garðlagið liggur í gegnum nokkuð ósamfelldan og hávaxinn trjágróður með gróðurmiklum botngróðri á svæði sem hallar til austurs. Þegar því sleppir tekur við bakgarður núverandi íbúðarhús jarðarinnar.

Garðlagið er L-laga og það er 55 m langt. Það liggur austur-vestur á rúmlega 15 m löngum spotta uns það



Túngarður ÁR-528:026, horft til austurs.

sveigir til suðurs og heldur þeirri stefnu á 40 m löngum kafla þangað til það hverfur smátt og smátt í bakgarð núverandi íbúðarhúss jarðarinnar. Garðurinn er sæmilega hlaðinn og mest má sjá 3 umför af stæðilegu grjóti í grjóhleðslum. Garðurinn er mest 0,4 m á hæð og 1 m á breidd. Til norðurs er garðurinn raskaður vegna trjáræktar og á þeim slóðum sést grjót á stangli, sem líklega hafa áður fyrr tilheyrt garðinum. Hér er líkast til um þvergarð að ræða sem hefur afmarkað land Fram- og Norðurbæjar áður en túnakortið frá 1920 var teiknað.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**ÁR-528:027** frásögn útihús

63°57.680N 21°15.228V

Að sögn Ara Eggertssonar, heimildamanns, kom hleðsla í ljós í austurhorni núverandi hlöðu þegar hún var endurbyggð um árið 2000. Þarna eru enn útihús sem voru byggð um 1930, ekki er vitað hvað var þarna áður. Á túnakorti frá 1920 er þetta svæði innan kálgarðs sunnan við bæ 007. Hleðslan var hulin og er varðveitt undir sverði.

Útihúsin eru á grónu svæði, til suðurs eru ræktuð tún. Þau eru enn í notkun en grunnur þeirra er steypur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-528:028** öskuhaugur

63°57.704N 21°15.271V

Fagurgrænn og ávalur öskuhaugur er um 30 m VSV við bæ 001 og um 10 m austan við Þurá.

Öskuhaugurinn er í brattri og grösugri brekku sem hallar til suðvesturs. Við brekkurætur rennur Þurá og efst á brekkunni liggur heimreið að núverandi íbúðarhúsi jarðarinnar. Hávaxinn trjágróður er fast austan við minjasvæðið.

Öskuhaugurinn er 6x5 m að stærð á yfirborði og snýr nálega norður-suður. Hann er 0,7 m á hæð og er gróður á haugnum áberandi grænni og hávaxnari samanborið við gróður í kring. Á yfirborði má sjá hauginn sem fagurgræna bungu. Ari Eggertsson, heimildamaður, man eftir að hafa fundið postulínsbrot við öskuhauginn þegar hann var að leika sér þar sem krakki. Til norðurs og austurs liggur heimreið núverandi íbúðarhúss jarðarinnar við minjastaðinn og mjög sennilegt er að hluti af öskuhauginum sé undir veginum. Ekkert rof er á haugnum og engir gripir sáust í námunda við hann. Öskuhaugurinn er í stórhættu vegna trjáræktar sem er fast austan við hólinn, sem ljóslega mun raska minjastaðnum í nánustu framtíð.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**ÁR-528:029** Hraunrétt tóft rétt

63°58.112N 21°14.824V

“Um miðja vegu milli Vatnsskarðs og Þjóðveggarins er fjárrétt austan undir lágrí brún í hrauninu. Hún heitir Hraunrétt,” segir í örnefnaskrá. Hraunrétt er 840 m norðaustan við bæ 007 og tæpa 230 m norðaustan við tóft 021. Hraunið er 1-1,5 m á hæð, réttin er í lágu viki austan við brúnina. Hraunið til austurs hefur verið sléttað og því raskað að hluta.

Mosavaxið hraun er vestan við réttina, rétt suðaustan við Vatnsskarð. Hraunið klofnar hér og myndar græna eyju, réttin er vestarlega í því. Mosi og gras er áberandi.

Réttin er 15x8 m að stærð og snýr norður-suður, Hún skiptist í tvö hólf, er grjóthlaðin og er mikið röskuð. suðausturhluti hennar var líklega sléttaður og mól tekin þaðan. Hólf 1 er norðar. Það er 8x5 m að innanmáli og ekkert op sést þar inn á yfirborði. Hraunbrúnin afmarkar vesturhlið tóftarinnar en þar eru einnig hleðslur. Norðurveggur er 1-1,5 m á breidd, 0,5-0,7 m á hæð og þar má greina 2-3 umför af grjóti. Austurhlið tóftarinnar er einna best varðveitt. Hluti veggjanna sést einungis sem mosavaxið undirlag. Veggurinn á milli hólfá er einnig afar óskýr. Hólf 2 er sunnar en einnig er búið að rífa hluta þeirra. Suðurveggurinn er best varðveittur, 0,2- m á hæð og þar má greina 1-2 umför. Hraunklettur afmarkar hluta af vesturhliðinni. Hólfið er 7x7 m að innanmáli og opið til austurs.

**Hættumat:** engin hætta




Öskuhaugur ÁR-528:028, horft til suðurs.





Rétt ÁR-528:029, horft til suðausturs.



Teikning af rétt 029.

**Heimildir:** Ö-Þurá, 4

**ÁR-528:030** *Tjaldflöt* heimild um tjaldstæði

63°58.001N 21°14.809V



Tjaldflöt ÁR-528:030, horft til suðurs.

“Enn ofar með hrauninu er gamall áningastaður langferðamanna. Hann heitir Tjaldflöt,” segir í örnefnaskrá. Tjaldflöt er merkt inn á örnefnaupprátt Ingólfs Einarssonar frá 1968. Tjaldflöt er um 650 m NNA við bæ 001 og tæpum 50 m suðaustan við Þorlákshafnarveg 38.

Tjaldflöt er á mörkum vallendis og hrauns. Svæðið er blómrikt og gróskumikið. Það er vel gróið og þegar því sleppir til suðurs tekur við ræktað tún. Tjaldflöt er á fremur sléttu þurrlandi og veitir Þurárhraun til norðausturs og Þurárhnúkur til norðurs ágætt skjól gegn vindi. Ekki eru heimildir um vatnsból við Tjaldflöt.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Þurá, 2; Örnefnauppráttur IE 1968

**ÁR-528:031** garðlag vörslugarður

63°57.340N 21°14.530V



Garðlag ÁR-528:031, horft til SSV.

Vel gróið og fremur lítilmótlegt garðlag er um 530 m suðaustan við bæ 001 og um 530 m sunnan við garðlag 022B. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi garðurinn var hlaðinn, en mögulega er um vörslugarð að ræða. Garðurinn liggur um mitt Þurárhraun. Mosi er ríkjandi en gróðurþekja er fremur ósamfelld og sums staðar má sjá í bert hraunið.

Garðlagið er bugðótt og liggur nálæga norðaustur-suðvestur á rúnum 80 m löngum kafla. Hleðslur eru ekki vandaðar og fremur eins og grjóti hafi verið hrúgað saman. Með ágætum vilja má telja 3 umför af smágrýti í veggjum, sem eru 0,4 m háir og 0,5 m á breidd þar sem mest er. Á sitt hvorum enda garðsins rennur það smátt og smátt saman við landslagið.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-528:032** *Selás* tóftir sel

63°58.823N 21°16.047V

Selás er fast vestan við Þurárhraun, uppi á heiðinni. “Í hraunbrúninni rétt fyrir austan Selás eru ógreinilegar rústir, sem gætu verið selsrústir. Við Selás voru setin lömb, meðan fært var frá,” segir í örnefnalýsingu. Selás er áberandi þegar komið er upp á heiðina. Hraunbrúnin er há austan við ásinn,





Tóft ÁR-528:032a, horft til suðurs.



Tóft ÁR-528:032b, horft til suðausturs.

hann er gróinn með moldarflögum. Selið er um 2,3 km norðan við bæ 007 og rúmum 310 m suðaustan við vörðu 033.

Selið er suðaustan við Selás, í gróinni lægð á milli tveggja hrauneggja. Selið er í hraunbrúninni en sést ekki fyrir en að því er komið.

Selið er á svæði sem er 60x8 m að stærð og snýr norður-suður. Á milli eggjanna er grasivaxin lág, þar er selið. Tóft A er norðar. Hún er 14x5 m að innanmáli, snýr norður-suður og skiptist í tvö hól. Þetta er ekki dæmigerð seljarúst, mögulega er hér um stekk eða rétt að ræða. Hólf 1 er sunnar. Það er 12x3 m að innanmáli og mjókkar í miðjunni. Það er opið til suðurs, við stóran stein sem er hluti af veggjum. Líklega var mjórri hlutinn annað hól en veggir þess horfnir. Veggirnir eru 0,2-0,4 m á hæð og má sjá 1-3 umför af mosavöxnum steinum. Hólf 2 er í norðvesturhorni tóftarinnar. Það er bogalaga, 1x1 m að innanmáli og þar sést ekkert op á yfirborði. Það má sjá 1-2 umför af grjóthleðslu í veggjum og þeir eru 0,2 m á hæð. Tóft B er 45 m sunnar. Hún er 3x3 m að stærð, einföld og opin til norðvesturs. Veggirnir eru 0,2-0,3 m á hæð og grjóthlaðnir



Teikning af seli 032.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Þurá, 4

**ÁR-528:033** varða samgöngubót

63°58.908N 21°16.380V



Varða ÁR-528:033, horft til suðurs.

Varða er uppi á Selás, tæpum 320 m norðaustan við sel 032 og rúma 2,4 km norðan við bæ 001. Selás er fast vestan við Þurárhraun og er áberandi. Allar hliðar hans eru afmakaðar af moldarrásum og mosi er efst á honum.

Varðan er á mosagrónu svæði norðvestarlega á Selás, þar sem hann er hæstur. Viðsýnt er frá henni en ekki er vitað hver tilgangur hennar var.

Varðan er stór að grunnfleti, um 3x3 m og 0,3 m á hæð. Umhverfs hana er gróið svæði, áfok að hluta. Þar er gróið yfir hleðslur. Hins vegar sést grjótt vestan og norðan í vörðunni, þar sjást 3 umför af gjóti. Varðan er hrunin.

**Hættumat:** engin hætta

## ÁR-529 Ytri-Þurá

“Jarðdýrleiki xx og so tíundast fjórum tíundum.” JÁM II, 421. 20 hdr. 1847. JJ, 75. “10 hundruð að fornu mati. Jörðin á land til fjalls.”


1917: Tún 2 ha, 4/5 slétt. Garðar 936 m<sup>2</sup>.

**ÁR-529:001** *Ytri-Þurá* bæjarhóll bústaður 63°57.702N 21°15.446V

“Niður frá fjallinu er mýrlendi nema þar sem bærinn stóð, vestan Þurárinnar,” segir í Sunnlenskum byggðum III. Bærinn er sýndur í norðvesturhluta heimatúns á túnakorti frá 1920. Bæjarhóllinn sést vel þegar ekið er að Eystri-Þurá ÁR-528. Núverandi íbúðarhús jarðarinnar (b. 1997) er um 50 austan við bæjarhóllinn. Ekki er lengur heilsársbúseta á jörðinni, en ábúendur dvelja þar stóra hluta af árinu. Bæjarhóllinn er mikið raskaður vegna byggingu frístundahúss (b. 1936), um 10 m sunnan við bæjarhóllinn. Jafnframt er búið að stinga trjágróðri meðfram norðurhlíð bæjarhólsins og munu rætur þeirra ljóslega raska minjastaðnum í nánustu framtíð. Því til viðbótar liggur vírgirðing svo að segja norðvestur-suðaustur þvert í gegnum miðjan bæjarhóllinn.

Bæjarhóllinn er á grösugu svæði og til suðurs er frístundahús. Þegar því sleppur tekur við sléttá tún, en inn á milli má sjá óræktuð svæði.

Bæjarhóllinn er 40x20 m að stærð og snýr NNA-SSV. Ekki er vitað til þess að kjallari hafi verið í húsinu. Á bæjarhólnum má greina 3 hólf og eru þau aðgreind með tölustöfum í lýsingunni hér á eftir. Ekki er innangengt milli hólfa. Stafnar bæjarins hafa snúið til suðausturs, en öll hólf bæjarhólsins gera



Teikning af bæ 001.



Bær ÁR-529:001, horft til norðausturs.

það. Lýsing á hólfunum hefst að austan, á hólfi 1. Það er 10x6 m að stærð að innanmáli og snýr svo að segja norðaustur-suðvestur. Norður- og vesturveggur hólsins eru varðveittir en ekki mótar fyrir vegg til austurs. Mest má sjá 2 umför af stórgrýti í veggjum. Hólfið er grafið inn í hól og er mesta veggjahæð 0,8 m til norðurs. Veggir eru 1,5 m á breidd. Hólfið er talsvert raskað og er botn þess sléttur og einnig búið er að setja gám á norðausturhlíð þess. Samkvæmt Ara Eggertssyni, heimildamanni, var hlaða á þessum stað. Op er greinanlegt til suðausturs. Hólf 2 er 10 m vestan við hólf 1. Milli þessara tveggja hólfa sést glitta í veggjahrun hér og þar. Hólf 2 er 6x3 m að stærð að innanverðu og snýr nálega norðvestur-suðaustur. Það er vel hlaðið og mest má sjá 5 umför af stór- og smágrýti í grjóthleðslum. Hæð veggja er 0,6 m til austurs og 0,4 m til vesturs. Hólfið er grafið inn í hól og eru dyr til suðausturs. Hólf 3 er 2 m vestan við hólf 2 og er það vestast á bæjarstæðinu. Það er 9x3 m að stærð að innanverðu og snýr nálega norðvestur-suðaustur. Sjá má 5 umför af fremur grónu smágrýti í veggjum, en inn á milli glittir í stærðarinnar grjót. Veggir eru 0,6 m á hæð og 1,5 m á breidd. Hólfið er opið til suðausturs. Búið er að slétta botn hólfa 2 og 3 og ekki sér móta fyrir garði, jötu eða öðru sem gæti gefið nánara hlutverk þeirra til kynna.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar


**Heimildir:** SB III, 343; Túnakort 1920

**ÁR-529:002** heimild um útihús 63°57.661N 21°15.375V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 90 m suðaustan við bæ 001. Þar sést enn lágur hóll í túninu,



## Túnakort Ytri-Þurár ÁR-529



útihúsið var líklega á honum.

Slétt, ræktað tún. Hér og þar eru hólbörð og hryggir.

Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-529:003** heimild um traðir

63°57.715N 21°15.411V

Á túnakorti frá 1920 sést vegur liggja að bænum úr norðri, fast austan við bæ 001. Hann sveigir til vesturs þegar heimatúnið endar og fór líklega yfir ána.

Slétt, gróið tún.

Engi nummerki umtraðirnar sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-529:004** tóft rétt

63°57.852N 21°15.676V


Rétt er um 330 m norðvestan við bæ 001 og um 260 m norðvestan við Þorlákshafnarveg 38.

Lambakró er ofarlega á gróðurmikilli bungu og er mosi mikill í sverði. Þegar því sleppir tekur við deiglent svæði og sjá má fremur hávaxin grenitré til austurs.

Lambakró er svo að segja ferhyrnt og einföld tóft, 8x7 m að stærð og snýr nálega NNA-SSV. Tóftin er mjög gróin og ekki er unnt að greina nein umför, þó glittir í fremur stæðilegt grjót víðsvegar á henni.



Rétt ÁR-529:004, horft til NNW.



Teikning af tóft 004.


Hún er grafin í hól og eru hleðslur signar, mesta hæð er 0,5 m og veggjabreidd mest 1 m. Dyr eru til suðausturs.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-529:005** tóft stekkur

63°58.105N 21°15.995V

Stekkatún er sýnt sunnan við Fagurlindarhnúk á örnefnakorti Ingólfs Einarssonar. Hann er rúmum 870 m NNW við bæ 001 og rúmum 530 m norðan við tóft 004. Stekkurinn er fast austan við Fagurlindarhnúk, í gróinni kvos. Hann er hlaðin austan við stóran, stakstæðan stein Steinninn er hluti af veggjahleðslum. Tóftin er í gróinni brekku. Lækjargil er fast vestan og sunnan við hana. Hér og þar eru stakstæðir steinar. Stekkurinn er grjóthlaðinn, ofarlega í brekku neðan við hamra í fjallinu. Aðrekstrargarður liggur suðausturs frá tóftinni. Stekkurinn er 12x6 m að stærð, snýr norður-suður og skiptist í 2 hólfi. Hólf 1 er sunnar. Það er 5x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er til suðausturs. Hólfið er niðurgrafið og veggirnir eru hlaðnir úr fremur stóru hleðslugrjóti úr næsta umhverfi. Hluti þeirra sést sem kantur til norðurs. Veggirnir eru 0,2-0,5 m á hæð og það má sjá 1-2 umför af grjóti í þeim. Stakstæða bjargið er hluti af norðvesturhorni hólsins og skilur á milli hólfanna í rauninni. Hann er 1,5 m á hæð og brattur. Hólf 2 er norðar og grunnflötur þess er 0,2 m hærra en í hólfi 1. Það er 4x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er til suðausturs, við steininn. Það er á milli hólfanna. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og það má greina 2-3 umför af grjóthleðslu í þeim.



Teikning af stekk 005.



Stekkur ÁR-529:005, horft til suðurs.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Örnefnauppdráttur IE 1968

**ÁR-529:006** heimild um myllu

63°57.733N 21°15.502V



Helmingur kvarnasteinsins úr myllunni er varðveittur.

“Rétt þar sem nú er brúin stóð mylla áður fyrr,” segir í örnefnaskrá. Myllan er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar frá 1968. Samkvæmt Ara Eggertssyni, heimildamanni, var mylla rúmum 80 m norðvestan við bæ 001 og um 5 m austan við Þorlákshafnarveg 38.

Minjastaðurinn er á grónum lækjarbakka sem hallar lítillega til austurs.

Engin ummerki um myllu sjást á yfirborði. Svæðið hefur tekið róttækum breytingum vegna vegagerðar og vísast til hefur það raskað minjastaðnum. Kvarnarstein úr myllunni er í eigu áður nefnds heimildamanns og er steininn hluti af veggjahleðslu í bakgarði núverandi íbúðarhús Eystri-Þuráar ÁR-528.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Ytri-Þurá, 1; Örnefnauppdráttur IE 1968

**ÁR-529:007** gata leið

63°58.565N 21°16.415V



Leið ÁR-529:007, horft til norðurs.

Leið er tæpum 1,8 km norðvestan við bæ 001, fyrir norðan Háaleiti. Hér er mögulega um einhverja útgáfu af Suðurferðagötu ÁR-721:066 að ræða en það þarfnast frekari staðsfestingar. Leiðin gæti einnig hafa sameinast leið ÁR-527:034.

Leiðin er uppi á fjallinu. Hún liggur eftir grónu svæði en hér og þar er melur og lækjardrög. Gróðurþekja þarna er þunn.


Leiðin sést hlykkjast norður-suður á grónu svæði fyrir sunnan Selás ÁR-528:033. Hún sést á um 400 m löngum kafla og er að mestu einföld. Hér og þar sjást fleiri paldrar. Leiðin er 0,2 m á dýpt og greinileg.

**Hættumat:** engin hætta



## ÁR-530 Þóroddsstaðir

“Jarðdýrleiki xv og so tíundast fjórum tíundum.” JÁM II, 423. 16 hdr. Bændaeign. 1847. JJ, 75.



1546: „Erlendr lögmadr Þorvarðsson gefr í vald Gizurar biskups jarðirnar Árbæ, Þórisstaði og Fossnes í Ölvisi, svo og rekann á Skeiði fyrir Hraunslandi.“ Af bréfi Gissurar til Erlends 6. desember 1547 kemur fram að um er að ræða Þórisstaði í Hjallasókn.“ DI XI, 472.

“Sennilega landnámsjörð, kennd við Þórodd goða, föður skafta á Hjalla. 15 hundraða jörð að fornu mati.” Sunnlenskar byggðir III, 342.

1917: Tún 1.9 ha, 2/3 slétt (Vesturpartur) & 1.8 ha, 3/4 slétt (Austurpartur), alls 3.7 ha. Garðar 1051 m<sup>2</sup>. (Vesturpartur) & 814 m<sup>2</sup>. alls 1865 m<sup>2</sup>.

**ÁR-530:001** Þóroddstaðir bæjarhóll bústaður  
“Bærinn stendur á grasbrekku. Landið þar fyrir neðan var blautt,” segir í örnefnaskrá. Tvíbýli var á Þóroddstöðum og voru bæirnir hlið við hlið, á sama bæjarhól. Þetta voru Austur- og Vesturbær. Þeir eru sýndir á túnakortum frá 1920. Um 5 m voru á milli bæjanna að sögn Tómasar Jónssonar, heimildamanns. Bærinn var fluttur um 50 m til vesturs árið 1936 og nú er búið að skipta báðum jörðunum í nokkur minni lögbýli. Stafnar bæjarins snéru til suðurs.

Á bæjarhólnum er malarplan, núverandi vegur að bænum liggur þvert þarna yfir. Fyrir norðan bæjarhólinn eru útihús frá miðri 20. öld, á hólnum sjálfum eru ekki byggingar. Norðausturhluti bæjarhólsins er undir fyllingu, svæðið var jafnað út á síðustu öld, bæði sléttað yfir og fyllt meðfram hólnum.

Mikið jarðrask er á þessu svæði. Hvanngil, nýbýli, er um 50 m suðaustan við bæjarhólinn, útihús eru einnig fast þar til vesturs. Húsin á bæjarhólnum voru rifin og öllu rutt út. Jafnframt var komið með fyllingu og svæðið til austurs jafnað út. Á bæjarhólunum sjást ekki uppsöfnuð mannvistarlög og erfitt að áætla stærð hans. Hann var a.m.k. 60x30 m að stærð. Samkæmt Tómasi var heygardur fyrir norðan


63°57.621N 21°15.972V



Bær ÁR-530:001, horft til norðurs.



## Túnakort Þóroddsstaða ÁR-530



Byggt á túnakorti frá 1920

bæina og kálgarður til austurs.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** SB III, 342; Túnakort 1920

**ÁR-530:002** heimild um útihús

63°57.578N 21°16.017V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 90 m suðvestan við bæ 001 og 40 m norðvestan við útihús 003.

Slétt, ræktað tún.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-530:003** heimild um útihús

63°57.554N 21°15.974V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 125-130 m fyrir sunnan bæ 001 og rúmum 50 m suðaustan við útihús 002.

Slétt, ræktað tún.

Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-530:004** heimild um útihús

63°57.563N 21°15.959V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 40-50 sunnan við bæ 001 og 20 m austan við útihús 003.

Slétt, ræktað tún.

Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-530:005** *Torfakot* heimild um bústað

63°57.460N 21°16.168V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 segir: «Skálholt og Torfakot hafa heitið tvær hjáleigur bygðar í heimalandi (í manna minni) á Þórustöðum, og varaði bygðin á hverugri lengi, þó skemur á Torfakoti. Í auðn hafa þær verið eflaust 14 eður 15 ár.» Í Sunnlenskum byggðum segir: “Í gömlum heimildum er talað um Torfatættur. Sáust leifar þeirra þegar Egill Steindórsson byggði þar bæ, sem nefndur var Litlibær. Þar var hann frá 1885 til 1905 ásamt konu sinni, Guðrúnu Magnúsdóttur. Munu hafa haft litla grasnyt. Torfatættur munu eru það sama og Jarðabókin 1708 nefnir Torfakot...”. Torfakot er um 340 m suðvestan við bæ 001, á landamerkjum við Riftún ÁR-531. Búið er að slétta svæðið í tún.

Slétt, ræktað tún.

Engin ummerki um Torfakot sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** JÁM II, 424; SB III, 341

**ÁR-530:006** *Skálholt* heimild um bústað

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: «Skálholt og Torfakot hafa heitið tvær hjáleigur bygðar í heimalandi (í manna minni) á Þórustöðum, og varaði bygðin á hvorugri lengi, þó skemur á Torfakoti. Í auðn hafa þær verið eflaust 14 eður 15 ár.» Ekki er vitað hvar Skálholt var staðsett, frekari heimildir þarf til þess.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** JÁM II, 424

**ÁR-530:007** *Vindudý* heimild um ristu

63°57.368N 21°15.487V

“Neðst í Eystri-Bringum eru Vindudý, blautari en mýrin í kring. Þar var skorinn reiðingur og heytorf,” segir í örnefnaskrá. “Landið þar neðan við [Þóroddstaðabæinn, 001] var blautt. Neðst blautar engjar, illar yfirferðar. Þar mátti rista torf,” segir í Sunnlenskum byggðum. Vindudý er merkt inn á örnefnaupprátt Ingólfs Einarssonar frá 1968. Vindudý er um 620 m SSA við bæ 001 og rúmum 230 m ASA við mógrafir



021.

Á þessum slóðum er framræst votlendi.

Engin ummerki um ristu sjást á yfirborði, enda slík ummerki iðulega fljót að gróa aftur.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Þóroddsstaðir, 3; SB III, 342; Örnefnauppdráttur IE 1968

**ÁR-530:008** varða samgöngubót

63°57.924N 21°16.728V



Varða ÁR-530:008, horft til austurs.

Varða er um 650 m sunnan við vörðu 018 og rúma 830 m norðvestan við bæ 001. Hlutverk vörðunnar er óljóst, mögulega er hún vegvísir á Skógargötu ÁR-721:066.

Melur og mosaflákar eru víða á þessum slóðum. Varðan er uppi á fjallsbrún, norðan við bæinn.

Þetta er lítið annað en grjóthlaðið vörðubrot á jarðfastri hraunklökk. Varðan er 0,4 m á hæð og má greina 5 umför af grjóthleðslu. Grunnflötur hennar er 1x1 m.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-530:009** Lambakró tóft rétt


63°57.866N 21°15.932V

“[Landamerki milli Ytri-Þurár og Þóroddsstaða, ÁR-530] [...] að vestan er bein lína úr Ytri-Þurárós, um Lambakró og Stakk [...]. Í mörkum Ytri-Þurár og Þóroddsstaða, er Lambakró. Það er stór grágrýtisklökk og fjárrétt sunnan undir henni, með sama nafni. Þar var réttað um haustsmalanir,” segir í örnefnaskrá. “Efst í Grjótum, í Ytri-Þurármörkum, er fjárrétt undir stórrí klökk, og heitir Lambakró,” segir í örnefnalýsingu. Lambakró er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar frá 1968. Lambakró er á mörkum fyrrgreindra jarða. Lambakró er 450 norðan við bæ 001 og 470 m suðaustan við stekk 010. Réttin er suðaustan við klettabelti sem afmarkar vesturhlið réttarinnar. Allt umhverfis er grýttur melur og stakir steinar. Inn á milli eru gróin svæði.

Réttin er grjóthlaðin, 22x11 m að stærð og skiptist í 2 hólf. Kletturinn til norðvesturs er 2-3 m á hæð og sléttur. Hólf 1 er norðaustar. Veggirnir eru 2 m á breidd, 0,4 m á hæð og það má greina 2-4 umför af grjóti í þeim. Víða er hrúnið úr þeim en að sama skapi fara hleðslurnar víða upp á klettana að norðan og vestan. Hólf 2 er suðvestar, stakstæðir klettur afmarka það að hluta til norðvesturs. Veggirnir eru eins, þeir eru grjóthlaðnir og fara að hluta upp á veggina. Þessu hólfu var bætt við fyrir c.a. 80 árum að sögn Tómasar Jónssonar, heimildamanns. Hitt hólf 2 er mun eldra. Það er 7x5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Ekkert op sést þar inn, líklega var það til vesturs, þar sem steinar eru nú.



Rétt ÁR-530:009, horft til austurs.



Teikning af rétt 009.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ytri-Þurá, 1; Örnefnauppráttur IE 1968; Ö-Þóroddstaðir, 4


**ÁR-530:010** *Stekkatún* tóft stekkur

63°58.006N 21°16.413V

“Austan við Sandgil er djúpt hamragil sem heitir Hvanggil [...] að sunnanverðu er Stekkatún, sem Austurbæjarmenn notuðu,” segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er sýndur á örnefnakorti Ingólfs Einarssonar frá 1968. Stekkurinn er innst í Hvanggili, áður en það þrengist við foss sem þar er. Hann er 300 m norðaustan við vörður 020 og 800 m norðan við bæ 001.

Hvanggil er djúpt og snarbratt, þar eru 20-40 m háir hamrar. Gilið er ófært nema til austurs, þar sem það opnast. Gróinn mói og gjót eru á svæðinu.

Stekkurinn er sunnan við lækinn í Hvanggili. Þar er gróið undirlendi á kafla, tóftin er á því öllu. Stekkurinn er hlaðinn norðan við kletta í gilinu, þeir eru um 4 m á



Stekkur ÁR-530:010, horft til suðurs.

Teikning af stekk 010.

hæð. Lækurinn rennur í hrikalegu gljúfri vestan við tóftina en breiðir úr sér í grýttum farvegi norðan hennar. Lækurinn hefur ekki skemmt tóftina.

Stekkurinn er 8x3 m að stærð og snýr austur-vestur.

Hann er einfaldur og opin til vesturs. Veggirnir eru 0,4 m á hæð og það má greina 3-4 umför af grjóti í þeim. Grjót hrynur hér niður, bæði úr klettunum og gljúfrinu sjálfu. Aðrekstrargarður liggur að tóftinni úr austri, mögulega var þetta varnargarður líka. Hann er 5 m langur og liggur austur-vestur og eltir lögum gilsins. Það eru 1-2 umför af stóru grjóti í hleðslunni sem er 0,3 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Þóroddsstaðir 5; Örnefnauppráttur IE 1968

**ÁR-530:011** *Stekkatún* tóft stekkur

63°57.757N 21°16.688V


“... upp við Hryggjabrún, vestast er Stekkatún, bæði berjalandið og stekkatúnarústin,” segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er merktur á örnefnakorti Ingólfs Einarssonar frá 1968. Stekkurinn er um 640 m norðvestan við bæ 001 og 220 m sunnan við vörður 020. Hann er suðaustan undir háum ás, og aðrekstrargarður liggur með fram vesturhlið tóftarinnar. Tóftin er í lág á milli tveggja lágra hóla.

Grasbali, í halla til suðurs. Melur, lágir hólar og smágrýti er utan gróna svæðisins. Mosi og lúpína eru víða og stutt í að vera ríkjandi gróður á svæðinu.

Stekkurinn er 12x10 m að stærð og snýr norður-suður. Hann skiptist í þrjú hól og er hverju þeirra gefin bókstafur til aðgreiningar. Hólf 1 er syðst. Það er 6x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Það er opið til suðurs, hrun er þar fyrir. Óljóst mótur fyrir öðru opi til vesturs. Veggirnir eru 0,2-0,3 m á hæð og það má sjá 1-3 umför af grjóti í þeim. Hólf 2 er norðan við hólf 1. Þetta var lambakróin að öllum líkindum. Það er 3x1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Gólfíð er 0,2 m hærra en í hólf 1 og ekkert op sést á yfirborði. Veggirnir eru 0,2 m á hæð og það má sjá 2 umför af grjóthleðslu í þeim. Hólfíð er grafið inn í brekku til norðurs. Hólf 3 er austan við hólf 2. Það er ógreinilegt, mögulega yngri eða eldri. Ástand



Stekkur ÁR-530:011, horft til suðurs.



Teikning af stekku 011.

veggjanna er frábrugðið hinum hólfunum, þeir eru hærri en mjórri. Hólfíð er 3x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,2 m á hæð og 1 m á breidd. Ekkert op sést þar inn. Aðrekstargarður liggur til suðvesturs og norðvesturs frá tóftinni. Fyrir norðan tóftina er hann 2 m á breidd og sést sem gróinn hryggur, á brún grasgeirans. Hann er 0,2-0,4 m á hæð þar og fjarar út. Til suðvesturs er hann 1 m á breidd og 0,2 m á hæð. Hvergi sést glitta í grjóti í honum.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**Heimildir:** Ö-Þóroddsstaðir 4; Örnefnauppdráttur IE 1968

**ÁR-530:012** Sandbrú heimild um brú

63°57.279N 21°15.509V



Brú ÁR-530:012, horft til SSA.

“Efst á rimum eru Árbakkar [...]. Ofan þeirra er mýri, sem heitir Bringur. Þar skiptast um Sandbrú, engjaveg, sand - í - borinn í Eystri-Bringur og Vestri-Bringur,” segir í örnefnaskrá. Sandbrú er teiknuð inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar frá 1968. Sandbrú er um 740 m SSA við bæ 001 og rúmum 170 m suðaustan við Vindudý 007.

Á þessum slóðum er smáþýft graslendi. Fast vestan við minjastaðinn er voldugur áveituskurður.

Ekki sér til minja á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Þóroddsstaðir, 2-3; Örnefnauppdráttur IE 1968

**ÁR-530:013** frásögn fjárhús

63°57.664N 21°15.796V

Tómas Jónsson, heimildamaður, man eftir fjárhúsum um 150 m austan við bæ 001 og rúmum 90 m vestan við Þorlákshafnarveg 38.

Á svæðinu er malarvegur sem tvístrast til þriggja bygginga frá 20. öld. Til norðurs er ósamfelldur og hávaxinn trjágróður og til vesturs er óræktað svæði.

Engin ummerki um fjárhúsin sjást á yfirborð. Landið hefur tekið róttækum breytingum á umliðnum árum og margvíslegar framkvæmdir átt sér stað á þessum slóðum, t.d. er búið að byggja og fjarlægja byggingar um 20 m sunnar, leggja malarveg og reisa iðnaðarmannvirki. Minjastaðurinn er því ljóslega mikið raskaður. Samkvæmt Tómasi Jónssyni, heimildamanni, var fjárhúsið hlaðið úr torfi og grjóti.

**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**ÁR-530:014** Aðalbrú hleðsla brú

63°56.873N 21°15.319V

“Fremsti hluti, þ.e. syðsti hluti Aðalbrúar heitir Bakkabrú [...]. Efsti partur Aðalbrúar heitir Félagsbrú [...],” segir í örnefnaskrá. Aðalbrú er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar frá 1968. Félagsbrú er um 1,8 km SSA við bæ 001 og rúmum 160 m norðvestan við Fremi-Þverbrú 016. Brúin sést enn og



liggur að engjum Þóroddstaðahvefis. Brúin var ekki skráð á vettvagni en hins vegar er hún greinileg á nýjum loftmyndum.

Minjastaðurinn er í þýfðu votlendi. Svæðið er vaxið hávöxnum staragróðri og fleiri votlendistegundum. Brúin er varðveitt á tæplega 600 m löngum kafla. Hún er um 3,5 m á breidd og víða eru rof í henni. Hún sést skammt norðan við Flotgröfuskurð en hverfur við Hornbrú 028. Brúin sést aftur fast vestan við vélgrafinn skurð og kræklast að Stórahólma. Hún náði lengra til suðurs, að Fremri-Þverárbú en er horfin þar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** IE-Örnefnauppdráttur 1968

**ÁR-530:015** *Langaþverbrú* hleðsla brú

63°56.836N 21°15.079V

“Þverbrýr eru [...] Efri-Þverbrú, sem líka heitir Langaþverbrú [...]” segir í örnefnaskrá. Langaþverbrú er sýnd á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar frá 1968. Langaþverbrú er um 1,7 km SSA við bæ 001 og tæpum 330 m norðvestan við Fremri-Þverbrú 016.

Brúin er á milli tveggja völdugra áveituskurða á fremur blautu svæði. Landið er störum vaxið og annar votlendisgróður er einnig mjög áberandi.

Brúin sést á tæplega 200 m löngum kafla og liggur austur-vestur. Hún er torfhlaðin og 0,2-0,5 m á hæð. Hún er breiðust til norðurs, um 1 m, en minnkar er sunnar dregur og á þeim slóðum er hún 0,5 m á breidd.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Þóroddsstaðir 2; Örnefnauppdráttur IE 1968



Langaþverbrú ÁR-530:015, horft til NNV.

**ÁR-530:016** *Fremri-Þverbrú* hleðsla brú

63°56.689N 21°14.804V

“Þverbrýr eru [...] Fremri-Þverbrú [...]” segir í örnefnaskrá. Fremri-Þverbrú er teiknuð inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar frá 1968. Fremri-Þverbrú er tæpum 1,9 km SSA við bæ 001 og rúmum 160 m suðvestan við Félagsbrú 014. Brúin sést vel á loftmynd.

Fremri-Þverbrú er á nálega sléttu og votlendu svæði. Mýrarstör er ríkjandi gróðurfar, en hér og þar sér til þurra svæða sem eru vaxin lynggróðri.

Fremri-Þverbrú er 200 m löng og 0,5 m á breidd. Hún er nokkuð bugðótt og liggur nálega í norðaustur-suðvestur. Rof eru sjáanleg hér og þar og hún er áberandi verst varðveitt til norðausturs, þar er mesta hæð 0,3 m. Hún verður betur varðveitt er sunnar dregur og nær mest 0,7 m á hæð á þeim slóðum.

**Hættumat:** hætta

**Heimildir:** Ö-Þóroddsstaðir, 2; Örnefnauppdráttur IE 1968



Fremri-Þverbrú ÁR-530:016, horft til NNA.

**ÁR-530:017** garðlag túngarður

63°57.553N 21°15.939V

Samkvæmt túnakortum bæjanna frá 1920 var túngarður umhverfis heimatún bæjanna en þau lágu saman. Túngarðurinn eins og hann er afmarkaður á túnakortunum er horfinn og túninu öllu umbylt með sléttun. Hins vegar eru hleðslur í klettum norðan við túnið, líklega yngri útgáfa af túngarðinum að sögn Tómasar Jónssonar, heimildamanns.

Túngarðurinn sés inn á milli kletta belta- og hóla, norðan við gamla heimatúnið. Gras, melur og klettur eru áberandi.

Túngarður A er sýndur á túnakortum bæjanna. Hann er horfinn með öllu en syðst í heimatúni Vesturbæjarins sést lág brún í túninu. Þar var túngarðurinn og ljóst hann er margplægður. Þetta eru einu ummerki eldri túngarðsins, Brúnin er óskýr og fjarar út. Túngarður B sést slitrótt í klettum nokkuð norðan við gamla heimatúnið, þar sem hliðin tekur við. Þar má sjá stutta hlaðna búta víða og sambyggða rétt að suðaustan, allt norðan við heimatúnin. Hann er grjóthlaðinn og víða sjást hleðslur í skörðum og á milli kletta. Hann er 1,5-2 m á breidd, 0,2 m á hæð og grjóthlaðinn. Hér og þar má líka sjá undirhleðslu fyrir vírgirðingu, uppi á klettunum. Af þessum sökum er erfitt að áætla lengd og umfang túngarðsins, hann sést á um 400 m löngum kafla en sem fyrr segir á stuttum og slitróttum köflum. Sambyggt gerði er við túngarðinn, rétt norðaustan við heimatún Austurbæjarins. Gerðið er 15x7 m að stærð og snýr austur-vestur. Það er gert úr einfaldri grjóthleðslu sem er 0,2 m á hæð og þar sjást 1-2 umför af grjóti.



Túngarður ÁR-530:017, horft til norðausturs.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-530:018** varða samgöngubót

63°58.272N 21°16.858V

Varða er rúma 1,4 km norðan við bæ 001 og tæpa 610 m norðan við stekk 010. Hún er uppi á Hlíðarfjalli og víðsýnt er frá henni. Varðan var líklega vegvísir á Skógarvegi ÁR-721:066 sé tekið mið af staðsetningu hennar.

Heiði, melur og mosapembur eru á milli mela og votra svæða.

Varðan er 2x2 m að grunnfleti, 0,3 m á hæð hrunin og gróin. Það sést glitta í 2-3 umför í henni. Hún er uppi á lágri hæð og sést víða.

**Hættumat:** engin hætta



Varða ÁR-530:018, horft til suðurs.

**ÁR-530:019** frásögn kirkja

63°57.683N 21°16.027V

Ómar Smári Ármannsson telur að kirkja hafi verið nyrst í heimatúni Austurbæjar 001. Á heimasíðu Ferlis segir: „Skammt frá eru kirkjuleifar og grafreitir frá árinu 1000, án þess þó að nokkur hafi veitt því athygli.“ Á loftmyndum frá því um 2000 sést móta fyrir hring í túninu rúmum 120 m norðan við bæ 001. Ekkert útihús er sýnt á túnakorti né eru til þekktar heimildir um bænhús, kirkju eða mannbeinafundi á jörðinni. Á loftmyndinni er hringurinn um 20 m í þvermál en hann sést ekki lengur á yfirborði. Öspum hefur verið plantað í tvöfalda röð umhverfis svæðið en innan þeirra er ræktað tún. Heimildamenn muna ekki eftir mannvirkjum þarna.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** <http://www.ferlir.is/?id=17481>

**ÁR-530:020** varða

63°57.864N 21°16.854V

Þrjár vörður eru uppi á Hryggjabrún, um 800 m norðvestan við bæ 001 og 200 m norðan við stekk 011. Hlutverk þeirra er óþekkt en þær eru ekki mjög fornar. Vörðurnar njóta vafans og taldar hér til fornleifa. Melur og mosaflákar víða. Vörðurnar eru uppi á fjallsbrún, norðan við bæinn.

Vörðurnar eru á svæði sem er 65x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Í lýsingu þessari er hverri þeirra gefin bókstafur til aðgreiningar. Varða A er vestust. Hún er 1x1 m að grunnflatartmáli og 0,4 m á hæð.





Varða ÁR-530:020b, horft til austurs.



Varða ÁR-530:020a, horft til ASA.



Varða ÁR-530:020c, horft til ASA.

Hleðslan er úr stóru grjóti og það eru 4 umför í vörðunni. Varðan er á sléttri hraunklökk og mjókkar ekki upp. Varða B er 20 m austar. Hún er hlaðin á hraunklökk og er grjóthlaðin. Varðan er lítil en vel hlaðin. Hún er strýtulaga og hella er þvert yfir efsta hluta hennar. Varðan er 0,8x0,8 m að grunnfleti, 0,4 m á hæð og það eru 5 umför í henni. Varða C er 43 m austar. Hér er fremur um grjóthrógu en vel hlaðið mannvirki að ræða. Hrógan er 1,1x1 m að grunnfleti og er 0,3 m á hæð. Í henni má greina 3 umför og hrun er til austurs. Grjótið er stórt.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-530:021** frásögn mógrafir

63°57.391N 21°15.767V

Að sögn Tómasar Jónssonar, heimildamanns, voru mógrafir um 480 m SSA við bæ 001 og rúmum 300 m sunnan við Jarðbrú 034. Samkvæmt Tómasi var fyllt upp í mógrafirnar á 20. öld í hans minni. Á þessum slóðum er framræst votlendi. Þegar því sleppir tekur við grasríkt og smápýft mólendi. Ekki sér til mógrafa á yfirborði. Landið hefur tekið stakkaskiptum á umliðnum árum og búið að ræsa landið fram.

**Hættumat:** engin hætta


**ÁR-530:022** tóft fjárhús

63°57.578N 21°16.205V

“Vestan við Gamlastöðul stóð sauðahús,” segir í örnefnalýsingu. Tóft þess er rúmum 210 m vestan



Fjárhús ÁR-530:022, horft til ASA.



Teikning af tóft 022.



við bæ 001 og 500 m suðaustan við stekk 011. Að sögn Tómasar Jónssonar, heimildamanns, var þetta sauðahús. Nýbýlið Þóroddsstaðir 2 er 13 m austar og bakgarður húsins á milli þess og tóftarinnar.

Fjórúsin eru byggð austan við klettabrún. Þar er nú grasflatir og trjárækt.

Tóftin er 12x9 m að stærð, einföld og snýr ASA-VNV. Hún er hlaðin austan við 3 m háa og bratta klettabrún og afmörkuðu þeir þá hlið. Tóftin er opin til austurs. Veggirnir eru hlaðnir úr torfi og grjóti en eru algrónir grasi og elftingu. Þeir eru 0,8 m á hæð og það glittir í 3-4 umför af grjóti í þeim. Hlaðinn garði er maðfram suðurveggnum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Þóroddsstaðir 3

**ÁR-530:023** *Gamlistöðull* heimild um kvíar 63°57.617N 21°16.142V

“Gamlistöðull, líka nefndur Háistöðull er skammt fyrir vestan Kúadal, áður utan túnsins,” segir í örnefnalýsingu. Stöðullinn var um 150 m vestan við bæ 001 og 60 m austan við fjórúsin 022. Tómas Jónsson, heimildamaður, man ekki eftir tóftum á þessum stað Gróið vik, inn í kettabelti að vestan.

Engin ummerki um kvíar sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Þóroddsstaðir 3

**ÁR-530:024** heimild um nátthaga

Á túnakorti Vesturbæjar frá 1920 er sýndur stakstaður nátthagis. Ekki er hægt að staðsetja þessar minjar, afstaða nátthagans er ekki rétt á túnakortinu. Tómas Jónsson heimildamaður kannaðist ekki við þessar minjar. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja minjarnar.

Engin ummerki um minjarnar sjást á yfirborði.

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-530:025** heimild um nátthaga

Á túnakorti vesturbæjarins frá 1920 er sýndur stakstaður nátthagis. Ekki er hægt að staðsetja þessar minjar, afstaða nátthagans er ekki rétt á túnakortinu. Tómas Jónsson heimildamaður kannaðist ekki við þessar minjar. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja minjarnar.

Engin ummerk nátthagans sjást á yfirborði.

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-530:026** heimild um brunn 63°57.621N 21°15.941V

Samkvæmt Tómasi Jónssyni, heimildamanni, var brunnur í kálgarði Austurbæjar 001. Tómas man lítillaga eftir brunnum en ekki hversu djúpur eða annað um nánari gerð hans. Brunnurinn var 30 m suðaustan við bæ 001, á brekkubrún. Þetta svæði er mikið raskað og óljóst hvert að brunnurinn er enn varðveittur. Hvangil, nýbýli, er 30 m austar.

Gróið svæði. Um 5 m austan við áætlaða staðsetningu brunnsins er búið að grafa burtu um 1-1,5 m af jarðvegi, stálið sést vel. Þetta er líklega vegna húsbygginga en ekki er að sjá mannvistarlög í sniðinu. Það þarfnast þó frekari rannsókna við. Malarplan er þarna.

Engin ummerki um brunn sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-530:027** *Fylkisbrú* heimild um brú 63°56.642N 21°14.902V

“Þverbrýr eru Fylkisbrú til vesturs [...]” segir í örnefnaskrá. Fylkisbrú er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar frá 1968. Skrásetjari komst ekki á minjastaðinn á vettvangi vegna þess hve svæðið var blautt. Ekki sér til minja á loftmyndum, en ekki er útilokað að hann sé varðveittur á yfirborði. Minjastaðurinn er um 2 km SSA við bæ 001 og rúmum 120 m suðvestan við Fremri-Þverbrú 016.

Minjastaðurinn er í gróðurmiklu votlendi og er heildarþekja stóra mikil.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Þóroddsstaðir, 2; Örnefnauppdráttur IE 1968

**ÁR-530:028** *Hornbrú* heimild um brú

63°56.903N 21°15.329V

“Þverbrýr eru Fylkisbrú [027] til vesturs og Hornbrú til austurs,” segir í örnefnaskrá. Hornbrú er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar frá 1968. Hornbrú er um 1,5 km SSA við bæ 001 og rúmum 200 m norðan við Langþverbrú 015.

Á þessum slóðum er framræst votlendi og sjá má völduga áveituskurði til allra átta. Landið er deiglent og er votlendisgróður ríkjandi.

Engin ummerki um brú sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Þóroddsstaðir, 2; Örnefnauppdráttur IE 1968

**ÁR-530:029** heimild um leið

63°57.103N 21°15.405V

“Ofan við Laugar og Félagsbrú [014] liggur heybandsvegurinn um þann hluta Rimanna sem heitir Sandur,” segir í örnefnaskrá. Minjastaðurinn er um 1,4 km SSA við bæ 001 og rúmum 340 m norðan við brú 028.

Landið er gróskumikið og fremur slétt. Það er vaxið mjög hávöxnum mýrastara, en á þúfum og rimum eru ýmsar þurrlendistegundir ríkjandi gróðurfar.

Engin ummerki um leið sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Þóroddsstaðir, 2

**ÁR-530:030** heimild um hesthús

63°57.650N 21°15.687V

“Austan bæjarlækjar er lítið valllendisholt sem heitir Bakrangur. Þar er lítið tóttarbot. Þar var hesthúskofi fyrir síðustu aldamót. Þjóðvegurinn [þ.e. Þorlákshafnarvegur 38] liggur nú yfir Bakrang,” segir í örnefnaskrá. Hesthúsið var um 230 m ASA við bæ 001 og tæpum 90 m sunnan við Rauðustíflu 033.

Yfir mitt svæðið liggur Þorlákshafnarvegur 38 og skiptir hann því í tvennt. Annars vegar skógrækt til norðurs og hins vegar framræst votlendi til suðurs

Engin ummerki um hesthús sjást á yfirborði. Landið hefur tekið róttækum breytingum og er búið að leggja Þorlákshafnarveg 38 yfir Bakrang eins og segir í örnefnalýsingu. Mjög líklegt er að hesthúsið hafi lent undir veginum.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Þóroddsstaðir, 3

**ÁR-530:031** hellir rétt

63°57.578N 21°16.205V

“[...] stóð sauðahús [022] og vestan við það hellisskúti sem heitir Hellir, notaður sem fjárrétt,” segir í örnefnalýsingu. Hellirinn er um 230 m vestan við bæ 001 og 20 m norðvestan við sauðahús 022. Stór, stakstæð björg og klettur mynda náttúrulegt vik og undir þeim er hellirinn til norðurs og minna gjögur þar suðaustar.

Hellirinn er nánast í bakgarði nýbýlisins Þóroddsstaða Trjárækt er suðaustan við hellinn en annars sléttar flatar.

Hellirinn er 3x3 m að stærð og opinn til suðurs, Hann er náttúrulegur og hvergi sér til mannvistar. Hellirinn er 1 m á hæð og afmarkast sem fyrr af stakstæðum björgum og klettum. Hellirinn er norðvestast í vikinu en gjögrind er skammt suðaustar. Gjögrind er mun minna, 0,5 m á hæð og 2 m á lengd. Líklega var hlaðið hér fyrir eða timbur notað.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Þóroddsstaðir 3; Örnefnauppdráttur IE 1968



Hellir ÁR-530:021, horft til norðurs.

**ÁR-530:032** *Rauðustíflur* heimild um áveitu

63°57.708N 21°15.726V

“Skammt fyrir ofan vaðið [033] voru stíflur í Vindleysu úr rauðum sandsteini,” segir í örnefnaskrá.

Rauðustíflur eru sýndar á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar frá 1968. Rauðustíflur er um 240 m ANA við bæ 001 og rúmum 120 m vestan við Þorlákshafnarveg 38.

Minjastaðurinn er neðarlega í fremur aflíðandi fjallshlíð. Til austurs er óræktað svæði, en fremur ósamfelldur trjágróður með gróskumiklum botngróðri er áberandi til vesturs.

Engin ummerki um stíflu sjást á yfirborði. Búið er að grafa Vindleysu í skurð og hefur það raskað minjastaðnum.

**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**Heimildir:** Ö-Þóroddsstaðir, 3; Örnefnauppdráttur IE 1968

**ÁR-530:033** heimild um vað 63°57.690N 21°15.704V

“Vað er á Vindleysu austan Hjáleigu túns [...]. Skammt fyrir ofan vaðið voru stíflur [032] í Vindleysu úr rauðum sandsteini,” segir í örnefnaskrá. Vaðið var um 230 m austan við bæ 001 og rúmum 70 m vestan við Þorlákshafnarveg 38.

Á þessu svæði rennur nokkuð vatnslítill lækur með grónum og háum árbökkum.

Engin ummerki um vað sjást á yfirborði og engar slóðir eða götur liggja að því. Búið er að grafa Vindleysu í skurð og hefur það ljóslega raskað minjastaðnum

**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**Heimildir:** Ö-Þóroddsstaðir, 3

**ÁR-530:034** Jarðbrú heimild um brú 63°57.549N 21°15.794V

“Á Riftúnslæk, um 10 m fyrir neðan þjóðveg [þ.e. Þorlákshafnarvegi 38], aðeins austan við Þóroddsstaðamörk, er Jarðbrú. Nú ber lítið á henni vegna grjóts sem að henni barst þegar vegurinn var lagður og lækurinn brúaður,” segir í örnefnaskrá. Jarðbrú er um 200 m SSA við bæ 001 og rúmum 200 m suðvestan við hesthús 030.

Landið er þurr og gróskumikið og hallar lítillega til austurs. Um 10 m norðan við svæðið liggur Þorlákshafnarvegur 38.

Ekki sér til minja á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Þóroddsstaðir, 4

**ÁR-530:035** Kúastígur heimild um leið 63°57.565N 21°16.259V

“Upp úr Klettum vestan túnsins er krókótt gata sem heitir Kúastígur. Þar voru kýrnar reknar til útilegu í Stórahvamm,” segir í örnefnalýsingu. Leiðin lá til VNV í Stórahvamm sem er í landi Hjalla ÁR-533.

Einnig var farið hér upp á heiði og til fjalla að sögn Tómasar Jónssonar, heimildamanns. Þetta var greiðfærasta leiðin upp, farið var vestan við hæstu klettana. Leiðin er um 250 m vestan við bæ 001.

Þar sem leiðin lá eru ræktað tún og trjárækt í tengslum við nokkur nýbýli í landi Þóroddsstaða.

Engin ummerki um leiðina sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Þóroddsstaðir 4

**ÁR-530:036** hleðsla brú 63°56.933N 21°15.323V

Hlaðin brú liggur til austurs frá norðurenda Félagsbrúar 014, skammt norðan við Flotgröfuskurð. Brúin var ekki heimsótt á vettvangi, bæði vissu skrásetjarar ekki af henni né var hún greinileg á loftmyndum. Nýjar lofftmyndir sýna brúnna vel.

Vot, framræst mýri. Brýrnar sjást illa á yfirbroði vegna gróðurs að sumri til.

Brúin er rúmlega 90 m að lengd, 3,5 m á breidd og liggur að svæði sem kallast Forarmót á örnefnakorti Ingólfs Einarssonar frá 1968. Hún er rofin víða vegna vatnsaga. Hér gæti verið um svokallað Stóraloft að ræða en örnefni sem enda á -loft eiga yfirleitt við brýr í Ölfusi,

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-530:037** hleðsla brú 63°56.611N 21°14.726V

Hlaðin brú er í svokölluðum Miðskákum, sunnan við Fremri-Þverbrú 016. Skrásetjum var ekki kunnugt um þessa brú né sást hún við vettvangsvinnu, líega vegna mikils gróðurs.

Mýrarstör er ríkjandi gróðurfar, en hér og þar sér til þurra svæða sem eru vaxin lynggróðri.




Brúin er 230 m að lengd og kræklast til suðurs að Þorleifslæk. Flotgröfuskurður er grafinn þvert í gegnum syðsta hlutann, þar sveigir hún til suðausturs. Líklega er ástand hennar svipað og á brú 016.

**Hættumat:** engin hættu

**ÁR-530:038** hleðsla brú

63°56.822N 21°14.802V

Hlaðin mýrarbrú sést á loftmynd um 180 m vestan við Lönguþverbrú 015, á svæði sem kallast Engjar (for) eða Hálfuskákair á örnefnaupprætti Ingólfs Eianrssonar frá 1968. Brúin er ekki sýnd þar. Skrásetjarar vissu ekki af brúnni á vettvangi og því var hún ekki skráð. Hins vegar sést hún vel á nýjum loftmyndum. Brúin er rúmlega 80 m að lengd og liggur norðaustur-suðvestur, frá vélgröfnum skurði.






## Túnakort Riftúns ÁR-531

Skýringar	
	bæjarhóll
	horfinn minjastaður
	tóft
	gömul bygging sem stendur enn
	mörk túns og garða
	leifar túngarðs
	træðir

Byggt á túnakorti frá 1920



## ÁR-531 Riftún

“Annað býli. Partur úr heimajörðinni, bygt fyrir 30 árum, innan 40 eður yfir. Jarðdýrleiki v og so tíundast fjórum tíundum í næstliðin 7 ár. Áður var það kölluð hjáleiga, og var þá dýrleikinn talinn í heimajörðinni sjálfum Þorustöðum, og hún þá kölluð xx öll” JÁM II, 423. “Eigi heldur þessarar jarðar getur stólsjarðabókin, en seld er hún, sem eyði-stólsjörð (1798), með hér greindum dýrleika og lsk., fyrir 67 rd. Hreppstjórinn telur hana 10 h. dýrleika.” JJ, 76. 1917: Tún 2.3 ha, 8/9 slétt. Garðar 1760 m2.



**ÁR-531:001** *Riftún* bæjarhóll bústaður  
“Bærinn stóð áður í miðri brekkunni. Árið 1942 byggir Kristján Teitsson íbúðarhús í gamla túnjaðrinum niður við veginn - ásamt peningshúsum,” segir í Sunnlenskum byggðum. Nokkuð áberandi bæjarhóll er um 120 m VNV við Riftún 2 (b. 1965) og tæpum 230 m vestan við Þorlákshafnarveg 38. Bærinn er staðsettur fyrir miðju heimatúns eins og það er afarkað á túnakorti frá 1920 og er kálgarður sambyggður bæjarhúsinu til norðurs og austurs. Skv. túnakortinu snéru stafnar bæjarins til suðurs. Bæjarhóllinn er í grasríku og smápýfðu landi. Búið er að slétta túnið og hefur það ljóslega raskað hólnum að stórum hluta.

Bæjarhóllinn er 22x20 m að stærð og snýr svo að segja norðaustur-suðvestur. Hóllinn er mikið raskaður vegna túnasléttunar og er mesta hæð bæjarhólsins 0,3 m. Þar er gróður áberandi grænni samanborið við umhverfið í kring og hávaxnari, og bendir það til mannvistar undir sverði. Bæjarhóllinn er á kafi í grasi og ekki sér móta hólfum eða dældum á því. Hér og þar glittir þó í stæðilegt grjót sem líklega eru leifar veggjar. Grjóthruga er um 90 m austan við bæjarhóllinn sem vísast til eru hleðslusteinar frá bænum og hefur þeim verið hrúgað þar þegar túnið var sléttað. Allt eins gætu þó verið leifar af útihúsi 002, 003, eða tröðum 006.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** SB III, 341; Túnakort 1920

**ÁR-531:002** heimild um útihús

Útihús er teiknað inn á túnakorti frá 1920, um 50 m sunnan við bæ 001 og tæpum 60 m VSV við traðir 006. Það er horfið, sennilega vegna sléttunar.

Þar sem útihúsið var er óræktað svæði. Landið er vel gróið og smápýft.

Engin ummerki um útihús sjást á yfirborði. Grjóthruga er um 120 m austan við minjastaðinn. Hugsanlega eru það grjótleifar af útihúsinu sem safnað hefur verið saman eftir sléttun. Grjótið gæti þó einnig hafa komið úr bæ 001, útihúsi 003, eða tröðum 006.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

63°57.434N 21°16.338V



Bæjarhóll ÁR-531:001, horft til suðurs.



**ÁR-531:003** heimild um útihús 63°57.502N 21°16.303V  
Útihús er teiknað inn á túnakort frá 1920, um 100 m norðan við bæ 001 og tæpum 120 m norðan við traðir 006. Það er horfið, hugsanlega vegna sléttunar.  
Norðarlega í sléttuðu túni, rétt sunnan við mosagróin kletthrygg.  
Engin ummerki um útihús sjást á yfirborði. Grjóthrúga er um 150 m SSA við minjastaðinn. Hugsanlega eru það grjótleifar af útihúsinu sem safnað hefur verið saman eftir sléttun. Grjótið gæti þó einnig hafa komið úr bæ 001, útihúsi 002, eða tröðum 006.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1920


**ÁR-531:004** *Markaklettur* heimild um landamerki 63°57.266N 21°16.370V  
“Landamerki 1890: “Milli hjallatorfunnar úr Sigmundarvaði [skráð á Arnarbæli] í klett fyrir utan Riftún merktan X,””..að vestan eru mörk milli Riftúns og Hjallatorfu úr Þorleifslæk, Sigmundarvaði, um Bakkaskurð beint í Markastein, merktan X, ofan við gömlu götuna [720:012].“ Markasteinn er sýndur á örnefnaupprætti Ingólfs Einarssonar frá 1968, hann er horfinn. Steinninn var rúmum 310 m sunnan við bæ 001.  
Slétt, ræktað tún.  
Engin ummerki um áletrunina né steininn sjást á yfirborði.  
**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Landamerki 1890; Ö-Riftún, 1; Örnefnauppdáttur IE 1968; Ö-Bakki, 2

**ÁR-531:005** *Riftúnsbrú* hleðsla brú 63°56.730N 21°15.310V  
“Vegur frá Riftúni niður á engjar lá um Þóroddsstaðaland [ÁR-530] [...]. Brúin sem lá eftir Riftúnsengjum var af heimamönnum þar kölluð brúin, ekki sem sérnafn, en við Þóroddsstaðamenn kölluðu hana alla Riftúnsbrú,” segir í örnefnaskrá. Riftúnsbrú er merkt inn á örnefnaupprátt Ingólfs Einarssonar frá 1968. Riftúnsbrú er um 1,5 km SSA við bæ 001 og rúmum 620 m NNV við Þorleifslæk. Þegar skrásetjari var á svæðinu var það mjög blautt og erfitt yfirfærðar vegna völdugra og fremur djúpra áveituskurða. Af þeim sökum var ekki hægt að skoða staðinn á vettvangi. Aftur á móti sést Riftúnsbrú vel á loftmynd og er brúin um 930 m að lengd og 1 m breið. Hún liggur nálega í NNV-SSA.  
Brúin liggur til SSA frásvokölliðum Forarmótum, Flotgröfuskurður fer beint í gegnum brúnna sem kræklast í átt að Þorleifslæk. Þar greinist brúin í tvennt og endar líklega í svokallaðari Miðfor.  
**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Ö-Riftún, 3; Örnefnauppráttur IE 1968


**ÁR-531:006** heimild um traðir 63°57.437N 21°16.304V  
Á túnakorti frá 1920 eru traðir teiknaðar sem liggja í suðaustur frá bæ 001.  
Á þessum slóðum er óræktað svæði í brekkurótum.  
Engin ummerki um traðir sjást á yfirborði. Líkast til hafa þær horfið sökum túnasléttunar. Um 50 m suðaustan af minjastaðnum er stór grjóthrúga. Hugsanlega eru það leifar af grjóthleðslum traðanna, en hrúgan gæti einnig komið úr bæ 001, útihúsi 002, eða útihúsi 003.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-531:007** *Strokkhellir* hellir fjárskýli 63°57.333N 21°16.507V  
“Í mörkum upp við klettana er lítill skúti sem heitir Strokkhellir, af því að kona nokkur faldi þar strokkinn sinn,” segir í örnefnalýsingu Riftúns. Strokkhellir er rúmum 230 m suðvestan við bæ 001 og um 170 m NNV við Markastein 004. Hellirinn er vestan við landamerki Hjalla ÁR-533 eins og þau eru í dag.  
Hellirinn er einnan skógræktar svæðis, sumarbústaður er þarna sunnar og hlaðin rétt.  
Hellirinn er undir hömrum, neðarlega í brekku. Hann er 3x3 m að innanmáli og stór stakstaður steinn lokar honum að hluta. Hann er opin til suðausturs. Hleðslubrot er ofan á honum. Það sést eitt umfar af steinum þar ofan á lofthæðin inni í hellinum er 1,5 m. Ekki er að sjá önnur mannaverk.  
**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Riftún, 2



Strokkhelliir ÁR-531:007, horft til norðurs.



Teikning af Strokkhelli 007.


**ÁR-531:008** tóft rétt

63°57.408N 21°16.445V

“Rétt, fjárrétt stendur fast vestan við klettana vestan við túnið,” segir í örnefnalýsingu. Réttin er byggð undir klettum, í grónu viki sem gengur þar inn til vesturs. Hún er tæpum 100 m VSV við bæ 001 og 20 m norðvestan við Réttarstíg 009. Réttin er rétt utan við heimatúnið líkt og það er afmarkað á túnakortí



Rétt ÁR-531:008, horft til suðvesturs.



Teikning af stekk 008.

frá 1920.

Sunnan við klettana eru ræktuð tún. Túnið er ekki slegið lengur. Trjárækt er við klettana.

Réttin afmarkast til allra átta af klettum nema til suðurs, þar er grjóthlaðinn veggur. Hann er 6 m að lengd og 0,5 m á hæð. Í honum má greina 5-6 umför af steinum. Klettarnir eru 3-5 m á hæð, brattir og ókleifir. Stakstæður steinn er í suðausturhorni réttarinnar og þar norðan við er opið inn. Réttin er 6x6 m að innanmáli og er einföld.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Riftún, 2

**ÁR-531:009** Réttarstígur heimild um leið

63°57.404N 21°16.419V

“Austan við Rétt [008] er gata upp á klettana og heitir Réttarstígur,” segir í örnefnaskrá. Réttarstígur er fast sunnan við Hestastíg 010, rúmum 80 m suðvestan við bæ 001. Leiðin er gróin og sést ekki lengur. Gróin tunga sem liggur til austurs frá lágri klettabrún og niður á láglandi. Allt umhverfis er gróið tún. Engin ummerki um leiðina sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Riftún, 2

ÁR-531:010 Hestastígur heimild um leið

63°57.433N 21°16.418V



Hestastígur ÁR-531:010, horft til suðurs.

“Og Hestastígur heitir gata af Enni upp á Kletta, er svo heitir öll klettabrúnnin ofan túnsins, það er brún Neðrafjalls. Kristján Teitsson, þáverandi eigandi Riftúns, gerði Hestastíg bílfæran upp úr 1953,” segir í örnefnalýsingu. Vegurinn er yfir gömlu götunni sem er um 70 m vestan við bæ 001.

Vegurinn hlykkjast í S-laga beygju upp klettana. Hann er akfær enn. Allt umhverfis til suðurs er gróid tún.

Engin ummerki um Hestastíg sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Riftún, 2-3

ÁR-531:011 hleðsla brú

63°56.767N 21°15.512V

Rúmum 60 m vestan við Riftúnsbrú 005 og 1,4 km suðaustan við bæ 001 er engjabrú. Brúin er skammt sunnan við Flotgröfuskurð og liggur að svokölluðu Nabbastykki.

Brúin var ekki skoðuð á vettvangi, skrásetjum var ekki kunnugt um hana. Brúin sést vel á nýjum loftmyndum og er 100 m löng, Hún liggur fyrst til vesturs en sveigir til suðurs og endar nærri Bakkaskurði ÁR-532:030.

**Hættumat:** engin hætta

ÁR-531:012 hleðsla brú

63°56.734N 21°15.382V

Um 20 m vestan við Riftúnsbrú 005 og rúmum 1,5 km suðaustan við bæ 001 er engjabrú. Hún liggur til suðvesturs yfir Efrirófu og endar við Bakkaskurð ÁR-532:030. Brúin er rofin í miðjunni, ekki er ljóst hvort að þar er þurrara svæði. Brúin var ekki skoðuð á vettvangi, hún sást ekki á loftmyndum sem skrásetjar notuðu á vettvangi. Hins vegar sést hún vel á yngri loftmyndum.

Brúin er rúmlega 150 m á lengd og liggur norðaustur-suðvestur. Hún er 1-2 m á breidd og fremur bein.

**Hættumat:** engin hætta

ÁR-531:013 hleðsla brú

63°56.872N 21°15.588V

Hlaðin engjabrú er skammt norðan við Flotgröfuskurð, um 16 m norðan við brú 014 og 1,2 m suðaustan við bæ 001. Brúin var ekki skoðuð á vettvangi, hún sást ekki á loftmyndum sem skrásetjar notuðu á vettvangi. Hins vegar sést hún vel á yngri loftmyndum.

Brúin er um 100 á lengd og liggur nálega austur-vestur. Brúin liggur til vesturs frá Riftúnsbrú 005 og endar í svokölluðu Kúabeitarstykki. Hún er líklega um 1-2 m á breidd.

**Hættumat:** engin hætta

ÁR-531:014 hleðsla brú

63°56.865N 21°15.516V


Um 17 m sunnan við brú 013 er önnur engjabrú. Hún liggur til suðvesturs frá Riftúnsbrú 005 fast norðan við Flotgröfuskurð. Brúin var ekki skoðuð á vettvangi, hún sást ekki á loftmyndum sem skrásetjar notuðu á vettvangi. Hins vegar sést hún vel á yngri loftmyndum.

Brúin liggur í svokallað Kúabeitarstykki. Hún er 40 m á lengd en klofnar í miðju, annar hluti liggur þar til norðurs. Hann er 30 m langur.

**Hættumat:** engin hætta



## ÁR-532 Bakki



“Jarðardýrleiki er óviss, því engin geldst hjer tíund af.” JÁM II, 424.

1382-91: Mádagi Hjallakirkju. DI IV: 97

1400: Mádagi Hjallakirkju. DI IV: 243-244.

1575: Málđagi Hjallakirkju. DI XV: 642-643.

“Bakki er hluti af Hjallatorfu, með sameiginlegum landamerkjum út á við, og sameiginlegu beitilandi á miklu leyti. Landamerki Hjallatorfunnar eru: að austan, milli Bakka og Riftúns úr Sigmundarvaði á Þorleifslæk í Markastein, merktan X, ofan við alfaraveg. Þaðan í Torfu í Litlahvammi efst. Þaðan, milli Hjallatorfu og Þóroddsstaða, í vörðu hæst á Skálafelli beint í vörðu austan á Reykjafelli. Þaðan í Lambafell - móti Ölfus - afréttarlandi. Úr Lambafelli í vestasta hornið á Lönguhlíð og þaðan í Skógarhlíðargافل. Milli Hjallatorfu og Hrauns: Tíðagötu í Sólarstein. Milli Hjallatorfu og Grímslækja: Sólarsteinn í Klapparhól, merktan X, í Lækjarbotnalæk, í tjörn, í Grímslækjarós í Lambeyraós, segjir landamerkjabréf.” Ö-Bakki, 1

1917: Tún 2.3 ha, 5/6 slétt (Austurbær) & 2.4 ha, 5/6 slétt (Vesturbær), alls 4.7 ha. Garðar 750 m<sup>2</sup>. (Austurbær) & 896 m<sup>2</sup>. (Vesturbær), alls 1646 m<sup>2</sup>.

**ÁR-532:001** *Bakki* bæjarhóll bústaður

63°56.698N 21°16.148V


Í örnefnaskrá Bakka segir: «Bakki stendur á lágu holti niðri við mýrina, engjarnar.» Bærinn er merktur inn á túnakort frá 1920 af austurbæ og vesturbæ Bakka og sést að hann hefur verið sambyggður. Á bæjarhólnum voru heygarður, heyhlaða og peningshús. Stafnar snéru til suður eða norðurs. Staðsetning Bakka er einnig merkt inn á örnefnuppdrátt Ingólfs Einarssonar frá 1968 sem er lauslega teiknaður upp eftir loftmynd. Ekki eru til neinar upplýsingar um gömlu bæjarhúsin en þau hafa líklega verið rifin áður en ný íbúðarhús voru byggð á svæðinu; árið 1931 á vesturbænum og árið 1947 á austurbænum. Nýju íbúðarhúsin voru ekki sambyggð líkt og hafði verið áður eins og sést á mynd í ritinu Sunnlenskar byggðir III. Bæjarhúsin á Bakka hafa nú verið rifin og engin íbúðarhús standa nú á bæjarhólnum. Nýleg útihús standa vestan við bæjarhólinn. Þó er enn búið á jörðinni á Bakka, á nýbýli sem kallast Bakkatjörn og er rúmum 520 m vestan við bæ 001. Þar er íbúðarhús og tvö nýleg útihús.

Svæðið er grasi vaxið og mikil hvönn vex á svæðinu. Malarflákar sjást innan gróðurþekjunnar þar sem bæjarhúsin stóðu og lítil brekka er sunnan við bæjarstaðið sem liggur niður að myrinni. Tvö nýleg útihús eru í vesturjaðri hans.

Vísir af bæjarhól sést á svæðinu og er hann 34x25 m að stærð og snýr VSV-ANA. Bæjarhólinn hefur að



## Túnakort Bakka ÁR-532



öllum líkindum verið ruddur niður og sléttaður enda sést lítil uppsöfnun mannvistarlaga. Hann er flatur að ofan og sést í möl þar annað hús Bakka hefur staðið. Lítil þúst er í austurjaðri bæjarhólsins og var skráð með honum. Gæti hafa verið eitthvað af þeim þeim útihúsum (peningshúsum) sem talin eru upp á túnakortinu. Þústin er 8x5,5 m að stærð, snýr vestur-austur og er um 0,5 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Bakki, 1; Túnakort 1920; SB III, 340; Örnefnauppráttur IE 1968



Bæjarhóll ÁR-532:001, horft til austurs.

**ÁR-532:002** heimild um útihús

63°56.713N 21°16.043V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús 70-80 m austan við bæ 001, í heimatúni austurbæjarins. Útihúsið var 30 m ANA við þúst 001B á austurjaðri bæjarhólsins, aðeins neðan við bæjarhólinn.

Svæðið er grasi vaxið og þýft.

Ekki sjást nein ummerki um útihúsið á yfirborði. Svæðið hefur ekki verið sléttað og því má ætla að útihúsið hafi verið rífið niður og rústir þess nú horfnar í þýfið. Túnið sem þessi tóft stóð í er ekki lengur í ræktun.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-532:003** heimild um útihús

63°56.774N 21°16.183V

Samkvæmt túnakorti austurbæjarins á Bakka var útihús 140-150 m norðan við bæ 001 og um 30 norðvestan við Torfhól 010. Stekkatúnsgata 011 lá 30 m vestan við útihúsið sem var í austurjaðri túnsins norðan við bæinn. Þar er aflöng hæð norðan við Torfhól.

Túnið er grasvaxið og komið í órækt.

Ekki sjást nein ummerki um útihúsið og líklega hefur það verið sléttaði í túnið þegar túnið var ræktað upp. Leifar útihússins gætu þó enn verið varðveittar undir sverði.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-532:004** heimild um útihús

63°56.699N 21°16.325V

Samkvæmt túnakorti vesturbæjarins á Bakka var útihús um 160 m vestan við bæ 001 og um 40 m norðvestan við útihús 005. Þrjú útihús eru merkt á túnakortið á þessu svæði, þetta nyrsta húsið af þeim. Útihúsið var í túni sem enn er í ræktun. Það hefur verið sléttað eftir að túnakortið var mælt upp árið 1920.

Ekki sjást nein ummerki um útihúsið á yfirborði og líklega var því raskað þegar túnið var sléttað og ræktað upp.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-532:005** heimild um útihús

63°56.679N 21°16.306V

Samkvæmt túnakorti vesturbæjarins á Bakka var útihús um 150 m VSV við bæ 001 og 40 m suðvestan við útihús 004. Þrjú útihús eru merkt á túnakortið á þessu svæði og var þetta útihús í miðjunni af þeim þremur.

Útihúsið var í túni sem enn er í ræktun. Það hefur verið sléttað eftir að túnakortið var mælt upp árið 1920.

Ekki sjást nein ummerki um útihúsið á yfirborði og líklega var því raskað þegar túnið var sléttað og ræktað upp.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar



## Heimildir: Túnakort 1920

**ÁR-532:006** heimild um útihús

63°56.666N 21°16.331V

Samkvæmt túnakorti vesturbæjarins á Bakka var útihús um 170-180 m VSV við bæ 001 og 60 m SSV við útihús 004. Þrjú útihús eru merkt á túnakortið á þessu svæði og var þetta útihús syðsta húsið af þeim þremur.

Útihúsið var í túni sem enn er í ræktun. Það hefur verið sléttað eftir að túnakortið var mælt upp árið 1920. Ekki sjást nein ummerki um útihúsið í túninu og hefur það líklega horfið þegar túnið var sléttað og ræktað upp á nýtt. Vel gæti verið að leifar útihússins leynist undir sverði.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-532:007** *Bakkaklettur* álagablettur

63°56.686N 21°16.026V

Í



Bakkaklettur ÁR-532:007, horft til vesturs.

örnefnalýsingu Bakka segir: «Suðaustan við bæinn er Bakkaklettur, oftast nefndur Klettur, um 3-4 m. hár móbergsstapi, sem gengur fram í blauta mýrina. Álög banna að hreyfa nokkuð framan í Klettinum eða undir honum.» Kletturinn er tæpum 100 m suðaustan við bæ 001, þar sem tveir lækjarskurðir mætast.

Kletturinn er grasi gróinn að norðan og afliðandi niður að bæjarhólnum en brattir klettur eru að sunnan, niður að mýrinni. Vatn rennur undan Bakkakletti og niður að mýrinni. Svæðið í kringum klettinn er mjög gróið og þar vex mikið af hvönn.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Bakki, 1

**ÁR-532:008** *Hylhólmi* álagablettur

63°56.694N 21°16.013V

Í



Hylhólmi ÁR-532:008, horft til ANA.

örnefnaskrá Bakka segir: «Litlaklettur, samskonar stapi [og Bakkaklettur], en mjög lítill, er nokkrum metrum austar. Sunnan undir honum er lítill blettur sem heitir Hylhólmi, Hann má aldrei slá.» Hylhólmi er merktur inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar frá 1968 austan við Bakkaklett 007, undir Litlakletti. Hylhólmi er rúmum 90 m ASA við bæ 001 og 18 m norðaustan við Bakkaklett 007.

Svæðið sunnan við Litlaklett er um 0.3 m lægra en annarsstaðar í kring og þar myndast brattur bakki niður að Hylhólma. Þar vex mikið af hvönn.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Bakki, 1

**ÁR-532:009** *Dý* álagablettur

63°56.675N 21°16.113V

Í örnefnaskrá Bakka segir: «Blautt og grösugt flóð er vestan við Klett, vestur með túninu. Það heitir Dý ... Dýið má aldrei slá.» Álagabletturinn Dý er tæpum 60 m suðaustur af bæ 001 og rúmum 60 m vestan við Bakkaklett 007. Hann er beint niður brekkuna frá bæjarhólnum.

Dýið er grasi vaxið og umhverfis það vex einnig mikið af hvönn. Mikið dökkgrænt sefgras vex þar sem dýið er, ólíkt nánasta umhverfi.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Bakki, 1

**ÁR-532:010** *Torfhóll* örnefni rista

63°56.764N 21°16.157V

Í örnefnaskrá Bakka segir: «Rétt ofan við túnið, eins og það var áður, voru þrjár hólur litlir, algrónir. Austastur er Torfhóll ...». Torfhóll er tæpum 110 m norðan við bæ 001, í austurjaðri heimatúnsins. Hóllinn er aflangur og snýr norðaustur-suðvestur. Örnefnið bendir til þess að torf hafi verið þurrkað á hólnum og líklega rist í mýri sunnan við bæinn.

Heimatúnið er nú komið í órækt en var sléttað á einhverjum tímabili. Hóllinn er grasi vaxinn og mikið af smáhólum og þústum eru á honum.

Hóllinn er 40x20 m að stærð og snýr norður-suður. Ekki sjást nein ummerki um ristu á Bakka enda eru slík ummerki oft fljót að hverfa í gróður.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Bakki, 1

**ÁR-532:011** heimild um traðir

63°56.752N 21°16.196V

Traðir eru merktar inn á túnakort Bakka frá 1920 og sameinuðust Stekkatúngötu 031 til norðvesturs, út heimatúnið.

Malarheimreið liggur nú frá Þorlákshafnarvegi (38) niður að bæ 001 og þar áfram til vesturs að nýbyggingum í landi Bakka. Vestan við heimreiðina eru ræktuð tún (heimatún vesturbæjar) en austan við hana eru tún sem komin eru í órækt (heimatún austurbæjar).

Ekki sjást nein ummerki um gömlu traðirnar og heftur þeim líklega verið raskað þegar núverandi vegur var lagður. Ekki er ljóst hvort að hlaðnar traðir voru lágu frá bakka og að götunni en hafi svo verið hefur þeim verið rutt niður þegar malarvegurinn var lagður.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Bakki, 1: Túnakort 1920

**ÁR-532:012** *Gapi* hleðsla fjárskýli

63°57.203N 21°16.743V

“Gapi heitir hellisskúti í snös fram úr hliðinni skammt fyrir utan Riftúnsmörk. Þar sér fyrir gamalli hleðslu,” segir í örnefnalýsingu. Gapi er rúmum 1 km norðan við bæ 001 og tæpum 180 m suðvestan við tóft 026. Hellirinn er efst í Bakkabrekku sem er til suðurs, niður Neðrafjall. Þegar skrasetjari var á ferðinni var snjór inni í hellinum en hluti af hleðslu sást engu að síður austast í hellinum. Sé tekið mið af staðsetningu er um fjárskýli að ræða.

Bakkabrekka brött og klettabelti eru efst í henni. Víða eru grjótskriður og stök björg. Inn á milli eru gróin svæði.

Hellirinn er efst í brekku, klettur er til austurs og vesturs frá honum. Hellirinn er um 8x6 m að stærð og hvelving hans bogadregin. Opnið er um 6 m hátt og lítið skjól er inni í hellinum. Það mótast fyrir hleðslu austast í opinu en snjór var yfir stórum hluta hennar. Hleðslan er um 6 m löng, 2 m á breidd, 0,2 m á hæð og óskýr. Það glitti í eitt umfar af grjóti þar sem snjór lá ekki yfir.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Bakki, 2



Gapi ÁR-532:012, horft til vesturs.

**ÁR-532:013** *Bakkastekkatún* tóft stekkur


63°57.047N 21°16.943V

Í örnefnalýsingu Bakka segir: «Upp í brekkunni, fast vestan við Álfaborgir, beint upp af Stekkatúngötu [sjá 031] er Bakkastekkatún. Þar eru rústir nokkrar, m.a. allan garðbrot.» Bakkastekkatún er norðan við Þorlákshafnarveg (38), rúmum 910 m norðvestan við bæ 001. Aðeins ein tóft fannst á svæðinu og er hún fast vestan við þéttan greniskóg í sumarbústaðahverfinu Álfaborgum, upp við brekkuræturnar á Bakkabrekku.

Svæðið er grasi vaxið og landi hallar niður til suðausturs. Nokkur lítil, sjálfsáð birkitré eru í tóftinni. Klettur og grjóthrun eru rétt norðvestan við hana.



Stekkur ÁR-532:013, horft til suðausturs.



Teikning af stekki 013.

Tóftin er 8x5,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er einföld og innanmál hennar er 4x3 m. Tóftin er torf- og grjóthlaðin og það sjást 2-3 umför af grjóthleðslu í innri veggjum og á utanverðri suðausturhlíð. Hæð veggja er 0,5-0,6 m að utanverðu en eða 0,8-1 m að innan. Op er á suðausturhlíð. Grjótið sem sést í þar er enn vel uppistandandi og einnig sést smávegis víður þar enn. Ekki sjást nein ummerki um aðrar tóftir á svæðinu eða garðlagið sem nefnt er í örnefnaskrá. Hugsanlega hefur eitthvað horfið undir sumarhúsabyggðina eða í þéttan greniskóginn.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Bakki, 2

#### ÁR-532:014 *Markaklettur* áletrun

Í örnefnaskrá Bakka segir: «Niður undir Bakkastekkatúni [sjá 013], í miðri gömlu götunni [720:012], sem lá þar meðfram hlíðarrótum, er stór, jarðfastur steinn sem heitir Markaklettur. Ekki er vitað til að nokkurn tíma hafi verið þarna nein mörk. Á steininn er grafið: hamar (mynd), töng (mynd), Þ. Þ., 1871. Á mínum yngri árum heyrði ég sagt, að Þorsteinn Þorsteinsson var til í Riftúni [ÁR-531] á þessum árum, 16 ára 1871, en enginn annar maður þar nálægt sem skammstöfunin Þ Þ gæti átt við.» Markaklettur er merktur inn á örnefnauppdátt Ingólfs Einarssonar frá 1968, rétt neðan (sunnan) við Bakkastekkatún 013. Mikið er af stóru grjóti á svæðinu og allir klettur á svæðinu skoðaðir hátt og lágt en engin ummerki fundust um áletrunina sem er lýst hér að ofan. Enginn heimildamaður var fyrir jörðina Bakka og því þarf frekari heimildir til þess að staðsetja Markaklett nákvæmlega.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Bakki, 2; Örnefnauppráttur IE 1968

#### ÁR-532:015 *Gerðakotsstekkatún* heimild um stekki 63°56.897N 21°17.129V

Í örnefnaskrá Bakka segir: «Spölkorn fyrir utan Bakkastekkatún [sjá 013] sér óglögg fyrir rúst á litlum bala neðst í hlíðinni. Mér var í æsku kennt að kalla rústina Gerðakotsstekkatún, og fleiri kannast við það nafn, en ekki vilja þó Hjallhverfingar yfirleitt viðurkenna það nafn.» Gerðakotsstekkatún er merkt inn á örnefnaupprátt Ingólfs Einarssonar frá 1968 miðja veginni milli Bakkastekkatúns 013 og Hjallastekkatúns 016, þó heldur nær 016. Ekki sást nein ummerki um stekkjatóft á svæðinu. Tvær tóftir eru staðsettar við Hjallastekkatún 016 en þær eru báðar efst í hlíðinni, ólíkt Gerðastekkatúni sem á að vera neðst í henni. Stekkurinn var um 880 m norðvestan við bæ 001 og 310 m suðvestan við Bakkastekkatún 013. Lítið er um grasbala á þessu svæði og má því ætla að tóftin hafi verið undir grýttri brekkunni.

Svæðið er grasi vaxið neðst í brekkunni en ofar er gróðurþekja slitin og svæðið mjög grýtt.

Ekki sjást nein ummerki um þá tóft sem lýst er í örnefnaskrá og gæti hún verið horfin vegna þeirrar breytingar á landnotkun sem hefur átt sér stað á svæðinu en neðst í brekkunni er núna hótélbygging, bílastæði og húsgarður.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Bakki, 2; Örnefnauppráttur IE 1968




**ÁR-532:016** *Hjallastekkatún* tóft stekkur

63°56.853N 21°17.404V

Í örnefnaskrá Bakka segir: «Á grasbala austan við Bakkarás, á móts við Hjallarétt [533:019], er gamall stekkur sem almennt er kallaður Hjallastekkatún. En Hermann Eyjólfsson í Gerðakoti og Þórður Símonarson frá Bjarnastöðum, báðir Hjallhverfingar að uppruna nefna það Króksstekkatún, einir manna.» Tvær tóftir eru í Hjallastekkatúni, grjóthlaðinn stekkur 016 og torfhlaðinn stekkur 023. Hér er skráður stekkur 016 sem er grjóthlaðinn. Hann er 1 km norðvestan við bæ 001 og 40 m suðvestan við stekku 023, upp við Bakkabrekku, norðvestan við Þorlákshafnarveg (38).

Hlíðar Bakkabrekku eru grasivaxnar en grýtt svæði er beggja vegna við hana og klettur til norðvesturs. Tóftin er 13x12 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er grjóthlaðin og skiptist upp í þrjú hólfi. Nyrsta hólfið er mjög gróið en annarsstaðar sjást grjóthleðslur vel, 1-3 umför. Hæð veggja er 0,3-0,6 m og veggir lægri þar sem hleðslur eru ekki grónar. Til norðvesturs í tóftinni er hólfi I. Innanmál hólfsins er 3x2 m og það snýr norðvestur-suðaustur. Engar hleðslur loka hólfinu að vestan en þar er þýfi sem bendir til þess að hólfið nái 4 m lengra til vesturs. Hólfi II er norðaustan við hólfi I og er 3x3 m að innanmáli.



Teikning af stekku 016.



Stekkur ÁR-532:016, horft til suðvesturs.

Enginn inngangur er inn í hólfið og það líklega notað sem lambakró. Hólfi III er stærst og er suðaustast í tóftinni. Innanmál þess er 6x3 m og það snýr norðaustur-suðvestur. Enginn veggur er á suðvesturhlíð en lítill rekstrargarður liggur til suðurs út frá tóftinni og endar í kletti neðan við hana. Tóftin ber greinileg ummerki stekkjara með lambakró og rekstrargarð. Hugsanlega hafa verið notaðar viðargrindur til að loka hólfi III og vel gæti verið að hólfi I hafi einnig verið stækkað til vesturs með grindum.

**Hættumat:** engin hættu**Heimildir:** Ö-Bakki, 2**ÁR-532:017** *Brú/Bakkabrú* heimild um brú

63°56.685N 21°15.998V

Í örnefnaskrá Bakka segir: «Brú, Bakkabrú, heitir vegurinn fram á engjarnar, með trébrú á Hylnum, [...]». Hér er verið að skrá trébrú á leið sem liggur frá Bakkabæjum niður í mýrina. Ekki sjást nein ummerki um trébrúna, þar er nú brú/ræsi sem liggur yfir Flotgröfuskurð suðaustan við bæ 001. Trébrúin var um 120 m austan við bæ 001 og tæpum 15 m sunnan við Hylhólma 008.

Mýrin sunnan við bæ er þýfð og blaut. Þar vex mikill og hár gróður enda engin beit á svæðinu, Ekki sjást nein ummerki um leið í mýrinni og hefur hún horfið í bleytu og gróður þegar hætt var að ganga hana reglulega.

**Hættumat:** engin hættu**Heimildir:** Ö-Bakki, 3**ÁR-532:018** *Vesturbrú* hleðsla - brú

63°56.607N 21°15.710V

Í örnefnaskrá Bakka segir: «Brú, Bakkabrú, heitir vegurinn fram á engjarnar, með trébrú [sjá 017] á Hylnum, en annars úr kökkum og torfi. Efst er Félagsbrú [020], fyrir báða bæina, Austurbæ og Vesturbæ, en skiptist í Austurbrú [021] og Vesturbrú.» Hér er verið að skrá Vesturbrú sem var torfhlaðin brú í mýrum vesturbæjarmegin. Vesturbrú er merkt inn á örnefnakort Ingólfs Einarssonar frá 1968, ekki á sama stað og hún er. Vesturbrú er um 115 m vestan við Austurbrú 021 og rúmum 300 m AS við bæ 001. Brúin var ekki skráð á vettvangi, hún sást ekki sökum mikils gróðurs og bleytu. Hins vegar er hún

auðrakin á loftmynd.

Mýrin sunnan við bæ er þýfð og blaut. Þar vex mikill og hár gróður enda engin beit á svæðinu, Vesturbrú liggur til suðurs frá brún 020 og er torfhlaðin. Hún er um 3 m á breidd og 600 m löng. Hún er víða rofin, lækir og rásir eru víða við hana. Líklega er hún sigin, skrásetjari varð hennar ekki var við vettvangsvinnu.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Bakki, 3; Örnefnauppdráttur IE 1968

**ÁR-532:019** heimild um kálgarð

63°56.686N 21°16.141V

Samkvæmt túnakorti vesturbæjar og austurbæjar Bakka frá 1920 var kálgarður suðaustan við bæ 001, neðar í brekkunni og nær mýrinni. Kálgarðurinn hefur verið í nokkrum halla, 20 m norðvestan við álagablettinn Dý 009.

Brekkan er grasi vaxin og mikil hvönn vex á svæðinu enda engin beit í landinu. Svæðið er þurr en sunnan við það er blaut mýri.

Ekki sjást nein ummerki um kálgarð á svæðinu og hafa veggir hans líklega verið rifnir niður.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-532:020** *Félagsbrú* hleðsla brú

63°56.691N 21°15.890V

Í örnefnaskrá Bakka segir: «Brú, Bakkabrú, heitir vegurinn fram á engjarnar, með trébrú [017] á Hylnum, en annars úr kökkum og torfi. Efst er Félagsbrú [020], fyrir báða bæina, Austurbæ og vesturbæ, en skiptist í Austurbrú [021] og Vesturbrú [018].» Hér er verið að skrá Félagsbrú sem er merkt inn á örnefnakort Ingólfs Einarssonar, rúnum 100 m suðaustan við bæ 001. Brúin var ekki skráð á vettvangi, hún sást ekki á yfirborði vegna mikils gróðurs og erfitt að komast að henni vegna votlendis.

Mýrin sunnan við bæ er þýfð og blaut. Þar vex mikill og hár gróður enda engin beit á svæðinu,

Félagsbrú liggur til austurs frá trébrú 017. Hún er um 310 m löng, 3 m á breidd og samtals ganga fimm aðrar brýr til suðurs og norðurs frá henni. Hún er rofin á köflum vegna vatnsaga.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Bakki, 3

**ÁR-532:021** *Austurbrú* hleðsla brú

63°56.572N 21°15.482V

Í örnefnaskrá Bakka segir: «Brú, Bakkabrú, heitir vegurinn fram á engjarnar, með trébrú [017] á Hylnum, en annars úr kökkum og torfi. Efst er Félagsbrú [020], fyrir báða bæina, Austurbæ og vesturbæ, en skiptist í Austurbrú [021] og Vesturbrú [018].» Hér er verið að skrá Austurbrú sem var torfhlaðin brú í mýrum austurbæjarmegin. Hún liggur til suðausturs, frá austurenda Félagsbúar 020 en var ekki skráð á vettvangi, skrásetjarar komust ekki á svæðið vegna bleytu.

Mýrin sunnan við bæ er þýfð og blaut. Þar vex mikill og hár gróður enda engin beit á svæðinu,

Austurbrú er rúnum 110 m austan við Vesturbrú 018. Hún er um 750 m að lengd, 3 m á breidd og hlykkjast í mýri. Vélgrafnir skurðir liggja í gegnum hana á tveimur stöðum og víða er rof.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Bakki, 3

**ÁR-532:022** *Lind* heimild um vatnsból

63°56.644N 21°16.135V

Í örnefnaskrá Bakka segir: «Undan túninu, nokkru fyrir vestan bæinn, er uppspretta sem heitir Lind, og einnig nefnd Lindarlækur og fellur í Bullaugalæk.» Lind er merkt inn á örnefnakort Ingólfs Einarssonar frá 1968. Vatnsbólið er um 110 m sunnan við bæ 001 og um 10 m norðan við stóran skurð sem liggur þvert í gegnum land Bakka.

Mýrin sunnan við bæ og norðan við skurðinn er þýfð og blaut. Þar vex mikill og hár gróður enda engin beit á svæðinu.

Erfitt er að greina ummerki um lindina í gróðri suðvestan við bæ 001 enda er hann úr sér sprottinn. Svæðið var gengið eins og hægt var en það er mjög blautt og erfitt yfirferðar. Ummerki um lindina sást ekki á vettvangi og líklega eru þau horfin í gróður.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Ö-Bakki, 4; Örnefnauppdráttur IE 1968

**ÁR-532:023** *Hjallastekkatún* tóft stekkur

63°56.870N 21°17.367V

Í ornefnaskrá Bakka segir: «Á grasbala austan við Bakkarás, á móts við Hjallarétt, er gamall stekkur sem almennt er kallaður Hjallastekkatún. En Hermann Eyjólfsson í Gerðakoti og Þórður Símonarson frá Bjarnastöðum, báðir Hjallhverfingar að uppruna nefna það Króksstekkatún, einir manna.» Tvær tóftir eru á Hjallastekkatúni, grjóthlaðinn stekkur 016 og torfhlaðinn stekkur 023. Hér er skráður stekkur 023. Hann er í hlíðinni upp við Bakkabrekkur, rúmum 1 km norðvestan við bæ 001 og 40 m norðaustan við stekk 016.

Tóftin er á grasbala í afliðandi brekku sem hallar til suðausturs. Grýtt svæði eru beggja vegna við grasbalann og klettur til



Teikning af stekk 023.



Tóft ÁR-532:023, horft til norðurs.

norðvesturs.

Stekkjatóftin er 28x12 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hugsanlega væri einnig hægt að skrá hana sem þrjár samliggjandi tóftir en þar sem tvær þeirra tengjast og sú þriðja er fast upp við hinar þá var ákveðið að lýsa henni eins og einni tóft sem skiptist upp í fleiri hól. Tóftin er að mestu torfhlaðin, en þó sést í grjóthleðslur í hólfi II, 2 umför og tenging á milli hólfa I og II er einni grjóthlaðin að hluta. Hæð veggja er 0.3-0.7 m og hún skiptist upp í þrjú-fjögur hól. Hólf I er suðvestast í tóftinni. Það er 3x2 að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Gólfhæð hækkar lítillegar norðvestast í hólfinu. Op er á suðausturhlið hólsins. Hólf II er nokkru austan við

hólf I. Það er 6x2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir í hólfinu eru mjög grónir en þó sést í grjóthleðslur, eins og áður var greint frá. Op er á suðvesturhlið en þar er enginn veggur og gæti því hafa verið lokað með trégrind. Hólf III er norðaustan við hólf II. Suðausturveggurinn er torfhlaðinn en norðausturveggurinn er náttúrulegur klettur. Norðvesturveggurinn er svo náttúrulegur bakki. Hugsanlega hefur þetta verið einhverskonar skýli fyrir þá sem voru að mjólka í stekknunum. Norðan og norðvestan við þessi þrjú hól er hugsanlegt fjórða hólfið. Náttúrulegur bakki sem liggur frá hólfi I til austurs myndar nokkurskonar gerði eða aðhald. Það er 11x5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hugsanlega hafa verið einhverjar grindur til að loka gerðinu alveg, því náttúrulegi bakkinn er aðeins um 0.5 m á hæð

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Bakki, 2

**ÁR-532:024** heimild um draug

63°56.835N 21°17.432V

Í ornefnaskrá Bakka segir: « Í Bakkarás var útburður fyrir löngu síðan.» Bakkarás er rúmum 40 m suðvestan við Hjallatekkatún og 1 km norðvestan við bæ 001. Rásin liggur á landamerkjum milli Bakka og Hjalla ÁR-533.

Rásin er grýtt en grasvaxnir balar eru beggja vegna hennar. Klettur eru ofar í Bakkabrekkum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Bakki, 2



**ÁR-532:025** mannvirki útihús

63°56.714N 20°16.077V

Nýlegar minjar, að öllum líkindum útihús, sjást fast norðaustan við bæ 001 og rúmum 65 m norðvestan við Bakkaklett 007. Minjarnar eru líklega frá 20. öld.

Svæðið er mjög grasivaxið og grasið hátt þegar skrásetjari var á ferðinni.


Minjasvæðið er alls 12x10 m að stærð og snýr norður-suður. Það samanstendur af steypri gryfju, torf- og grjóthlaðnu garðlagi og sléttum grunni. Gryfjan er syðst á svæðinu og er 8x5 m að stærð og 1 m að dýpt. Hún snýr austur-vestur. Gryfjan er grasi vaxin í botninum.



Tóft ÁR-532:025, horft til norðurs.

Norðan við gryfjuna er sléttur grasi vaxinn grunnur þar sem líklega hefur staðið hús sem búið er að rífa niður. Á austanverðri hlið grunnsins er torf- og grjóthlaðið garðlag. Það liggur norður-suður á 8 m löngum kafla og er 0,5 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



Teikning af minjum 025.

**ÁR-532:026** tóft stekkur

63°57.273N 21°16.593V


Tóft er tæpum 1,2 km norðan við bæ 001 og 30 m sunnan við tóftir 027. Hún er neðarlega í svokölluðum Riftúnspöllum, skammt vestan við landamerki Riftúns ÁR-531 og Bakka.

Bakkabrekkur eru í Neðrafjalli, austurhluti þeirra kallast Riftúnspallar. Klettabelti er efst í Bakkabrekku. Þar er mikið um stakstæð björg og kletta en inn á milli eru rof og melur. Lúpína vex á svæðinu og lyng er áberandi við klettana.

Tóftin er 9x6 m að stærð, er einföld og snýr VSV-ASA. Hún er hlaðin sunnan undir klettum sem afmarka norðurhliðina. Klettarnir eru 5-7 m á hæð og brattir. Veggirnir eru grjóthlaðnir, 2 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Það má sjá 1-2 umför í þeim en annars eru hleðslurnar hrundar. Austurveggurinn er nánast horfinn en einnig gæti annað hólfa hafa verið þar, hrúnið bendir til þess. Op er á tóftinni til suðvesturs.



Tóft ÁR-532:026, horft til norðvesturs.



Teikning af stekki 026.


**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-532:027** tóftir

63°57.290N 21°16.609V

Tvær tóftir eru um 30 m norðan við tóft 026 og um 1,2 km norðan við bæ 001. Tóftirnar eru ofarlega í Bakkabrekku, vestarlega í svokölluðum Riftúnspöllum. Ekki er vitað hver tilgangur minjanna er, líklega er önnur tóftin fjárrétt en hlutverk hinnar tóftarinnar er óþekkt. Tóftirnar eru í hvammi, vestan og sunnan við kletta.

Bakkabrekkur eru í Neðrafjalli. Þar er mikið um stakstæð björg og kletta og inn á milli eru rof og melur. Lúpína vex á svæðinu og lyng er áberandi við klettana. Tóftirnar eru á næst efsta stallinum í klettunum.



Uppdráttur af tóft 027.



Tóft ÁR-532:027, horft til norðvesturs.

Minjarnar eru á svæði sem er 11x5 m að stærð og snýr norður-suður. Lýsingin hefst til suðurs, á tóft A. Hún er 4x3 m að stærð, er einföld og snýr austur-vestur. Tóftin er niðurgrafin, ytri brún þeirra 0,1 m á hæð en innri brúnnin er 0,5 m og þar glittir í 2-3 umför af grjóti. Tóftin er opin til austurs en klettar afmarka hana til vesturs. Hleðsla B er 3 m norðar og afmarkar austurvegg réttarinnar. Klettar afmarka aðrar hliðar hennar. Hleðslan eða veggurinn er 6 m að lengd, 2 m á breidd, snýr austur-vestur og er grjóthlaðin. Hún er 0,6-0,4 m á hæð. Réttin er hins vegar 6x4 m að stærð og 5-7 m háir klettar og steinar afmarka hana til annarra átta.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-532:028** tóft

63°57.294N 21°16.569V


Tóft er rúmum 30 m austan við tóftir 027 og tæpum 1,2 km norðan við bæ 001. Hún er í svokölluðum Riftúnspöllum, skammt vestan við sumarbústað og skógrækt við landamerki Riftúns.

Bakkabrekkur eru í Neðrafjalli. Þar er mikið um stakstæð björg og kletta og inn á milli eru rof og melur. Lúpína vex á svæðinu og lyng er áberandi við klettana. Klettabelti er efst í Bakkabrekku.

Tóftin er 3x3 m að stærð og er einföld. Hún er hlaðin austan við stakstæða kletta sem mynda vesturhlið hennar. Til norðurs er 0,3 m hár kantur sem bendir til þess að tóftin sé grafin inn í brekkuna. Kanturinn er algróinn og beinn. Til austurs er hlaðinn grjótveggur, ofan á klettum. Hann er 1 m á breidd og 0,1



Tóft ÁR-532:028, horft til norðurs.



Teikning af tóft 028.



m á hæð. Smá skúti er til vesturs, inn á milli kletta, sem bendir til þess að annað hólf hafi við hér inni. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-532:029** varða

63°57.326N 21°16.581V



Vörður ÁR-532:029, horft til suðurs.

Tvær vörður eru uppi á brún Neðrafjalls um 60 m norðan við tóft 028 og 1,2 km norðan við bæ 001. Vörðurnar eru fast vestan við landamerki Bakka og Riftúns ÁR-531 og eru að öllum líkindum ekki fornar.

Bakkabrekkur eru í Neðrafjalli. Þar er mikið um stakstæð björg og kletta og inn á milli eru rof og melur. Lúpína vex á svæðinu og lyng er áberandi við klettana.

Tvær vörður eru á svæði sem er 5x1 m að stærð og snýr norður-suður. Varða A er sunnar. Hún er 0,7x0,7 m að grunnfleti og 0,8 m á hæð. Hún er fremur illa hlaðin úr stóru grjóti og má greina 6 umför. Neðst er jarðfastur steinn. Varða B er 2 m norðar. Hún er 1x1 m að grunnfleti og 0,7 m á hæð. Neðsti hluti hennar

er hruninn og það sem enn stendur uppi er illa hlaðið. Það má greina 5- 6 umför af grjóti í henni.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-532:030** *Bakkaskurður* renna áveita

63°56.557N 21°15.280V

Um 1980 var heimildum um helstu menningarleifar safnað saman að frumkvæði Ölfushrepps. Skýrslan var ekki gefin út en skrásetjara áskotnaðist afrit. Þar segir í kafla 3.11 um skurði: “Bakkaskurður var grafinn á árbílinu 1850-60 um ræsi og fen í engjamörkum Bakka og Riftúns.” Bakkaskurður er sýndur á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar frá 1968. Hann er um 430 m norðaustan við bæ 001 og er á merkjum Bakka og Riftúns.

Mýrin kallast Ölfusforir og er skurðurinn grafinn á því svæði. Þar vex mikill og hár gróður og það er enn mjög blautt.

Bakkaskurður sést enn og er um 800 m að lengd. Hann liggur til suðausturs frá Flotgröfuskurði og endar í Þorleifslæk. Skurðurinn hefur án efa verið ræstur fram og lítið varðveitt af gamla skurðinum. Hann er um 5 m á breidd og djúpt vatn rennur eftir honum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Skráning menningarleifa í Ölfusi, kafli 3.1: Örnefnauppdráttur IE 1968

**ÁR-532:031** *Stekkatúnsgata* heimild um leið

Í örnefnaskrá Bakka segir: «Austan við Grænhól var Stekkatúnsgata upp að fjalli, alveg þar sem nú er heimvegurinn.» Stekkjatúnsgatan lá frá tröðum 011 og til norðvesturs í átt að Bakkastekkatúni 013.

Gatan lá yfir svæði sem áður voru ræktuð tún, austan við núverandi heimreið að Bakka. Nú eru túnin þar komin í órækt.

Ekki sjást nein ummerki um götuna sem hélt að öllum líkindum áfram til norðvesturs, yfir Þorlákshafnarveg (38) að fjallinu. Leiðin hefur líklega verið sléttuð í túnið austan við heimreiðina.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-532:032** hleðsla brú

63°56.400N 21°15.892V

Hlaðin engjabrú er rúm 520 m sunnan við bæ 001 og tæpum 300 m vestan við Vesturbrú 018. Brúin er í Bakkaengjum, í Vestastastykki. Brúin er rofin í tvennt af vélgröfnum skurði, hún sést einnig í svokölluðu Miðstykki. Brúin var ekki skoðuð á vettvangi, hún sást ekki á loftmyndum sem skrásetjar notuðu. Hins vegar sést hún vel á yngri loftmyndum.

Brúin er rúmlega 340 m að lengd og hlykkjast norðvestur-suðaustur. Hún er horfin í miðjunni, ekki er vitað hvers vegna.

**Hættumat:** engin hætta



**ÁR-532:033** hleðsla brú

63°56.652N 21°15.909V

Um 190 m austan við bæ 001 er hlaðin engjabrú. Hún liggur þvert yfir Félagsbrú 020 milli Flotgröfuskurðs og Bullaugalækjar. Brúin var ekki skoðuð á vettvangi, hún sást ekki á loftmyndum sem skrásetjar notuðu. Hins vegar sést hún vel á yngri loftmyndum.

Brúin er 120 m löng, liggur norður-suður. Framhald hennar sést ekki sunnan við Bullaugalæk sem er í vélgröfnum skurði.

**Hættumat:** engin hættu

**ÁR-532:034** hleðsla brú

63°56.724N 21°15.786V

Hlaðin engjabrú er tæpum 290 m austan við bæ 001 og liggur til norðs frá Félagsbrú 020. Brúin hverfur rétt sunnan við Flotgröfuskurð. Brúin var ekki skoðuð á vettvangi, hún sást ekki á loftmyndum sem skrásetjar notuðu. Hins vegar sést hún vel á yngri loftmyndum.

Brúin er 90 m löng og liggur norður-suður. Hún hlykkjast í mýri en ekki er ólíklegt að brú 035 hafi sameinast henni að austan en tengslin á milli eru rofin.

**Hættumat:** engin hættu

**ÁR-532:035** hleðsla brú

63°56.729N 21°15.685V

Hlaðin brú er 25 m austan við brú 034 og rúmum 300 m austan við bæ 001. Hún er í svokölluðum Votakrök, sunnan við Flotgröfuskurð. Ekki er ljóst hvort hún tengdist brúm 020 eða 034. Brúin var ekki skoðuð á vettvangi, hún sást ekki á loftmyndum sem skrásetjar notuðu. Hins vegar sést hún vel á yngri loftmyndum.

Brúin er 75 m að lengd og liggur í sveig frá austri til vesturs. Brúin er í mýri og var án efla hluti af brúarkefi sem tengdist Félagsbrú 020.

**ÁR-532:036** hleðsla brú

63°56.825N 21°15.832V

Hlaðin engjabrú er um 320 m norðaustan við bæ 001 og rúmum 180 m norðan við brú 034. Hún er á svæði sem kallast Bakkalaugar / Laugatjörn á örnefnakorti Ingólfs Einarssonar frá 1968. Brúin var ekki skoðuð á vettvangi, hún sást ekki á loftmyndum sem skrásetjar notuðu. Hins vegar sést hún vel á yngri loftmyndum.

Brúin er rúmlega 70 m löng og liggur nálega norðaustur-suðvestur. Hún er nokkuð norðar en aðrar engjabrýr í landi Bakka en gæti hins vegar verið hluti af sama kerfi og brýr í landi Riftúns ÁR-531.





# Túnakort Hjalla ÁR-533

**Skýringar**

- bæjarhóll
- horfinn minjastaður
- ☪ tóft
- gömul bygging sem standur enn
- mörk túns og garða
- leifar túngarðs
- ⋯ traðir

Byggt á túnakorti frá 1920



## ÁR-533 Hjalli

“Jarðardýrleiki lx og so tíundast fjórum tíundum.” JÁM II, 425. 1000-1030: „[Þorgils Örrabeinsstjúpr, Þóroddr bóndi á Hjalla og Bjarni bóndi hinn spaki deyja] Váru þeir allir jarðaðir at þeiri kirkju, er Skapti lét gera fyrir utan lækinn, en síðan váru færð bein þeira í þann stað, er nú stendr kirkjan, því at Skapti hét at gera kirkju, þá er Þóra [Steinsdóttir k.h.] braut fót sinn, þá er hon var at léreptum sínum.“ Flóamannasaga, ÍF XIII, 325-326. c. 1200: Kirknaskrá Páls. DI XII: 8.


1382-91: „XCIII. Hialle. Kirkia hins heilaga Olafs kongs ad Hialla j Olvesi a landid a Backa. xij. kyr. iij. hundradz hross. vidreka j Kieflavijk. biargfesti edur hvd. lykkrak. kaleik. alltaraklædi .ij. kantarakapur .ij. dvkar med liereptt. merki .iiij. kluckur. ein messuklædi ad ollu. sacrarium mvnlaug .ij. krossa. glerglugg. glodarkier. Graduale per Anni circulum. Mariuskriptt. Olafsskriptt. vattzkietill. paxspialld. fonts vmbuningur med skyrnarsä. Þar skal vera heimilis prestskylld. kross yfer alltari med vnderstodum. tialld vmm kor. dvk yfer Olafs lykneski. messuklædi. ny bryk yfer alltari. tuær kiertistikur med kopar.“

1397: „Hun a ad auk þess sem skrifad er j maldaga herra Michæls .ij. kyr. glodarkier. elldbera. messuklædi ad ollu. alltarisklædi .iiij. med dvkum. lagdi þetta til Nichulas bondi allt saman .vjc. portio Ecclesie vmm næstu .x. är .xiiijc. oc x. aurar.“ DI IV: 97

1400: „Maldage Hialla kirkiu. Suo mikid gotz kirkiunnar ä Hialla og stadarens. Jn primis J firstu einn gradall vondur og annar alfær. ottusaunguabok. salltare. vondan kirial. einn kalekur. ij messuklæde. iij kluckur. iij tinfot. ein skaptpanna. einn pottur. xix kyr. xxx asaudar. Jtem a Hiallakirkia landed [ä] Backa frá Sandvade sionhendijng j klettinn fyrer austan backa j huerholmunum. Og þadan j þufuna fyrer austan hellrana og so j austanversann hest. Hier med a Hialle landed vestur j lækiarbotnalæk og j gard þann sem liggur firir utan borgarstigenn j goturnar under fialled og fialled alltt gagnvartt a motz vid skog hljidaenda enn ytra. alla longuhlijd j sanddale. rædur þa merkium gata su er þar liggur. a þa Hialle enn nordara partt. reykiavell og laka med. Somuleides a Hialle hws og skipstodu frij j Thorlakshofn. enn þeir sem j Thorlakshofn bua eiga stodhrossa beit j Melsmyre. So og a Hialla kirkia reka og fiorufar a Kieflavijk ä motz vid nes. datum m. cccc.“ DI IV: 243-244 [AM 66A 8vo, bl. 5a-b, skr. 1612]

1549: „Anno m vc xl. ix so miked afhendte Eyolfur Jonsson syne sijnum Pale Eyolfssyne med kirkiunne. vij kyr. ij asaudar kugillde. ij naut tuævetur. messuklæde. kalek. kluckur. ij. Máld DI XI 740 [AM 66A 8vo, bl. 5b, skr. 1612]

1575: CLXXXVIII. Kir kian ä Hialla i Olvese. ä landid ad Backa. vidreka i Kieflavijk. Biargfeste edur hud og fiorufar skipslaudu i Thorlakshofn. enn their sem i Thorlakshofn bua. eiga stödhrossabeit





í Melsmelamjre. Jtem viij kijr og äsaudarkugillde. thar eru ij naut ij vetur. Jtem Jnnann kirkiu. ein messuklädi og laus haukull thar til. iij Skrædur vondar. Jtem kaleikur. ij kluckur vænar og ein körbialla. glödarkier vondtt. Jtem eirn Davijdz psalltare gamall.“ DI XV: 642-643. “Bæirnir í Hjallahverfi standa í hvirfing undir hlíðinni og út frá henni, og er Hjalli í miðju hverfinu... Hjallahverfi og Bakki kallast til samans Hjallatorfa...” Ö-Hjallahverfi, 1. Landamerki Hjallatorfunnar eru: að austan, milli Bakka og Riftúns úr Sigmundarvaði á Þorleifslæk í Markastein, merktan X, ofan við alfaraveg. Þaðan í Torfu í Litlahvammi efst. Þaðan, milli Hjallatorfu og Þóroddsstaða, í vörðu hæst á Skálafelli beint í vörðu austan á Reykjafelli. Þaðan í Lambafell - móti Ölfus - afréttarlandi. Úr Lambafelli í vestasta hornið á Lönguhlíð og þaðan í Skógarhlíðargafli. Milli Hjallatorfu og Hrauns: Tíðagötu í Sólarstein. Milli Hjallatorfu og Grímslækja: Sólarsteinn í Klapparhól, merktan X, í Lækjarbotnalæk, í tjörn, í Grímslækjarós í Lambeyraós, segjir landamerkjabréf.” Ö-Bakki, 1 1917: Tún 6.6 ha, 9/10 slétt. Garðar 3442 m2.

**ÁR-533:001** Hjalli bæjarhóll bústaður

63°56.493N 21°17.856V

Í 1873: “Eins og venjulega stendur bærinn dálítið hærra en umhverfið, austan við bæ er kirkjan, en lítill lækur fyrir vestan.” «Hjalli stendur nokkuð frá fjallshlíðinni, á hæð nokkurri, örlítið hærra en hinir bæirnir,» segir í örnefnaskrá. Bærinn stendur nálægt núverandi akvegi, norðan og vestan megin við kirkju 002 og kirkjugarð.

Árið 1928 var byggt hús á bæjarhólnum, en útihúsin eru yngri, sennilega frá 1940-1950 eða þar um bil. Gryfja er undir öllum útihúsum, bæjarhólnum var öllum rutt til og honum breytt. Hóllinn var jafnaður út, brattar brekkur lágu upp að þáverandi húsi sem einnig voru jafnaðar út. Þær sjást vel á ljósmynd sem varðveitt er í Sarpi og tekin er 1898. Þegar grafið var fyrir bílskúrnum á 9. áratug síðustu aldar fannst mikið af beinum, þá talið gamall mok úr kirkjugarðinum. Ekkert af því voru hauskúpur en timburkirkja var þarna áður en núverandi kirkja var reist. Að sögn Finnboga Vikar, heimildamanns, var oft grafið í eldri grafnir en þegar núverandi kirkja var byggð var kirkjugarðurinn stækkaður. Þegar grafið var fyrir leiðslu á milli íbúðarhússins og og bílskúrs var komið niður á stóra steina og kvarnastein sem er í garðinum. Gamli bærinn snéri framhliðum til suðurs.

Miklar framkvæmdir hafa átt sér stað á þessu svæði að þar verður tæplega neitt fundið af bæjarhólnum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** KK I, 55; Ö-Hjallahverfi, 1; Túnakort 1920



Bæjarhóll ÁR-533:001, horft til suðvesturs.

**ÁR-533:002** Hjallakirkja hús kirkja

63°56.497N 21°17.833V

“Hjallakirkja stendur austan við bæinn. Kring um hana er kirkjugarður,» segir örnefnaskrá. Í Sunnlenskum byggðum III segir: „Líklegt má teljast að elsti kirkjugarðurinn [í Ölfusi] sé Hjalli. Slíkur höfðingi sem Skafti Þóroddsson var hefur fljótt látið kirkju gera. Fyrsta skráða heimildin um Hjallakirkju er frá 1200 ... Kirkjan á Hjalla var Ólafskirkja. Hún var bændakirkja allt til 1928. Þá var kirkjuhúsið byggt upp og söfnuðurinn tók við henni. Kirkjan var gerð úr steinsteypu, 300 m3 með gotneskum gluggum. Teikningu gerði Þorleifur Eyjólfsson frá Grímslæk. Yfirsmiður var Kristinn Vigfússon á Selfossi. Í kirkjunni er raflýsing og rafhitun. Grafreitir er við kirkjuna, girtum hlöðnum veggjum prýðilegum.” 1000-1030: „[Þorgils Örrabeinsstjúpr, Þóroddr bóndi á Hjalla og Bjarni bóndi hinn spaki deyja] Váru þeir allir jarðaðir at þeirri kirkju, er Skapti lét gera fyrir utan lækinn, en síðan váru færð bein þeira í þann stað, er nú stendr kirkjan, því at Skapti hét at gera kirkju, þá er Þóra [Steinsdóttir k.h.] braut fót sinn, þá er hon var at léreptum sínum.“ Flóamannasaga, ÍF XIII, 325-326. c. 1200: Kirknaskrá Páls. DI XII: 8. 1382-91: „XCIII. Hialle. Kirkia hins heilaga Olafs kongs ad Hialla j Olvesi a landid a Backa. xij. kyr. iij. hundradz hross. vidreka j Kieflavijk. biargfesti edur hvd. lykakra. kaleik. alltaraklädi .ij. kantarakäpur .ij. dvkar med liereptt. merki .iiij. kluckur. ein messuklädi ad ollu. sacrarium mvvnlaug .ij. krossa. glerglugg. glodarkier. Graduale per Anni circulum. Mariuskriptt. Olafsskriptt. vattzkietill.

paxspialld. fonts vmbuningur med skyrnarsä. Þar skal vera heimilis prestskylld. kross yfer alltari med vnderstodum. tialld vmm kor. dvk yfer Olafs lykneski. messuklædi. ny bryk yfer alltari. tuær kiertistikur med kopar.“

1397: „Hun a ad auk þess sem skrifad er j maldaga herra Michæls .ij. kyr. glodarkier. elldbera. messuklædi ad ollu. alltarisklædi .iij. med dvkum. lagdi þetta til Nicholas bondi allt saman .vjc. portio Ecclesiæ vmm næstu .x. är .xiiijc. oc x. aurar.“ DI IV: 97

1400: „Maldage Hialla kirkiu. Suo mikid gotz kirkiunnar ä Hialla og stadarens. Jn primis J firstu einn gradall vondur og annar alfær. ottusaunguabok. salltare. vondan kirial. einn kalekur. ij messuklæde.

iij klukkur. iij tinfot. ein skaptpanna. einn pottur. xix kyr. xxx asadar. Jtem a Hiallakirkia landed [ä] Backa frä Sandvade sionhendijng j klettinn fyrer austan backa j huerholmunum. Og þadan j þufuna fyrer austan hellrana og so j austanversann hest. Hier med a Hialle landed vestur j lækiarbotnalæk og j gard þann sem liggur firir utan borgarstigenn j goturnar under fialled og fialled alltt gagnvartt a motz vid skog hlijdarenda enn ytra. alla longuhlijd j sanddale. rædur þa merkium gata su er þar liggur. a þa Hialle enn nordara partt. reykiabell og laka med. Somuleides a Hialle hws og skipstodu frij j Thorlakshofn. enn þeir sem j Thorlakshofn bua eiga stodhrossa beit j Melsmyre. So og a Hialla kirkia reka og fiorufar a Keflavijk ä motz vid nes. datum m. cccc.“ DI IV: 243-244 [AM 66A 8vo, bl. 5a-b, skr. 1612]

1549: „Anno m vc xl. ix so miked afhendte Eyolfur Jonsson syne sijnum Pale Eyolfssyne med kirkiunne. vij kyr. ij asadar kugillde. ij naut tuævetur. messuklæde. kalek. kluckur. ij. Máld DI XI 740 [AM 66A 8vo, bl. 5b, skr. 1612]

1575: CLXXXVIII. Kirkian ä Hialla i Olvese. ä landid ad Backa. vidreka i Kieflavijk. Biargfeste edur hud og fiorufar skipslaudu i Thorlakshofn. enn their sem i Thorlakshofn bua. eiga stödhrossabeit i Melsmelamijre. Jtem viij kijr og äsaudarkugillde. thar eru ij naut ij vetur. Jtem Jnnann kirkiu. ein messuklædi og laus haukull thar til. iij Skrædur vondar. Jtem kaleikur. ij kluckur vænar og ein körbiallya. glödarkier vondtt. Jtem eirn Davijdz psalltare gamall.“ DI XV: 642-643. Núverandi kirkja er reist um 1930, á undan henni var tiburkirkja á sama stað. Kirkjugarðurinn var stækkaður við endubygginguna en ekki er vitað til hvaða átta. Kirkjugarðsveggurinn er hlaðinn að utan en að innan sést hann ekki.

Þegar ekið er til norðurs að bæ 001, blasir kirkjan við á miðju bæjarhlaðinu.

Kirkjan og kirkjugarðurinn sjást enn. Líklega er ekki ýkja langt síðan kirkjugarðsveggurinn var hlaðinn eða lagfræður. Fjölmörg leiði eru í kirkjugarðinum sem enn er í notkun.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 1; SB III, 309; ÍF XIII, 325-326; DI XII: 8; DI IV: 97; DI IV: 243-244; DI XV: 642-643

**ÁR-533:003** heimild um traðir

63°56.488N 21°17.835V

Á túnakorti frá 1920 eru sýndar traðir að bæ 001 og kirkju 002. Traðirnar lágu að bænum til austurs og klofnuðu þegar kom á bæjarhlaðið. Að kirkjunni var farið til norðurs en áfram til vesturs að bænum. Traðirnar eru horfnar.

Núverandi heimreið er á sama stað og traðirnar voru áður. Þær lágu upp á brekkubrúnina sem bærinn var á en hefur nú verðið jöfnuð út og traðirnar eflaust um leið.

Engin ummerki um traðirnar eru varðveitt á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-533:004** heimild um útihús

63°56.555N 21°17.876V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 120 m NNV við bæ 001 og rúmum 70 m norðvestan við Granahesthús 007. Útihúsið er horfið, það var á brún fast austan við Bæjarlækinn.

Þar sem útihúsið var eru mörk heimatúnsins líkt og það var afmarkað 1920 og gróinnar brekku. Ekki er



Hjallakirkja ÁR-533:002, horft til norðvesturs.

Ijóst af hverju tóftin er horfin, líklega var hún rifin.

Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-533:005** heimild um kálgarð

63°56.486N 21°17.822V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var kálgarður fast vestan við bæ 001, í brekku sem hallar niður til vesturs að Bæjarlæknum. Hann var á mörkum Hjalla og bæjarins Lækjar ÁR-534.

Bakgarður núverandi íbúðarhúss er á þessu svæði. Þar er mikill trjágróður og sléttar grasflatir. Þessu svæði var umturnað um leið og bæjarhólnum.

Engin ummerki um kálgarðinn sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-533:006** *Hjallavaðall* heimild um vað

63°56.470N 21°17.895V

Í örnefnaskrá Hjallahverfis segir: «Vað á Bæjarlæk var skáhalt suður fyrir Lækjartún, og var kallað Hjallavaðall.» Þar segir einnig: «Gamlagatan [720:012] lá úr Hjallavaðli suður fyrir Lækjartún.» Hjallavaðall sést ekki lengur en var rúmum 60 m sunnan við bæ 001.

Lækurinn er ekki breiður og auðvelt að komast yfir hann án þess að vaða. Hann liggur í dæld á milli heimatúna Hjalla og Lækjar ÁR-534.

Ekki sjást nein ummerki um vaðið á læknum enda hefur það ekki verið notað í einhvern tíma.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 1

**ÁR-533:007** *Granahesthús* tóft hesthús

63°56.527N 21°17.810V

Í bókinni Frásögur um fornaldarleifar segir um Granahesthús árið 1821: “A Jórdinni Hialla hvar kyrkia stendur er hesthus sem nefnt er Granahesthus, þar i stalli stendur Hella sem er hérumm half 5ta alinn a leingd 1 alinn a breidd ófann Jardar og mællt er ad hún standi eins diupt nidur i Jordina, Rumlega a ytri brun danskt qvart: a breidd, sagt er ad þegar gamla Helga Bardar dottir bio þar, hafi hun att ad Reida þessa hellu berbakt fyrir framnn sig ofan ur fialli sem þar er nalægt a Hesti synumm Grana, nidur eptir sokallada GranafLOT þar i tuninu og hann leikid sér med, og hun hafi þa fyrir mællt ad sa hestur sem vid þennan stall stædi skyldi aldrej horfalla.“ 1873: “Staðbundin sögn er til frá Hjalla um Helgu, hina furðulegu dóttur Bárðar Snæfellsáss ... Á Hjalla er sem sé (samkvæmt fornminjaskýrslu frá 1821) hesthús “Granahesthús” sem svo er nefnt, og í því er stór hella, sem sagt er að Helga hafi látið flytja þangað á hesti sínum, eftir bletti í túninu, sem nefnt er eftir honum og nefnist “GranafLOT”...” «Lítið hesthús, sem heitir Granahesthús, er norðan undir kirkjugarðinum, um 10 m. frá honum. Það var notað fyrir uppáhaldsreiðhesta Hjallabóndans. Stallurinn í því er ein hella, um 20 sm. þykk, fullir metri á hæð og um 2 metrar á lengd, nær inn á báða hliðarveggi hússins. Sögn er, að kona sem bjó á Hjalla, hafi reitt hellu þessa fyrir framan sig á hestinum grana ofan af Hjallafjalli. Aldrei mátti gera við Granahesthús.



Granahesthús ÁR-533:007, horft til suðausturs.



Uppmæling af hesthúsi 007.



Fórust skepnur vofeiflega, væri það gert. Nú er Granahús hrunið en veggir standa að mestu,» segir í örnefnalýsingu. Granahesthús er rúma 70 m norðaustan við bæ 001 og rúmlega 50 m norðan við kirkju 002. Hesthúsið er á grænum hól og líkist helst eyju fast austan og sunnan við kjúklingabú sem nú er rekið á Hjalla.

Malarvegur er fast sunnan og austan við tóftina og byggingar til annarra átta.

Hesthúsið er á lágum hól. Hann er um 10,5 m í þvermál, þýfður og algróinn. Hann er um 0,5 m á hæð og líklega var vesturbrún hans rofin þegar kjúklingabúíð var byggt. Hann er að öllum líkindum uppsöfnuð mannvistarlög að hluta. Tóftin er 6,7x5,7 m að stærð, er einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á tóftinni til norðvesturs. Þar sést enn glitta í helluna en mikill gróður var á svæðinu þegar skrásetjari var á ferðinni og ekki útilokað að hún sjást betur á öðrum árstíma. Veggirnir eru 0,3-0,9 m á hæð og það glittir í hér og þar í grjót án þess að um skýr umför sé að ræða. Veggjabrún er hæstir til norðausturs. Í opi glittir í grjót sem og innst í tóftinni, alls tvö umför. Tóftin er grafin inn í hólinn til suðausturs.

**Hættumat:** stórhætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** FF, 224; KK I, 55; Ö-Hjallahverfi, 1; Túnakort 1920

**ÁR-533:008** Þorgrímsstaðabré hleðsla brú 63°55.543N 21°17.123V

Samkvæmt örnefnaupprætti Ingólfs Einarssonar frá 1968 var Þorgrímsstaðabré, í svokölluðum Þorgrímsstaðaengjum norðan við Þorleifslæk. Brúin er tæpum 1,9 km suðaustan við bæ 001 og 230 m sunnan við Króksbrú 048.

Brúin er tæplega 140m að lengd og liggur austur-vestur. Brúin er eflaust illgreinileg á vettvangi en sést á loftmynd. Vélgrafinn skurður sker hana í tvennt, nánast í miðju,

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Örnefnauppráttur IE 1968

**ÁR-533:009** Móakot bæjarhóll bústaður 63°56.569N 21°17.636V



Bæjarhóll ÁR-533:009, horft til norðausturs.

“Móakot var austan við Hjalla en sunnan við Krók. Gamla gatan [ÁR-720:012] lá meðfram Móakotstúni frá Krókströðum vestur að Hjallatúni... Móakot var lagt undir Hjalla rétt eftir 1900, og öll hús jarðarinnar sléttuð út skömmu síðar,” segir í örnefnalýsingu. Á túnakorti frá 1920 er merkt bæjarrúst og kálgarður, norðaustan við bæ 001 og er það Móakot. Bærinn var tæpum 230 m norðaustan við bæ 001 og 160 m sunnan við Krók ÁR-537:001. Ekki er ljóst hvenær búseta hófst á bænum.

Slétt, grasivaxið tún. Enn mótur fyrir lágum bæjarhól í túninu sem nýtt er til sláttar.

Bæjarhóllinn er um 30 m í þvermál en allar brúnir hans eru óljósar vegna mikllar sléttunnar. Hann er aflíðandi og 0,3-0,5 m á hæð, hæstur í miðjunni.

Kálgarður var suðvestan við bæinn en hann er horfinn, þar var líklega aflíðandi brekka til vesturs niður sömu brún og bærinn á Hjalla er á.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 2; Túnakort 1920

**ÁR-533:010** Goðhóll örnefni 63°56.361N 21°17.817V

“Goðhóll hét lítill hóll, grasigróinn, vestan við Lækjartún, ofan við gömlu götuna [ÁR-720:012]. Hann var allur tekinn sem efni í veginn,” segir í örnefnalýsingu. Goðhóll var tæpum 230 m sunnan við bæ 001 og rúmum 150 m VSV við Gerðakot ÁR-538. Hóllinn var sunnan við þjóðveginn. Engar þekktar sagnir tengdar hofi eða heiðnum átrúnaði tengjast þessum hól, einungis örnefnið.

Slétt tún nýtt til beitar.

Engin ummerki um Goðhól sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 2

**ÁR-533:011** Þjóðsaga

63°56.195N 21°17.683V

Í örnefnaskrá Hjallahverfis segir: «Tveir pyttir, Kerlingapyttur og Skrattapyttur voru við Móakotsbrú vorið 1920. Margir smápyttir voru í Móakotsengjum. Sagt var að einhverntíma hefði einhver þeirra gleypt heyvinnulið og spúð því upp á Hraunsskeiði eftir nokkra daga.» Skrattapyttur er merktur inn á örnefnakort Ingólfs Einarssonar frá 1986, rétt vestan við Móakotsbrú 013. Móakotsengjar eru merktar þar inn sunnan við Móakotsbrú 013 og Skrattapytt. Nákvæm staðsetning pyttisins á Móakotsengjunum er hinsvegar óviss og vísar því staðsetningin á Móakotseyngjarnar í heild sinni. Móakotsengjar eru staðsettar 1,1 km suðaustan við bæ 001, neðan við Flotgröfuskurð sem liggur austur-vestur í gegnum allar Ölfusforir.

Mýrlent svæði og stórþýft. Enn mjög blautt þrátt fyrir fjölda framræsluskurða sem gerðir hafa verið þar. Víða eru uppsprettur í Móakotsengjunum en ekki fundust stórir pyttir á því svæði sem var gengið. Líklega eru þeir uppbornaðir vegna þeirrar framræslu sem hefur átt sér stað á svæðinu.

**Hættumat:** engin hættu**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 4-5; Örnefnauppdráttur IE 1968**ÁR-533:012** *Hjallaskurður* renna áveita

63°55.758N 21°17.759V

Í örnefnaskrá Hjallahverfis segir: «Vestan Hjallaengja er Hjallaskurður, grafinn um 1880.» Um 1980 var heimildum um helstu menningarleifar safnað saman að frumkvæði Ölfushrepps. Skýrslan var ekki gefin út en skrásetjara áskotnaðist afrit. Þar segir í kafla 3.11 um skurði: «Hjallaskurður var grafinn um 1880 milli Hjallaengja að austan og engjar annarra að vestan, varnarskurður.» Hjallaskurður er merktur inn á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar frá 1968, í Hjallaengjum. Hann er um 1,2 km SSA við bæ 001. Ekki var mögulegt að komast að Hjallaskurði á vettvangi sökum mikillar bleytu í mýrinni en hann sést enn ágætlega á loftmynd.

Mýrinn er mjög blaut, þýfð og erfið yfirferðar.

Skurðurinn liggur frá Móakotsengjum niður að Þorleifslæk sem rannur vestan við Ölfusá. Hann er alls um 830 m að lengd samkvæmt loftmynd og liggur norðaustur-suðvestur frá Móakotsengjum en beygir svo nánast beint til suðurs í Hjallaengjunum. Þar skilur hann á milli Króksengja og svæði sem kallast Spildur.

**Hættumat:** engin hættu**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 5; Skráning menningarleifa í Ölfusi, kafla 3.1: Örnefnauppdráttur IE 1968**ÁR-533:013** *Móakotsbrú* garðlag brú

63°56.199N 21°16.966V

Í örnefnaskrá Hjallahverfis segir: «Ofan og austan við Hjallaengjar eru Móakotsengjar. Þær ná austur að Fari og upp undir Sandhóla. Út í þær liggur Móakotsbrú, af Farinu.» Móakotsbrú var staðsett rúmum 1 km suðaustan við bæ 001 og sést enn.

Mýrlent svæði og stórþýft. Enn mjög blautt þrátt fyrir fjölda skurða sem grafnir hafa veirð á svæðinu.

Móakotsbrú sést enn, skammt sunnan við Flotgröfuskurð. Hún sást ekki á vettvangi en er auðrakin á loftmynd. Hún er tæplega 250 m að lengd, 3 m á breidd og algróin. Víða er rof vegna votlendis.

**Hættumat:** engin hættu**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 4**ÁR-533:014** *Steinbogi* vegur brú

63°56.128N 21°18.086V

“Vegur (brú) upp úr Bjarnastaðaengjum, upp á þurrlendið, heitir Steinbogi,” segir í örnefnalýsingu. Steinbogi er horfinn, hann var á sama stað og núverandi malarvegur niður í Ölfusforir er í landi Hjalla. Vegurinn liggur til suðurs frá sumarhúsum og er malarborin. Steinbogi var að öllum líkindum gerður úr grjóti og torfi.

Gróin mýri en víða eru rök svæði.

Engin ummerki um brúnna sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hættu**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 5**ÁR-533:015** *Langabrá* hleðsla leið

63°55.884N 21°16.833V

Í örnefnaskrá Hjallahverfis segir: «Í Hjallaengjum er brú, engjavegur úr kökkum, og heitir Langabrá.»

Langabrá er sýnd á örnefnakorti Ingólfs Einarssonar frá 1968, við Hjallaskurð 012. Langabrá hefur verið torfhláðin mýrarbrú á leið til Hjallaengja. Langabrá er 1,3 km SSA við bæ 001 og 570 m sunnan við Móakotsbrú 013.

Mýrlent svæði og stórpýft. Enn mjög blautt þrátt fyrir fjölda framræsluskurða sem þar eru.

Ekki var mögulegt að komast að Löngubrá á vettvangi sökum mikillar bleytu í mýrinni sem er auðrakin á loftmynd. Hún er um 470 m að lengd, 3 m á breidd og liggur ASA-VNV í mýrinni. Víða er rof í henni sökum vatnsaga.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 4

**ÁR-533:016** *Litlavað* heimild um vað

63°56.084N 21°18.360V



Litlavað ÁR-533:016, horft til suðurs.

“Vestan við Dyraflóð eru framhaldandi rásir og tjarnir meðfram þurrlendinu vestur í Kúaós ... Austan við Lækjarbotna eru tvö vöð á tjörnum þessum, suður frá Torfmóa. Litlavað austar...” segir í örnefnalýsingu. Litlavað er um 240 m vestan við Steinboga 014 og tæpum 860 m suðvestan við bæ 001. Ekki er vitað á hvaða leið vaðið var notað en líklega tengdist það nýtingu á engjum og rekstri búpenings.

Tjarnirnar eru 20 m breiðar og grunnar. Deiglendi er allt umhverfis þær og hvergi sér til gatna þar.

Engin ummerki um vaðið sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 5

**ÁR-533:017** *Stóravað* heimild um vað

63°56.071N 21°18.403V



Stóravað ÁR-533:017, horft til suðurs.

“Vestan við Dyraflóð eru framhaldandi rásir og tjarnir meðfram þurrlendinu vestur í Kúaós ... Austan við Lækjarbotna eru tvö vöð á tjörnum þessum, suður frá Torfmóa. Litlavað [sjá 016] austar og Stóravað vestar,” segir í örnefnalýsingu. Stóravað er rúmum 40 m vestan við Litlavað 016 og 900 m suðvestan við bæ 001. Ekki er vitað á hvaða leið vaðið var notað en líklega tengdist það nýtingu á engjum og rekstri búpenings.

Tjörnin er 30 m breið hér, 0,2 m á dýpt og vik gengur til norðurs. Raflína liggur yfir norðurbakka Lækjarbotna og allt umhverfis er deiglendi.

Engin ummerki um vaðið sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 5

**ÁR-533:018** *hleðsla* brú

63°55.624N 21°17.606V

Hlaðin brú er rúmum 1,5 km sunnan við bæ 001 og tæpum 420 m vestan við Króksbrú 048. Brúin er í Lækjarengjum og án efa nýtt frá þeim bæ. Brúin var ekki skráð á vettvangi sökum bleytu en er auðrakin á loftmynd. Hún er rofin til suðurs en endinn sést nokkuð norðan við Þorleifslæk.

Brúin er tæplega 150 m að lengd og liggur til suðurs en sveigir til suðvesturs.

**Hættumat:** engin hættu

**ÁR-533:019** *Hjallarétt* tóft rétt

63°56.814N 21°17.469V

“Vestan við Bakkarás, upp við hlíðina, er fjárrétt sem heitir Hjallarétt. Þar var réttað vor og haust,” segir í örnefnalýsingu. Um 1980 var heimildum um helstu menningarleifar hreppsins safnað saman að frumkvæði Ölfushrepps. Þar segir: „Hjallarétt er austan Hjalla og hefur verið aðal sundurdráttarrétt




fyrir Hjallasókn.” Bakkarétt er rúmum 670 m norðaustan við bæ 001 og um 470 m norðan við Móakot 009. Réttin er hlaðin upp við kletta og inn á milli stakstæða steina og er mikið skemmd. Bakkarás hefur brotið sér leið í gegnum réttina og skemmt eitt hólfíð og almenninginn. Réttin er við landamerki Hjalla og Bakka.

Réttin er hlaðin vestan Bakkarásar, stór björg hafa hrunið hér niður og notuð sem hluti af veggjum. Umhverfis réttina eru malaraskriður en tún eru til suðurs.

Réttin er 35x30 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og skiptist í fimm hólf. Ekki er vitað hversu margir dilkar voru í réttinni. Hún er mikið röskuð og af þeim sökum er lýsingin brotakennd. Ekki er



Hjallarétt ÁR-533:019, horft til NNV.



Uppmæling af rétt 019.

vitað hversu margir bæir notuðu réttina en gera má ráð fyrir að flestar jarðirnar í Hjallahvefi hafi gert það samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum. Réttin er grjóthlaðin og stakstæð björg eru víða hluti af veggjum. Sum þeirra eru 2-3 m á hæð. Til austurs er hólf 1. Það er 11x8 m að innanmáli og snýr norður-suður. Það er opið til vesturs, inn í almenninginn (sjá hólf 5) og annað op er til austurs, út úr hólfinu. Veggirnir eru 0,2-1,2 m á hæð og má greina 4-5 umför í veggjum. Stórt bjarg afmarkar norðurhlið hólfins að mestu. Annar stein er í norðvesturhorni, uppi á honum er jafnframt hleðsla. Hólf 2 er NNV við hólf 1 og er mikið skemmt. Það er 6,5x4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Gólfíð er 1 m hærra en í hinum hólfunum. Bakkarás rennur í votviðrum í gegnum hólfíð og raskar því mikið. Veggirnir eru 0,3-1,5 m á hæð og eru hlaðnir upp á steinum og inn á milli þeirra. Það mótast óljóst fyrir tveimur minni hólfum, inni í hólf 2, sitt hvoru megin við opið inn í almenninginn. Þau eru mikið röskuð og af þeim sökum eru þau ekki stök í lýsingunni. Hólf 3 er vestan við almenning og norðvestast í réttinni. Það er 7,2x3,8 m að innanmáli og snýr norður-suður. Tvö op eru sjáanleg, til suðvesturs út úr hólfinu og til suðausturs yfir í almenninginn. Veggirnir eru 0,3-0,6 m á hæð og þar má sjá 2-5 umför. Þetta hólf er einnig um 0,8 m hærra en hólf 1, 4 og 5. Hólf 4 er sunnan við hólf 3. Ekki er ljóst hvort að aðrekstrarsvæði inn í almenninginn var á milli hólf 3 og 4, þar er nú grasvaxið og slétt svæði. Hólfíð er 8x7 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Veggirnir eru 0,5-1 m á hæð og það má sjá 4-6 umför í þeim. Hólfíð er opið til norðausturs en ekki sést op út. Hólf 5 er í miðju réttarinnar og var almenningur. Það er mikið skemmt og ekki hægt að sjá nákvæma lögun. Bárújárn, timbur og gaddavír er víða á svæðinu. Sunnan við hólf 4 er stakur veggur, mögulega aðrekstrargarður. Hann er 11 m langur, 2 m á breidd og liggur norðaustur-suðvestur. Hann er 0,3 m á hæð og þar sjást 3 umför af grjóti. Tveir veggþútar til viðbótar sjást þar austar en ekki er hægt að tengja þá saman. Þeir eru hvor um sig 5,5 m að lengd og 2 m á breidd.

**Hættumat:** hættu, vegna rofs

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 6; Skráning menningarleifa í Ölfusi, kafli 3.4

**ÁR-533:020** Suðurferðarstígur/Króksstígur gata leið 63°56.777N 21°17.657V  
 “Rétt fyrir vestan Hjallarétt [019] er gata upp á brúnina, þar sem hliðin skagar einna lengst fram. Hún heitir Suðurferðarstígur og Króksstígur,” segir í örnefnalýsingu. Leiðin liggur skáhallt upp hliðina, til vesturs. Þar sést móta fyrir henni enn skammt frá malarvegi sem þarna er nú. Leiðin er um 550 m norðaustan við bæ 001 og tæpum 250 m norðan við Krók ÁR-537. Suðurfergata ÁR-721:066 er framhald þessarar leiðar þegar kemur upp á fjallið nokkuð norðar. Gróin brekka með klettabelti efst. Víða eru stakir klettur og skriður.

Leiðin sést enn og er ófær. Hún lá til vesturs, upp brekkuna og krækir fyrir lága kletta, þar sést hún einna best. Leiðir í brekkunni fyllast af lausu grjóti þegar þeim er ekki við haldið, það á einnig við um Suðurferðarstíg.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 6



Suðurferðastígur ÁR-533:020, horft til suðurs.

**ÁR-533:021** garðlag brú

63°55.980N 21°16.421V

Hlaðin brú er í Hjallaengjum, um 280 m NNA við Löngubru 015 og tæpum 1,3 km suðaustan við bæ 001. Brúin liggur til suðurs frá Móakotsengjum yfir í Hjallaengjar.

Brúin er varðveitt í tveimur hlutum. Hluti 1 er norðvestar. Hann er 335 m að lengd og hlykkjast norðvestur-suðaustur. Hluti 2 er tæpum 70 m sunnar. Hann er tæplega 40 m að lengd.

**Hættumat:** engin hættu

**ÁR-533:022** Tjarnarkot/Hannesarstaðir/Karlskot heimild um bústað

“Á þeim móa [vestan Tjarnarmóa] reisti Hannes Guðmundsson, áður bóndi á Hjalla, lítinn bæ um 1880. Bjó hann þar um þriggja ára tíma. Bæ sinn kallaði hann Tjarnarkot. Í kirkjubókum frá þeim tíma er bærinn nefndur Hannesarstaðir, en nú telja Hjallhverfingar og Grímslækjarmenn að bær Hannesar hafi heitið Karlskot,” segir í örnefnalýsingu. Ekki vitað hvar nákvæmlega bær Hannesar var staðsettur, hann var í móa norðan við Lækjardrag og er sýndur á örnefnakorti Ingólfs Einarssonar frá 1968. Hann var um 640 m suðvestan við bæ 001 og tæpum 140 m norðan við Litlavað 016.

Gróið, flatt svæði. Fjórir sumarbústaðir eru á þessu svæði og umhverfis þá er búið að planta miklu af trjám og gera grasflatir. Bærinn var að öllum líkindum þar sem bústaðirnir voru en ekki vitað nákvæmlega hvar.

Engin ummerki um Tjarnarkot sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 6-7; Örnefnauppdráttur IE 1968

**ÁR-533:023** Króksstígur gata leið

63°56.736N 21°17.876V

Króksstígur/Kúastígur liggur beint upp á fjallið, fyrir norðan Krók ÁR-537. Akfær slóði er nánast á sama stað, eldri leiðin var rétt ofar við lága klettabrún efst.

Brött brekka með klettabeltum efst. Stakir steinar og gras er í brekkunni.

Gerð vegslóðans raskaði gamla stígnum að hluta. Enn sér móta fyrir eldri leiðinni þar sem hún liggur skáhallt upp úr kvos fyrir miðjum bílveginum.

**Hættumat:** hættu, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 7

**ÁR-533:024** Torfmói heimild um ristu

“Rétt fyrir vestan Karlskotsmóa er enn lítill mói sem heitir Torfmói. Þar var þurrkað heytorf,” segir í örnefnalýsingu. Örnefnið Torfmói er nú innan sumarhúsagirðingar við Tjarnarkot 021 en ekki er vitað hvar torfið var rist, líklega var það víða í mýrum sem eru sunnar.

Trjágróður og sléttar grasflatir eru við sumarhúsin. Inn á milli er þýfður mói.

Engin ummerki um ristu sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 7

**ÁR-533:025** *Borgarstígur* heimild um leið

63°56.183N 21°19.374V

Í örnefnaskrá Hjallahverfis segir: «Rétt fyrir vestan Öxl er gata úr brekkunni upp á brúnina, og heitir Borgarstígur.» Borgarstígur er merktur inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar frá 1968, rúmum 1,4 km VSV við bæ 001, upp við Hjallafjall.

Svæðið er að mestu grýtt en gróður eykst eftir því sem neðar dregur í hlíðinni.

Ekki sjást nein ummerki um leiðina og er hún líklega horfin í gróður.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 7; Örnefnauppdráttur IE 1968

**ÁR-533:026** *Kúaklauf* heimild um leið

63°56.166N 21°19.265V

Í



ÁR-533:026, horft til suðvesturs.

örnefnaskrá Hjallahverfis segir: «Niður undan Borgarstíg [025] er einnig gata gegnum urðina í brekkurótunum, aðeins nær Öxl. Sú gata heitir Kúaklauf.» Kúaklauf er tæpum 1,3 km VSV við bæ og UM 20 m sunnan við Nýjastekkatún 028. Kúaklauf er dæld undir brekkurótunum Hjallabrekkna en ekki eru nein ummerki um götu eða stíg í gegnum klaufina.

Grýtt urð er í dældinni vestast og gróðurþekja mjög slitin. Eftir því sem austar dregur eykst lyng og mosi. Engin ummerki eru um leið í gegnum Kúaklauf og hefur hún líklega hofið vegna lítillar notkunnar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 7

**ÁR-533:027** þúst fjárskýli

63°56.212N 21°19.119V

Í



Þúst ÁR-533:027, horft til norðvesturs.

örnefnaskrá Hjallahverfis segir: «Samhliða Löngutorfu er langur grasmói með háum hól á miðju. Hóllinn sýnist vera rúst fjárborgar.» Hóllinn eða þústin sést enn í brekkurótum Hjallabrekkna, um 1,17 km VSV við bæ 001 og tæpum 150 m norðaustan við Kúaklauf 026.

Hlíðin er grasi vaxin en mikið grjóthrun er ofar í henni. Stórt rofið svæði er neðan við hólinn, mögulega er þar sandnáma. Landi hallar nokkuð til suðurs að þústinni.

Þústin er 8x6 m að stærð og er um 0,7 m á hæð. Hæun er mun grænni en nánasta umhverfi og sker sig því úr. Stór steinn er í norðurjaðri hennar. Ekki mótast fyrir innra byrgði veggja eða opi.

**Hættumat:** hætta, vegna efnistöku

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 7

**ÁR-533:028** *Nýjastekkatún* tóft stekkur

63°56.174N 21°19.281V

Í örnefnaskrá Hjallahverfis segir: «Vestan við Kúaklauf [026] er Nýjastekkatún, greinileg rúst neðst í urðinni.» Nýjastekkatún er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar frá 1968, við Borgarstíg 025 og Kúaklauf 026. Lítil tóft er á þessu svæði um 1,3 km VSV við bæ 001 og tæpum 20 m norðan við Kúaklauf 026.


Hlíðin er að mestu grasi vaxin í kringum tóftina en grýttari eftir því sem ofar dregur. Djúp rás er rétt sunnan við hana líklega sú sem nefnd er Kúaklauf.

Tóftin er 8x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er vel gróin en þó sést í eitt umfar af grjóthleðslum víða í innra byrgði veggja. Op er á tóftinni til suðurs. Tóftin er einföld og innanmál hennar er 4x2 m. Nokkuð gróið grjóthrun sést innan tóftarinnar og í opi hennar. Veggir eru frekar signir, eru um 0,5 m á





Stekkur ÁR-533:028, horft til suðvesturs.



Teikning af stekki 028.

hæð og í vesturvegg hennar er stór steinn sem sést vel. Annar steinn er í henni miðri.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 8; Örnefnauppráttur IE 1968

**ÁR-533:029** *Sólarstígsvarða* varða samgöngubót

63°56.059N 21°19.841V

Í örnefnaskrá Hjallahverfis segir: «Spölkorn fyrir vestan Borgarstíg [043] er stór varða uppi á Brúninni. Heitir hún Sólarstígsvarða.» Sólarstígsvarða markaði Borgarstíg 043, upp á brún Hjallabrekku en leiðin er 50 m vestan við vörðuna. Varðan er 3–4 m norðvestan við klettabrúnina, um 1,8 km suðvestan við bæ 001 og rúmum 500 m suðvestan við Nýjastekkatún 028. Uppi á Brúninni er lítil gróðurþekja. Varðan er reist á klettaklöpp og í kringum hana vex smávegis lyng og mosi. Grasi gróin hlið er neðan við brúnina.



Sólarstígsvarða ÁR-533:028, horft til suðvesturs.

Varðan er vel hlaðin og sést í 10–11 umför af grjóti. Hún er hringlaga og 2x2 m að flatarmáli. Hæð hennar er rúmur 1 m. Enginn steinanna er mosavaxinn sem bendir til þess að varðan hafi verið endurhlaðin nýlega og lagfærð. Hún er jafn breið neðst eins og hún er efst. Frá vörðunni sést vel til allra átta.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 8

**ÁR-533:030** *Grímslækjarstígur* heimild um leið

63°55.965N 21°20.079V

Í örnefnaskrá Hjallahverfis segir: «Skammt fyrir vestan Sólarstíg [043] er gata upp á brúnina, framan í nafi nokkru, og heitir Grímslækjarstígur.» Grímslækjarstígur er um 2 km suðvestan við bæ 001 og um 180 m suðvestan við Sólarstíg 043.

Neðsti hluti hliðarinnar er grasi gróinn en verður grýttari eftir því sem ofar dregur.

Ekki sjást neim ummerki um götuna og hefur hún líklega horfið vegna lítillar notkunnar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 8

**ÁR-533:031** *Hraunstígur* heimild um leið

63°55.979N 21°20.247V

Í örnefnaskrá Hjallahverfis segir: «Í stórum, algrónum hvammi litlu vestar [en Grímslækjarstígur 030] er enn gata og heitir Hraunstígur.» Hraunstígur er merktur inn á örnefnaupprátt Ingólfs Einarssonar frá 1968. Hann sést ekki lengur en lá tæpum 150 m vestan við Grímslækjarstíg 030 og rúmum 160 m austan við Steinkustíg 033.

Fremur gróinn hvammur sem nær langt upp að brúninni. Þar vex mikið af lyngi. Nokkuð grýtt er neðarlega í brekkunni en gróðurþekja annars nokkuð stöðug.

Engin ummerki sjást um leiðina lengur í hliðinni og hefur lítil notkun hennar gert það að verkum að gróið hefur yfir hana.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 8; Örnefnauppráttur IE 1968

**ÁR-533:032** Bolasteinn þjóðsaga rétt


63°55.865N 21°20.754V

Í örnefnaskrá Hjallahverfis segir: «Á grænni flöt vestan við [Bolasteins]rásina er stór steinn sem heitir Bolasteinn. Þar segir sagan að kona hafi bjargast upp undan mannýgum bola. Og þegar boli vildi ekki hafa sig burt, gat hún hellt úr nálhúsi sínu upp í hann. Þá fór hann að lina aðsóknina.» Bolasteinn er rúmum 2,6 km suðvestan við bæ 001 og Tíðgata 034 lá fast sunnan hans. Bolasteinn er á grónu svæði neðan (sunnan) við Neðrafjall, á milli brekkna og sumarhúsa sem þar eru. Bolasteinn sést enn og grjóthlaðin fjárrétt er sambyggð honum til austurs.

Fyrir sunnan steininn eru a.m.k. fjórar sumarhúsalóðir og mikil trjárækt á þeim flestum. Gróið svæði er



Bolasteinn ÁR-533:032, horft til vesturs.



Teikning af minjum 032.

við steininn og innan í réttinni.

Bolasteinn sést vel. Hann er um 4x3,5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og hliðar hans um 4 m á hæð. Þær eru brattar og erfitt að komast upp á steininn. Fyrir austan steininn er grjóthlaðin rétt. Hún er um 9x5 m að stærð og er einföld. Veggirnir eru grjóthlaðnir, 0,2-0,4 m á hæð og það má greina 13 umföer af grjóthleðslu í þeim. Í norðvesturhorni er jarðfastur steinn hluti af veggjum, hann er mun minni en Bolasteinn. Austurhluti réttarinnar er einna best varðveittur. Réttin er opin til suðurs, við Bolastein.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 8

**ÁR-533:033** Steinkustígur gata leið

63°55.954N 21°20.434V

Í



Steinkustígur ÁR-533:033 suðvesturs.

örnefnaskrá Hjallahverfis segir: «Framan í nefi vestan við Hellisbrekku er gata upp á brúnina. Hún heitir Steinkustígur. Þar blæs af, svo hægt er að reka þar fé, þó að aðrar götur séu ófærar af snjó.» Steinkustígur er tæpum 190 m suðvestan við Hraunstíg 031 og tæpum 2,4 km suðvestan við bæ 001. Hann sést enn mjög vel í fjallshlíðinni.

Hlíðar fjallsins eru líkt og annarstaðar mjög grónar en grjóthrun úr fjallshlíðinni þó sýnilegt inn á milli. Þegar ofar dregur er gróðurþekja slitnari og meira grjót í bland við mosa og lyng.

Gatan sést þar sem hún liggur upp upp frá Tíðagötu 034 til norðausturs, í krákustígum. Hún er alls 140 m á lengd og sést sem mjög kindagata, um 0,3 m á



breidd.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 8

**ÁR-533:034** *Tíðagata* gata leið

63°55.894N 21°20.515V

Í örnefnaskrá Hjallahverfis segir: «Gata liggur út með hliðinni inn frá Hjallatorfu út á Hlíðarbæi. Hún heitir Tíðagata, og er í mörkum Hjallatorfu út að Hlíðarbæjarlandi.» Gatan er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908 og liggur frá Hjallahverfi meðfram Hjallafjalli að heimatúnunum Vindheima og Breiðabólsstað. Enn sést votta fyrir götunni á stöku stað undir Hjallafjalli. Steinkustígur 033, Hraunstígur 031, Grímsslækjarstígur 030, Sólarstígur 043 og Borgarstígur 025 liggja allir frá Tíðagötu, upp á brúnina.



Neðst í hliðum Hjallafjalls er oftast smápýft og grasi vaxið.

Tíðagata ÁR-533:034, horft til austurs.

Gatan sést af og til undir Hjallafjalli, mest við sumarbústaðabyggðina vestast en svo aftur tiltörulega nálægt Hjallahverfi. Hún sést á svæði sem er alls 1,5 km langt. Mældir voru upp fimm hlutar af henni og var hver hluti var 20-50 m á lengd. Vestast sést hún sem ógróinn moldarstígur en austast er hún mjög gróin og mun bráðum hverfa í gróður.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 8; Hkort 37 1:50000

**ÁR-533:035** *Kálberstígur/Kálfbergsstígur* heimild um leið

63°57.355N 21°18.224V

Í örnefnaskrá Hjallahverfis segir: «Gatan þar upp [Suðurferða]brekkuna kallast Kálberstígur. Þanngi var nafnið víst oftast borið fram, en mun eiga að vera Kálfbergsstígur, kenndur við Kálfberg, lítinn klettastapa þar í brúninni,» segir í örnefnalýsingu. Kálberstígur er um 1,7 km norðan við bæ 001 og 1,3 km norðaustan við fjárhús 036, uppi á Neðrafjalli. Farið var eftir þessum stíg inn á Suðurferðagötu ÁR-721:066.



Leið ÁR-533:035, horft til norðurs.

Skógræktarsvæði er skammt suðvestar, neðan við brekkuna þar sem farið var upp á Efracjall. Þarna eru grónir flákar, melur og börð.

Ekki er ljóst hvort að farið var upp á tungu milli tveggja gilja eða rétt vestar. Þar er gamall vegslóði upp brekkuna og ekki hægt að greina ummerki um aðra leið.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 8

**ÁR-533:036** tóftir beitarhús

63°56.812N 21°19.307V


Í örnefnaskrá Hjallahverfis segir: «Rétt neðan við vesturenda Bröttubrekku er dálítill hæð, sem heitir Háaleiti. Þar hafði Jón Helgason bóndi á Hjalla, síðar kaupmaður í Reykjavík, sauðahús fram yfir aldamótin 1900. Sér þar fyrir rústum,» segir í örnefnalýsingu. Beitarhúsið er 1,3 km norðvestan við bæ 001 og rúma 1,3 km SSA við sel 037. Tóftir sauðahússins auk sambyggðs gerðist er uppi á hæðinni og sést vel, uppi á svokölluðu Neðrafjalli.

Svæðið er sundurskorið, rofabörð og grónar torfur eru víða. Mold og melur er í torfunum en inn á milli eru grasvaxnar breiður. Melur, mosi og lyng eru áberandi.





Tóftir ÁR-533:036, horft til suðurs.



Uppmæling af tóftum 036.

Minjarnar eru á svæði sem er 20x20 m að stærð. Syðst er tóft A og var fjárhús. Hún er 18,7x8,7 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og skiptist í tvö hólfi. Til austurs er hólfi 1. Það er 10,7x1,8 m að innanmáli og opið til suðausturs. Veggirnir eru grjóthlaðnir og 0,2-0,4 m á hæð. Hleðslurnar eru allar hrundar og þá má enn greina 2-3 umför í ytra byrði veggja. Það er engu líkara er grjóti hafi verið hrúgað inn í veggina. Innra byrði þeirra er algróid. Hólfi 2 er norðaustar, hlaðið utan við tóftina. Ekki er ólíklegt að þetta hafi verið heystæði sem var bætt við seinna. Það er 8,8x2,6 m að innanmáli og ekkert op sést þar inn. Veggirnir eru 2 m á breidd, 0,2 m á hæð og grjóthlaðnir. Það glittir í grjót inni í hólfinu en að utan eru þeir algrónir. Tóft B er gerði eða rétt, norðan við tóft A. Réttin er 17,5x13,7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru 0,2-0,5 m á hæð og grjóthlaðnir. Það má greina 2-3 umför af grjóthleðslu í veggjum. Botn norðurveggsins sést einungis og þar eitt umfar af grjóti. Hólfi 1 er austar í tóftinni. Það 11,5x5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er í suðvesturhorni, yfir í hólfi 2. Hólfi 2 er vestar, það er 1,7x6,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er inni í hólfið í norðvesturhorni.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 9


**ÁR-533:037** *Selbrekkur* tóftir sel

63°57.384N 21°20.184V

Í ornefnaskrá Hjallahverfis segir: «Í brúninni vestur af Bröttubrekku, og nokkru lægri, eru Selbrekkur, algrónar.» Selið er tæpa 2,5 km norðvestan við bæ 001 og tæpa 1,3 km norðan við beitarhús 036. Það er uppi á svokölluðu Efracfalli. Selið er í gróinni kvos, sunnan undir lágri brekku. Ekkert vatn eða hellir er hér nærri og ljóst að vatnsskortur hlýtur af hafa haft áhrif á starfsemi á staðnum.

Svæðið næst minjunum er gróid grasi og mosa. Víða eru klapparhólar og rof, utan við gróna svæðið. Selið sést ekki fyrr en komið er í kvosina.

Svæðið er 30x20 m að stærð og snýr austur-vestur. Þrjár tóftir og eitt garðlag eru þar og fá þau bókstaf til aðgreiningar í lýsingu þessari. Tóft A er austust og einna stærst. Hún er 15x9,5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og skiptist í 2 hólfi. Veggirnir eru grasivaxnir, 0,5-1,1 m á hæð og 3-4 m á breidd.



Uppmæling af seli 037.



Sel ÁR-533:037, horft til suðvesturs.

Innra byrði þeirra er jafnframt hæst. Til austurs er hólfi 1. Það er 4,3x1,9 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á miðjum suðurvegg og þar glittir jafnframt í einn stein. Hólfi 2 er austar og er líklega yngra eða hlaðið utan við tóftina. Þetta er heystæði sé tekið mið af lagi og ástandi hólfins. Veggirnir eru mun umfangsminni en í hólfi 1, 0,3 m á hæð, 2 m á breidd og algrónir. Veggirnir eru lægstir til norðausturs. Ekkert op sést inn né á milli hólfanna. Tóft B er 4 m norðan við tóft A. Þetta voru að öllum líkindum kvíar. Tóftin er 8,5x5,5m að stærð, skiptist í tvö hólfi og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,2-0,4 m á hæð og algrónir í allri tóftinni. Hólfi 1 er sunnar. Það er 2x1,5 m að stærð og snýr norður-suður. Op er til norðurs, yfir í hólfi 2. Ekkert op sést hins vegar inn í tóftina á yfirborði. Hólfi 2 er norðar. Það er 1,8x1,5 m að stærð og snýr norður-suður. Tóft C er 7 m vestan við tóft A. Hún er 7,3x5 m að stærð, er einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru signir, 0,4 m á hæð og 2 m á breidd. Þeir eru algrónir. Á milli tóftar A og C er garðlag D. Það er 7x2 m að stærð og liggur austur-vestur. Það er 0,3 m á hæð og algróið. Ekki er ljóst hver tilgangur þess var.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 9

**ÁR-533:038** *Lækjarborg* tóft sel


63°56.456N 21°19.966V

Í ornefnaskrá Hjallahverfis segir: « Vestan við Selbrekkur verður rani eða múli sem heitir Rjúpnamúli. Niður frá honum heita Lækjarmóar. Þar eru rústir sels eða stekks, og heitir Lækjarborg.» Lækjarborg er uppi á Hjallafjalli, 1,7 km vestan við bæ 001 og 740 m norðan við Sólstígsvörðu 029. Tóftin er á lágum grónum hól með útsýni til allra átta, innan skógræktarsvæðis á Hjallafjalli. Engum trjám hefur verið plantað í 10-15 m fjarlægð frá tóftinni.

Hóllinn er að mestu gróinn en umhverfis hann er melur og rof í gróðurþekjunni. Þar vex að mestu mosi, lyng og gras.



Tóft ÁR-533:038, horft til norðausturs.



Teikning af minjum 038.

Hóllinn er grasi gróinn og ólíkur öðrum hólum í kring. Hann er 24x24 m að stærð og á honum er tóft 038 og tóft 045. Hér er skráð tóft 038. Tóftin er 10x7 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er torf- og grjóthlaðin og sjást 2-4 umför af hleðslum í innra byrði veggja. Víðsvegar við innanverða veggj sést einnig grjóthrun. Hæð veggja er oftast 1,2 m nema til norðurs, þar eru þeir 0,8-1 m á hæð. Tóftin er einföld og innanmál hennar er 8x3 m. Suðurhlið tóftarinnar er opin og líklega lokað með viðargrind. Líkast til hefur þetta verið stekkur en vera kann að eldri minjar sels leynist undir sverði á svæðinu líkt og heimildir bera vitni um. Hóllinn er ólíkur öðrum hólum í kring vegna mikillar grænku.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 9

**ÁR-533:039** *Guðnýjarhæð* þjóðsaga

63°56.455N 21°20.128V

Í ornefnaskrá Hjallahverfis segir: «Rétt vestan við Lækjarmóa er lítil hæð sem heitir Guðnýjarhæð. Þar er sagt að Guðný smali hafi alið barn.» Lítil mosa- og lyngvaxinn klapparhóll er 140 m vestan við Lækjarborg 038.

Rofin gróðurþekja sést víða í kringum hóllinn og nokkrum trjám hefur verið plantað í hann sunnanverðan. Hæðin sést ágætlega í landslaginu og aðeins hóllinn við Lækjarborg sem er hærri en hann.

**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 9

**ÁR-533:040** *Skjólgarður* heimild um vörslugarð

Í örnefnaskrá Hjallahverfis segir: «Beint upp af Skyggnisþúfu er hlaðinn garður, eða garðlag gamalt sem heitir Skjólgarður. Aðeins vestan við hann er Fjallsendaborg, gömul fjárborg.» Skyggnisþúfa er staðsett um 400 m vestan við Steinkustíg 033 og um 750 m suðvestan við Fjallsendaborg og meint staðsetning er sýnd á örnefnaupprætti Ingólfs Einarssonar frá 1968. Svæðið ofan við Skyggnisþúfu og austan við Fjallsendaborg var allt gengið en ekki fundust neinar leifar af garðlagi. Gróðurþekja á svæðinu er mjög slitin og lítið um samfellda grjóðurþekju. Einnig virðist svæðinu hafa verið umturnað vegna skógræktar og eitthvað búið að plægja skógræktarlínur í jarðveginn. Hugsanlega er garðlagið horfið þess vegna. Frekari heimilda er í það minnsta þörf til þess að staðsetja það nákvæmlega.


**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 9

**ÁR-533:041** *Fjallsendaborg* tóft fjárskýli 63°56.039N 21°21.339V

Í örnefnaskrá Hjallahverfis segir: «Aðeins vestan við hann [Skjólgarð 040] er Fjallsendaborg, gömul fjárborg.» Tóft er við vesturenda á Hjallafjalls, tæpum 3 km vestan við bæ 001 og tæpum 760 m norðvestan við Steinkustíg 038.

Tóftin er byggð upp við klettahól að sunnan. Trjám hefur verið plantað um 5 m vestan og sunnan við tóftina.

Tóftin er 15x13 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er nánast hringlaga og byggð upp við klett að



Teikning af Fjallsendaborg 041.



Fjallsendaborg ÁR-533:041, horft til vesturs.

sunnan. Hún er mjög gróin og ekki sést í neitt grjót þó ætla megi að hún sé grjóthlaðin. Veggir eru 0,8-1,2 m að hæð, aflíðandi og mjög breiðir, allt að 4 m. Innanmál tóftarinnar er 5.5 x 5.5 m. Líklega var op á suðvesturhlíð en þar er veggurinn mun lægri. Veggir eru hæstir til suðurs, upp við klettahólinn.

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 9



Selstígur ÁR-533:042, horft til norðurs.

**ÁR-533:042** *Selstígur* gata leið

63°56.152N 21°21.975V

Í örnefnaskrá Hjallahverfis segir: «Vestan við Kerlingarberg er skarð nokkurt sem í heild kallast Selstígur, þó að nafnið eigi einkum við götuna, sem liggur þar upp á brúnina.» Selstígur er á vestanverðu Hjallafjalli, ofan við malarnámu. Gatan er um 3,4 km vestan við bæ 001 og tæpum 530 m norðvestan við Fjallsendaborg 041. Hún lá að Hraunsseli og áfram til norðurs og sameinaðist að lokum þjóðleiðum þar. Svæðið er mosa og lyngi vaxið en nokkuð grýtt á köflum ofan við málarnámuna.

Selstígurinn sést ágætlega þar sem hann liggur frá



malarnánunni upp fjallið. Hann var mældur á 20 metra löngum kafla þar sem hann liggur nokkurnveginn norður-suður. Þar sést hann sem mjór kindastígur og er 0,3 m á breidd. Honum var ekki fylgt lengra upp fjallið að þessu sinni.

**Hættumat:** hætta, vegna efnistöku

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 10

**ÁR-533:043** Sólarstígur gata leið

63°56.023N 21°19.866V

Í örnefnaskrá Hjallahverfis segir: «Aðeins vestan við hana [Sólarstígsvörðu 029] er krókótt kindagata upp á brúnina. Hún heitir Sólarstígur.» Sólarstígur 043 liggur upp á Hjallafjall og sést neðst í brekkurótum Hjallabrekku, um 69 m SSV við Sólarstígsvörðu 029 og 1.8 km frá bæ 001.

Hlíðin er grasi vaxin en ofar er hún grýtt. Hún er frekar brött og klettur eru efst í brúninni.

Gatan liggur skáhalt upp hlíðina frá Tíðagötu 034. Hún liggur norðvestur-suðaustur á 27 m löngum kafla en þar hverfur hún í grjóthrun í hlíðinni. Hún er 0,3 m á breidd, fremur gróin og sést sem mjó kindagata. Óvíst er hvert þessi gata lá.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 8



Sólarstígur ÁR-533:043, horft til suðausturs.


**ÁR-533:044** gata leið

63°57.386N 21°20.259V

Gamall stígur liggur í móanum skammt vestan við selið. Hægt er að rekja leiðina á Efraffalli, frá brúnini ofan við tóftir 036, að seli 037 og áfram til vesturs, þar fjarar hún út í grónum hvammi.

Leiðin var rakin á tæplega 1,8 km löngum kafla. Hún er lítið annað en greinileg kindagata.

**Hættumat:** engin hætta



Leið ÁR-533:044, horft til norðurs.

**ÁR-533:045** tóft smalakofi

63°56.449N 21°19.956V

Lítill, grjóthlaðin og hringlaga tóft er um 7 m NNA við stekk 038, á sama gróna hól.

Neðsti hluti hlíðarinnar er grasi gróinn en verður grýttari eftir því sem ofar dregur.

Tóftin er 3,5 x 3 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er grjóthlaðin, aðeins neðsti hluti hleðslanna er gróinn mosa. Innanmál hennar er 1x1 og hæð veggja er 0,4 m. Líklega var tóftin einhverskonar skýli fyrir smala. Hleðslur tóftarinnar geta jafnvel verið yngri en rústin af stekk 038, sem er þarna 7 m norðar og gæti þá hafa verið byggð á seinni stigum notkunar hans.

**Hættumat:** engin hætta



Tóft ÁR-533:045, horft til suðurs.

ÁR-533:046 varða samgöngubót

63°55.994N 21°20.281V



Varða ÁR-533:046, horft til vesturs.

Varða er efst á brúninni ofan við Hraunstíg 031 og var líklega vegvísir á þeirri, upp á Hjallafjall. Varðan er 2,2 km suðvestan við bæ 001 og 150 m norðaustan við vörðu 047, við Steinkustíg 033.

Varðan er á litlum hól, austan við leiðina þar sem hún liggur upp hliðina. Svæðið er vaxið lyngi og mosa en gróðurþekja er slitin og það glittir í grjót víða.

Varðan er frekar lítil og er 1x1 m að flatarmáli. Hún er hrunin og aðeins grjóthruga sjáanleg. Hún er um 0,5 m að hæð og mikið hrun er niður hólinn til suðurs.

**Hættumat:** engin hættu

ÁR-533:047 varða samgöngubót

63°55.961N 21°20.447V



Varða ÁR-533:047, horft til norðurs.

Varða er efst á brún Hjallafjalls, ofan við Steinkustíg 033 og var vegvísir á þeirri leið. Varðan er rúma 2,3 km suðvestan við bæ 001 og 150 m suðvestan við vörðu 046, við Hraunstíg 031.

Varðan er á litlum hól, austan við leiðina lá upp hliðina. Svæðið er vaxið lyngi og mosa en gróðurþekjan er slitin og víða glittir í grjót.

Varðan er 1,5 x 1,5 m að flatarmáli og 0.3 m á hæð. Hún er nánast alveg hrunin og hvergi sjást því greinilegar hleðslur.

**Hættumat:** engin hættu

ÁR-533:048 Króksbrú hleðsla brú

63°55.700N 21°17.131V

Í örnefnaskrá Hjallahverfis segir: «Króksbrú heitir hestavegurinn niður í Króksengjar...». Ekki var mögulegt að komast að Króksbrú á vettvangi sökum mikillar bleytu í mýrinni en brúin er auðrakin á loftmynd. Staðsetning hennar er sýnd á örnefnakorti Ingólfs Einarssonar frá 1968 og er um 220 m norðan við Þorgrímsstaðabru 008 og rúa 1,4 km sunnan við bæ 001.

Mýrlent og stórpýft er í Ölfusforum. Svæðið er enn mjög blautt þrátt fyrir fjölda skurða á svæðinu og mjög erfitt yfirferðar

Króksbrú er rúmleg 340 m að lengd, 3 m á breidd og hlykkjast norðvest-suðaustur. Hún er rofin af vélgröfnum skurði en mjög blautt er umhverfis hana.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 5

ÁR-533:049 Kúaskurður renna áveita

63°56.157N 21°16.220V

Um 1980 var heimildum um helstu menningarleifar safnað saman að frumkvæði Ölfushrepps. Skýrslan var ekki gefin út en skrásetjara áskotnaðist afrit. Þar segir í kafla 3.11 um skurði: “Kúaskurður var grafinn um 1840 í blauta mýri milli Hjalla engja að vestan og Kúáforar að austan, varnarskurður fyrir engjarnar.” Skurðurinn er einnig sýndur á örnefnakorti Ingólfs Einarssonar frá 1968.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Skráning menningarleifa í Ölfusi, kafli 3.1: Örnefnauppdráttur IE 1968



**ÁR-533:050** varða

63°56.531N 21°14.552V

Lítill varða er m 560 m suðvestan við beitarhús 036 og 1,2 km norðvestan við Torfmóa 024. Hún er á Neðrafjalli en hlutverk hennar er óþekkt.

Hrjóstrugt svæði þar sem melur og rofaborð eru áberandi. Inn á milli eru klapparhólar og grónir flákar.

Varðan er á jarðföstum kletti sem er um 4x3 m að stærð og 0,3 m á hæð. Varðan sjálf er á vesturhorni klettsins. Hún er umfangslítill, 0,4 m á hæð og það má sjá 3 umför í henni. Grunnflötur hennar er 0,5x0,5 m að stærð.

**Hættumat:** engin hætta



Varða ÁR-533:050, horft til ANA.

**ÁR-533:051** heimild um kálgarð

63°56.488N 21°17.786V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var kálgarður fast sunnan við kirkjugarð 002 og austan við traðir 003.

Slétt, gróid tún í halla til austurs.

Engin ummerki um kálgarðinn sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-533:052** hleðsla brú

63°56.046N 21°17.891V

Tvo garðlög sjást sitt hvoru megin við Flotgröfuskurð, og virðast stefna í Lækjarengjar. Í lýsingu þessari fá þau tölustaf til aðgreiningar. Brúin var ekki skoðuð á vettvangi, hún sást ekki á loftmyndum sem skrásetjar notuðu á vettvangi. Hins vegar sést hún vel á yngri loftmyndum.

Fyrir norðan Flotgröfuskurð er brú 1. Hún er bogadregin, til austurs frá vélgröfnum skurði. Hún var líklega framhald Steinboga 014 sé tekið mið af legu hennar. Brúin er rúmlega 200 m löng og snýr norður-suður. Brú 2 er sunnan við Flotgröfuskurð og var raskað við gerð hans. Hún er um 130 m á lengd og er í Lækjarengjum.

**Hættumat:** engin hætta






# Túnakort Lækjar ÁR-534

Skýringar	
	bæjarhóll
	horfinn minjastaður
	tóft
	gömul bygging sem stendur enn
	mörk túns og garða
	leifar túngarðs
	traðir

Byggt á túnakorti frá 1920



## ÁR-534 Lækur

“Lækur, fimta hjáleiga, byggð fyrir manna minni.” JÁM II, 427. “Bæirnir í Hjallahverfi standa í hvirfing undir hlíðinni og út frá henni, og er Hjalli í miðju hverfinu... Hjallahverfi og Bakki kallast til samans Hjallatorfa...” Ö-Hjallahverfi, 1. Landamerki Hjallatorfunnar eru: að austan, milli Bakka og Riftúns úr Sigmundarvaði á Þorleifslæk í Markastein, merktan X, ofan við alfaraveg. Þaðan í Torfu í Litlahvammi efst. Þaðan, milli Hjallatorfu og Þóroddsstaða, í vörðu hæst á Skálafelli beint í vörðu austan á Reykjafelli. Þaðan í Lambafell - móti Ölfus - afréttarlandi. Úr Lambafelli í vestasta hornið á Lönguhlíð og þaðan í Skógarhlíðargafli. Milli Hjallatorfu og Hrauns: Tíðagötu í Sólarstein. Milli Hjallatorfu og Grímslækja: Sólarsteinn í Klapparhól, merktan X, í Lækjarbotnalæk, í tjörn, í Grímslækjarós í Lambeyraós, segjir landamerkjabréf.” Ö-Bakki, 1

1917: Tún 2.6 ha, 5/6 slétt. Garðar 752 m<sup>2</sup>.

**ÁR-534:001** *Lækur* bæjarhóll bústaður

63°56.462N 21°17.927V

Í ornefnaskrá Hjallahverfis segir: «Lækur er vestan Bæjarlækjar, vestur frá Hjalla [ÁR-533]. Gamla gatan lá úr Hjallavaðli [ÁR-533:006] suður fyrir Lækjartún, en þar skiptist í Norðurtún norðan bæjar og Framtún sunnan bæjar. Nú liggur vegurinn yfir Framtúnið.» Í Jaðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: «Lækur, fimta hjáleiga, byggð fyrir manna minni.» Bærinn er merktur inn á túnakort frá 1920, við austurjaðar heimatúnsins. Heygarður er merktur norðan við bæ 001, á bæjarhólnum. Samkvæmt Hirti Jónssyni og móður hans Sigurhönnu Gunnarsdóttur, stóð gamli burstabærinn nokkru norðan við núverandi íbúðarhús. Þar er malarhlað, austan við gömul hesthús sem enn standa, norðan við núverandi íbúðarhús. Sögusagnir frá svæðinu herma að Hjalli og kirkjan þar hafi eitt sinn staðið vestan við læinn sem rennur á milli bæjanna (Læks og Hjalla) en hafi snemma á öldum verið fært austur yfir bæjarlæk, þar sem hún stendur nú. Sigurhanna og Hjörtur eru þess fullviss að þetta elsta bæjarstæði Hjalla og gamla bæjarstæði Lækjar hafi verið á sama enda sé bæjarstæðið krökkt af minjum og hvergi sé hægt að grafa án þess að rekast á minjar (sjá 006 og 008). Hjörtur og Sigurhanna hafa í fórum sér ljósmynd þar sem bæjarhúsin, kálgarður 003 og brunnur 005 sjást vel. Ljósmyndin var tekin af bæjarhúsunum og íbúum þeirra um aldamótin 1900.

Malarplan er norðan við íbúðarhúsið og einnig nokkuð nýleg útihús.

Bæði Hjörtur og Sigurhanna muna vel eftir burstabænum. Fjórar burstir voru á bænum, í röð á bæjarhólum frá vestri - austurs, og snéru til suðurs. Vestast var hlaða, í miðjunni var baðstofan, svo betri stofan



Gömlu bæjarhúsin á Læk ÁR-534. Mynd í eigu heimildamanna.



Bæjarhóll ÁR-534:001, horft til suðurs.

og austast var fjósið. Vestustu burstirnar þrjár voru rifnar árin 1965-70 en fjósið fékk hinsvegar að standa lengi og var rífið í kringum árið 2008. Torf- og grjóthleðslur voru á milli burstanna og voru tröppur upp hleðslurnar á milli hlöðunnar og baðstofunnar svo hægt var að ganga þar yfir. Stór bæjarhóll sást lengi aftan við bæjarhúsin en hann var einnig sléttaður út á árunum 1965-70. Hjörtur var ekki á staðnum þegar húsin voru rifin og man því ekki eftir hvort einhverjar byggingaleifar hafi komið upp við það. Í dag sjást lítil sem engin ummerki um bæjarhólinn en má ætla að mikið sé um minjar undir malarplaninu þar sem bærinn stóð, þó svo að yngstu minjunum hafi líklega verið raskað mikið þegar hóllinn var sléttaður út. Samkvæmt túnakortinu frá 1920 hefur

bæjarhóllinn verið 50x45 m og snúið norður-suður.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920; Ö-Hjallahverfis, 2; JÁM II, 427

**ÁR-534:002** heimild um útihús

63°56.449N 21°18.020V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 80 m vestan við bæ 001. Hvorki Hjörtur né Sigurhanna, heimildamenn, muna eftir útihúsi á þessum stað og það horfið áður en þau settust að á Læk árið 1961. Útihúsið var vestan við nýleg útihús sem standa nú á bæjarstæðinu, þar sem nú er sléttað og ræktað tún. Ekki sjást nein ummerki um útihúsið á yfirborði og það sléttað í túnið. Einhverjar leifar þess gætu þó enn leynst undir sverði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-534:003** heimild um kálgarð

63°56.459N 21°17.920V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var kálgarður fast sunnan við bæ 001. Hann var á svipuðum stað og núverandi íbúðarhús er. Veggir kálgarðsins eru horfnir en Hjörtur og Sigurhanna hafa í förum sér ljósmynd þar sem bæjarhúsin 001, kálgarðurinn og brunnur 005 sjást vel. Ljósmyndin var tekin af bæjarhúsunum og íbúum þeirra um aldamótin 1900.

Nú eru steinsteyptar byggingar og grasivaxinn húsgarður með trjám þar sem kálgarðurinn var.

Ekki sjást nein ummerki um kálgarðinn á svæðinu og veggir hans líklega sléttaður eða rifnir niður þegar nýja íbúðarhúsið var byggt.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-534:004** vegur traðir

63°56.464N 21°17.910V



Vegur ÁR-534:004, horft til suðurs.

Samkvæmt túnakorti frá 1920 lágu traðir frá bæ 001 til suðvesturs, í átt að núverandi þjóðvegi. Traðirnar lágu eflaust að leið ÁR-720:012. Ennþá sjást ummerki um ruddan veg í húsgarðinum suðvestan við núverandi íbúarhús, tæpum 60 m suðvestan við bæ 001. Hjörtur og Sigurhanna, heimildamenn muna ekki eftir hlöðnum tröðum á svæðinu.

Húsgarðurinn er grasi vaxinn og þar er mikið af trjám, bæði birki og furu sem vaxa í gamla veginum.

Það sér móta fyrir ruddum vegi á 8-10 m löngum kafla innan Bakgarðs íbúðarhússins. Hann er um 3 m breiður og enn sést mól þar sem hann lá til suðvesturs. Gróður þekur veginn og hann mun án efa hverfa í gróður á næstu áratugum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-534:005** gryfja brunnur

63°56.464N 21°17.910V

Samkvæmt Hirti Jónssyni og Sigurhönnu Gunnarsdóttur, heimildarmönnum, var hlaðinn brunnur 1 m framan og sunnan við bæ 001. Brunnurinn sést á mynd sem tekin var af bæjarhúsum Lækjar um aldamótin 1900. Hjörtur og Sigurhanna hafa í förum sér ljósmynd þar sem bæjarhús 001, kálgarður 003 og brunnurinn sjást vel. Ljósmyndin var tekin af bæjarhúsunum og íbúum þeirra um aldamótin 1900. Brunnurinn var grjóthlaðinn að innan og sást enn í hlaðinu þegar Hjörtur og Sigurhanna fluttu að Læk árið 1961.

Nú er malarplan og niðurgrafinn járnhólkur þar sem brunnurinn var.

Ummerki um brunninn eru horfin en hann var notaður alveg þar til vatnsveita kom á svæðið. Þegar hann féll úr notkun, var fyllt upp í hann og járnhólkur settur ofan í hann sem nú stendur á yfirborðinu. Enn er hægt að sjá vatn ofan í brunninum. Á ljósmynd frá 1900 sjást ekki grjóthleðslur við brunninn, en viðarstoðir standa, norðan og sunnan hans með þverspýtu á milli. Viðarfata til að láta síga ofan í



brunninn er föst í þverspýtuna.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-534:006** frásögn bústaður

63°56.475N 21°18.132V

Samkvæmt Hirti Jónssyni, heilmildarmanni, komu upp aska, hleðslur og eldsprungnir steinar við heimreiðina að Bjarnastöðum ÁR-535 þegar planta átti öspum meðfram henni fyrir nokkrum árum. Svæðið sem um ræðir er rúmum 170 m vestan við bæ 001, sunnan við heimreiðina. Svæðinu var lokað aftur þegar mannvistarlögin komu í ljós og hætt við trjáræktina. Minjarnar eru því enn varðveittar undir sverði.

Sléttuð tún eru beggja vegna við heimreiðina.

Ekki eru neinar heimildir um býli að þessum slóðum en vísbendingar um ösku, eldsprungna steina og hleðslur gefa sterkega til kynna að þarna hafi verið eldstæði og þar af leiðandi bústaður manna. Ekki er vitað hversu gamall hann er eða hversu lengi þar hefur verið búið. Hjörtur sagði hleðslugrjótið vera tekið héðan af svæðinu og taldi sig sjá brunaleifar og eldsprungur í sumum steinum. Ekki sjást nein ummerki um þetta meinta býli á yfirborði og engar heimildir eru um tóftir á svæðinu sem bendir frekar til þess að um eldra en yngra býli sé að ræða. Líklega er stór hluti minjanna enn óhreyfður og óraskaður undir yfirborði enda var svæðinu lokað og ákveðið að plana ekki trjám í það.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**ÁR-534:007** frásögn fjárhús

63°56.486N 21°17.951V

Samkvæmt Hirti Jónssyni og Sigurhönnu Gunnarsdóttur, heimildarmönnum, var torf- og grjóthlaðið fjárhús rúmum 50 m NNV við bæ 001, þar sem nú er hesthús og malbikað plan. Húsið var ennþá notað undir fé um 1970 en var þá orðið mjög gamalt og hrörlegt og var því rífið fljótlega eftir það. Útihúsið er ekki teiknað inn á túnakort frá 1920 og má því ætla að það hafi verið byggt eftir þann tíma.

Steinsteyptar byggingar og malbikað plan eru á svæðinu ásamt fjölda tækja tengdum búskap.

Ekki sjást nein ummerki um fjárhúsið á svæðinu enda voru öll ummerki um það rífin niður. Ólíklegt er að leifar þessa útihúss leynist undir sverði þó svo að eldri hleðslur af því gætu verið undir malbikinu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-534:008** frásögn útihús

63°56.439N 21°17.969V

Samkvæmt Sigurhönnu og Hirti, heimildarmönnum, komu í ljós gamlar hleðslur þegar grafið var fyrir grunni íbúðarhúss vestast á bæjarstæðinu, rúmum 50 m suðvestan við bæ 001.

Á svæðinu stendur nú steinsteypt íbúðarhús.

Grunnur hússins var byggður yfir hleðslurnar og því nokkuð víst að einhverjar leifar eru enn óraskaðar þar undir. Ekki komu upp neinar leifar af ösku eða kolum og því er líklegt að um sé að ræða hleðslur gamals útihúss frá bænum.

**Hættumat:** hætta, vegna byggingar

**ÁR-534:009** *Hjallarjómabú* heimild

63°56.454N 21°17.838V

Í örnefnaskrá Hjallahverfis segir: «Austast í Lækjartúni var Rjómabú um allmörg ár á fyrsta fjórungi 20. aldar. Það var venjulega nefnt Hjallarjómabú. Það stóð nákvæmlega þar sem nú er vegurinn, brúin yfir lækinn.» Örnefnið Rjómaskáli er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908 um 90 m suðaustan við bæ 001 og tæpum 100 m norðvestan við Gerðakot ÁR-538, vestan við lækinn sem rennur á milli Læks og Hjalla ÁR-533. Hjörtur og Sigurhanna, heimildamenn, könnuðust ekki við örnefnið né heimildir um rjómabú á svæðinu. Í skránni Skráning menningarminja í Ölfusi segir um rjómabúíð: “Austast á hlaðinu á Hjalla stóð timurhús, þiljað í hólfi og gólf, með lofti yfir. Þar var rjómabúíð fyrstu árin. Það var rekið með hestgangi. [...] Til að koma betra lagi á strokkunina, var gerð stýfla í Hjallalæk, milli bæjanna Hjalla og Lækjar, og vatnið leitt eftir tréstokk niður að rjómabúshúsinu. Það stóð austan við Lækjartúnið, nákvæmlega þar sem nú er vegurinn, og brúin yfir lækinn. [...] rjómabúíð hætti störfum 1913.” Ekki er vitað hvar rjómabúíð stóð nákvæmlega austan við bæinn á Hjalla.

Þar sem rjómabúíð stóð er nú vegur, Þorlákshafnarvegur (38)

Ekki sjást nein ummerki um rjómabú á svæðinu.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 2; Hkort 37 1:50000; Skráning menningarminja í Ölfusi

# Túnakort Bjarnastaða ÁR-535



- Skýringar
- bæjarhóll
  - horfinn minjastaður
  - 🏠 tóft
  - gömul bygging sem standur enn
  - mörk túns og garða
  - leifar túngarðs
  - ⋯ traðir

Byggt á túnakorti frá 1920



0 50 100  
metrar

## ÁR-535 Bjarnastaðir

“Bjarnastaðir, sjötta hjáleiga, bygð fyrir manna minni.” JÁM, 428. “Bæirnir í Hjallahverfi standa í hvirving undir hlíðinni og út frá henni, og er Hjalli í miðju hverfinu... Hjallahverfi og Bakki kallast til samans Hjallatorfa...” Ö-Hjallahverfi, 1. Landamerki Hjallatorfunnar eru: að austan, milli Bakka og Riftúns úr Sigmundarvaði á Þorleifslæk í Markastein, merktan X, ofan við alfaraveg. Þaðan í Torfu í Litlahvammi efst. Þaðan, milli Hjallatorfu og Þóroddsstaða, í vörðu hæst á Skálafelli beint í vörðu austan á Reykjafelli. Þaðan í Lambafell - móti Ölfus - afréttarlandi. Úr Lambafelli í vestasta hornið á Lönguhlíð og þaðan í Skógarhlíðargöfl. Milli Hjallatorfu og Hrauns: Tíðagötu í Sólarstein. Milli Hjallatorfu og Grímslækja: Sólarsteinn í Klapparhól, merktan X, í Lækjarbotnalæk, í tjörn, í Grímslækjarós í Lambeyraós, segir landamerkjabréf.” Ö-Bakki, 1  
1917: Tún 3.8 ha, allt slétt. Garðar 1191 m<sup>2</sup>. “Bjarnastaðatún er kring um bæinn, austur að Þorgrímsstaðatúni, vestur að Svartamóa, ofan lækjartúns.” Ö-Hjallastaðahverfi, 3.

**ÁR-535:001** *Bjarnastaðir* bæjarhóll bústaður  
Í örnefnaskrá Hjallahverfis segir: «Bjarnastaðir eru uppi við Hjallafjall þar sem það er hæst, norður frá læk.» Bærinn er sýndur á túnakorti frá 1920, fyrir miðju heimatúninu. Stafnar bæjarins snéru til suðurs. Núverandi íbúðarhús er skammt suðvestan við bæjarhólinn en núverandi útihús eru á miðjum bæjarhólnum og ná yfir hann allan. Lítið sem ekkert sést af honum á yfirborði.

Gróin tún, nýtt til beitar eru allt umhverfis bæjarhólinn. Á honum sjálfum eru útihús og malarplan.

Bæjarhóllinn sést ekki á yfirborði, núverandi íbúðarhús er í suðausturhorni hólans en yfir norðurhlutanum eru útihús og malarplan til vesturs. Hvegi sést upphækkun á yfirborði. Bæjarhúsin á túnakorti eru um 35 m að lengd og 10 m á breidd sem gæti gefið hugmyndir um stærð bæjarhólans við upphaf 20. aldar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 3; Túnakort 1920

**ÁR-535:002** tóft smiðja


Útihús er tæpum 80 m norðvestan við bæ 001 og 20 m vestan við útihús 003. Samkvæmt Huldu Svandísi Hjaltadóttur, heimildamanni, voru þetta smiðja og reykkofi. Afi hennar og fleiri af svæðinu komu hingað til smiða vegna þess hve vönduð smiðjan þótti. Tóftin er í norðvesturjaðri heimatúnsins líkt og það er afmarkað á túnakorti frá 1920.



Smiðja ÁR-535:002, horft til norðvesturs.



Bær ÁR-535:001, horft til vesturs.



Uppmæling af tóft 002.



Tóftin er neðst í stórgrýttri brekku. Umhverfis hana eru stór stakstæð björg og skriður. Hún er á mörkum láglandis og brekku niður af Neðrafjalli. Umhverfis hana er gróið tún sem nýtt er til hrossabeitar.

Tóftin er 10x6 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og skiptist í tvö hólf. Tóftin er grafin inn í brekku til norðurs og er hlaðin úr tofi og grjóti. Til norðausturs er hólf 1 og var smiðja. Það er 5x2,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Það er opið til suðurs. Veggirnir eru hlaðnir úr stóru grjóti og eru 0,5-1,1 m á hæð. Vesturveggurinn er hruninn inn í hólfid og þar glittir í 2-3 umför af grjóti í innra byrði veggja. Veggirnir eru mosavaxnir að utan. Hólf 2 er suðvestar og var reykkofi. Hann var í notkun þegar afi Huldu var bóndi á jörðinni, bárujárn og timbur úr þakinu er enn inni í hólfinu. Ekki er ólíklegt að reykkofinn hafi verið notaður lengur er smiðjan. Hólfid er 2,5x2,5 m að innanmáli og opið til suðvesturs. Veggirnir eru 0,5 m á hæð að utan en 1 m að innan. Það glittir í 3-5 umför hleðslu inni í hólfinu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-535:003** heimild um útihús

63°56.564N 21°18.070V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 70 m norðaustan við bæ 001 og 20 m austan við smiðju 003.

Mikið rask er á svæðinu og öll ummerki útihússins eru horfin.

Gróið tún. Grunnur bragga/húss sést skammt sunnan við áætlaða staðsetningu útihússins. Túnið er nýtt til beitar.

Þar sem útihúsið var er hóll í túninu. Hóllinn er 0,2 m á hæð, sléttur og gróinn. Engin mannvirki sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-535:004** heimild um útihús

63°56.609N 21°17.993V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 140 m norðaustan við bæ 001 og rúmum 30 suðvestan við garðlag 014. Útihúsið var í brekkurótum Neðrafjalls, í norðausturjaðri heimatúnsins.

Heimatúnið er slétt og gróið. Brekkan þar fyrir norðaustan er brött og grýtt. Víða eru stök björg og skriður þar.

Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-535:005** *Krikastígur* gata leið

63°56.580N 21°18.142V

“Upp á Enni liggur gata í sneiðingum upp á brúnina. Hún heitir Krikastígur,” segir í örnefnalýsingu.

Krikastígur sést enn og staðsetning hans er merkt inn á örnefnakort Ingólfs Einarssonar frá 1968, beint norðvestur frá bæ 001. Gatan liggur skáhallt til austura, upp á brún Neðrafjalls ofna við útihús 002 og er enn fær þrátt fyrir að mikið hrun sé í sneiðingnum í klettum efst í brekkunni að sögn Huldu Svandísar Hjaltadóttur.

Stígurinn liggur í hárrí og brattri brekku. Klettur eru efst og víða eru stór bjög, gras og grýttar skriður.

Gatan sést enn í klettabeltinu. Samkvæmt Huldu var farið neðan við klettana þar sem enn er gróður og honum fylgt upp á brún.

**Hættumat:** hætta, vegna skriðufalla

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 3; Örnefnauppráttur IE 1968



Krikastígur ÁR-535:005, horft til norðurs.

**ÁR-535:006** *Bjarnastaðastígur* heimild um leið

63°56.484N 21°18.439V

“Annar stígur, Bjarnastaðastígur liggur upp á brúnina vestan túnsins,” segir í örnefnalýsingu. Stígurinn er sýndur á örnefnakorti Ingólfs Einarssonar frá 1968, ofan við Gamlastekkatún 008. Leiðin er horfinn, þar er trjárækt sem mögulega olli raski á honum.

Brött brekka, efst í henni eru klettabelti. Víða eru stakir steinar og grjótskriður. Trjárækt er á þessu svæði. Öll ummerki leiðarinnar eru horfin af yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 3; Örnefnauppdráttur IE 1968

**ÁR-535:007** *Stöðull* heimild um kvíar 63°56.445N 21°18.374V

Í örnefnaskrá Hjallahverfis segir: «Vestan túnsins, neðan urðarinnar, er Stöðull.» Örnefnið er einnig merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar frá 1968 og var um 320 m VSV við bæ 001. Örnefnið gefur til kynna að mjólkað hafi verið í stöðli en ekki er víst að einhver mannvirki hafi verið reist vegna mjöltunninnar.

Smápýft og flatlent tún.

Ekki sjást nein ummerki um kvíar á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 3; Örnefnauppdráttur IE 1968

**ÁR-535:008** *Gamlastekkatún* tóft+garðlag stekkur 63°56.463N 21°18.397V


“Aðeins vestan við Stöðul [sjá 007] er Stekkatún, oftast nefnt Gamlastekkatún, nú innan túngirðingar,” segir í örnefnaskrá. Gamlastekkatún er um 330 m suðvestan við bæ 001, í brekkurótum Neðrafjalls. Hlaðin tóft er vestar og þúst til austurs. Hlaðið garðlag undir girðingu, er skammt sunnan við minjarnar og er líklega yngra.

Brött brekka niður Neðrafjall, efst í henni eru klettabelti. Víða eru stakir steinar og grjótskriður. Trjárækt er fast austan við minjarnar og gróið tún til suðurs.

Minjarnar eru á svæði sem er 23x10 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Í lýsingunni fá þær bókstaf til aðgreiningar. Tóft A er vestust og grafin inn í brekku til norðurs. Hún er 10x7 m að stærð, er einföld og snýr norður-suður. Op er á tóftinni til suðurs og veggirnir eru grjóthlaðnir. Þeir eru 0,2-0,5 m á hæð og hlaðnir úr stóru grjóti. Nokkuð er hrundið úr þeim inni í tóftina. Tveir stakstæðir, stórir steinar eru hluti af norðurvegg. Þetta var stekkurinn en lambakróin er horfin. Tóftin er óljós vegna mikils gróðurs. Um 3 m austan við tóft A er þúst B. Hún er um 5 m í þvermál, 0,5 m á hæð og algróin. Ekki sér móta fyrir innra byrði veggja eða öðru sem gefur hlutverk hennar til kynna. Garðlag C er rúmum 2 m suðaustan við tóft A. Það er fast sunnan við vírgirðingu og líklegt að eldri girðing hafi verið á því endilöngu. Garðlagið



Gamlastekkatún ÁR-535:008, horft til norðurs.



Uppmæling af minjum 008.

er rúmir 20 m að lengd, 0,5 m að breidd og 0,2 m á hæð. Það glittir í eitt umfar af stórum steinum í því.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 3

**ÁR-535:009** *Kúastígur* heimild um leið 63°56.420N 21°18.538V

Í örnefnaskrá Hjallahverfis segir: «Frá [Gamla]stekkatúni [008] liggur gata upp brekkuna og vestur með klettunum í fjallsbrúninni, en beygir þá upp á brún, gegnum lægð sem heitir Lágaskarð, en neðan til heitir gatan Kúastígur. Það er hægasta gatan upp á fjallsbrúnina, og sú eina sem hestfær er.» Brúnin á

klettunum er nokkru lægri við Lágaskarð en annarsstaðar í landi Hjallatorfunnar. Stígurinn er um 450-500 m VSV við bæ 001 og 140 m ANA við Gamlastekkjatúns 008.

Svæðið neðan við hlíðina er grasi vaxið en mikil urð er ofar í hlíðinni. Upp að Lágaskarði er gróður á milli grjótsins.

Leiðin er horfin og engin ummerki um hana sjást lengur.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 3

**ÁR-535:010** *Grettistak* þjóðsaga manndómsraun 63°56.395N 21°18.593V

í



örnefnaskrá Hjallahverfis segir: «Niður undan Arnarsetri er stór steinn sem situr á minni steinum niðri á jafnlendinu. Hann heitir Grettistak.» Stór steinn er neðst í hlíðinni um 540 m suðvestan við bæ 001, alveg upp við vírgirðingu meðfram túnunum suðvestan við bæinn.

Afgirt beitartún er suðaustan við girðinguna en grýtt hlíð til norðvesturs.

Steinninn er stór og augljóslega sá stærsti á svæðinu kring.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 3

Grettistak ÁR-535:010, horft til VSV.

**ÁR-535:011** frásögn þvottastaður 63°56.553N 21°17.910V



Samkvæmt Huldu Svandísi Hjaltadóttur var þvottur og ull þvegin í Bæjarlæknum, tæpum 100 m austan við bæ 001 og um 30 m vestan við útihús ÁR-533:011. Það má enn sjá stóra steina í læknum sem notaðir voru við þvottinn.

Gróið tún, nýtt til beitar.

Bæjarlækurinn á upptök skammt norðar í mýrartjörn. Önnur minni vatnsrás rennur í lækinn að norðan og á mótum þessara lækja var þvegið. Lækurinn er grunnur, 5 m á breidd og rennur í bug áfram til suðurs. Nokkrir steinar eru á svæðinu, þar af eru tveir flatir.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

þvottastaður ÁR-535:011, horft til austurs.

**ÁR-535:012** heimild um traðir 63°56.504N 21°18.005V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 lágu traðir til SSA frá bæ 001, að Bæjarlæknum. Þær lágu að öllum líkindum vestan við heimatúnið á Læk ÁR-534 og sameinuðust leið ÁR-720:012 þar vestar.

Gróið tún, nýtt til beitar. Yfir norðurhluta traðanna er bakgarður íbúðarhúss með trjágróðri og vírgirðingu. Gróin tún eru yfir suðurhluta þeirra.

Engin ummerki um traðirnar sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-535:013** frásögn brunnur 63°56.525N 21°18.020V

Að sögn Huldu Svandísa Hjaltadóttur var brunnur fast norðaustan við núverandi íbúðarhús. Hann var í kálgarði 016, SSA við bæjarhúsin sem eru horin. Brunnurinn er steypur en ekki vitað hvort að hann var grjóthlaðinn upphaflega. Það er búið að fylla upp í brunninn en hann er enn varðveittur undir sverði. Hulda telur brunninn vera gamlann.



Brunnurinn er fast við íbúðarhúsið, þar er malarplan og mikið jarðrask átt sér stað. Engin ummerki um brunninn sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



Brunnur ÁR-535:013, horft til norðvesturs.



Garðlag ÁR-535:014, horft til norðurs.

**ÁR-535:014** garðlag landamerki

63°56.624N 21°17.971V

Samkvæmt Huldu S. Hjaltadóttur, heimildamanni, var hlaðið garðlag á landamerkjum Bjarnastaða og Þorgrímsstaða ÁR-536. Vírgirðing var ofan á því, í brekku niður Neðrafjall. Girðingin er horfin og erfitt að sjá hleðsluna í brekkunni vegna hruns og grjóthruns. Garðlagið var um 170 m norðaustan við bæ 001. Brekkan er brött. Klettabelti er efst og víða eru stakir steinar og skriður. Sunnar er gróið tún.

Samkvæmt Huldu voru nokkrir steinar í röð sjáanlegir einna lengst við túnjaðarinn. Þetta er var ekki voldug hleðsla og líktist einna helst undirhleðslu undir girðingu að hennar sögn. Með góðum vilja má sjá nokkra steina á mörkum túns og gróins svæðis, á 4 m löngum kafla.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-535:015** tóft útihús


63°56.548N 21°18.091V

Fjárhústóft er tæpum 70 m norðvestan við bæ 001 og 9 m suðaustan við smiðju 002. Þau voru byggð 1936, af afa Huldu, og notuð fram yfir árið 2000. Búið er að hreinsa tóftina af öllu braki og rusli.

Tóftin er innan heimatúnsins líkt og það er afmarkað 1920. Svæðið er gróið og nýtt til beitar.



Fjárhús ÁR-535:015, horft til NNA.



Uppmæling af tóft 015.

Tóftin er 20x10 m að stærð, er einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Það var hlaða til norðurs en öll ummerki hennar eru horfin. Enn er hægt að sjá þá skiptingu á veggjum, þeir eru örllítið lægri í fjárhúsinu. Veggirnir í tóftinni eru 1,3-1,5 m á hæð og þar má sjá 7 umförf af grjóti. Tóftin er opin til suðurs og var lokað með þili. Inni í tóftinni er slétt og malarborið svæði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-535:016** heimild um kálgarð

63°56.533N 21°18.009V


Samkvæmt túnakorti frá 1920 var kálgarður sunnan og austan við bæ 001.

Þar sem kálgaðrurinn var er gróin bakgarður og malarplan.

Engin ummerki um kálgarðinn sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920



## ÁR-536 Þorgrímsstaðir

“Þorgrímsstader, hjáleiga af heimajörðinni, byggð fyrir manna minni. Jarðdýrleiki kallaður x... “ JÁM, 426. “Bæirnir í Hjallahverfi standa í hvirfing undir hlíðinni og út frá henni, og er Hjalli í miðju hverfinu... Hjallahverfi og Bakki kallast til samans Hjallatorfa...” Ö-Hjallahverfi, 1. Landamerki Hjallatorfunnar eru: að austan, milli Bakka og Riftúns úr Sigmundarvaði á Þorleifslæk í Markastein, merktan X, ofan við alfaraveg. Þaðan í Torfu í Litlahvammi efst. Þaðan, milli Hjallatorfu og Þóroddsstaða, í vörðu hæst á Skálafelli beint í vörðu austan á Reykjafelli. Þaðan í Lambafell - móti Ölfus - afréttarlandi. Úr Lambafelli í vestasta hornið á Lönguhlíð og þaðan í Skógarhlíðargöfl. Milli Hjallatorfu og Hrauns: Tíðagötu í Sólarstein. Milli Hjallatorfu og Grímslækja: Sólarsteinn í Klapparhól, merktan X, í Lækjarbotnalæk, í tjörn, í Grímslækjarós í Lambeyraós, segjir landamerkjabréf.” Ö-Bakki, 1  
1917: Tún 2.2 ha, 5/6 slétt. Garðar 876 m<sup>2</sup>. “Túnið var allt í kring um bæinn og skiptist í Heimatún, kring um bæinn, austur að Þorgrímsstaðagili... Túnið austan gilsins nær austur að Króksrás og heitir Kinn.” Ö-Hjallahverfi, 3-4.

**ÁR-536:001** Þorgrímsstaðir bæjarhóll bústaður

63°56.640N 21°17.917V

Í örnefnaskrá Hjallahverfis segir: «Þorgrímsstaðir stóðu austur frá Bjarnastöðum, fyrir botni Bæjarlækjar. [...] Nú eru allar byggingar afmáðar á Þorgrímsstöðum». Þorgrímsstaðir eru nefndir í Jarðabók Árna og Páls frá 1708 og þar er bærinn sagður hjáleiga frá Hjalla ÁR-533 sem byggð var fyrir manna minni. Þorgrímsstaðir eru staðsettir rúmum 220 m norðaustan við Bjarnastaði ÁR-535 og tæpum 180 m vestan við Krók ÁR-537. Þar er aflangur bæjarhóll í túninu þar sem Þorgrímsstaðir stóðu.



Bæjarhóll ÁR-536:001, horft til norðvesturs.

Svæðið hefur að mestu verið sléttað í tún. Norðaustan við bæinn er grýtt lækjargil, um 4-5 m djúpt.

Allar minjar á bæjarhólnum hafa verið rifnar niður og hann sléttaður og má ætla að yngstu minjarnar séu að mestu leiti horfnar. Hóllinn sem sést í túninu er 34x28 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur.

Hóllinn er mun greinilegri neðar í túninu en fjarar út ofar. Hann er ekki mjög hár, aðeins um 0,5 m á hæð. Miðað við að búið var á bænum að minnsta kosti í 3. aldir, líklega lengur, má ætla að enn leynist óraskaðar minjar í túninu. Stafnar bæjarhúsanna hafa líklega snúið til suðausturs.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 3, 4

**ÁR-536:002** heimild um útihús

63°56.663N 21°17.864V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús 60 m norðaustan við bæ 001, norðan við traðir 007 og 5 m vestan við gilsbrún Þorgrímsstaðagils.

Útihúsið er á gilbrún í jaðri heimatúnsins. Svæðið er smáþýft og komið í órækt enda ekki lengur nýtt sem tún.

Ekki sjást nein ummerki um útihúsið á svæðinu og það verið sléttað. Leifar þess og eldri útihúsa gætu þó enn leynst undir sverði.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-536:003** heimild um útihús

63°56.663N 21°17.847V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 70 m norðaustan við bæ 001, fast sunnan við traðir 007, og samfast þeim til norðvesturs.


Útihúsið er á gilbrún í jaðri heimatúnsins. Svæðið er smáþýft og komið í órækt enda ekki lengur nýtt sem tún.

Ekki sjást nein ummerki um útihúsið á svæðinu og það verið sléttað. Leifar þess og eldri útihúsa gætu





## Túnakort Þorgrímsstaða ÁR-536



þó enn leynst undir sverði.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-536:004** *Álfakirkja* örnefni huldufólksbústaður

63°56.667N 21°17.896V

Í örnefnaskrá Hjallahverfis segir: «Þar í brekkurótunum, austan og ofan bæjarins er húslaga steinn sem heitir Álfakirkja.» Álfakirkja er um 50 m norðaustan við bæ 001, ofar í brekkunni, þar sem tún hefur ekki verið sléttað. Rafmagnsgirðing liggur rétt sunnan við steininn.

Þýfð og grasi vaxin brekka í rótum fjallsins.

Álfakirkja er stór, húslaga steinn. Hann er um 1,2 m á hæð, 3-4 m á lengd og 2 m á breidd. Steinninn er mjög gróinn og siginn. Hann liggur norðvestur-suðaustur og ekki sjást nein mannaverk í kringum steininn. Engar sögur fylgja steininum aðrar en þær sem koma fram í örnefnaskránni.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 3



Álfakirkja ÁR-536:004, horft til norðurs.

**ÁR-536:005** *Biskupaleiði* örnefni

63°56.667N 21°17.896V

Í örnefnaskrá Hjallahverfis segir: «Þar í brekkurótunum, austan og ofan bæjarins er húslaga steinn sem heitir Álfakirkja [004]. Neðan við hana eru þrjár þúfur sem heita Biskupaleiði. Þar hvíla huldufólksbiskupar. Aldrei má slá Biskupaleiðin né slétta þau út.» Biskupaleiði eru 4 m sunnan við Álfakirkju 004 og rúmum 45 m norðaustan við bæ 001.

Þýfð og grasi vaxin brekka í rótum fjallsins.

Svæðið er allt fremur þýft en þó sjást enn þrjár stærri þúfur en aðrar, beint sunnan við Álfakirkju. Þúfurnar eru á svæði sem er 2x2 m að stærð. Þær liggja í röð frá austri til vesturs, þúfan í miðjunni er stærst þeirra. Þúfurnar eru um 0,6-1 m í þvermál og um 0,5 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 3



Biskupaleiði ÁR-536:005, horft til norðurs.

**ÁR-536:006** *Kinnarstígur* heimild um leið

63°56.692N 21°17.849V

Í örnefnaskrá Hjallahverfis segir: «Upp úr Kinn er gata upp á brún og heitir Kinnarstígur.» Kinn er merkt inn á örnefnaupprætti Ingólfs Einarssonar frá 1968, austan við Þorgrímsstaðagil. Kinnarstígur er um 110 m norðaustan við bæ 001.

Þar sem leiðin lá upp á brúnina er nú grasivaxin fjallshlíð neðst sem verður grýttari eftir því sem ofar dregur.

Ekki sjást nein ummerki um leiðina í fjallshlíðinni lengur og er hún líklega komin á kaf í gróður.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 4

**ÁR-536:007** heimild um leið

63°56.646N 21°17.880V

Í örnefnaskrá Hjallahverfis segir: «Neðan við Kinn er gata austur úr túninu.» Samkvæmt túnakorti frá 1920 lágu traðir bæjarins til norðausturs, yfir Þorgrímsstaðagil, og áfram til austurs í gegnum mitt tún bæjarins. Líklega tengdust þær þjóðleið ÁR-720:012 austan við Krók. Traðirnar sjást ekki lengur í

túninu en voru ofan við skurðinn sem skiptir upp túnnum Hjalla ÁR-533 og Þorgrímsstaða. Svæðið hefur allt verið ræktað undir tún og traðirnar líklega sléttaðar í túnið þegar hætt var að búa á Þorgrímsstöðum.

Ekki sjást nein ummerki um traðir í túninu. Ef hlaðnar traðir hafa verið frá bænum hafa þær verið sléttaðar og óvíst hvort að minjar leynist undir sverði.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 4; Túnakort 1920

**ÁR-536:008** *Þorgrímsstaðastígur* heimild um leið 63°56.668N 21°56.914V

Í örnefnaskrá Hjallahverfis segir: «Upp úr Heimatúni [Þorgrímsstaða] liggur gata upp á brúnina og heitir Þorgrímsstaðastígur.» Þorgrímsstaðastígur lá beint upp á brúnina frá bæ 001. Hulda s. Hjartardóttir, heimildamaður, og systur hennar sögðu að allar göturnar sem lágu upp á fjallið vera horfnar. Þær verða grýttar ef þær falla úr notkun og þeim verður að halda við.

Fjallshlíðin er grasi vaxin og mjög gróin neðst en grýttari eftir því sem ofar dregur

Ekki sjást nein ummerki um götu upp fjallið.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 3

**ÁR-536:009** þúst útihús 63°56.624N 21°17.929V

Tvær litlar þústir eru í heimatúninu um 10-20 m suðvestan við bæjarhól 001 og rúmum 80 m suðvestan við Álfakirkju 004. Þetta eru líklega gömul útihús sem hafa verið fallin úr notkun áður en túnakortið var teiknað upp árið 1920.

Þústirnar eru báðar í sléttuðu túni.

Þústirnar eru á svæði sem er 11x6 m að stærð og liggur norðvestur-suðaustur. Þúst A er suðaustar á svæðinu. Hún er 4,5 x 4,5 m að stærð og er hringlaga. Hún er 0,2-0,3 m á hæð. Þúst B er 6 m norðvestan við þúst A og er hún 6x5 m að stærð. Hún snýr austur-vestur og er 0,2-0,3 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar



Þúst ÁR-536:009, horft til norðvesturs.

**ÁR-536:010** heimild um kálgarð 63°56.634N 21°17.904V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var kálgarður fast suðaustan við bæ 001. Hann var sambyggður bænum, í brekku sem lækkar til suðausturs.

Svæðið hefur að mestu verið sléttað í tún. Norðaustan við bæinn er grýtt lækjargil, um 4-5 m djúpt.

Ekki sjást nein ummerki um kálgarðinn á yfirborði og hann sléttaður ásamt bæjartóftunum eftir að bærinn fór í eyði.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Túnakort 1920



## ÁR-537 Krókur

“Krókur, önnur hjáleiga, nú í eyði síðan í næstliðnum fardögum, bygð fyrir manna minni.” JÁM, 427. “Bæirnir í Hjallahverfi standa í hvirfing undir hliðinni og út frá henni, og er Hjalli í miðju hverfinu... Hjallahverfi og Bakki kallast til samans Hjallatorfa...” Ö-Hjallahverfi, 1. Landamerki Hjallatorfunnar eru: að austan, milli Bakka og Riftúns úr Sigmundarvaði á Þorleifslæk í Markastein, merktan X, ofan við alfaraveg. Þaðan í Torfu í Litlahvammi efst. Þaðan, milli Hjallatorfu og Þóroddsstaða, í vörðu hæst á Skálafelli beint í vörðu austan á Reykjafelli. Þaðan í Lambafell - móti Ölfus - afréttarlandi. Úr Lambafelli í vestasta hornið á Lönguhlíð og þaðan í Skógarhlíðargafli. Milli Hjallatorfu og Hrauns: Tíðagötu í Sólarstein. Milli Hjallatorfu og Grímslækja: Sólarsteinn í Klapparhól, merktan X, í Lækjarbotnalæk, í tjörn, í Grímslækjarós í Lambeyraós, segjir landamerkjabréf.» Ö-Bakki, 1

### ÁR-537:001 *Krókur* bæjarhóll bústaður

63°56.646N 21°17.702V

Í örnefnaskrá Hjallahverfis segir: «Krókur, líka nefndur Hjalla-Krókur er norðaustur frá Hjalla og nær hliðinni.» Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir um Krók: «Krókur, önnur hjáleiga, nú í eyði síðan í næstliðnum fardögum, bygð fyrir manna minni.» Í Sunnlenskum Byggðum III segir: «Ein af Hjallajörðunum, 5 hundruð að fornu mati og því um tólfti hluti Hjallatorfunnar. Bærinn stendur undir brekkunni, austan lækjarins. Jörðin notar norðurhluta landsins.» Samkvæmt túnakorti Króks frá 1920, var gamli bærinn staðsettur við miðjan vesturjaðar gamla heimatúnsins. Jón Ögmundsson, bóndi á Hjallakrók, man eftir húsum frá gamla bænum sem hafði þá verið í eyði í einhvern tíma, líklega frá því að nýtt íbúðarhús var byggt 100 m norðaustar á bæjarstæðinu, árið 1946. Jón sagði húsin hafa verið hrörleg þegar hann keypti landið og að þau hafi öll staðið á sama blettinum, bæjar- og útihús. Ábúð á Króki var stopul á seinni árum en samkvæmt jarðarbókinni var bærinn í eyði árið 1708. Ekki er vitað hvenær jörðin byggist aftur upp. Ábúð hefur þó haldist frá 1892-1975.



Bæjarhóll ÁR-537:001, horft til suðvesturs.

Á og við bæjarhólinn eru nú gróðurhús og gámar, vestan við heimreiðina þar sem hún beygir til norðurs í átt að núverandi íbúðarhúsi. Ræktuð tún í kring en smávegis trjáreitir norðan við.

Lítill hólmyndun sést á svæðinu, aðallega til suðausturs. Bærinn stóð norðan við gróðurhús þar sem nú eru geymd ýmis tæki og plöntur. Skjólgarður úr trjám hefur verið plantað í kringum svæðið. Hóllinn hefur líklega verið sléttaður út á einhverjum tímamarki eftir að hætt var að búa á svæðinu en þó má ætla að einhverjar leifar leynist undir sverði. Stafnar bæjarhúsanna hafa líklega snúið til suðurs.

**Hættumat:** stórhætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 2; Túnakort 1920; JÁM II, 427; SB III, 338.

### ÁR-537:002 heimild um kálgarð

63°56.636N 21°17.701V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var kálgarður sunnan og vestan við bæ 001. Þar eru nú gróðurhús og gámar, vestan við heimreiðina þar sem hún beygir til norðurs í átt að núverandi íbúðarhúsi.

Þar eru nú gróðurhús og gámar, vestan við heimreiðina þar sem hún beygir til norðurs í átt að núverandi íbúðarhúsi. Ræktuð tún í kring og kartöflugarðar til suðurs.

Ekki sjást nein ummerki um kálgarðinn á yfirborði og hann sléttaður út.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1920

### ÁR-537:003 heimild um traðir

63°56.639N 21°17.671V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 lágu traðir frá bæ 001 til suðausturs, út heimatúnið. Þær hafa líklega endað við þjóðleið ÁR-720:012 sem lá neðan við Hjallatorfuna. Traðirnar hafa legið á svipuðum stað og heimreiðin liggur nú upp að gróðurhúsunum.

# Túnakort Króks ÁR-537



Skýringar

	bæjarhóll
	horfinn minjastaður
	tóft
	gömul bygging sem stendur enn
	mörk túns og garða
	leifar túngarðs
	traðir

Byggt á túnakorti frá 1920

004 brunnur

001 bær

002 kálgarður

003 traðir

0 50 100  
metrar

Malarvegur er á svipuðum stað en ýmiskonar jarðrækt er sitthvoru megin við veginn. Ekki sjást nein ummerki um traðirnar.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-537:004** gryfja brunnur

63°56.651N 21°17.703V

Samkvæmt Jóni Ögmundssyni, heimildarmanni, var brunnur um 10 m norðan við bæ 001, á bæjarhólnum. Búið er að byrgja hann með járnplötu. Brunnurinn er alveg upp við nyrstu trjálínuna í skjólgarðinum, við bæjarhólinn.

Svæðið er að mestu notað undir ýmis tæki og tól. Plöntur frá gróðurhúsinu eru einnig geymdar hér.

Brunnurinn er steypur og ryðguð bárujárnsplata liggur yfir honum. Ekki er hægt að sjá stærð hans þar sem bárujárnsplantan er fremur gróin. Ekki er vitað hvort að brunnurinn er hlaðinn.


**Hættumat:** hættu, vegna jarðræktar




Brunnur ÁR-537:004, horft til austurs.



# Túnakort Gerðakots ÁR-538



Skýringar	
	bæjarhóll
	horfinn minjastaður
	tóft
	gömul bygging sem stendur enn
	mörk túns og garða
	leifar túngarðs
	traðir



Byggt á túnakorti frá 1920

## ÁR-538 Gerðakot

“Gerðakot, fjórða hjáleiga, bygð fyrir manna minni.” JÁM, 427. “Bæirnir í Hjallahverfi standa í hvirfing undir hlíðinni og út frá henni, og er Hjalli í miðju hverfinu... Hjallahverfi og Bakki kallast til samans Hjallatorfa...” Ö-Hjallahverfi, 1. Landamerki Hjallatorfunnar eru: að austan, milli Bakka og Riftúns úr Sigmundarvaði á Þorleifslæk í Markastein, merktan X, ofan við alfaraveg. Þaðan í Torfu í Litlahvammi efst. Þaðan, milli Hjallatorfu og Þóroddsstaða, í vörðu hæst á Skálafelli beint í vörðu austan á Reykjafelli. Þaðan í Lambafell - móti Ölfus - afréttarlandi. Úr Lambafelli í vestasta hornið á Lönguhlíð og þaðan í Skógarhlíðargافل. Milli Hjallatorfu og Hrauns: Tíðagötu í Sólarstein. Milli Hjallatorfu og Grímslækja: Sólarsteinn í Klapparhól, merktan X, í Lækjarbotnalæk, í tjörn, í Grímslækjarós í Lambeyraós, segjir landamerkjabréf.” Ö-Bakki, 1  
1917: Tún 1.8 ha, 5/6 slétt. Garðar 840 m<sup>2</sup>.

**ÁR-538:001** Gerðakot bæjarstæði bústaður Íörnefnaskrá Hjallahverfis segir: «Gerðakot er sunnan þjóðvegarins og austan lækjarins. Gerðakotstún er allt í kring um bæinn.» Í Jarðabók Árna Magússonar og Páls Vídalíns segir: «Gerðakot, fjórða hjáleigan, bygð fyrir manna minni.» Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð bærinn nánast í miðju heimatúninu. Bærinn hefur staðið þar sem íbúðarhús stendur ennþá í dag.

Á bæjarstæðinu standa fjögur steipt hús og er malarheimreið nánast í kringum þau.

Ekki sjást nein ummerki um bæjarhól á svæðinu en þó mun hafa verið búið þar stöðugt um aldir. Líklega hefur gamli bæjarhóllinn verið sléttaður út þegar íbúðarhúsið var byggt á árunum 1925-1958. Ætla má að einhverjar mannvistarleifar liggi enn óraskaðar undir sverði, þó svo að stór hluti yngri minja sé horfinn. Stafnar bæjarhúsanna hafa líklega snúið til suðausturs.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 2; JÁM II, 427; Túnakort 1920

63°56.427N 21°17.731V



Bæjarhóll ÁR-538:001, horft til suðurs.

**ÁR-538:002** heimild um traðir

Samkvæmt túnakorti frá 1920 lágu traðir frá bænum til vesturs og tengdust þjóðleið ÁR-720:012 sem lá norðvestan við heimatúnið.

Svæðið er grasi vaxið og lækur rennur meðfram heimatúninu.

Ekki sjást nein ummerki um traðirnar á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1920

63°56.437N 21°17.738V

**ÁR-538:003** heimild um kálgarð

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var kálgarður fast suðaustan við bæ 001. Hann var sambyggður bænum. Á bæjarstæðinu standa fjögur steipt hús og er malarheimreið liggur í kringum þau og tengist þjóðveginum (38) til NNV.

Ekki sjást nein ummerki um kálgarðinn á svæðinu, hann var líklega sléttaður um eða eftir að nýtt íbúðarhús var byggt á árunum 1925-58.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1920

63°56.414N 21°17.679V

## ÁR-720 Fornleifar á fleiri en einni jörð

### ÁR-720:001 heimild um leið

63°59.353N 21°07.684V

Samkvæmt herforingjaráðskorti 37 frá 1908 lá leið til norðurs frá Kotströnd ÁR-511 að Sogni ÁR-514. Leiðin var austan við Gljúfurholtsá en það var líklega á landamerkjum Gljúfurs ÁR-513 og Gljúfurárhólts ÁR-515 þrátt fyrir að heimildir geti þess ekki. Leiðin sameinaðist leið 018 sunnan við Sogn ÁR-514 en klofnaði rétt áður, líklega eftir því hvort farið var til austurs eða vesturs.

Þar sem að leiðin lá eru vegslóðar og grónir melar. Hún lá eftir þurrum holtum og rimum en mýrar og deiglendi eru þar á milli. Hvergi er hægt að greina ummerki um hana á loftmynd.

Öll ummerki um leiðina eru horfin af yfirborði.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** H-kort 37 1:50000

### ÁR-720:002 Gamla þjóðleiðin heimild um leið

63°59.230N 21°07.414V

“Rauðilækur: Kemur austan úr mýrinni, úr skurðum beggja vegna Graðhestagirðingar og rennur í ána norðan við Sauðaklöpp. Þar á milli lá gata upp á Langamelinn.” segir í örnefnaskrá Gljúfurs ÁR-513.

“Gamla þjóðleiðin: Leiðin upp með Gljúfurá frá Kotstrandarhól, upp Langamel, um Grafningsháls; þaðan [sjá leið 025] um Grafning og austur yfir Álftavatn hjá Torfastöðum og síðan um Grímsnes og í fleiri uppsveitir,” segir í örnefnalýsingu Kotstrandar ÁR-511. Leiðin er sýnd á herforingjaráðskorti 37 og lá skammt austan við leið 001. Farið var til norðurs frá Kotströnd, austan við Gljúfurholtsá að Gljúfri. Þar sameinaðist þessi leið ÁR-720:018 á stuttum kaffa uns leið 025 fór til norðurs, yfir í Grafning.

Landið þar sem leiðin lá í landi Gljúfurs er örfoka melur, með þremur talsvert stórum flákum. Verið er að græða melinn upp og sjást þess merki að gróður sé að aukast og mun landslagið eflaust breytast þar á næstu árum.

Ekkert sést til götunnar, hvorki á vettnavgi né á loftmynd, enda hefur hún líklega horfið vegna uppblásturs.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Gljúfur, 1; Ö-Kotströnd a, 3; H-kort 37 1:50000

### ÁR-720:003 vegur leið

63°54.767N 21°22.583V



Gata ÁR-720:003, horft til austurs.

“Austan og norðan við túnið [á Hrauni ÁR-541], gömlu grjótgardana, lá allfjölfarin gata, og frá norðvesturhorni túnsins lá hún vestur Hraunsheiði, upp á Hlíðarbæi og áfram útúr,” segir í örnefnalýsingu Hrauns. Leiðin sést í landi Breiðabólstaðar ÁR-544 og Hrauns og var vörðuð að hluta.

Gróið hraun er allt umhverfis veginn. Þar vex mosi, lyng og víðitré. Klappir, hraunklettur og moldarflög eru víða.

Vegurinn sést á 2,6 km löngum kaffa og hlykkjast austur-vestur. Vegurinn er auðrakinn. Hann liggur í grónu hrauni og er ruddur vagnvegur. Að sögn Hrafnkels Karlssonar, heimildamanns, var grjót sett í botn vegsins og víða eru þar einnig náttúrulegar hrauhellur. Hann er 2-3 m á breidd og 0,2 m á dýpt. Mold og grjót er í botni vegarins. Í landi

Breiðabólstaðar eru þrjár vörður sjánlegar við leiðina.

**Heimildir:** Ö-Hraun, 4

### ÁR-720:004 gata leið

63°55.004N 21°24.570V

“Yfir Ás [í landi Breiðabólstaða] liggur gata upp hlíðina, alfaraleið milli Austurbæjanna og Litlalandis. Við hana var varða sem hét Brúsavarða. Hana bar við loft frá Litlalandi. Hún fannst ekki sumarið 1968,” segir í örnefnalýsingu Breiðabólstaðar. Leiðin liggur sem fyrr segir á milli gömlu bæjarstæðanna í landi beggja jarðanna. Hún sést í landi þeirra beggja, uppi á fyrrnefndum Ás, á milli ræktaðra túna.



Leiðin liggur í grónu heiðlendi. Hraungrýti og -klettar koma víða uppúr sverði og stórir moldarflákar eru víða.

Austurhlíðar Ássins, í landi Breiðabólstaðar eru vaxnar lyngi, grasi og mosa. Leiðin er auðrakin til vesturs frá heimatúni Breiðabólstaðar, upp Ásinn, og sést á 500-600 m löngum kafla. Þar hverfur hún á köflum í stóra moldarfláka. Leiðin liggur ofarlega, þvert yfir Ásinn, undir Gránubrekku. Hún er 0,5-1 m á breidd og 0,30,5 m á dýpt. Mold er í botni hennar en gras sést víða.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Breiðabólstaður, 3



Gata ÁR-720:004, horft til austurs.

**ÁR-720:005** vegur leið

63°55.026N 21°22.079V

“Dálítinn spöl suðaustur frá Grenjahólum [í landi Breiðabólstaða ÁR-544] er önnur klapparhæð, nokkru hærrí. Hún heitir Dagmálahæð. Vestsuðvestan við hana er önnur klöpp, lægri og minni. Hún heitir Litla-Dagmálahæð. Á milli Dagmálahæðanna er gata, engjavegur frá Austur-Hlíðarbæjunum í Nauteyrar, og að Hrauni ÁR-541,” segir í örnefnalýsingu Breiðabólstaðar. Veginn er ennþá hægt að rekja og hann varðveittur að mestu utan grasivaxinna túna næst bæjunum.

Gróið hraun, aðallega mosi, lyng og víðitegundir, eru á þessum slóðum. Inn á milli eru hraunhólar,



Vegur ÁR-720:005, horft til vesturs.



Vörður ÁR-720:005 a og b, horft til norðausturs.

-klappir og steinar.

Vegurinn er ruddur og lega hans greinileg. Hann er 2-3 m á breidd, 0,3 m á dýpt og sést á um 1,4 km löngum kafla. Leiðin hlykkast ASA-VNV á milli Breiðabólstaðar og Hrauns. Víða er mold í botni veggins, hraunklappir eða mosi. Ekki sést til paldra. Vegurinn var líklega vagnfær, hann er það sléttur í botninn og vel ruddur. Á Litlu-Dagmálahæð er lítið vörðubrot, varða A, við veginn. Hún er 1 m í þvermál og hrunin. Enn má þó greina 2 umför af grjóthleðslu. Stæðileg varða, varða B, er uppi á hraunhelli um 60-80 m sunnan við sjálfa leiðina nokkuð vestar. Hún er 1,4 m á hæð, 1,5 m í þvermál og er nokkuð freköntuð. Hún mjókkar eftir því sem ofar dregur og greina má 4 umför af grjóthleðslu í henni. Grjótið er vaxið skófum og mosa. Tæpum 2 m til suðurs en minna vörðubrot eða hrunin varða. Þar er lítil steinahruga án þess að um skýra hleðslu sé að ræða. Vegurinn sameinast leið 720:003 í landi Hrauns.


**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Breiðabólstaður, 7

**ÁR-720:006** gata leið

63°51.723N 20°47.967V

Gata að Hrauni er merkt á örnefnakort Þorlákshafnar ÁR-548 og Hrauns ÁR-541 eftir Ingólf Einarsson



Varða á hraunhól, nærri Þorlákshafnarvegi. Horft til norðurs.



Hrunin varða á leiðinni, í landi Þorlákshafnar.

frá 1968. Leiðin lá á milli Þorlákshafnar og Hrauns og var vörðuð alla leið. Götur sjálfar eru horfnar en vörðurnar sjást vel í landi Hrauns. Leiðin liggur í grónum sandi, á milli náttúrulegra hóla. Mosi, gras og lúpína vaxa þar. Leiðin er um 5,5 - 6 km löng og er að mestu eða öllu leyti horfin í sand. Þar sem hún lá er uppblásinn sandur. Víða eru stórir hraunhólar, -klettar og grjót. Sandurinn er farin að gróa aftur og lúpína vex í stórum breiðum. Vörðurnar voru endurhlaðar í landi Hrauns á seinni hluta síðustu aldar að sögn Hrafnkels Karlssonar, heimildamanns. Samtals voru skráðar 22 vörður tilheyrandi leiðinni í landi Hrauns. Flestar eru þær vel hlaðnar og engin fornlegri en önnur enda "stutt" síðan þær voru endurhlaðnar. Þær eru allar grjóthlaðnar og sumar eru á náttúrulegum klettum. Í landi Þorlákshafnar sáust tvær fallnar vörður. Þær eru án efa mun fleiri en ekki var gengið yfir land Þorlákshafnar að ósk sveitafélagsins.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Örnefnauppráttur IE 1968

**ÁR-720:007** *Þorlákshafnarvegur* heimild um leið 63°53.817N 21°26.211V  
 "Vestalega af Litlalandsheiði liggur Þorlákshafnarvegur út af Þjóðveginum beint til Þorlákshafnar," segir í örnefnaskrá Litlalands. «Við götuna frá Hlíðarenda til Þorlákshafnar, en hún liggur undan Ytra-Buganefi er allstór varða sem heitir Þorlákshafnarvarða [ÁR-547:019],» segir í örnefnaskrá Hlíðarenda. Leiðin var skoðuð við Þorlákshafnarvörðu, um 1 km suðaustan við bæ 001.

Leiðin lá að miklu leyti yfir sendið hraun sem er mosavaxið á köflum.

Ekki sjást skýr ummerki um leiðina við vörðuna en þó virðist grjóti hafa verið rutt úr götu við holtið sem varðan stendur á. Leiðin sést líklega ekki vegna uppblásturs og vegna þess að sandur safnast í götunum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Litlaland, 3; Ö-Hlíðarenda, 3



Leið ÁR-720:008, horft til norðausturs.

**ÁR-720:008** gata leið

3°53.936N 21°27.843V

"Milli Áss og Stekkatúnshóla [í landi Hlíðarenda ÁR-547] er lægð sem heitir Ferðamannaskarð. Þar liggur gamla gatan út með berginu, og áfram út í Selvog," segir í örnefnaskrá Hlíðarenda. Frá Ferðamannaskarði sem er um 800 m suðvestan við Hlíðarenda ÁR-547:001 er vegarslóði sem liggur að sumarhúsi en heldur svo áfram út með Hlíðarendafjalli í átt að Selvogi til suðvesturs.

Leiðin liggur um gróinn hraunmóa.

Vegarslóðin sem sést hefur að öllum líkindum verið ruddur með vélum til þess að gera hann bílfæran. Hann er um 2 m á breidd og dýpstur um 0,4 m. Ekki sjást eldri götur á leiðinni eða önnur samgöngumannvirki.



Leiðinni var fylgt á um 850 m löngum kafla.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Hlíðarendi, 2

**ÁR-720:009** heimild um leið

63°57.279N 21°09.206V

Á herforingjaráðskorti danskra landmælingamanna frá 1909 sést vegur liggja til suðvesturs frá vegi 010, skammt norðan við Bakkárholt ÁR-506. Leiðin lá að Auðsholti ÁR-495, áfram að Auðsholtshjáleigu ÁR-496 og sveigði þar til vesturs að Arnabælishverfi og var ruddur vagnvegur.

Þar sem leiðin lá eru gróin holt og framræstar mýrar. Núverandi malarvegur að Arnarbæli ÁR-500 liggur að stórum hluta á sama stað. Eldri vegurinn er horfinn.

Vegurinn lá til suðvesturs, vestan eða í jaðri heimatúns Bakkárholtis ÁR-506 og Grænhóls ÁR-510. Hann lá eftir endilöngu Bakkárholtinu, Másteinsholti og Auðsholti, inn á milli holtanna er mýri. Vegurinn kom að norðvesturhorni heimatúns Auðsholtis.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** H-kort 37 1:50000

**ÁR-720:010** vegur leið

63°59.159N 21°09.644V

Ruddur þjóðvegur er sýndur á herforingjaráðskorti nr. 37 frá 1909. Hann liggur þvert í gegnum Ölfusið, frá Ölfusá að Kömbum þar sem leið 721:005 tók við. Leið sem getið er um örnefnalýsingu Reykjahverfis var líklega hluti af þessum vegi. Þar segir: “Klifid: Gróin laut, milli gamla og nýja þjóðvegarins, þar var gata fyrrum í Klifklettunum,” segir í örnefnalýsingu. Ummerki um þessa leið er horfin í landi Reykja ÁR-517. Hluti af Klifklettum sjást vestan þjóðvegs 1, í landi Valla ÁR-516. Sé tekið mark á örnefnalýsingu lá þessi leið austar. Núverandi þjóðvegur 1 liggur að stórum hluta á sama stað og þessi vegur.

Þessi vegur sést víða við Ingólfsfjall. Hann liggur til austurs frá Þjóðveg 1 við svokallað Silfurberg og liggur í rótum fjallins allt að hreppamörkum við Grafning. Hann sést ekki milli Hveragerðis og Selfoss, núverandi þjóðvegur liggur á sama stað.

Vegurinn er 3-4 m á breidd og var malarborinn að öllum líkindum,

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Reykjatorfa, 2; Hkort 37 1:50000

**ÁR-720:011** Klóarvegur gata leið

64°61.235N 21°11.231V

“Snið: Götuslóðar suðvestan í Klóarfjalli, þar lá leiðin norður af Melunum,” segir í örnefnalýsingu Reykjatorfunnar. “Melar: Langur melhryggur nær frá Tindunum og inn í Kló. Um melana lá gata upp í Grafning.” “Sauðatindar: Hnúkaröð suður frá Suðarhnúk, með Sauða. Vestan þeirra lá gata,” segir í örnefnaskrá Reykjakots ÁR-518. Vegurinn um Kló er gömul þjóðleið sem m.a. er sýnd á herforingjaráðskorti 37 Hún lá frá Sumarfjósum 517:075 og yfir í Grafning. Leiðin er auðrakin enda ennþá fjölfarin af göngufólki. Leiðin liggur um móa, grösugar brekkur og fjallshlíðar. Leiðin var rakin á 2,7 km löngum kafla, til norðurs frá fjósi 517:075 en hún er mun lengri. Suðurhluti leiðarinnar var ruddur að sögn Björns Pálssonar, heimildamanns, af aðilum sem skipuleggja hestaferðir.



Vegur ÁR-720:010 í landi Alviðru ÁR-486. Horft til norðurs.



Klóarvegur ÁR-720:011, horft til norðurs.



Þær fyrirætlanir lögðust af eftir jarðskjálftana 2000 og 2008. Aðrir hlutar leiðarinnar eru óruddir og sjást sem göngugata eða kindastígur. Leiðin hlykkjast norður-suður, yfir fjöll og dali.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Reykjatorfan, 14; Ö-Reykjakot, 6-8; Hkort 37 1:50000

**ÁR-720:012** vegur leið

63°58.943N 21°12.525V

Gamla þjóðleiðin/Sýsluvegurinn er sýnd á herforingjaráðskorti nr. 37 frá 1908. Hún lá til suðvesturs frá vegi 720:010, sveigði til vesturs við heimatún Vorsabæjar ÁR-516 og lá áfram að myllu ÁR-527:030 í landi Núpa. Leiðin lá áfram til vesturs, meðfram Núpafjalli, sunnan og norðan við Þverárbæina ÁR-528 og ÁR-529. Þaðan lá leiðin sunnan við heimatún Þóroddsstaða ÁR-530 og Riftúns ÁR-531 og lá að Hjalla ÁR-533 og áfram að Þorlákshöfn ÁR-548. Leiðarinnar er getið í örnefnalýsingum nokkurra jarða. „Mói, nú ræktaður, norður frá Vatnatúni. Þar mættust heimagötur og gamla þjóðleiðin,“ segir í örnefnaskrá Kröggólfsstaða. Í örnefnaskrá Hjallahverfis segir: “Gamla gatan lá meðfram Móakotstúni frá Krókströðum vestur að Hjallatúni [...] Gamla gatan lá úr Hjallavaðli suður fyrir Lækjartún ...”. Seinna segir í sömu örnefnaskrá: „Með Bakka [ÁR-532] eru talin nöfn í Bakkabrekku, út að Hjallarás, nema gatan út með fjallinu, en af efri bæjum sóknarinnar var hún nefnd Hjallagötur.” “Krossgötur: Mói, nú ræktaður, norður frá Vatnatúni. Þar mættust heimagötur [sjá 525:010 og 011] og gamla þjóðleiðin,“ segir í örnefnalýsingu Kröggólfsstaða. Í bréfi Björns Pálssonar og birt er í viðauka 5 við skýrslu FS187-001172 segir: “Sýsluvegurinn gamli: hann er vel sýnilegur af Stekkjartúninu sunnan fjárhúsanna þar og norður undir Öxnalækjarveg. Þá er bútur hans enn til milli raffínunnar og Þjóðvegur 1 um 50 m vestan við veginn sem gerður var niður í Ölfus upp úr 1930. [...] Sýsluvegurinn gamli: kom neðan úr Ölfusi, um Gránulág (ekki Grænulág sem er ritvilla í tilvitnuðum fornleifaskrá) og upp á Kirkjubrún vestanverða. Hann er ekki nefndur í fornleifaskráningunum né örnefnaskrá en er að stofni forn þjóðleið og var síðan ruddur vagn- og bílfær og notaður fram yfir 1930.” Vegurinn sést m.a. vel í landi Öxnalækjar ÁR-522, Kröggólfsstaða ÁR-525, Vatna ÁR-526 og Þúfu ÁR-524.



Vegur ÁR-720:012 í landi Eystri- Þurár ÁR-528.



Horft eftir leiðinni til vesturs í landi Kröggólfsstaða ÁR-525.

Leiðin var skoðuð og rakin á nokkrum stöðum.

Leiðin er horfin í landi Hjalla og Bakka. Í landi Núpa og Þurár sést leiðin vel. Þar er hún rudd vagnleið, 3 m breidd, slétt í botninn og er um 0,2 m djúp. Í landi Núpa eru upphlaðnir kafflar, yfir gil og hlaðnar brýr eru yfir mýrar í landi Þverár. Í landi Kröggólfsstaða, Vatna og Þúfu er hægt að rekja veginn á rúmlega 720 m löngum kafla. Hann er ruddur, vagnfær, 3 m á breidd og 0,2 m djúpur. Vegurinn er sléttur í botninn og lítið gróinn. Vegurinn sést einnig vel í landi Öxnalækjar, rúmum 90 m austan við Þorlákshafnarveg 38. Þar liggur vegurinn þvert í gegnum fyrirhugað áhrifasvæði vegna tilfærslu á Suðurlandsvegi, hann er nánast í miðju þess svæðis.

Vegurinn er upphlaðinn, yfir gróna lág og sést vel. Hann er tæplega 80 m að lengd, 3 m á breidd og 0,3 m á hæð. Norðurhluti vegarins, skammt sunnan við Öxnalækjarveg, er lítið annað lág í grónum mel og sést illa.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hjallahverfi, 2, 6; Hkort 37 1:50000; Ö-Kröggólfsstaðatorfan, 4, Hkort 1:50000 nr. 37

1908; Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 29, 32.

**ÁR-720:013** heimild um leið 63°58.581N 21°11.658V  
Á herforingjaráðskorti nr. 37 frá 1908 liggur vegur til austurs frá gamla heimatúni Þúfu ÁR-524, sunnan við Saurbæ ÁR-523, Öxnalæk ÁR-522 og sameinaðist Þjóðvegi 010 norðan við heimatún Valla ÁR-516. Þar sem leiðin lá eru nú frammaræst, gróin tún nýtt til hrossabeitar. Öll ummerki leiðarinnar eru horfin af yfirborði.

**Hættumat:** engin hætt

**Heimildir:** Hkort 37 1:50000

**ÁR-720:014** heimild um leið 63°58.772N 21°13.130V  
Á herforingjaráðskorti frá 1908 er sýnd leið frá Vötnum ÁR-525 að Núpum ÁR-527. Leiðin lá eftir gróinni hraunbrún, framhjá myllu 527:030 og fór norðan við heimatún Núpa. Leiðin er horfin í landi Vatna og Kröggólfsstaða en ekki er vitað hvort hún sést þegar vestar dregur. Grasivaxin, óræktuð tún nýtt til hrossabeitar. Í landi Núpa er skógrækt við landamerkin. Leiðin lá upp svokallað Skarð (sjá 525:010) og sveigði þar til norðvesturs. Þar lá hún eftir hraunbrúninni yfir landamerki Núpa.

**Hættumat:** hætt, vegna ábúðar

**Heimildir:** Hkort 37 1:50000

**ÁR-720:015** heimild um leið 63°58.257N 21°06.287V  
Á herforingjaráðskorti frá 1909 sést leið liggja til norðausturs frá heimatúni Bakkárhólts ÁR-506 og sameinast leið 018 vestan við Ingólfsfjall og liggja að Hvammi ÁR-512. Leiðin lá vestan við Bakkárhóltsá, eftir valllendi sem þar er. Hún fór síðan yfir ána á móts við Hólstaðagil og til norðurs, meðfram fjallinu þar til hún sameinaðist leið 018. Leiðin sést ekki í landi Bakkárhólts ÁR-506.

**Hættumat:** engin hætt

**Heimildir:** Hkort 37 1:50000

**ÁR-720:016** heimild um leið 63°57.397N 21°07.614V  
Á herforingjaráðskorti frá 1908 sést leið liggja á milli Borgarkots ÁR-509 og Hvolts ÁR-492. Leiðin lá til vesturs frá Hvoli, yfir brú 506:031 og áfram að Borgarkoti. Leiðin lá yfir mýrar næst bæjunum, yfir fyrrnefnda brú og yfir Borgarkotsmel. Hún kom að suðausturhorni heimatúns Borgarkots, lá þar fyrir norðan, yfir Bakkárhóltsá og áfram að Kotströnd. Hún er horfin af yfirborði.

**Hættumat:** engin hætt

**Heimildir:** Hkort 37 1:50000

**ÁR-720:017** heimild um leið 63°56.751N 21°07.518V  
Samkvæmt herforingjaráðskorti frá 1908 lá leið til norðausturs frá leið 020 við landamerki Kirkjuferju ÁR-493 og Auðshólts ÁR-495. Hún lá að Hvoli ÁR-492 en þar sameinuðust þrjár leiðir vestan við heimatúnið, þ.e. þessi leið, leið 016 og leið 492:006. Leiðin lá um mýrar og holt. Alls staðar er mikið rask á þessu svæði, aðallega vegna túnaræktunar, ruslahauga og breyttrar landnýtingar.

Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætt

**Heimildir:** Hkort 37 1:50000

**ÁR-720:018** gata leið 63°59.565N 21°09.120V  
“Múlakvos: Krókurinn þar sem múlinn kemur að fjallinu, mót austri. Þar skiptust götur, önnur lá yfir múlann en hin [sjá 517:033] niður með honum austanverðum,” segir í ornefnaskrá Reykjatorfunnar. Í skýrslu Minjastofnunar Íslands frá 2008 segir : „Sú leið liggur meðfram nýlegum reiðstíg undir Mið-Múla og Eystri-Múla en hverfur undir reiðstíginn þegar kemur nær Sogni.” Leiðin er sýnd á herforingjaráðskoti frá 1908. Þar liggur hún til vesturs frá Hvammi ÁR-512, sunnan við heimatún Gljúfurs ÁR-513 og Sogns ÁR-514 að Reykjum ÁR-517. Í landi Reykja liggur leiðin milli fjallshlíðar til norðurs og bithaga til suðurs. Þar er malaborinn reiðstígur sem fyrr segir en götuna má víða sjá sunnan hans. Leiðin er



Leið ÁR-525:018, horft til vesturs í landi Reykja ÁR-517.

ÁR-720:019 garðlag áveita

63°57.475N 21°09.230V



Áveita í Reykjaengjum ÁR-517.

einnig varðveitt neðan við vesturhlíðar Ingólfsfjalls. Gróinn mói með lækjum og mýrardrögum er til vesturs en brött brekka til norðurs.

Gatan liggur meðfram fjallshlíðinni, allt að Sogni. Þar liggur hún í grónum túnum og á láglendi. Í landi Reykja sést gatan sem fyrr segir sunnan við reiðstíginn og er viðhaldið með lausagöngu hrossa. Þar má sjá 1-2 paldra, uppi á múlanum og vestan hans. Mól og mold er í botni þeirra. Leiðin er auðrakin á loftmynd.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Reykjatorfa, 5; Kristinn Magnússon, 62; Hkort 37 1:50000

„Þetta sameiginlega láglendi sveitarinnar hefur verið engjalönd bænda, gegnum aldirnar. Þangað hafa allar jarðir sótt heyskap meira eða minna. Það var sá vitaðsgjafi, sem aldrei brást grasspretta, sérstaklega ef gras brást á þurrlendi. Hitt var örðugra að þurrka þegar rigningartíð var. Flæðihætta var mikil, heyið flaut í burtu ef stórflóð gjörði. Allar nærliggjandi jarðir áttu sín takmörkuðu engjalönd. Stærstan hlutann átti Arnarbæli, sem presturinn réði yfir. Höfðu sumar jarðir sama engið ár eftir ár á leigu og voru kennd við þá bæi. (...) Botnsmýrin var einskonar afréttur, þar sem margir fengu, með leyfi prestsins, gott hey, ef vel viðraði til þurrka. Heyöflun þar var mjög erfið, því hestum varð ekki við komið, vegna keldu, sem umlukti hana á alla vegu og var ófær hestum. Brugðið var á það ráð að setja heyið saman í

„lanir“ og flytja heim þegar fraus á haustin, „hélt í lanir“ eins og það var kallað á máli heimamanna. [...] Oft vildu lanirnar skemmast í haust rigningum, því ekkert var til að breiða yfir [...]. Áveitur munu ekki hafa verið gerðar fyrr en seint á síðustu öld [19. öld]. Þá var gjört nokkurt átak. Grafinn skurður fyrir framan Varmá í landi Kröggólfsstaða, sér enn fyrir. Flóðgarðar hlaðnir til að halda vatni á.“ Víða má sjá ummerki um engjar, áveitur og heyskap í svokölluðum Ölfusforum. Svæðið er gríðarstórt, vatnsmiklir skurðir eru víða, ár renna að hluta í þeim og mýrar víða mjög blautar. Allt þetta gerði það að verkum að ekki reyndist unnt að skrá þessi mannvirki í aðalskráningunni nema að litlu leyti. Þetta er mikið rannsókanrefni sem bíður betri tíma og betri tækja.

**Hættumat:** hætta

**Heimildir:** SB III: 285-288

ÁR-720:020 heimild um leið

63°56.457N 21°06.647V

Þjóðleið ÁR-720:020 lá á milli hlaðinna garðlaga suðaustan við bæinn á Kirkjuferju ÁR-493 og sést vel til þeirra enn að sögn Guðmundar Baldurssonar, heimildamanns. Garðlögin voru syðsti hluti traða sem sýndar eru á túnakorti frá 1918 og um leið túngarði 018. Leiðin lá meðfram bökkum Ölfusár, allt að Laugarbökkum ÁR-488.

Þar sem leiðin liggur eru mýrar, ræktuð tún, byggingar og skógur.

Engin ummerki um leiðina sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Hkort 37 1:50000



**ÁR-720:021** heimild um leið

63°56.499N 21°17.326V

Leið er sýnd milli Bakka ÁR-532 og Hjalla ÁR-533 á herforingjaráðskorti frá 1909. Leiðin lá sunnar en þjóðvegurinn, þar sem nú liggur gamall moldarvegur frá Gerðakoti ÁR-538 að Bakka.

Þar sem að leiðin lá eru slétt, ræktuð tún og holt. Þar er melur inn á milli gróðurs. Byggingar á Bakka eru einnig yfir leiðinni að hluta.

Engin ummerki um leiðina sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætt

**Heimildir:** Hkort 37 1:50000

**ÁR-720:022** heimild um leið

63°58.910N 21°13.748V

Leið er merkt á Herforingjaráðskort frá 1908 til suðvesturs frá leið 010, fast vestan við rétt 521:026. Hún lá yfir Bæjarþorpsheiði, þvert yfir leið 525:011 og endaði norðan við heimatún Núpa ÁR-527. Þetta voru reiðgötur samkæmt kortinu en engin ummerki þeirra sjást lengur.

Innan þéttbýlisins í Hveragerði er nú gróinn garður við Hótel Örk þar sem göturnar lágu. Bæjarþorpsheiði er öröskuð en ekki var að sjá nein ummerki um leiðina á því svæði, þar sem hún hefur legið þvert yfir áhrifasvæði Suðurstrandarvegar, um 400 m norðvestan við Þorlákshafnarveg 38. Ljóst er að leiðin var líklega ekki fjölfarin.

Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætt

**Heimildir:** Hkort 37 1:50000

**ÁR-720:023** vegur leið

63°57.638N 21°23.348V

Í bréfi Björns Pálssonar og birt er í viðauka 5 við skýrslu FS187-001172 segir: “Vegur niður í Ölfus: Vegurinn var gerður laust eftir 1930. Við gerð hans unnu meðal annarra refsifangar sem vistaðir voru á nýstofnuðum „Letigarði“ á Litla-Hrauni. (Heim. Siggeir Jóhannsson, Núpum).” Þessi vegur er of ungur til þess að teljast til fornleifa en hafður hér með sem hluti af sögu samgöngumínja á svæðinu. Hann sést liggja til suðurs frá Suðurlandsvegi, um 190 m austan við Þorlákshafnarveg 38.

Vegurinn liggur í gróinni heiði, þar sem víða koma stakir klettur uppúr sverði. Svæðinu hefur verið raskað, m.a. með lagningu Búrfellslínu. Vegurinn liggur þvert í gegnum suðurhluta áhrifasvæðisins, sunnan við gróna hraunbrún. Hann er fast austan við Gamla - Sýsluveg 012 og í suðurenda svæðisins, skarast leiðirnar. Vegurinn er 90 m langur, 4 m á breidd og liggur norðaustur - suðvestur. Hann er horfinn til norðurs en sést aftur utan skráningarsvæðisins, sunnan við Suðurlandsveg. Hann er 0,2 m á hæð og uppbyggður.

**Heimildir:** Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 29, Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2017, 16-17



Vegur ÁR-720:023, horft til suðvesturs.

**ÁR-720:024** heimild um leið

63°56.817N 21°06.056V

“Langholt. Lágt holt nyrzt í Brennimýri. Um það liggur vegurinn að Kirkjuferju,” segir í örnefnalýsingu Hvols ÁR-492. „Vegurinn heim að bænum liggur meðfram Rásinni og Ferjugili heim að Kirkjuferju. Eftir þeim mel hafa þeir farið, sem fóru yfir Ölfusá á Kotferju; niður þurra bakka Ölfusár og upp melinn, og stefnu á Borgarkot (nú Ingófshvoll ÁR-506),» segir í örnefnalýsingu Kirkjuferju. Hér er um sömu leið að ræða. Leiðin er einnig sýnd á herforingjaráðskorti frá 1908. Leiðin liggur á milli vega ÁR-720:017 og ÁR-720:020 og var ekki eingöngu leið á milli bæjanna, heldur einnig gömul þjóðleið. Þessi leið lá á sama stað og núverandi malarvegur að Kirkjuferju ÁR-493.

Til vesturs frá Langholti eru óræktuð tún, innan landsvæðis Kirkjuferjuhjáleigu ÁR-494. Til annarra átta eru ræktuð tún. Langholt er á merkjum Kirkjuferju og Hvols en tilheyrir nú nýbýlinu Bræðrabóli.

Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Hvoll a, 2; Hkort 37 1:50000; Ö-Kirkjuferja, 2

**ÁR-720:025** gata leið

64°00.052N 21°05.764V

„Gamla þjóðleiðin: Leiðin upp með Gljúfurá frá Kotstrandarhól, upp Langamel [002], um Grafningsháls; þaðan um Grafning og austur yfir Álftavatn hjá Torfastöðum og síðan um Grímsnes og í fleiri uppsveitir,” segir í örnefnalýsingu Kotstrandar. Þjóðleið á milli Ölfuss og Grafnings lá fast vestan við Ingólfsfjall, í lanid Hvamms ÁR-512. Hún lá til norðurs milli Hvamms og Gljúfurs ÁR-513 og að Litla-Háls í Grafningi. Leiðin ver ekki skráð á vettvangi, er á svæði sem var aðalskráð af Margréti Hallmundsdóttur árið 2009. Á þessu svæði er nú malarnáma og línuvegur að hluta.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kotströnd a, 3; H-kort 37 1:50000

**ÁR-720:026** Þorgrímsstaðagata heimild um leið

63°55.882N 21°19.045V

Leið er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908 sem lá frá Hjallahverfinu til vesturs framhjá túnun Efri- og Ytri- Grímslækja ÁR-539 og ÁR-540 og endar í túni Hrauns ÁR-541. Hennar er getið í örnefnalýsnum. „Í Miðtúni efst, uppi við veginn út að Hrauni, er allstór hóll sem heitir Hjallshóll eða Hjallhóll að sögn heimamanna, en Guðjón á Ytri-Grímslæk kallar hann Hjallhól,” segir í örnefnalýsingu Efri-Grímslækjar ÁR-539. Í örnefnaskrá Hjallahverfis segir: “Vestan Bjarnastaða [ÁR-535] er stórt mólendi sem heitir Svartimói. Sunnan Svartamóa er annar ólíka mói sem heitir Breiðimói, vestur af Lækjatúni, beggja megin við þjóðveginn. Liggur Þorgrímsstaðagata milli móa þessara vestan frá Hjallarás heim að túnun. Nú hefur verið ræktað tún á Svartamóa og Breiðamóa ...”. Leiðin er horfin, vegna túnaræktunar og vegagerðar.

Hún hefur að stórum hluta legið þar sem núverandi þjóðvegur liggur á milli Grímslækja og Hrauns.

Leiðin var skoðuð í landi Hjallahverfis, þar eru tún.

Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Hkort 37 1:50000; Ö-Grímslækir, 1; Ö-Hjallahverfi, 6

**ÁR-720:027** gata leið

63°59.214N 21°14.316V



Vegur ÁR-720:027 í landi Núpa ÁR-527.

Á herforingjaráðskorti frá 1908 er sýndur vegur allt frá Kambabrún að Hjalla ÁR-533. Þetta er gömul þjóðleið sem lá frá leið 721:061 að heimatúni Núpa ÁR-527.

Leiðin lá austan undir fjallshlíðinni. Þar er gróið svæði, skriður og stakstæði klettur.

Upphlaðinn vegur er í landi Núpa nærri bænum að stekki 014. Vegurinn er á sama stað og göturnar á herforingjaráðskortinu. Leiðin var ekki skoðuð þar sem hún liggur upp Kambabrún en gæti vel sést þar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Hkort 37 1:50000





## 5. Fornleifar og byggðapróun í Ölfusi

Til að setja niðurstöður fornleifaskráningar í fræðilegt samhengi er nauðsynlegt að hafa hugmynd um sögu byggðar á því svæði sem er til rannsóknar. Byggðasaga er einn sá grunnur sem áætlanir um frekari rannsóknir, t.d. uppgrefti, ættu að byggja á. Vítneskja um sögu byggðar eykur líkur á að rannsóknarefni fornleifafræðinga sem og annarra fræðimanna séu mótuð og þar af leiðandi fáist markvissari niðurstöður. Aðferðin sem hér er beitt til að skoða þróun byggðar á svæðinu er að skoða fyrst landnám í Ölfusi eins og sagt er frá því í Landnámabók og öðrum fornum heimildum og reyna á grunni þess og staðsetningu kumla, kirkna og annarra fornleifa og með hliðsjón af landgæðum og öðrum landsháttum að geta sér til um hvaða jarðir byggðust fyrst á svæðinu. Kuml eru sjálfstæð heimild um byggð fyrir árið 1000 en staðsetning kirkna og bænhúsa gefur einnig vísbendingu um forna byggð þar sem hvort tveggja er yfirleitt talið reist mjög skömmu eftir kristnitöku. Nærtækasta skýringin á miklum fjölda guðshúsa á fyrri öldum er að þau hafi upphaflega verið byggð í heimagrafreitum sem hafa verið við flesta bæi eins og kumlateigar í heiðni. Sé svo má nota bænhús eða kirkju sem vísbendingu um að viðkomandi bær hafi verið kominn í byggð á fyrri hluta 11. aldar. Jarðir þar sem kirkjur og bænhús hafa verið, eru að jafnaði stærri og dýrari en þær sem ekki höfðu slík hús og er því oft freistandi að álykta að minniháttar jarðir þar sem ekki hafa verið bænhús kunni að vera seinna til komnar, eða hafi að minnsta kosti ekki verið orðnar sjálfstæð býli á fyrri hluta 11. aldar.

Í skýrslu Hildar Gestsdóttur og Orra Vésteinssonar, *Fornleifaskráning í Ölfushreppi II. Svæðisskráning í Ölfus- og Selvogshreppi* er farið yfir líklega byggðapróun í Ölfusi út frá þekktum ritheimildum og er sú umfjöllun sem fylgir hér á eftir að stærstu leyti byggð á úttekt þeirra en einblýnt verður á svæðið sem fjallað er um í þessari skýrslu. Í skýrslu Hildar og Orra segir: „Af almennum líkum má þó ætla að Ölfus sé meðal þeirra sveita sem fyrst hafi byggst á Íslandi. Ölfusárós, Þorlákshöfn og Selvogur hafa um aldir verið þrautarlending þeirra sem sigldu vestur með suðurströndinni í leit að lendingum, og ekki rötuðu inn á höfnina á Eyrum. Fyrir þá sem komu skipum inn á Ölfusárós hefur Ölfusið verið gósenland. Hið mikla votlendi upp af ósnum hefur ekki verið hulið skógi og því hefur ekki þurft að byrja á að ryðja hann til að efna til byggðar. Nægur heyaflí hefur verið á votlendinu fyrir nautgripi og annann fænað og skammt í sumarþithaga á fjöllum. Mikil selveiði var í ósnum og sölvatekja á ströndinni, og sjávarafli utan við landsteina. Óhætt er að fullyrða að fáar sveitir á Íslandi hafa jafnmikil landgæði á litlu svæði og Ölfusið – og raunar er talið að landgæði hafi ekki verið síðri í Selvogi áður en sandur tók að herja á þá sveit á 17. öld. Af þessu má ætla að snemma hafi orðið þéttbyggt í Ölfusi – og má vel vera að sagnir um skamma viðveru Ingólfs Arnarssonar undir Ingólfsfjalli geymi minningar um að héraðið hafi byggst einna fyrst af sveitum landsins. Út frá staðsetningu og landgæðum má ætla að Arnarbæli hafi verið með allra fyrstu bústöðum í Ölfusi en síðan hefur hver bærinn á fætur öðrum risið á brún votlendisins, frá Auðsholti og í sveig til vesturs að Hrauni. Byggðin er þéttust [vestan] til, svo þétt raunar að nær er að tala um þorp en staka

bæi, enda er talað um Bæja[r]þorp, Hjallahverfi, Reykjatorfu o.s.frv. Þó erfitt sé að fullyrða um það án rannsókna er einlægast að álíta að byggð hafi þegar verið orðin þétt í þessum hverfum á landnámsöld – frekar en að jarðir hafi skipst upp smátt og smátt á seinni öldum.<sup>1</sup> Hverfin virðast hafa verið tvenns kyns: Annarsvegjar hafa verið stórbýli (Arnarbæli, Hjalli, Hraun) með fjölda hjáleiga og afbýla, og hinsvegar hverfi með ámóta stórum meðaljörðum (Bæjarþorp, Bakkárholt-Kotsrönd) og má vera að þessi ólíku mynstur endurspegli að einhverju leyti samfélagsskipan landnámsaldar og nýtingu auðlinda á 9.-10. öld. Fyrir utan votlendisbrúnina standa flestir bæir í Ölfusi við fjallsrætur með jöfnu millibili (t.d. Alviðra – Tannastaðir – Fjall og Breiðabólstaður – Litlaland – Hlíðarendi) og má ætla að þær jarðir séu byggðar heldur seinna en hverfingin kringum Forirnar en þó hefur það tæplega munað miklu. Á 11. öld reistu efnaðri bændur og höfðingjar kirkjur og bænhús á jörðum sínum og má af dreifingu slíkra húsa fá nokkra hugmynd um skipulag byggðar á þeim tíma. Vitað er um kirkjur í Fjalli, Árbæ, Kirkjuferju, Auðsholti, Arnarbæli, Reykjum, Núpum, Hjalla, Breiðabólstað og í Þorlákshöfn [...]. Kirkjurnar sem vitað er um eru á öllum dýrustu jörðunum og eru einnig með nokkuð jöfnu millibili en miðað við fjölda býla eru tiltölulega fáar kirkjur í kringum Forirnar en hlutfallslega margar meðfram bökkum Ölfusár. Þetta gæti bent til að höfðingjar á Hjalla, Núpum, Reykjum, Auðsholti og/eða Arnarbæli hafi snemma – eða jafnvel frá upphafi – haft yfirráð yfir hinum minni býlum í kringum Ölfusforir. Hugsast getur að hin þetta byggð t.d. í Bæjarþorpi hafi verið skipulögð – kannski af höfðingja á Núpum – sem leiguliðabyggð í því augnamiði að ná sem mestum leigutekjum af landinu. Annarskonar munstur er undir Ingólfsfjalli þar sem jarðirnar eru stærri að jafnaði þó engin þeirra teljist til stórbýla. [...] Á 12. öld urðu kirkjurnar á Hjalla, Arnarbæli og Reykjum sóknarkirkjur Ölfusinga og bendir það til að bændur á þessum jörðum hafi verið forystumenn sveitarinnar á þeim tíma. Kirkjustaðirnir hafa síðan verið miðstöðvar sveitarinnar og þar sátu öðruhvoru höfðingjar. Gissur Þorvaldsson bjó á Reykjum um skeið fyrir 1240 og í Arnarbæli bjó um 1290 Þorvarður Þórarinsson, sem var einn helsti valdsmaður um sunnan og austanvert Ísland eftir að Gissur jarl dó 1268 til dauðadags 1296. [...] Næsta lítið er vitað um byggð í Ölfusi eða Selvogi á síðmiðöldum. Margra jarða í Ölfusi er hvergi getið í skjölum fyrr en í jarðabókum 17. aldar og er það óvenjulegt því víðast er flestra jarða getið einhverstaðar í skjölum frá 14. og 15. öld. Skýringin gæti legið í því að mjög margar af jörðunum í Ölfusi, einkum um austanverða sveitina, hafi snemma komist undir Skálholtskirkju – mögulega þegar á 12. eða 13. öld en jarðabækur stólsins frá miðöldum hafa ekki varðveist. Nokkrar jarðir í Selvogi og í vestanverðu Ölfusi koma oft við sögu í skjölum á 15. og 16. öld en Möðruvellingar í Eyjafirði áttu þar nokkrar jarðir sem á 16. öld komust í hendur Erlendunga, Þorvarðar Erlendssonar lögmans (d. 1513) og afkomenda hans, sem margir bjuggu á þessum slóðum. [...] Ölfus kemur allmikið við sögu siðaskiptanna á Íslandi, einkum vegna jarðabrats og ítaka sem Ögmundur biskup Pálsson átti þar. Ögmundur náði yfirráðum yfir Hjalla í Ölfusi og fékk jörðina Ásdísi systur sinni og Eyjólfvi Jónssyni manni hennar, og á Hjalla handtóku danskir hermenn hinn blinda biskup 1541. Afkomendur Ásdísar og Eyjólfv bjuggu lengi eftir

1 sbr. Orri Vésteinsson 1998

Þetta á Hjalla, styrktir af mægðum við Erlendunga. Á 16. öld náðu Skálholtsbiskupar undir sig bæði Reykjum og Arnarbæli – og bjó Oddur Gottskálksson Nýjatestamentisþýðandi um skeið á Reykjum og fékkst þar við riststörf í skjóli Gissurar Einarssonar. 16. öldin var einskönar blómaskeið Ölfus og Selvogs. Þá bjuggu þar stórhöfðingjar áratugum saman, [...]. Lítilsháttar verslun var í Þorlákshöfn á 16. öld og þar hefur verið stöðug verslun frá seinni hluta 18. aldar, í tengslum við öfluga útgerð, [...]. Á 17. öld eyddist einnig jörðin Fjall undir Ingólfsfjalli vegna skriðufalla. Fjall hafði verið betri meðaljörð með eigin kirkju en bæjarstæðið eyddist vegna aurskriða og grjóthruns úr Ingólfsfjalli. Einsýnt er að orsök þeirra skriðufalla er að rekja til þess að skógur, sem áður hélt jarðvegi í hlíðum fjallsins, hefur verið eyddur á þessum tíma og hefur síðan runnið stöðugt úr hlíðum fjallsins. Eftir að bæjarstæði Fjalls var yfirgefið á 18. öld skiptist jörðin milli Laugarbakka, [Fosness] og Hellis sem áður höfðu verið hjáleigur. [...]. Í Jarðabók Árna og Páls sem tekin var saman á árunum 1706 og 1708 á þessu svæði er víða getið um hjáleigur og afbýli sem höfðu byggst á seinni hluta 17. aldar. Margar fóru fljótlega í eyði aftur í harðindunum um 1700 eða í kjölfar Stórubólu 1707 en önnur héldust í byggð. Hugsast getur að byggð hafi verið með mesta móti í Ölfusi á síðustu tveimur áratugum 17. aldar en af því að langflest þessara kota byggðust í hverfum þar sem fjöldi hjáleiga var fyrir, er varlegra að ætla að byggð hafi ávalt verið sveiflukennd þar sem þannig háttaði til. Þ.e. að í kringum stórbýli eins og Arnarbæli og Hjalla hafi ávallt verið mikill fjöldi kota, og að fjöldinn hafi sveiflast eftir árferði og/eða hagsmunum bændanna sem jörðunum réðu. Engar heimildir eru til sem gefa ástæðu til að ætla að fyrir utan byggðaeýðingu í Selvogi hafi orðið neinar verulegar breytingar í skipulagi byggðar í Ölfusi eða Selvogi fyrir en á þessari öld.<sup>42</sup>

Sú mynd sem fæst af sögu svæðisins með því að kanna fornar heimildir er ófullkomin. Sé horft á tiltækar heimildir og skráningargögn saman kemur það berlega í ljós. Færa má rök fyrir því að landnám í Ölfusi byggist að öllum líkindum upp umhverfis Ölfusforir, lífæð sveitarinnar. Bæirnir mynda sveig umhverfis Forirnar, engjasvæði sveitarinnar, og samanstanda af nokkrum hverfum og þyrpingum. Byggð í Ölfusi virðist snemma verða nokkuð stöðug sé tekið mið af upplýsingum úr máldögum og Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703. Heimildir um býli og hjáleigur í Ölfusi koma flestar úr Jarðabókinni en staðsetning margra þeirra er óþekkt í dag. Ekki er ljóst hverju það sætir er en jarðrask hefur án efa sitt að segja í þeim málum. Einnig er ljóst að mikið þekkingarrof er á stórum svæðum í Ölfusi, bæði tengt örnefnum, nýtingu svæða og minjum. Áhugavert rannsóknarefni væri að skoða skipulag hverfanna nánar með hliðsjón af skráningargögnunum, upplýsingum um býli og örnefni og með þeim hætti væri eflaust hægt að fá betri og ítarlegri hugmynd um byggðaþróun í Ölfusi, möguleg kuml og landnýtingu.

Samtals voru skráðir 600 minjastaðir árin 2016-2018 og dreifast þeir nokkuð jafnt yfir úttektarsvæðið. Fornleifarnar sem skráðar voru eru mjög fjölbreytilegar og verður hér fjallað um helstu minjaflokka.

---

2 Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson. 1999: 14-18



## Bæjarhólar, bæjarstæði og býli

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Almenna reglan er sú að oftast standa bæir á svipuðum stað öldum saman, jafnvel allt frá landnámsöld til þessarar, og myndast þá bæjarhólar sem eru samsettir úr byggingaleifum og mannvistarlögum. Hólarnir verða til úr gólfögum sem hafa hlaðist upp í tímans rás, byggingarefni, torfi og grjóti og öskuhaugum. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og mikilla og fjölbreytilegra fornminja að vænta. Bæjarhólar eru því mikilvægir minjastaðir en jafnframt sá minjaflokkur sem einna verst hefur farið í uppbyggingu í landbúnaði á þessari öld en brýnt er að koma í veg fyrir að bæjarhólar verði eyðileggingu að bráð. Vandinn við bæjarhóla er að í meirihluta tilfella er enn búið á þeim og víða hafa steypuhús með djúpum kjöllum verið byggð á þeim og skemmt þá að talsverðu leyti. Þar sem enn er búið á bæjarhólum er hæpið að réttlætánlegt eða raunhæft sé að friða þá fyrir frekara raski, en skemmdir bæjarhólar geta þó verið markverð rannsóknarefni og er mikilvægt að reynt verið að finna leiðir til að fylgjast með framkvæmdum á þeim. Mikilverðastir eru þó bæjarhólar þar sem ekki hefur byggt á síðustu áratugum eða þeir orðið fyrir raski.

Á skráningarsvæðinu voru samtals skráðir 24 bæjarhólar á 23 lögbýlum. Hér teljast til lögbýla allir þeir bæir sem skilgreindir eru sem slíkir í Jarðatali Johnsen frá 1847 en að auki er Frambærinn á Eystri-Þurá talin hér með. Bæjarhólarnir eru í misjöfnu ástandi. Algengt er að þeim hafi verið raskað á síðustu áratugum þótt hluti hólanna sé gjarnan eftir óskaddaður. Ný íbúðarhús standa á nokkrum þeirra, sumum hefur verið raskað við túnasléttun og útihús hafa verið byggð á enn öðrum. Nokkrir bæjarhólar eru minna raskaðir vegna tilfærslu á bæjarhúsum en einungis fjórir bæjarhólar á öllu skráningarsvæðinu eru lítið sem ekkert raskaðir, það er á Fjalli, Laugarbökkum, Riftúni og Kirkjuferjuháleigu.

Fjórir bæjarhólar eru horfnir af yfirborði. Ekki er vitað með vissu hvar bæjarhóll Þórustaða ÁR-491:001 var en mikið þekkingarrof er í sögu þessara jarðar og jarðrask innan heimatúnsins. Þar er m.a. svínabú með miklum mannvirkjum og allt túnið slétt. Sé tekið mið af fyrirbyggjandi gögnum var bærinn líklega rétt vestan eða norðvestan við núverandi íbúðarhús. Bæjarhól Hvols ÁR-492:001 var rutt út þegar nýtt íbúðarhús var byggt árið 1963 og þar er nú bílastæði á sléttlendi. Samkvæmt heimildum var þarna veglegur hóll áður. Þar sem ætla má að bæjarhóll Bjarnastaða ÁR-535:001 hafi verið eru nú útihús frá 20. öld. Uppsöfnun mannvistarlaga er hvergi merkjanleg og líklegt að allar minjar undir sverði séu horfnar eða mikið raskaðar. Gerðakot ÁR-538:001 hefur líklega alltaf staðið á sama stað, á hól við mýrarbrún. Engin uppsöfnun mannvistarlaga sést undir núverandi íbúðarhúsi sem er byggt 1925-1958 og líklegt að hólnum hafi verið rutt út við byggingu þess.

Á öðrum jörðum á skráningarsvæðinu var ástand bæjarhólanna betra, þó að víðast hafi einhverjar framkvæmdir átt sér stað á þeim. Í 17 tilfellum hefur bæjarhólum verið raskað að hluta. Það er í Alviðru ÁR-486:001, Tannastöðum ÁR-487:001, Kirkjuferju ÁR-493:001, Kotströnd ÁR-4511:001, Gljúfri ÁR-513:001, Sogni ÁR-514:001, Núpum ÁR-527:001,

Samtala	Sérheiti	Fyrst getið	Stærð	Hleðsluhæð	Ástand	M i n j a - rask
ÁR-486:001	Alviðra	1487 sölubréf jarðarinnar	40x30	0,5	sést til	Rask
ÁR-487:001	Tannastaðir	1520 sölubréf jarðarinnar	74x50	2,5	sést til	Rask
ÁR-488:001	Laugarbakkar	JÁM II 1708	76x30	1	sést til	Sléttað
ÁR-489b:001	Fjall	Landnáma	63x28	0,8	sést til	Óraskað
ÁR-491:001	Þórustaðir	1547 sölubréf jarðarinnar	60x30	1	ekki sést til	Rask
ÁR-492:001	Hvoll	JÁM II 1708			ekki sést til forn-leifar	Rask
ÁR-493:001	Kirkjuferja	1391 máldagi Kirkjuferjukirkju	60x30	1	sést til	Rask
ÁR-494:001	Kirkjuferju hjáleiga	JÁM II 1708 (þá talin fornar rústir)	32x20	0,6	sést til	Sléttað
ÁR-511:001	Kotströnd	JÁM II 1708	30x20		sést til	Rask
ÁR-513:001	Gljúfur	JÁM II 1708	30x20	0,4	sést til	Rask
ÁR-514:001	Sogn	1542 getið í dómsmáli	50x30	1	sést til	Rask
ÁR-527:001	Núpar	Landnáma	50x30		sést til	Rask
ÁR-528:001	Eystri-Þurá	JÁM II 1708	30x25	0,8	sést til	Rask
ÁR-528:007	Eysti-Þurá	1801 manntal	40x30		sést til	Rask
ÁR-529:001	Ytri-Þurá	JÁM II 1708	40x20	0,8	sést til	Sléttað
ÁR-530:001	Þóroddstaðir	1546 sölubréf jarðarinnar	60x30		sést til	Rask
ÁR-531:001	Riftún	JÁM II 1708 ( Riftún byggt fyrir 40 árum, kallaðist áður hjáleiga)	22x20	0,3	sést til	Sléttað
ÁR-532:001	Bakki	1382-91 Máldagi Hjallakirkju	34x25	0,5	sést til	Rask
ÁR-533:001	Hjalli	1000-1030 Flóamannasaga	53x45		sést til	Rask
ÁR-534:001	Lækur	JÁM II 1708 (byggð fyrir manna minni)	50x45		sést til	Rask
ÁR-535:001	Bjarnastaðir	JÁM II 1708 (byggð fyrir manna minni)	40x15		ekki sést til forn-leifar	Rask
ÁR-536:001	Þorgrímsstaðir	JÁM II 1708 (byggð fyrir manna minni)	34x28	0,5	sést til	Sléttað
ÁR-537:001	Krókur	JÁM II 1708 (byggð fyrir manna minni)	15x5		sést til	Sléttað
ÁR-538:001	Gerðakot	JÁM II 1708 (byggð fyrir manna minni)	40x40		ekki sést til forn-leifar	Sléttað

Tafla 1. Listi yfir bæjarhóla sem skráðir voru. Hér er einnig getið um ástand þeirra og elstu heimildir.

Eystri-Þurá (Norðurbær) ÁR-528:001, Eystri-Þurá (Frambær) ÁR-528:007, Ytri-Þurá ÁR-529:001, Þóroddsstöðum ÁR-530:001, Bakka ÁR-532:001, Hjalla ÁR-533:001, Læk ÁR-534:001, Þorgrímsstöðum ÁR-536:001 og Króki ÁR-537:001. Þessum bæjarhólum hefur verið raskað með byggingu yngri húsa og þeir sléttaðir út að hluta þó enn megi greina veggjarbrot og húsgrunna á einhverjum þeirra. Einhver þeirra húsa sem byggð voru á bæjarhólunum eru með kjallara sem grafnir eru djúpt í hólinn en slíkar framkvæmdir hafa yfirleitt raskað

Samtala	Sérheiti	Fyrst getið	Stærð	Hleðslu-hæð	Ástand	Minja-rask
ÁR-533:009	Móakot	1860 manntal	30x30	0,5	sést til	Sléttað
ÁR-514:013	Kot	1896 smkv. örnefnalýsingu.	14x14	0,2	sést til	Óraskað
ÁR-534:006		ekki vitað, minjar fundust við jarðrask			ekki sést til fornleifar	Rask
ÁR-492:007	Hólsstaðir	ekki vitað, þjóðsagna-kenndar lýsingar af bæ sem eyddist í skriðu			ekki sést til fornleifar	
ÁR-492:015	Hvolshjáleiga	JÁM II 1708 (byggð um 30 árum fyrr)			ekki sést til fornleifar	
ÁR-493:008	Hjáleigutóft	ekki vitað			ekki sést til fornleifar	Rask
ÁR-493:016		JÁM II 1708 (byggð um 12 árum fyrr)			ekki sést til fornleifar	
ÁR-511:005	Steinvararhús	ekki vitað			ekki sést til fornleifar	Sléttað
ÁR-511:015	Bali	ekki vitað			ekki sést til fornleifar	
ÁR-528:010	Þjóðbraut	1897-1907. SB III			ekki sést til fornleifar	Rask
ÁR-530:005	Torfakot	JÁM II 1708 (byggðar í manna minni)			ekki sést til fornleifar	Sléttað
ÁR-530:006	Skálholt	JÁM II 1708 (byggðar í manna minni)			ekki sést til fornleifar	
ÁR-533:022	Tjarnarkot/ Hannesarstaðir/ Karlskot	1880 smkv. Örnefnalýsingu Hjalla.			ekki sést til fornleifar	Sléttað
ÁR-486:015	Hjáleigur	ekki vitað			ekki sést til fornleifar	
ÁR-486:007		ekki vitað			ekki sést til fornleifar	
ÁR-493:021	Gilsbakki	Upphaf 19. aldar smkv. örnefnalýsingu	4x2	0,4	sést til	Rask
ÁR-528:008	Grænavik	ekki vitað	40x25	0,8	sést til	Rask

Tafla 2. Helstu upplýsingar um skráð býli árin 2016-2018.

mannvistarlögum talsvert. Í flestum tilvikum má þó enn greina uppsöfnun/bæjarhól á yfirborði og víða eru án efa talsverðar mannvistarleifar undir sverði enda sjaldnast nokkrar vísbendingar um að bæirnir hafi staðið annars staðar en einmitt umræddum stöðum.

Samtals voru skráðir fjórir bæjarhólar sem voru óraskaðir eða höfðu orðið fyrir litlu raski. Laugarbakkar ÁR-488:001 eru nokkuð frá núverandi húsum á jörðinni. Þar sér enn móta fyrir bæjarhól á ílöngu holti en öllum minjum verið rutt út og hóllinn líklega eitthvað lækkaður við sléttunina. Hið sama má segja um bæjarhól Riftúns, þar sést bæjarhóll í sléttuðu túni en allar minjar á honum eru horfnar. Bæjarhóll Fjalls ÁR-489b og tóftir síðasta bæjarins



eru enn varðveitt, á mörkum sveitarfélaganna Ölfuss og Árborgar. Bæjarhóllinn er fast vestan við Biskupstungnabraut en minjarnar eru friðlýstar. Bæjarhóll Kirkjuferjuháleigu ÁR-494 er fremur umfangslítill en þar mótar ennþá fyrir tóftum.

Á skráningarsvæðinu eru þekkt 17 býli á níu jörðum. Býlin voru misstöndug, flest voru hjáleigur, önnur tómthús eða þurrabúðir og þekking um önnur hefur eingöngu varðveist í munnmælum. Einhverjar heimildir eru um flest býlanna en í mörgum tilfellum er staðsetning þeirra óþekkt. Búseta á flestum þeirra virðist hafa varað stutt en ekki ólíklegt að einhver býlanna hafi byggst á bæjarstæðum eldri bústaða, þótt frekari rannsókna þyrfti við til að staðfesta það. Staðsetning níu býla er týnd en flestra þeirra er getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708. Þá eru þau flest þessara týndu býla í eyði og hafði búseta þar gjarnan varað stutt samkvæmt því sem þar kemur fram. Ummerki um fjögur býli sjást ennþá en eitthvað rask hefur átt sér stað í öllum tilfellum. Þetta eru Móakot ÁR-533:009, Kot ÁR-514:013, Gilsbakki ÁR-493:021 og Grænavík ÁR-528:008. Hvergi sést veglegur bæjarhóll eða greinilegar tóftir á yfirborði á þessum stöðum. Sum voru nýtt áfram sem fjárhús líkt og Grænavík ÁR-528:008 og Kot ÁR-514:014 meðan önnur voru sléttuð út líkt og Torfakot ÁR-530:005 og Móakot ÁR-533:009. Býli ÁR-534:006 og ÁR-486:007 fundust við jarðrask innan heimatúna en í báðum tilvikum var mokað aftur yfir minjarnar. Eitt býli er komið undir veg og öll ummerki horfin af þeim sökum, það er Þjóðbraut ÁR-528:010.

Kirkjur, bænhús, kuml og legstaðir

Ekkert kuml er þekkt á skráningarsvæðinu, né í sveitarfélaginu öllu, og ekki varð breyting þar á við aðalskráninguna. Ekki eru heldur þekktar sagnir um mannabeinafundir sem gefa vísbendingar um slíkt. Einn fornmannahaugur, Inghóll ÁR-486:011, var skráður uppi á Ingólfsfjalli. Hóllinn er náttúrulegur en sést víða að neðan af láglandi enda hæsti punktur fjallsins. Þessi hóll hefur lengi vakið athygli og um árið 1640 var m.a. hlaðin varða á hólnum.<sup>3</sup> Tveir staðir, kenndir við skip, voru skráðir. Kögunarhóll ÁR-492:011 er sunnan undir Ingólfsfjalli, þjóðvegur 1 liggur á milli þeirra. Í hólnum á skip Ingólfs Arnarsonar að vera. Eins og og nafnið bendir til rís Kögunarhóll hátt og engar líkur á því að hóllinn sé manngerður eða grafið skip í honum. Í landi Tannastaða er Skiphóll ÁR-487:031 en lögun hans er talin minna á skip. Engar sögur tengjast hólnum að öðru leyti sem er náttúrulegur og klettabelti útskýrir lögun hans. Eitt örnefni má tengja við fornan átrúnað, það er Goðhóll ÁR-533:010 sem var skammt neðan við heimatún Hjalla. Hann er því miður horfinn vegna efnistöku, engar lýsingar til á honum eða sagnir honum tengdar.

Fimm kirkjujarðir eru meðal þeirra sem skráðar voru, Fjall ÁR-489b, Kirkjuferja ÁR-493:002, Kotströnd ÁR-511:002, Núpar ÁR-527:002 og Hjalli ÁR-533:002. Kirkjunnar á Fjalli er fyrst getið í máldaga Strandarkirkju árið 1397 og er það eina heimildin sem getur hennar.

3 Stefán Ólafsson, 1885.

Ekki er vitað hvenær kirkjan var lögð niður né hvar hún var staðsett. Það hafa ekki fundist mannabein á Fjalli þrátt fyrir mikið jarðrask en gera má ráð fyrir að kirkjan hafi verið nærri bænum, sögusagnir eru m.a. um að kirkjan hafi farið undir Biskupstungnabraut. Kirkjunnar á Kirkjuferju er einnig fyrst getið í sama máldaga frá árinu 1397 og kemur fyrir í máldögum allt fram til ársins 1569. Ekki er vitað hvenær kirkjan var aflögð en í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 segir að enn móti fyrir kirkjugarði og kirkjutóft. Kirkjugarðurinn er mikið raskaður, tóftin úr lagi gengin en sést þó enn. Kirkjan á Kotströnd var reist árið 1909, þegar kirkjur á Arnarbæli og á Reykjum voru aflagðar og sóknirnar sameinaðar. Ekki var bænhús eða önnur kirkja fyrir á Kotströnd. Kirkjan er enn í notkun og tilheyrir Hveragerðisprestakalli. Máldagi frá Strandarkirkju frá 1397 getur kirkjunnar á Núpum fyrst en hennar er einnig getið í máldaga frá árinu 1575. Ekki er vitað hvenær kirkjan er lögð niður eða hvar hún stóð. Það hafa ekki fundist mannabein á Núpum þrátt fyrir mikið jarðrask á og við bæjarhólinn en gera má ráð fyrir að kirkjan hafi verið þar nærri. Einnig eru getgátur um að kirkjan hafi verið ofan við bæinn, þar sem tóft ÁR-527:009 er. Líklega var kirkja á Hjalla frá upphafi byggðar á þessu svæði og hún gjarnan talin elsta kirkja í Ölfusi. Hennar er fyrst getið í Flóamanna sögu sem var rituð um 1300<sup>4</sup> og er enn í notkun. Núverandi kirkja er byggð 1928, á sama stað og eldri kirkjur, en við jarðrask á bæjarhólum sem er skammt vestar hafa komið í ljós mannabein, sem voru líklega ekki á upprunalegum stað heldur úr uppmokstri úr kirkjugarði.

#### Útihús, kál- og túngarðar

Mikið af minjastöðum er yfirleitt að finna í gömlu heimatúnum bæjanna. Fyrir utan bæjarhúsin sjálf voru skepnuhús helstu byggingar á hverri jörð. Eins og algengt var á Íslandi voru skepnuhús dreifð um tún á bæjum á skráningarsvæðinu til að dreifa áburði. Útihús eru einn stærsti minjaflokkurinn á skráningarsvæðinu en þau eru jafnframt sá flokkur fornra mannvirkja sem einna verst hefur orðið úti við jarðabætur á 20. öld. Flest slík hús voru fyrir sauðfé en lítið af fjósum og hesthúsum. Fjósa hafa sennilega verið hluti af bæjarhúsunum á flestum bæjum eins og meginþorri smiðja og skemma á skráningarsvæðinu. Hlöður urðu ekki algengar á Íslandi fyrir en undir lok 19. aldar eða í byrjun 20. aldar og munu hey víðast hafa verið geymd í stæðum eða gryfjum við skepnuhús þótt ekki séu glöggar heimildir um þetta. Útihús virðast oftast hafa staðið á sömu stöðum um aldir og hafa á slíkum stöðum gjarnan myndast litlir rústahólar. Fyrir einni öld síðan voru langflestar byggingar á Íslandi skepnuhús, en síðan þá hefur þeim fækkað meira en nokkurri annari tegund mannvirkja. Ástæðan er fyrst og fremst túnrækt með stórvirkum vinnuvélum og einnig hafa yngri skepnuhús úr steypu víða verið byggð ofan í eldri útihúsarústir og stórar byggingar oft tekið við hlutverki margra minni húsa.

Samtals voru skráð 77 útihús á svæðinu, og voru þau því tæplega 13% af heildarfjölda minjastaða. Heimildir um útihúsin koma úr ýmsum áttum en einna þyngst vega túnakort sem

4 Flóamanna saga er talin gerast á árunum 1000-1030,

gerð voru í sveitum landsins í upphafi 20. aldar á vegum Búnaðarsambandsins. Slík kort voru gerð í Ölfushreppi árið 1920 og sýna flest útihús sem voru á svæðinu á þeim tíma. Af útihúsum sem skráð voru reyndust 53 útihús með óþekkt hlutverk, alls 69% af heildarfjölda þeirra. Þetta háa hlutfall af óþekktum útihúsum stafar eflaust af því að mörg þeirra voru sléttuð út fyrir löngu

Samtala	Hlutverk	Ástand
ÁR-486:002	útihús	hleðslur standa
ÁR-486:003	útihús	hleðslur útflattar
ÁR-486:004	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-486:005	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-486:039	útihús	hleðslur signar
ÁR-486:040	útihús	sést til
ÁR-487:007	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-488:002	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-488:021	útihús	sést til
ÁR-489b:008	útihús	hleðslur signar
ÁR-491:002	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-491:005	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-493:004	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-493:019	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-494:002	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-511:003	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-511:004	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-511:027	útihús	hleðslur signar
ÁR-513:002	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-513:018	útihús	hleðslur standa grónar
ÁR-514:002	útihús	sést til
ÁR-514:003	útihús	hleðslur standa grónar
ÁR-514:014	útihús	hleðslur útflattar
ÁR-514:023	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-527:003	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-527:007	útihús	hleðslur standa grónar
ÁR-528:002	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-528:003	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-528:004	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-528:005	útihús	hleðslur signar
ÁR-528:006	útihús	hleðslur standa grónar
ÁR-528:027	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-529:002	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-530:002	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-530:003	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-530:004	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-531:002	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-531:003	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-532:002	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-532:003	útihús	ekki sést til fornleifar



ÁR-532:004	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-532:005	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-532:006	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-532:025	útihús	sést til
ÁR-533:004	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-534:002	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-534:008	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-535:003	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-535:004	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-535:015	útihús	hleðslur standa grónar
ÁR-536:002	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-536:003	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-536:009	útihús	ekki sést til fornleifar

Tafla 3. Listi yfir útihús með óþekkt hlutverk.

og erfitt er nú orðið að finna heimildamenn sem muna eftir þeim.

Alls voru útihús með óþekkt hlutverk skráð á 20 lögbýlum og yfirleitt voru þau fleiri en eitt. Þrjár jarðir skera sig úr með fjölda en þar eru Alviðra ÁR-486, Eystri-Þurá ÁR-528 og Bakki ÁR-532, þar eru útihúsin með óþekkt hlutverk alls sex á hverri jörð. Á öðrum jörðum voru þau flest 2-3 talsins. Líkt og sést í töflunni hér ofar sjást ummerki þessara útihúsa á 16 minjastöðum, eða í tæplega 20 % tilvika. Það er mun lægra en í fyrri áföngum skráningar í Ölfusi en ekki er ljóst hvað veldur. Hlutfallið en hins vegar svipað öðrum svæðum á Suðurlandsundirlendi sem hafa verið aðalskráð og gömul útihús eru almennt í hópi þeirra minja sem hvað verst hafa orðið úti í framkvæmdum á 20. öld.

Í 24 tilvikum (31%) er hlutverk útihúsanna sem skráð voru þekkt og voru þau á 13 lögbýlum. Flest þeirra eru að Sogni ÁR-495, alls fimm. Á Tannastöðum ÁR-487 eru þau fjögur en færri eru á hinum jörðunum. Í tæplega 42% tilvika sjást ummerki um útihúsin sem er fremur hátt hlutfall. Heimildir um hlutverkin koma víða að. Í einhverjum tilvikum eru það örnefni sem gefa nákvæmt hlutverk til kynna fremur en þekking um bygginguna sjálfa. Einnig geta gamlar

Samtala	Hlutverk	Ástand
ÁR-487:012	eldhús	ekki sést til fornleifar
ÁR-487:002	fjánhús	undir þaki
ÁR-491:006	fjánhús	ekki sést til fornleifar
ÁR-492:016	fjánhús	hleðslur útflattar
ÁR-514:015	fjánhús	hleðslur signar
ÁR-527:006	fjánhús	hleðslur standa grónar
ÁR-530:013	fjánhús	ekki sést til fornleifar
ÁR-530:022	fjánhús	hleðslur standa grónar
ÁR-534:007	fjánhús	ekki sést til fornleifar
ÁR-489b:003	fjós	ekki sést til fornleifar
ÁR-492:005	fjós	ekki sést til fornleifar
ÁR-511:014	hesthús	hleðslur útflattar
ÁR-511:029	hesthús	hleðslur standa grónar

ÁR-514:004	hesthús	hleðslur signar
ÁR-514:017	hesthús	hleðslur signar
ÁR-530:030	hesthús	ekki sést til fornleifar
ÁR-533:007	hesthús	hleðslur signar
ÁR-514:030	heygarður	ekki sést til fornleifar
ÁR-493:003	hlaða	ekki sést til fornleifar
ÁR-487:010	lambhús	ekki sést til fornleifar
ÁR-487:029	lambhús	ekki sést til fornleifar
ÁR-488:004	lambhús	ekki sést til fornleifar
ÁR-514:034	lambhús	ekki sést til fornleifar
ÁR-535:002	smiðja	hleðslur signar

Tafla 4. Listi yfir útihús með þekkt hlutverk.

ljósmyndir, teikningar og minni heimildarmanna gefið upplýsingar. Aðeins er vitað um örfá fjós á skráningarsvæðinu en líklegt er að þau hafi víða verið sambyggð bæ eins og vísbendingar eru um annars staðar frá á landinu þótt ekki sé fjallað um það sérstaklega í heimildum. Algengt var hér á landi að fjós væru víða inni í bæ eða fast við hann og hlöður áfastar eða í námunda við fjósinn. Heimildir eru um tvö fjós á skráningarsvæðinu og eru þau bæði horfin af yfirborði. Sex hesthús voru skráð innan heimatúnanna og sjást merki um þau öll nema eitt. Flest hinna húsanna voru fjárhús en þó var skráð eldhús, smiðja, hlaða og heygarður að auki.

Menn hafa hlaðið túngarða um tún sín frá örófi alda. Mikill kippur kom í túngarðahleðslu á 19. öld og var hún hluti af túnabótum sem áttu sér stað á þessum tíma. Engin gömul tún lögbýla eru eftir ósnortin á skráningarsvæðinu, í flestum tilfellum vegna túnasléttunar og annarra jarðbóta. Samtals voru skráðir 11 túngarðar á skráningarsvæðinu og eru einungis þrjár þeirra algjörlega horfnir. Í öllum tilfellum þar sem skráðir voru túngarðar voru það hlutar af upprunalegum garði. Einna umfangsmesti túngarðurinn er á Tannastöðum ÁR-487, hann sést fyrir vestan allt heimatúnið, neðarlega í hlíðum Ingólfsfjalls. Plægt hefur verið yfir aðra hluta túngarðsins en þetta bendir í þá átt að um mikið mannvirki hafi verið að ræða. Vesturhlíð túngarðsins í Alviðru

Samtala	Ástand
ÁR-486:025	hleðslur signar
ÁR-487:032	hleðslur standa
ÁR-492:018	hleðslur signar
ÁR-493:009	hleðslur signar
ÁR-527:008	hleðslur signar
ÁR-528:026	hleðslur signar
ÁR-530:017	hleðslur signar
ÁR-488:023	ekki sést til fornleifar
ÁR-489b:009	ekki sést til fornleifar
ÁR-491:004	ekki sést til fornleifar
ÁR-528:024	hleðslur útflattar

Tafla 5. Skráðir túngarðar.

ÁR-486 er einnig varðveitt. Flestir túngarðarnir hafa verið hlaðnir úr grjóti en einnig má sjá nokkur dæmi um garða sem voru úr torfi og grjóti. Það má gefa sér að mun fleiri túngarðar en skráðir voru hafi verið á skráningarsvæðinu, ekki síst þar sem „hverfaskipulag“ var við lýði, líkt og umhverfis Hjalla, Núpa og Þóroddsstaði.

Einungis voru skráðir níu kálgarðar á skráningarsvæðinu. Þeir voru alls staðar aðeins einn á jörðu, nema á Hjalla þar sem þeir voru tveir (ÁR-533:005, 051). Það er hins vegar vitað að mun fleiri kálgarðar voru á svæðinu og flestir þeirra voru á bæjarhólunum sjálfum, „framan“ við bæina. Þeir eru skráðir sem hluti af bæjarhólunum í skráningarkerfi Fornleifastofnunar og því má áætla að þeir hafi allt verið um 40 talsins ef allt er talið.

### Brunnar og vatnsból

Annar minjaflokkur innan gömlu heimatúnanna eru brunnar en þeir eru ekki sýndir á fyrrnefndum túnakortum. Gera má ráð fyrir að á flestum bæjum hafi verið einn eða jafnvel fleiri brunnar en einnig er algengt að sami brunnur hafi verið notaður af nokkrum bæjum hérlendis og ekki er ólíklegt að svo hafi verið t.d. í Hjallahverfi og að Núpum. Alls eru þekktir 15 staðir sem tengjast

Samtala	Sérheiti	Hlutverk	Ástand
ÁR-535:013		brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-534:005		brunnur	sést til
ÁR-537:004		brunnur	sést til
ÁR-489b:004		brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-511:010	Kotstrandarbrunnur	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-527:016		brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-530:026		brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-527:038	Gvendarbrunnur	vatnsból	sést til
ÁR-514:038		vatnsból	ekki sést til fornleifar
ÁR-532:022	Lind	vatnsból	ekki sést til fornleifar
ÁR-486:021	Bæjarlækur	vatnsból	sést til
ÁR-487:013	Bæjarlind	vatnsból	sést til
ÁR-488:013	Laug	vatnsból	sést til
ÁR-513:010	Lindin	vatnsból	sést til
ÁR-487:020	Gvendarbrunnur	vatnsból	sést til
ÁR-535:011		þvottastaður	sést til
ÁR-511:007	Ullarklettur	þvottastaður	ekki sést til fornleifar
ÁR-487:015		mylla	ekki sést til fornleifar
ÁR-494:003		mylla	ekki sést til fornleifar
ÁR-514:039		mylla	ekki sést til fornleifar
ÁR-527:030		mylla	ekki sést til fornleifar
ÁR-529:006		mylla	ekki sést til fornleifar

Tafla 6. Staðir sem tengjast vatnsnotkun á skráningarsvæðinu.



vatnsnotkun, sjö brunnar og átta lindir/uppsprettur. Allir brunnarnir eru horfnir af yfirborði en í fjórum tilvikum var fyllt upp í þá og þeir enn varðveittir undir sverði. Allir eru þeir innan heimatúnanna. Hið sama má segja um lindir og uppsprettur, þær eru flestar innan heimatúnanna fyrir utan tvo Gvendarbrunna. Meirhluti lindanna sést enn en engin er enn í notkun.

Aðrir minjaflokkar sem tengjast góðu aðgengi að vatni nærri heimatúnnum eru þvottastaðir og myllur. Það skipti sköpum að hafa aðstöðu til að geta þvegið ull og tveir þvottastaðir er þekktir á skráningarsvæðinu, í landi Bjarnastaða og Kotstrandar. Fimm myllur voru skráðar innan skráningarsvæðisins en öll ummerki um þær eru allar horfin af yfirborði. Staðsetning fjögurra þeirra er þekkt en mikið jarðrask er á þeim svæðum.

## Kvíar og stekkir

Kvíar voru yfirleitt mun nær bæ en stekkir og oftast í eða við túnjaðar. Ekki hafa það alltaf verið hlaðnar kvíar, heldur var stundum aðeins um ákveðinn stað að ræða þar sem ær voru mjaltaðar og sumstaðar voru færirkvíar notaðar, sérstaklega þegar komið var fram á þessa öld. Hugtakið stöðull er stundum notað um kvíar sem ær voru mjólkaðar í en oftast er það þó notað um stað eða réttir þar sem kýr voru mjólkaðar á sumrum. Ætla má að þær hafi verið á mörgum af bæjunum á skráningarsvæðinu en þær eru aðeins 11 kvíar þekktar. Líklegast er ástæðan fyrir því að þeirra er ekki getið nema á fáum jörðum sú að færirkvíar voru algengari í seinni tíð og hafa sennilega ekki staðið á sama stað nema nokkur ár í einu en auk þess má gera ráð fyrir að margar kvíar hafi horfið við túnastækkun, þar sem þær voru oft við jaðar túna. Ástand þessa

Samtala	Sérheiti	Hlutverk	Ástand
ÁR-486:018	Stöðulklettur	kvíar	ekki sést til fornleifar
ÁR-487:008	Kvíasteinn	kvíar	ekki sést til fornleifar
ÁR-487:024	Stöðulgerði	kvíar	ekki sést til fornleifar
ÁR-488:006	Gamlistöðull	kvíar	ekki sést til fornleifar
ÁR-492:002	Kvíarflöt	kvíar	ekki sést til fornleifar
ÁR-511:006	Stöðullinn	kvíar	ekki sést til fornleifar
ÁR-527:005	Stöðulbrekka	kvíar	ekki sést til fornleifar
ÁR-530:023	Gamlistöðull	kvíar	ekki sést til fornleifar
ÁR-535:007	Stöðull	kvíar	ekki sést til fornleifar
ÁR-486:016	Kvíakrókur	kvíar	ekki sést til fornleifar
ÁR-488:015	Kvíadalur	kvíar	ekki sést til fornleifar
ÁR-492:012	Stekkatún	stekkur	
ÁR-532:027		stekkur	hleðslur signar
ÁR-486:009	Stekkjaholt	stekkur	ekki sést til fornleifar
ÁR-486:013	Stekkatún	stekkur	ekki sést til fornleifar
ÁR-487:017		stekkur	ekki sést til fornleifar
ÁR-488:012	Stekkjartún	stekkur	ekki sést til fornleifar
ÁR-491:009	Stekkatún	stekkur	ekki sést til fornleifar

ÁR-527:014	Stekkatún	stekkur	ekki sést til fornleifar
ÁR-532:015	Gerðakotsstekkatún	stekkur	ekki sést til fornleifar
ÁR-486:028		stekkur	hleðslur signar
ÁR-487:027	Stekkjarkhóll	stekkur	hleðslur signar
ÁR-488:009	Stekkjarkholt	stekkur	hleðslur signar
ÁR-488:011		stekkur	hleðslur signar
ÁR-492:008	Stekkur	stekkur	hleðslur signar
ÁR-514:018	Stekkatún	stekkur	hleðslur útflattar
ÁR-515:016		stekkur	hleðslur signar
ÁR-527:025	Núpastekkatún	stekkur	hleðslur signar
ÁR-528:020		stekkur	hleðslur signar
ÁR-529:005		stekkur	hleðslur signar
ÁR-530:010	Stekkatún	stekkur	hleðslur signar
ÁR-530:011	Stekkatún	stekkur	hleðslur signar
ÁR-532:013	Bakkastekkatún	stekkur	hleðslur standa grónar
ÁR-532:016	Hjallastekkatún	stekkur	hleðslur signar
ÁR-532:023	Hjallastekkatún	stekkur	hleðslur signar
ÁR-532:026		stekkur	hleðslur signar
ÁR-533:028	Nýjastekkatún	stekkur	hleðslur signar
ÁR-535:008	Gamlastekkatún	stekkur	hleðslur signar
ÁR-486:022	Heimastistekkur	stekkur	hleðslur signar
ÁR-487:022	Grænutóftir	stekkur	hleðslur signar

Tafla 7. Stekkir og kvíar á skráningarsvæðinu.

minjaflokks var mjög slæmt engin ummerki fundust um neinar kvíar.

Stekkir eru yfirleitt einfaldar girðingar með litlu hólfi (lambakró) á einni hlið/við annan enda þar sem fært var frá. Sumstaðar hafa myndast litlir túnblettir í kringum stekki sem voru slegnir. Samtal voru skráðir 29 stekkir á 14 jörðum innan skráningarsvæðisins. Samtals voru fimm stekkir á Bakka ÁR-532 en þeir tilheyrðu nokkrum bæjum í Hjallahverfi. Á Alviðru ÁR-486 eru fjórir stekkir sem er áhugavert þar sem einbýlt var á jörðinni. Færri stekkir eru á hinum jörðunum. Í flestum tilfellum bera stekkirnir nöfn sem vísa til þeirrar jarðar sem nýtti stekkin.

Tóftir 20 stekkjara sjást ennþá en ástand þeirra er misjafnt og hvergi sjást veglegir rústahólar undir tóftunum eða við þær sem bendir til að margir þeirra séu fremur ungir. Það heyrir til undantekninga að tóftirnar hafi verið nýttar áfram í nýju hlutverki eftir að fráfarur lögðust af en staðsetning stekkjara var víðast óhentug undir beitarhús og mannvirki tengd útbeit. Þetta er óvenjulegt, á mörgum svæðum sem skráð hafa verið hérlendis er algengt að beitarhús eða réttir hafi verið byggðar upp á stekkjaleifum. Margir stekkjanna eru hlaðnir upp við stakstæð björg eða eru í brekkurótum sem gæti verið ein útskýring á þessum mikla fjölda þeirra. Góð dæmi um slíkt eru stekkur ÁR-529:005 og Núpastekkatún ÁR-527:025. Flestir stekkirnir voru í nokkurri fjarlægð frá bæjunum, eða frá um 400 m og allt að 1,2 km.

Sel, beitarhús, fjárskýli og réttir

Í úthögum og beitilandi eru fjölbreyttar minjar. Flestar þeirra tengjast sauðfjárrækt s.s. beitarhús, réttir, fjárborgir og smalakofar. Hér fyrir neðan verður fjallað nánar um þessa flokka innan skráningarsvæðisins.

Beitarhús eru fjárhús í úthögum fjarri bæ, sem nýtt voru til útbeitar á vetrum. Tóftum þeirra svipar til tófta fjárhúsa en helsti munurinn er stærðin, beitarhúsin eru gjarnan stærri. Ekki er alltaf auðvelt að greina á milli hvort hús ætti að flokkast sem beitarhús eða fjárhús og hér er fjallað um báðar minjar saman. Samtals eru þekkt 16 beitarhús í úthögum og 10 fjárhús, skammt utan heimatúna. Í allt eru þau því 27 talsins.

Samtala	Sérheiti	Hlutverk	Ástand
ÁR-486:017	Balakofi	fjárhús	hleðslur útflattar
ÁR-486:042		fjárhús	hleðslur signar
ÁR-487:019		fjárhús	hleðslur signar
ÁR-488:024		beitarhús	hleðslur standa grónar
ÁR-488:029		beitarhús	hleðslur standa grónar
ÁR-491:008	Fjárhústún	fjárhús	ekki sést til fornleifar
ÁR-492:025		beitarhús	ekki sést til fornleifar
ÁR-493:005		beitarhús	ekki sést til fornleifar
ÁR-493:014	Fjárhúsholt	hlaða	hleðslur standa grónar
ÁR-511:012	Beitarhúsið	beitarhús	ekki sést til fornleifar
ÁR-513:004	Hóllinn	fjárhús	sést til
ÁR-513:006	Gljúfurshellir	fjárhús	sést til
ÁR-514:031	Sauðhúsflöt	fjárhús	hleðslur signar
ÁR-515:010	Tættur	fjárhús	hleðslur signar
ÁR-515:011	Neðri Rúst	fjárhús	ekki sést til fornleifar
ÁR-515:012	Efri Rúst	fjárhús	hleðslur standa grónar
ÁR-527:009		fjárhús	hleðslur signar
ÁR-527:010	Borgartún	fjárhús	ekki sést til fornleifar
ÁR-527:020		fjárhús	hleðslur standa grónar
ÁR-527:035		fjárhús	hleðslur signar
ÁR-527:039		beitarhús	hleðslur standa
ÁR-527:040		fjárhús	hleðslur signar
ÁR-528:021		beitarhús	hleðslur signar
ÁR-528:023		fjárhús	hleðslur signar
ÁR-533:036		beitarhús	hleðslur signar
ÁR-486:022	Heimastistekkur	fjárhús	hleðslur signar

Tafla 8. Skráð beitarhús og fjárhús.

Alls sjást ummerki um beitarhúsin á 20 stöðum. Útlit þeirra og gerð þeirra er nokkuð fjölbreytileg, oftast skiptast húsin þó í 2 - 3 hólf og við örfá þeirra eru stakstæð heystæði. Flest þessara húsa eru eflaust frá 19. öld en ekki er útilokað að einhver þeirra séu eldri. Í því samhengi



má nefna tóftirnar í Heimastastekk ÁR-486:022 og Gljúfurshelli ÁR-513:006. Í Heimastastekk eru þrjú beitarhús og Gljúfurshellir er manngerður, þar var fjárhús og brunnur. Í þeim tilfellum sem tóftirnar eru horfnar hafa þær yfirleitt annað hvert verið sléttaðar eða svæðinu verið raskað vegna framkvæmda.

Sel eru bústaðir í úthögum eða inn til fjalla sem voru notaðir um sumar til að nýta beit og jafnvel slægjur og safna og vinna mjólkurafurðir. Þegar horft er á tóftir er oft er erfitt að skera úr um hvort um sel eða beitarhús eru að ræða en selbyggingar voru oft notaðar sem beitarhús á vetrum. Þess er sjaldnast getið hve lengi haft var í seli, en í flestum tilfellum var seljábúskap hætt snemma á 19. öld. Sel voru flest á stærri jörðum, kirkjujörðum og stærri býlum sem áttu land til fjalla eða afrétta. Á skráningarsvæðinu er þekktar átta selstöður í landi fimm jarða og í flestum tilfellum voru minjarnar vel varðveitar eða alveg óraskaðar.

Samtala	Sérheiti	Hlutverk	Ástand
ÁR-513:011	Gljúfurseldalur	sel	ekki sést til fornleifar
ÁR-527:023	Seldalur	sel	hleðslur útflattar
ÁR-533:038	Lækjarborg	sel	hleðslur standa grónar
ÁR-514:025	Sel	sel	hleðslur signar
ÁR-514:026	Seldalur	sel	hleðslur signar
ÁR-527:012		sel	hleðslur signar
ÁR-528:032	Selás	sel	hleðslur signar
ÁR-533:037	Selbrekkur	sel	hleðslur signar

Tafla 9. Sel á skráningarsvæðinu.

Ummerki allra seljanna, utan Gljúfurseldals ÁR-513:011, sjást ennþá og tóftir varðveittar á öllum stöðum. Tvær selstöður eru þekktar á þremur jörðum, Sogni, Núpum og Hjalla. Í landi Sogns er Sel ÁR-514:025 í svokölluðum Seldal, norðvestan við bæinn. Þar eru tvær tóftir í seli sem var nýtt frá Bakkárholti ÁR-506. Nokkuð austar er annar Seldalur, þar var sel ÁR-514:026 frá Sogni og austan við ármót Gljúfurar og Selár (á merkjum) var sel frá Gljúfri, Gljúfursel ÁR-513:011. Það er horfið, líklega vegna jarðsigs niður í læk og votlendi. Í selinu frá Sogni má enn sjá fjórar tóftir og nokkuð veglegan rústahól undir þeim. Á Núpum eru tvær selstöður. Seldalur ÁR-527:023 er ofan við Núpastíg ÁR-527:024 og þar sést eitt tóftarbrot upp við lága hraunbrún. Þetta sel var nýtt frá bænum og áður en skráningin fór fram talið að það væri horfið. Það er ljóst að minjarnar eru raskaðar og ekki ólíklegt að grjóti hafi verið tekið úr þeim vegna umsvifa hermanna í seinni heimsstyrjöldinni á svæðinu. Sel ÁR-527:012 er nokkuð norðar og hlaðið við austurbrún Þurárhrauns. Selið er vel varðveitt, þar eru sex tóftir sem allar eru signar og grjónar. Engar heimildir geta selsins né vitað hvort að önnur jörð átti selstöðu í landi Núpa. Það vekur athygli að ekkert vatn eða brunnur er þekkt nærri þessum seljum og þangað hefur verið afar langur vatnsvegur. Í landi Hjalla voru skráð tvö sel í þessum áföngum. Lækjarborg ÁR-533:038 er í svokölluðum Lækjarmóum og þar eru tvær tóftir á grónum rústahól. Ekki er ljóst hvort tóftirnar tilheyra selinu eða fjárborg/smalakofa sem líklega var gerð síðar. Ekki er

vitað hvaða bær í Hjallahverfi notaði selið. Selbrekkur ÁR-533:037 eru uppi á Efracjalli og var selið líklega nýtt frá Hjalla. Þar má enn sjá þrjár signar og jarðlægar tóftir auk garðlags, undir lágri brún. Selið er í kvos og vel varðveitt. Þriðja selið, Hraunssel ÁR-541:022, er í landi Hjalla en var skráð með Hrauni árið 2013.<sup>5</sup> Á Eystri-Þurá er Selás, þar undir í hraunbrún er sel ÁR-528:032. Minjarnar eru ofan í ílagri laut í hraunbrúninni og langt á milli tóftanna sem eru illa varðveittar.

Fjárskýli eru hvers kyns skjól eða afdrep fyrir sauðfénað, þ.m.t. fjárborgir. Fjárskýli eru yfirleitt að finna í úthögum og tengjast vetrarþétt sauðfjár. Á því svæði sem hér er til umfjöllunar voru flest fjárskýlanna hringhlaðnar fjárborgir, tóftir eða náttúrulegir hellar sem hlaðið var fyrir. Fjárskýlin eru alls 10 talsins á sex jörðum. Einungis eitt þeirra er horfið, það er Borgarhóll ÁR-487:006. Fjórir hellar sem nýttir voru sem fjárskýli eru innan skráningarsvæðis. Litli-hellir ÁR-514:010 og Stóri-hellir ÁR-514:009 við heimatúns Sogns. Enn má greina lágreistar hleðslur fyrir opi þeirra á báðum stöðum. Strokkhellir ÁR-531:007 er á merkjum Riftúns og Bakka, þar sést hleðsla fyrir litlum helli. Gapi ÁR-532:012 er skammt sunnar, í landi Bakka, og mótar fyrir hleðslu fyrir stóru opi hans. Hinar minjarnar eru allt signar, lágreistar tóftir og undir sumum eru rústahólar.

Samtala	Sérheiti	Hlutverk	Ástand
ÁR-487:006	Borgarhóll	fjárskýli	ekki sést til fornleifar
ÁR-487:026	Pálstóft	fjárskýli	hleðslur signar
ÁR-514:009	Stóri-Hellir	fjárskýli	sést til
ÁR-514:010	Litli-Hellir	fjárskýli	sést til
ÁR-514:021	Borgarkvos	fjárskýli	hleðslur signar
ÁR-531:007	Strokkhellir	fjárskýli	hleðslur signar
ÁR-532:012	Gapi	fjárskýli	sést til
ÁR-533:027		fjárskýli	sést til
ÁR-533:041	Fjallsendaborg	fjárskýli	hleðslur signar
ÁR-527:018	Borgarholt	fjárskýli	sést til

Tafla 10. Fjárskýli á skráningarsvæðinu.

Aðhöld til að hemja skepnur, önnur en fjárskýli, gæsaréttir, hrossaborgir, kvíar og stekkir eru flokkuð sem *réttir* í fornleifaskráningu. Réttir eru aðallega notaðar til að geyma skepnur tímabundið (t.d. í rekstri), draga sundur og/eða til að fást við þær, t.d. rýja, mjalta eða gelda. Alls voru skráðar 18 réttir á skráningarsvæðinu sem sjást allar, utan tveggja. Þær eru báðar í landi Laugarbakka, Kerið ÁR-488:008 og Vondarétt ÁR-488:014. Þetta telst afar góð varðveisla og ekki er ljóst hvað ræður því. Einhverjar réttanna eru byggðar í brekkurótum og sluppu við sléttun meðan aðrar eru á opnari svæðum. Í öllum tilvikum eru um minni heimaréttir að ræða en engin skilarétt var skráð í þetta skiptið.

Nátthagar gegndu svipuðu hlutverki og réttir, þeir voru afgirt hólf þar sem skepnur

5 Sjá Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2017: 193.

Samtala	Sérheiti	Hlutverk	Ástand
ÁR-488:022		nátthagi	ekki sést til fornleifar
ÁR-530:024		nátthagi	ekki sést til fornleifar
ÁR-530:025		nátthagi	ekki sést til fornleifar
ÁR-528:022		nátthagi	hleðslur signar
ÁR-513:003		rétt	sést til
ÁR-488:008	Kerið	rétt	ekki sést til fornleifar
ÁR-488:014	Vondarétt	rétt	ekki sést til fornleifar
ÁR-530:031		rétt	sést til
ÁR-533:032	Bolasteinn	rétt	hleðslur signar
ÁR-487:009	Réttarbjarg	rétt	hleðslur standa
ÁR-487:042		rétt	hleðslur signar
ÁR-492:010	Ámundarétt	rétt	hleðslur signar
ÁR-493:015		rétt	hleðslur signar
ÁR-514:022	Réttarballi	rétt	hleðslur signar
ÁR-527:028		rétt	hleðslur standa grónar
ÁR-527:032		rétt	hleðslur signar
ÁR-527:044		rétt	sést til
ÁR-528:029	Hraunrétt	rétt	hleðslur signar
ÁR-529:004		rétt	hleðslur signar
ÁR-530:009	Lambakró	rétt	hleðslur signar
ÁR-531:008		rétt	hleðslur signar
ÁR-533:019	Hjallarétt	rétt	hleðslur signar

Tafla 11. Réttir og nátthagar.

sem þurfti að mjólka voru hafðar um nætur. Flestir nátthagar eru skammt utan túns og jafnvel sambyggðir túngarði. Nátthagar urðu algengir síðla á 19. öld og tengjast breytingum í túnarækt, þ.e. það tað sem safnaðist í högunum var nýtt til að rækta upp ný tún á umræddum stöðum. Alls voru skráðir fjórir nátthagar á skráningarsvæðinu og aðeins voru greinileg ummerki um einn þeirra. Það var Nátthagi ÁR-528:022 sem er við brún Þurárhrauns. Hann er grjóthlaðinn og eru m 18x10 m að stærð.

#### Efnistökuastaðir

Mór hefur verið notaður hérlendis til eldneysis frá því snemma á öldum og enginn hörgull var á honum í Ölfusi. Skráð voru 17 mógrafir á 10 jörðum í þessum áföngum. Búið er að fylla upp í flest þessara svæða (enda stafar búpeningi hættu af mógröfum) en víða mátti þó enn greina ummerki grafanna. Þær mógrafir sem búið er að fylla upp í voru flestar grasivaxnar, um 0,2 - 0,4 m djúpar og þurrar. Hinar sem ekki var fyllt upp í hafa fallið saman og ekki er vatn í neinum þeirra. Þrjár mógrafir eru bæði á Tannastöðum ÁR-487 og Kotströnd ÁR-511 og líklega nýttu



margar jarðir þau.

Samtala	Sérheiti	Hlutverk	Ástand
ÁR-488:016		rista	ekki sést til fornleifar
ÁR-489b:007	Reiðingsklettur	rista	ekki sést til fornleifar
ÁR-492:017	Torfholt	rista	ekki sést til fornleifar
ÁR-511:013	Kotstran- darmýri	rista	ekki sést til fornleifar
ÁR-530:007	Vindudý	rista	ekki sést til fornleifar
ÁR-533:024	Torfmói	rista	ekki sést til fornleifar
ÁR-527:017	Torfdalur	rista	ekki sést til fornleifar
ÁR-532:010	Torfhóll	rista	ekki sést til fornleifar
ÁR-488:017	Brennidalur/ Brennadalur	kolagröf	ekki sést til fornleifar
ÁR-511:021		mógrafir	ekki sést til fornleifar
ÁR-530:021		mógrafir	ekki sést til fornleifar
ÁR-486:019	Mógrafir	mógrafir	ekki sést til fornleifar
ÁR-487:025	Bláberjahæð	mógrafir	ekki sést til fornleifar
ÁR-488:007	Mógrafaslétta	mógrafir	ekki sést til fornleifar
ÁR-492:014		mógrafir	ekki sést til fornleifar
ÁR-493:017		mógrafir	ekki sést til fornleifar
ÁR-511:008	Mónvöllur	mógrafir	ekki sést til fornleifar
ÁR-511:016		mógrafir	ekki sést til fornleifar
ÁR-511:026		mógrafir	ekki sést til fornleifar
ÁR-527:015	Mógrafabali	mógrafir	ekki sést til fornleifar
ÁR-486:020		mógrafir	sést til
ÁR-487:040		mógrafir	sést til
ÁR-487:043		mógrafir	sést til
ÁR-488:031		mógrafir	sést til
ÁR-514:020	Mór	mógrafir	ekki sést til fornleifar
ÁR-528:009		mógrafir	sést til
ÁR-486:012		rauðablástur	ekki sést til fornleifar
ÁR-493:011	Helluholt	hellutak	ekki sést til fornleifar
ÁR-511:028		malarnáma	ekki sést til fornleifar
ÁR-488:005		hellutak	ekki sést til fornleifar

Tafla 12. Efnistökusvæði innan svæðis.

Samtals voru skráð átta torfrístusvæði á jafnmörgum jörðum. Þau voru án efa mun fleiri en þekking um þau horfin. Torfrístur eru fljótar að gróa upp og víða hægt að rista hentugt torf. Hvergi sáust ummerki um ristuna á þessum jörðum. Það vekur athygli að ein kolagröf var skráð í landi Laugarbakka ÁR-488:017 í Brennidal en hann er ofarlega í Ingólfsfjalli. Ekki ljóst hvort að það svæði hafi verið hentugt til kolagerðar en skógur var að öllum líkindum í hlíðum Ingólfsfjalls fyrr á öldum líkt og eyðing bæjarins á Fjalli ber vitni um. Vitað er að rauðablástur ÁR-486:012 var stundaður í Alviðru en því miður er það svæði komið í slétt tún. Á

Þremur jörðum var jafnframt hellutak eða malarnám. Helluholt ÁR-493:011 í landi Kirkjuferju og Svartaholt ÁR-488:005 á Laugarbökkum voru nýtt til hellutaks en malarnáma ÁR-511:028 var á Kotströnd.

## Samgönguminjar

Einn allra stærsti minjaflokkurinn sem var skráður í Ölfusi eru samgönguminjar. Í þessum áföngum voru samtals skráðir 114 minjastaðir sem tengjast samgöngum, s.s. ferjur, áningarstaðir, brýr og götur. Hægt er að flokka leiðirnar í þrennt: þjóðleiðir, leiðir innan hreppa og styttri leiðir innan lögbýla. Leiðir innan lögbýla liggja t.d. frá bæjum og út á engjar, milli húsa eða eru óljósar götur sem aðeins var hægt að rekja á stuttum kafla og ekki er vitað með vissu hvert lágu. Það liggur í augum uppi að skráðar leiðir innan jarða gefa ekki raunsanna mynd af samgöngum innan lögbýlanna enda hafa í öllum tilfellum verið þar ótal leiðir frá bæjum og um landeignirnar. Hið sama má segja um leiðir innan hreppa. Þær lágu meðal annars til kirkna innan svæðis, á milli bæja eða að ferjustöðum. Einnig eru dæmi um að leiðir sem lágu innan hreppa hafa síðan hafi sameinast þjóðleiðum. Á skráningarsvæðinu, sem og Ölfusi öllu, eru margar þjóðleiðir og lega þeirra er víðast hvar þekkt. Verðugt rannsóknarefni væri að kanna betur leiðir og samgönguminjar á svæðinu. Flestar þjóðleiðirnar eru skráðar undir flokknum Fornleifar á fleiri en einni jörð ÁR-720. Í þessari skýrslu eru birtar upplýsingar um allar þjóðleiðir sem voru skráðar öll árin í Ölfusi fyrir utan þær sem getið var í áfangaskýrslu I.<sup>6</sup>

Samtala	Sérheiti	Hlutverk	Sést til	Lega
ÁR-533:034	Tíðagata	leið	sést til	innan hreppa
ÁR-486:033	Gönguskarð	leið	sést til	Innan jarðar
ÁR-486:035		leið	sést til	Innan jarðar
ÁR-487:037	Gönguskarð	leið	sést til	Innan jarðar
ÁR-492:009	Smjörklif	leið	sést til	Innan jarðar
ÁR-514:029		leið	sést til	Innan jarðar
ÁR-514:041		leið	sést til	Innan jarðar
ÁR-514:049		leið	sést til	Innan jarðar
ÁR-527:019		leið	sést til	Innan jarðar
ÁR-527:024	Núpastígur	leið	sést til	Innan jarðar
ÁR-527:034		leið	sést til	Innan jarðar
ÁR-529:007		leið	sést til	Innan jarðar
ÁR-533:023	Króksstígur	leið	sést til	Innan jarðar
ÁR-533:033	Steinkustígur	leið	sést til	Innan jarðar
ÁR-533:042	Selstígur	leið	sést til	Innan jarðar
ÁR-533:043	Sólarstígur	leið	sést til	Innan jarðar
ÁR-533:044		leið	sést til	Innan jarðar
ÁR-535:005	Krikastígur	leið	sést til	Innan jarðar
ÁR-487:011	Steinbogi	leið	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar

6 Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2015: 269-270

ÁR-492:006		leið	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-515:015		leið	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-527:013		leið	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-528:019	Jókustígur	leið	sést til	Innan jarðar
ÁR-530:029		leið	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-530:035	Kúastígur	leið	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-531:009	Réttarstígur	leið	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-531:010	Hestastígur	leið	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-532:031	Stekkatúnsgata	leið	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-533:025	Borgarstígur	leið	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-533:026	Kúaklauf	leið	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-533:031	Hraunsstígur	leið	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-533:035	Kálberstígur/Kálbergsstígur	leið	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-535:006	Bjarnastaðastígur	leið	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-535:009	Kúastígur	leið	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-536:006	Kinnarstígur	leið	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-536:007		leið	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-536:008	Þorgrímsstaðastígur	leið	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-486:034		leið	sést til	Þjóðleið
ÁR-533:020	Suðurferðarstígur/ Króksstígur.	leið	sést til	Þjóðleið
ÁR-720:004		leið	sést til	Þjóðleið
ÁR-720:006		leið	sést til	Þjóðleið
ÁR-720:011	Klóarvegur	leið	sést til	Þjóðleið
ÁR-720:018		leið	sést til	Þjóðleið
ÁR-720:025		leið	sést til	Þjóðleið
ÁR-486:026		leið	ekki sést til fornleifar	Þjóðleið
ÁR-487:045		leið	ekki sést til fornleifar	Þjóðleið
ÁR-513:015	Stíflur	leið	ekki sést til fornleifar	Þjóðleið
ÁR-513:016		leið	ekki sést til fornleifar	Þjóðleið
ÁR-514:024	Brúin	leið	ekki sést til fornleifar	Þjóðleið
ÁR-527:004		leið	ekki sést til fornleifar	Þjóðleið
ÁR-533:030	Grímslækjarstígur	leið	ekki sést til fornleifar	Þjóðleið
ÁR-720:001		leið	ekki sést til fornleifar	Þjóðleið
ÁR-720:002	Gamla þjóðleiðin	leið	ekki sést til fornleifar	Þjóðleið
ÁR-720:007	Þorlákshafnarvegur	leið	ekki sést til fornleifar	Þjóðleið
ÁR-720:008		leið	ekki sést til fornleifar	Þjóðleið
ÁR-720:009		leið	ekki sést til fornleifar	Þjóðleið
ÁR-720:013		leið	ekki sést til fornleifar	Þjóðleið
ÁR-720:014		leið	ekki sést til fornleifar	Þjóðleið
ÁR-720:015		leið	ekki sést til fornleifar	Þjóðleið
ÁR-720:016		leið	ekki sést til fornleifar	Þjóðleið
ÁR-720:017		leið	ekki sést til fornleifar	Þjóðleið
ÁR-720:020		leið	ekki sést til fornleifar	Þjóðleið
ÁR-720:021		leið	ekki sést til fornleifar	Þjóðleið
ÁR-720:022		leið	ekki sést til fornleifar	Þjóðleið



ÁR-720:024		leið	ekki sést til fornleifar	Þjóðleið
ÁR-720:003		leið	sést til	Þjóðleið
ÁR-720:005		leið	sést til	Þjóðleið
ÁR-720:010		leið	sést til	Þjóðleið
ÁR-720:012		leið	sést til	Þjóðleið
ÁR-720:023		leið	sést til	Þjóðleið
ÁR-486:008	Ferjustaður	ferja	ekki sést til fornleifar	Þjóðleið
ÁR-493:010	Ferjunef	ferja	ekki sést til fornleifar	Þjóðleið
ÁR-513:017		samgöngubót	hleðslur signar	
ÁR-530:018		samgöngubót	hleðslur signar	
ÁR-533:029	Sólarstígsvarða	samgöngubót	sést til	innan hreppa
ÁR-533:046		samgöngubót	sést til	
ÁR-533:047		samgöngubót	sést til	
ÁR-528:033		samgöngubót	hleðslur signar	
ÁR-530:008		samgöngubót	hleðslur signar	
ÁR-491:014		tjaldstæði	ekki sést til fornleifar	Þjóðleið
ÁR-528:030	Tjaldflöt	tjaldstæði	sést til	Þjóðleið
ÁR-486:045		áfangastaður	sést til	Þjóðleið
ÁR-514:040		áfangastaður	sést til	Þjóðleið
ÁR-493:006		traðir	hleðslur signar	Innan jarðar
ÁR-486:006		traðir	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-487:005		traðir	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-488:025		traðir	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-494:004		traðir	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-511:020		traðir	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-513:013		traðir	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-514:016	Stígurinn	traðir	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-529:003		traðir	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-531:006		traðir	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-532:011		traðir	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-533:003		traðir	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-535:012		traðir	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-537:003		traðir	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-538:002		traðir	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-487:003		traðir	hleðslur signar	Innan jarðar
ÁR-534:004		traðir	sést til	Innan jarðar
ÁR-491:003		traðir	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-493:018		vað	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-491:010	Litlavað	vað	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-491:011	Stóravað	vað	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-513:008	Vaðið	vað	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-528:013	Alnbogaengisvað	vað	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-528:014	Miðengisvað	vað	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-528:016	Rassvað	vað	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-530:033		vað	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar

ÁR-533:006	Hjallavaðall	vað	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-533:016	Litlavað	vað	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-533:017	Stóravað	vað	ekki sést til fornleifar	Innan jarðar
ÁR-487:044		brú	hleðslur signar	Innan jarðar
ÁR-491:007	Jarðbrýr	brú	ekki sést til fornleifar	innan hreppa
ÁR-514:027	Prestsbrú	brú	ekki sést til fornleifar	Þjóðleið
ÁR-514:028		brú	ekki sést til fornleifar	innan hreppa
ÁR-514:035		brú	ekki sést til fornleifar	innan hreppa

Tafla 13. Skráðar samgönguminjar og hlutverk þeirra.

Samtals voru skráðar 70 leiðir og götur í þessum áföngum og var hlutverk þeirra æði misjafnt. Um helmingur þeirra, alls 36, má flokka sem innan jarðar líkt og sést í töflunni hér ofar. Einungis ein leið var skráð innan hreppa, Tíðagata ÁR-533:034, og ljóst að þessi flokkur er vanskráður, t.d. eru slíkar leiðir eru oft hluti af þjóðleiðum. Alls voru skráðar 33 þjóðleiðir en stór hluti þeirra sést á herforingjaráðskorti danskra landmælingamanna sem var gert í upphafi 20. aldar. Engin þessarar leiða var rakin í heild sinni, en slíkt væri sem fyrr segir efniviður í sérstakt rannsóknarverkefni sem vissulega væri spennandi og áhugavert að vinna innan marka sveitarfélagsins. Ástand gatnanna segir því aðeins til ástand þeirra á því svæði sem þær voru kannaðar og þar sem ekki fundust ummerki um götur má vera að slík ummerki kunni að finnast utan þess svæðis sem kannað var að þessu sinni.

Samtals voru skráðar 18 heimreiðar sem merktar höfðu verið inn á túnakort frá 1920. Heimreiðarnar voru í flestum tilvikum horfnar vegna sléttunar, vegagerðar eða annars rasks en þó mátti enn sjá móta fyrir þeim á þremur stöðum. Á Kirkjuferju liggja traðir ÁR-493:006 til suðausturs út heimatúnið og sjást enn. Veggir þeirra eru hlaðnir úr torfi og grjóti. Óljóst mótar enn fyrir einni hlið traða ÁR-487:003 á Tannastöðum, fast við núverandi malarveg að bænum. Lagning vegarins raskaði þeim að öðru leyti. Traðir ÁR-534:004 eru á Læk, þar mótar enn fyrir ruddum vegi í garði íbúðarhússins á bænum.

Skráð voru 11 vöð en hvergi sáust eiginleg ummerki á yfirborði. Vöðin dreifast nokkuð jafnt yfir svæðið en sjö þeirra eru á lækjum í Ölfusforum. Þau voru notuð á leið til og frá engjum. Hin vöðin fjögur voru notuð á þekktum leiðum, þ.e. Vað ÁR-493:018, Vöð ÁR-491:010 og 011 og Vaðið ÁR-513:008. Tveir ferjustaðir eru þekktir á skráningarsvæðinu, Ferjustaður ÁR-486:008 var yfir Sogið í landi Tannastaða og í Kirkjuferju er Ferjunef ÁR-493:010. Örnefnið Kirkjuferja bendir jafnframt til þess að bærinn hafi byggst upp þar sem ferja var fyrir. Fimm brýr voru skráðar og sáust ummerki um eina þeirra, kant ÁR-487:044. Hinar eru horfnar og ekki vitað hvar þær voru nákvæmlega fyrir utan brú ÁR-514:035 sem var notuð á þjóðleið ÁR-720:018 yfir mýri. Sjö vörður var hægt að tengja við leiðir og flokkast þær hér sem samgöngubót (sjá töflu 13). Þær voru vegvísar á þekktum leiðum. Þrjár áningarstaðir eru einnig þekktir á skráningarsvæðinu. Í landi Kotstrandar var áningarstaður ÁR-491:014 á leið ÁR-720:018, á Sogni var áningarstaður ÁR-514:040 á sömu leið og á Eystri-Þurá var áningarstaður ÁR-258:030 á leið ÁR-720:012.

## Landamerki

Landamerki voru afmörkuð á ýmsa vegu. Í sumum tilvikum voru það vatnsföll, gamlir farvegir og náttúrulegir klettur og steinar sem mörkuðu land jarða en þau voru ekki skráð. Öll manngerð landamerki voru hins vegar skráð. Samtals voru skráðir 38 minjastaðir á landamerkjum. Af þeim voru landamerkjavörður algengastar, en samtals voru skráðar 25 slíkar en aðeins saúst

ÁR-486:010	Markaskurður	heimild	landamerki	sést til
ÁR-486:014		renna	vörslugarður	sést til
ÁR-486:024	Klapparhóll	varða	landamerki	hleðslur útflattar
ÁR-486:029		heimild	landamerki	
ÁR-486:030		heimild	landamerki	ekki sést til fornleifar
ÁR-486:031		heimild	landamerki	ekki sést til fornleifar
ÁR-486:032		heimild	landamerki	ekki sést til fornleifar
ÁR-486:041		varða	landamerki	hleðslur signar
ÁR-488:026		heimild	landamerki	ekki sést til fornleifar
ÁR-488:027		heimild	landamerki	ekki sést til fornleifar
ÁR-488:030		varða	landamerki	hleðslur signar
ÁR-492:020		heimild	landamerki	ekki sést til fornleifar
ÁR-492:021		varða	landamerki	ekki sést til fornleifar
ÁR-492:022	Ferjuborg	tóft	landamerki	ekki sést til fornleifar
ÁR-492:023		heimild	landamerki	ekki sést til fornleifar
ÁR-493:020		heimild	landamerki	ekki sést til fornleifar
ÁR-493:022		garðlag	landamerki	hleðslur signar
ÁR-511:023		heimild	landamerki	ekki sést til fornleifar
ÁR-511:024	Gljúfurvarða	heimild	landamerki	ekki sést til fornleifar
ÁR-511:030		heimild	landamerki	ekki sést til fornleifar
ÁR-511:031		heimild	landamerki	ekki sést til fornleifar
ÁR-511:032		heimild	landamerki	ekki sést til fornleifar
ÁR-513:012	Sauðaklöpp	heimild	landamerki	sést til
ÁR-514:042		heimild	landamerki	ekki sést til fornleifar
ÁR-514:043		heimild	landamerki	ekki sést til fornleifar
ÁR-514:044		heimild	landamerki	
ÁR-514:045		heimild	landamerki	ekki sést til fornleifar
ÁR-514:046		varða	landamerki	sést til
ÁR-514:047		heimild	landamerki	ekki sést til fornleifar
ÁR-514:048		heimild	landamerki	ekki sést til fornleifar
ÁR-514:052		heimild	landamerki	ekki sést til fornleifar
ÁR-527:011	Greifagerði	heimild	vörslugarður	ekki sést til fornleifar
ÁR-527:021		garðlag	landamerki	hleðslur signar
ÁR-528:025	Dimmuhóll	frásögn	landamerki	sést til
ÁR-528:031		garðlag	vörslugarður	hleðslur signar
ÁR-531:004	Markaklettur	heimild	landamerki	ekki sést til fornleifar
ÁR-533:040	Skjólgarður	heimild	vörslugarður	ekki sést til fornleifar
ÁR-535:014		garðlag	landamerki	hleðslur signar

Tafla 14. Minjar á landamerkjum.



merki um fimmtung þeirra (fimm vörður). Í öðrum tilfellum voru það garðlög, áletranir og tóft sem mörkuðu landamerki. Fjögur garðlög eru varðveitt sem og Ferjuborg ÁR-492:022 á landamerkjum Hvals, Kirkjuferju og Bakkárholts. Tóftin var líklega fjárborg en ekki er vitað hvaða bær nýtti hana.

## Engjar og nýting þeirra

Ölfusforir eða Forir eru votlendissvæði við Ölfusá og segja má að byggðin raðist umhverfis þær að mestu. Þar eru víðáttumiklar og blautar engjar með tjörnum, skurðum, kaldavermslum og laugum. Þetta láglandi var sameiginlegt engjaland og nánast allt jarðir sóttu þangað hefynd. Allar nærliggjandi jarðir áttu sín engjalönd og jarðir allt vestur í Selvog áttu einnig sína spildu. Heyöflun var erfið víða í Ölfusforum, um sum af svæðunum var ekki hægt að fara með hesta, jörðin sundurskorin og vatn náði sláttufólki í mitti. Víða voru því „brýr“ í engjum og eru fjölmargar enn sjáanlegar á loftmyndum en nánast ómögulegt er að greina þær á vettvangi vegna gróðurs. Einnig var erfitt að komast að mörgum þeirra bleytu og djúpra skurða. Samtals voru skráðar 36 engjabrýr á skráningarsvæðinu og voru þær lengstu allt að 1 km að lengd. Einungis átta þeirra brúa sem þekktar voru reyndust horfnar en þar sem hvergi er getið um þessar brýr í heimildum má vera að einhverjar þeirra hafi horfið og séu þá með öllu óþekktar. Í landi Þurár og Þóroddstaða voru mjög votar engjar og ber hinn mikli fjöldi engjabrúa í engjum þeirra jarðar og nærliggjandi hverfa því berlega vitni.

Áveitur eru einnig að finna í Ölfusforum, flestar frá seinni hluta 19. aldar. Samtals voru

Samtala	Sérheiti	Hlutverk	Ástand
ÁR-532:035		brú	sést til
ÁR-533:013	Móakotsbrú	brú	sést til
ÁR-533:021		brú	sést til
ÁR-533:014	Steinbogi	brú	ekki sést til fornleifar
ÁR-528:015	Langabrá	brú	ekki sést til fornleifar
ÁR-528:017	Þorleifslækjarbrú	brú	ekki sést til fornleifar
ÁR-528:018	Spildubrá	brú	ekki sést til fornleifar
ÁR-530:012	Sandbrú	brú	ekki sést til fornleifar
ÁR-530:027	Fylkisbrú	brú	ekki sést til fornleifar
ÁR-530:028	Hornbrú	brú	ekki sést til fornleifar
ÁR-530:034	Jarðbrú	brú	ekki sést til fornleifar
ÁR-532:017	Brú/Bakkabrá	brú	ekki sést til fornleifar
ÁR-530:014	Aðalbrú	brú	sést til
ÁR-530:015	Langabverbrú	brú	hleðslur signar
ÁR-530:016	Fremri-Þverbrú	brú	hleðslur signar
ÁR-530:036		brú	sést til
ÁR-530:037		brú	sést til
ÁR-530:038		brú	sést til
ÁR-531:005	Riftúnsbrú	brú	sést til

ÁR-531:011		brú	sést til
ÁR-531:012		brú	sést til
ÁR-531:013		brú	sést til
ÁR-531:014		brú	sést til
ÁR-532:018	Vesturbrú	brú	sést til
ÁR-532:020	Félagsbrú	brú	sést til
ÁR-532:021	Austurbrú	brú	sést til
ÁR-532:032		brú	sést til
ÁR-532:033		brú	sést til
ÁR-532:034		brú	sést til
ÁR-532:036		brú	sést til
ÁR-533:008	Þorgrímsstaðabrú	brú	sést til
ÁR-533:018		brú	sést til
ÁR-533:048	Króksbrú	brú	sést til
ÁR-533:052		brú	sést til
ÁR-533:015	Langabrú	leið	sést til
ÁR-511:025		brú	sést til
ÁR-486:023	Áveita	áveita	hleðslur signar
ÁR-514:051		áveita	hleðslur signar
ÁR-720:019		áveita	
ÁR-486:027	Bæjarmýri	áveita	ekki sést til fornleifar
ÁR-513:005		áveita	ekki sést til fornleifar
ÁR-514:011	Trippalækur	áveita	ekki sést til fornleifar
ÁR-528:012	Ístopping	áveita	ekki sést til fornleifar
ÁR-530:032	Rauðustíflur	áveita	ekki sést til fornleifar
ÁR-511:022		áveita	sést til
ÁR-528:011	Þuráskurður	áveita	sést til
ÁR-532:030	Bakkaskurður	áveita	sést til
ÁR-533:012	Hjallaskurður	áveita	sést til
ÁR-533:049	Kúaskurður	áveita	sést til

Tafla 15. Minjar tengdar engjanýtingu.

skráðar átta áveitur þar. Á öðrum svæðum voru skráðar fimm áveitur og sjást ummerki um þær flestar. Það er ljóst að erfitt er að gera minjum tengdum áveitum og nýtingu á engjum ítarleg skil í aðalskráningu, þar sem mannvirkin eru gjarnan gríðarstór og eru á svæðum sem gjarnan er erfitt að komast á og yfir.

#### Aðrar minjar

Í umfjölluninni hér ofar hefur aðeins verið stiklað á stóru um þá minjastaði sem er að finna innan þess svæðis sem þessi skýrsla fjallar um en rétt er að geta að umfjöllunin er síður en svo tæmandi. Það eru margir aðrir minjastaðir innan skráningarsvæðisins og sést hluti þeirra í töflunni hér neðar. Þar er m.a. að finna minjar frá stríðsárunum, álagabletti, staði tengda átrú á

huldufólk, vörður, staði tengda laxveiði, eyktarmörk og öskuhaug.






## 6. Samantekt

Árin 2016 - 2018 voru skráðir 600 minjastaðir á 25 jörðum og minjar sem teljast vera á fleiri en einni jörð í sveitarfélaginu Ölfusi. Um dreifingu minjastaða gildir sú meginregla að flestar fornleifar eru í heimatúnum, í og við bæi. Því fækkar fornleifum eftir því sem fjær dregur frá bæ. Á bæjum þar sem búið hefur verið alla 20. öld hafa undantekningalítið átt sér stað gagngerar breytingar; ný íbúðarhús hafa verið byggð og útihús endurnýjuð eða byggð frá grunni. Sömuleiðis hafa tún verið sléttuð, skurðir grafnir, vegir heim að bæ lagfærðir o.s.frv. Það er því algengt að næstum ekkert lifi eftir af þeim mannvirkjum sem voru sýnilegar heim við bæi í upphafi 20. aldar. Af þessum sökum er algengt að um eða meira en helmingur fornminja á hverri jörð (að meðaltali) sé horfinn af yfirborði. Ástand fornleifa var metið á vettvangi og skiptist það í sex flokka:

- a) Ekki sést til fornleifar. Rústin er horfin, byggt hefur verið á henni eða henni rutt burt.
- b) Hleðslur signar. Hleðslur hrundar að því marki að lögun tófta er orðin ógreinileg og gjarnan hlaupnar í þúfur. Hleðsluhæð 20-80 cm en getur verið hærri þar sem rústir eru afmyndaðar af stórþýfi.
- c) Hleðslur standa grónar. Hleðslur byrjaðar að renna í sundur en standa enn að mestu leyti þannig að lögun og herbergjaskipun tófta er greinileg, gróid yfir grjót í veggjum og gólfi. Hleðsluhæð 80-150 cm.
- d) Hleðslur standa. Þök hrunin en hleðslur standa enn þannig að greina má einstök umför af torfi/grjóti. Hleðsluhæð 150 cm +
- e) Undir þaki. Húsið er enn undir þaki. Miðað er við að þakið sé allt uppistandandi.
- f) Sést til fornleifar. Þar sem ekki er um eiginlega tóft að ræða en leifarnar sjást hinsvegar, t.d. mógrafir, áletranir og lendingar.


Stöplarit 1 sýnir ástand minjastaðanna á skráningarsvæðinu. Tæplega helmingur minjastaðanna (eða 49%) er horfinn eða fannst ekki. Það er svipað hlutfall og víða annars staðar á landinu. Einungis tvö hús sem teljast til fornleifa standa ennþá undir þaki. Það er afar svipað hlutfall og annars staðar í sveitarfélaginu. Fáir minjastaðir eru með vel varðveittum veggjum, flestir þeirra eru útflattir og signir. Ástæða þessa er að talsverðu leyti túnasléttun en einnig hefur breytt búsetufyrirkomulag og landnýting haft áhrif á varðveislu þar sem framkvæmdir í tengslum við slíkar breytingar hafa oft raskað minjum. Tíð ábúendaskipti hafa verið á sumum jarðanna og mikið þekkingarrof er í sögu sumra þeirra sem einnig hefur áhrif á varðveislu minja. Sem dæmi má nefna að hefðbundin búskapur er ekki stundaður á neinni af jörðunum sem skráðar voru árin 2016-2018. Þar er hins vegar stunduð hrossarækt, iðnaður og ferðaþjónusta. Í Gljúfurárholti er einnig risið íbúðahverfi á hluta jarðarinnar. Það má því segja að skráningarsvæðið allt sé dreift þéttbýli fremur en dreifbýli í hefðbundnum skilningi þess orðs. Þá er útilokað að staðsetja marga þeirra staða sem nefndir eru í heimildum, ekki síst hjáleigur sem nefndar eru í Jarðabók



Stöplarit 1. Ástand skráðra minjastaða.

Árna Magnússonar og Páls Vídalíns í upphafi 18. aldar. Það vekur einnig athygli að aðeins 4% minjastaða teljast vel varðveittir, þ.e. hleðslur standa og standa grónar. Þetta er mun lægra hlutfall en annars staðar í Ölfusi. Ástæðan er sem fyrr að öllum líkindum breytt landnýting, sú staðreynd að úthagar eru víða komnir í tún og framræsla verið sérlega mikil á þessum slóðum.


Þar sem ekki sást til fornleifa var metið hvaða ástæður lágu að baki því að minjarnar voru horfnar af yfirborði. Í tæplega þriðjungi tilfella reyndist ekki unnt að segja til um það með vissu. Þar sem minjaspjöllin eru þekkt er algengast að túnasléttun sé orsök skemmda, eða í rúmlega 31% tilvika. Þessar upplýsingar sjást í stöplariti 2 hér neðar.



Stöplarit 2. Ástæða minjaspjalla.

Á hverjum minjastað innan skráningarsvæðisins var metið hvort hætta steðjaði að fornleifunum og þá hvaða hætta (sjá skífurit 1). Hættustigin eru þrjú eins og greint var frá í kafla 2, engin hætta, hætta og stórhætta. Fjórði flokkurinn, „óþekkt“, á við þegar ekki er hægt að staðsetja minjastaði né þá hættu sem að þeim stafar. Rétt er að taka fram að þegar hættumat er gert er metið hvort einhver hætta geti mögulega steðjað að fornleifum, ef ekki verði gripið

sérstakra ráðstafana. Í flestum tilfellum er ekki talið fullvíst að staðurinn verði fyrir raski og hættan því hvorki talin óhjákvæmileg eða óyfyrstíganleg heldur er hættumatinu ætlað að vekja athygli á því að umræddur minjastaður geti lent í hættu vegna tiltekinna þátta. Sem dæmi um þetta má nefna að allir minjastaðir í heimatúnum bújarða í byggð eru að jafnaði taldir í hættu vegna ábúðar, þar sem talsverðar framkvæmdir fylgja oftast búskap í sveit og margar minjar hafa á síðustu áratugum vikið í slíkum framkvæmdum. Tæplega helmingur minjastaðanna telst vera í einhverskonar hættu en einungis 4% þeirra í stórhættu. Flestar fornleifarnar eru í almennri hættu vegna ábúðar. Aðrir hættuvaldar eru m.a. vegna rofs og framkvæmda. Þær minjar sem teljast í stórhættu eru það yfirleitt vegna framkvæmda eða trjáræktar.



Skífurit 2. Hættumat minjastaða.

Minjastaðir sem ekki eru í hættu eru aðallega í úthögum, á svæðum sem eiga það sameiginlegt að náttúruvá (s.s. vatnsrof eða uppblástur) ógnar ekki minjum og ekki er talið líklegt að framkvæmdir muni eiga sér stað á næstu árum. Flestir minjastaðanna voru í hættu vegna ábúðar (31%) en 6% staðanna töldust í stórhættu, oftast vegna vegagerðar eða trjáræktar.

Almennt má segja að þeir minjastaðir sem skráðir voru séu dæmigerðir fyrir landbúnað og landnýtingu fyrri alda. Hlutverk um 6% þeirra staða sem skráðir voru var óþekkt, þ.e. ekki er lengur vitað nákvæmlega hvaða hlutverki minjastaðurinn gegndi. Slíkir staðir voru t.d. þústir, tóftir eða vörður sem engar heimildir eru um til hvers voru byggð og bera ekki greinileg einkenni sem hægt er að nota til að ráða í mögulegt hlutverk.

Á skráningarsvæðinu var einn friðlýstur minjastaður, það er Fjall ÁR-489b en bæjarhóllinn er á merkjum sveitarfélaganna Ölfuss og Árborgar. Leifar býlisins voru friðlýstar árið 1927 af Matthíasi Þórðarsyni þjóðminjaverði og skilja má textann sem svo að þetta eigi við um allar minjar sem tengjast bænum. Fjall er gömul jörð, hennar er m.a. getið í Harðar sögu og eru máldagar kirkjunnar þar varðveittir frá árinu 1397. Ekki er vitað hvar kirkjan stóð og mögulega er hún komin undir Biskupstungnabraut. Fjall fer í eyði á 18. öld vegna skriðufalla úr Ingólfsfjalli og féll þá land jarðarinnar undir nærliggjandi jarðir. Ekið er um hlað bæjarins þegar farið er eftir Biskupstungnabraut en fáir gera sér grein fyrir því eða mikilvægi minjanna. Skammt norðvestan við bæjarhóllinn eru úthús frá bænum, ofar í fjallshlíðinni og heimildir frá



lokum 19. aldar geta um fleiri minjar á þessu svæði en nú sjást á yfirborði. Það er ljóst að þessi staður er í mikilli hættu þrátt fyrir að vera friðlýstur.

Kynning fornleifa fyrir almenningi er skammt á veg komin á Íslandi og liggja þar miklir möguleikar ónýttir. Íslendingar eru tengdari sögu lands síns en margar aðrar þjóðir og margir hafa áhuga á sögu og fornleifafræði. Kynning á fornleifum og sögu getur aukið mjög á gildi útivistar og oft má flétta saman kynningu á gönguleiðum og fróðleik um fornleifar og sögu. Það þarf ekki að vera flókin né dýr framkvæmd, t.d. geta skilti með merkingum og upplýsingum um tóftir og aðra minjastaði skilað miklum fróðleik á einfaldan hátt. Erfitt er að gera upp á milli minjastaða þegar kemur að því að gera tillögur um hvaða minjastaðir gætu hentað til kynningar og/eða rannsóknar og hvaða staðir hafa óvenjugott minjagildi en hér verða nefndir nokkrir staðir á sem taldar voru hafa sérlega gott verndunar-, rannsóknar- og eða kynningargildi:

- *Völukirkja ÁR-493:012* er nú í landi Kirkjuferjuhjáleigu, við landamerki Auðsholts ÁR-495. Völukirkja var áður í landi Kirkjuferju og kunn úr þjóðsögum sem álfakirkja og var því trúað að þar hefðu verið haldnar galdramessur. Þetta er fallegur stuðlabergshóll og víðsýnt er til allra átta af honum. Staðurinn hefur mikið sögulegt gildi.
- *Kögunarhóll ÁR-492:011* er í landi Hvols, ekið er á milli hans og Ingólfsfjalls eftir þjóðvegi 1. Hóllinn hefur yfir sér þjóðsagnakenndan blæ og talin geyma skip Ingólfs Arnarsonar. Kögunarhóll er áberandi og norðan hans er nú þegar bílaplan og minnisvarði um fólk sem farist hefur í bílslysum á Hellisheiði. Það ætti að vera fremur auðvelt að gera göngustíg upp á Kögunarhól enda víðsýnt þaðan. Nú þegar er mikil umferð gangandi fólks upp á hólinn og drullusvað þar sem fólk fer upp.
- *Túngarður ÁR-487:032, áletrun 004 og áletrun 023* eru á Tannastöðum. Túngarðurinn afmarkar enn alla vesturhlið heimatúnsins og er vel varðveittur. Svæðið innan hans er um 350x70 m að stærð og heimatúnið því fremur stórt. Túngarðurinn er góð heimild um forna búskaparhætti og verklag sem ekki er að sjá víða í Ölfusi. Í túngarðinum eru á tveimur stöðum áletranir, þar hafa ártölin 1888 og 1889 verið klöppuð út. Túngarðurinn hefur mikið varðveislugildi.
- *Hólsstaðir ÁR-492:007* eru í landi Hvols, á landamerkjum við Hvamm. Sagan segir að Ingólfur Arnarson hafi haft þar vetursetu. Önnur saga segir að þarna hafi staðið bær sem eyddist í skriðuföllum. Ekki er að sjá minjar á svæðinu en góð gönguleið er eftir þjóðleið ÁR-720:018, til norðurs frá þjóðvegi 1 og mætti gjarnan vekja athygli á sögnunum í tenslum við hana.
- *Ferja ÁR-493:010* var í Kirkjuferju, yfir Ölfusá. Þetta var einn af þremur ferjustöðum yfir Ölfusá sem þekktir eru og mikilvægi minjastaðarins mikið. Það er ekki vitað nákvæmlega hvar ferjustaðurinn var og koma þrír staðir til greina. Gaman væri að skoða þetta svæði betur og reyna að staðsetja ferjuna nánar. Staðurinn hefur mikið sögulegt gildi.
- Hæstu punktur Ingólfsfjalls er *Inghóll ÁR-486:011*. Gamla sagnir segja þetta haug Ingólfs Arnarsonar en svo er ekki, hóllinn er náttúrulegur. Hann hefur lengi vakið

athygli og heimildir geta um vörðu á honum, hlaðna um 1640. Varða er enn á hólnum. Vel væri hægt að leggja stikur að hólnum uppi á fjallinu, gera gönguslóða og nýta sögu svæðisins. Staðurinn hefur mikið kynningargildi.

- Á Núpafjalli eru tveir minjastaðir tengdir hernámi Íslands, *Camp Cameron* ÁR-527:026 og *minjar* ÁR-527:031. Á fjallinu var ratsjárstöð og tengist braggahverfið þar sem voru a.m.k. 5 braggar henni. Hverfið er staðsett við Hurðarásvötn, í fallegum hvammi. Hinar minjarnar eru nokkuð sunnar, þar eru m.a. fallbyssustæði, ummerki um bragga og ruslahauga. Sumarið 2019 voru minjarnar mældar upp og gengið um hluta þess kerfisbundið til að safna gripum og er ljóst að minjarnar búa yfir gríðarlegum kynningar- og rannsóknarmöguleikum.<sup>7</sup>
- *Engjabrýr og engjaheyskapur í Ölfusforum*. Eins og áður var sagt mynda bæir í Ölfusi byggðahring umhverfis þetta mikilvæga engjasvæði og hefur það um aldir verið mikilvæg forsenda búskapar á svæðinu. Hver bær átti sitt engi að segja má og að mörgum þeirra lágu hlaðnar brýr. Sérstaklega er horft til Hjallahverfis, Þóroddstaða, Þurár og Arnarbælis í þessu samhengi. Í engjum þessarar hverfa má enn sjá flókið kerfi brúa, en að flestum þeirra er enn erfitt að komast sökum bleytu og vatnsmikils framræslukerfis. Að auki eru brýrnar illgreinlegar á yfirborði vegna gróðurs og votlendis. Brýrnar eru mikil mannvirki engu að síður og ómetanleg heimild um fyrirkomulag heyskapar sem var iðkað héraðs í rúm 1000 ár og ekki verið rannsakað að miklu marki. Í Ölfusforum eru einnig nokkarar áveitur frá seinni hluta 19. aldar, settar saman undir númerið ÁR-720:019. Ljóst er að miklir rannsóknarmöguleikar eru fyrir hendi á svæðinu um þennan hluta Íslandssögunnar sem eins og fyrr segir hefur lítið verið rannsakaður fram að þessu.
- Margar þjóðleiðir lágu úr Ölfusi yfir í nærliggjandi sveitir. Sem dæmi má nefna *leið 720:008* sem lá milli Hlíðarenda og Selvogs, *Klóarvegur* ÁR-720:011 sem lá frá Reykjakoti yfir í Grafning og *leið* ÁR-720:018 sem lá meðfram byggðinni nyrst í sveitinni. Hlutar þessarar leiða eru enn farnir af göngufólki og nýttir til útivistar og hestaferða. Möguleikarnir eru enn fleiri og kynning á leiðunum myndi auka möguleika til útivistar enn frekar.
- Gljúfurshellir ÁR-513:006 er eini manngerði hellirinn í sveitarfélaginu. Innan hans er lind sem nýtt var sem vatnsból fjárhúsanna. Varðveislu,- rannsóknar og kynningargildi hellisins er mikið.

---

7 Nú er unnið úr þessum rannsóknum og mun skýrsla um þær koma út veturinn 2020-2021. Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Oscar Aldred og Þóra Pétursdóttir. Í vinnslu.

Það er rétt að vekja athygli á því hér í lokin að fyllstu varúðar ber að gæta þar eru þekktar minjar en lítil sem engin ummerki sjást á yfirborði. Staðreyndin er nefnilega sú að þrátt fyrir að engin ummerki sjáist um minjar á yfirborði leynast oft talsverðar mannvistarleifar undir sverði. Þetta er orsökinn fyrir því að skilgreina má allt það svæði sem fellur innan marka gamalla heimatúna sem sérstakt hættusvæði þar sem fornleifar eru hvergi eins þéttar og einmitt þar, þrátt fyrir að lítil ummerki sjáist oft á yfirborði. Það má því minna það að ekki sé farið í framkvæmdir á slíkum stöðum án samráðs við Minjastofnun Íslands. Að lokum má minna á 22. og 23. grein laga um menningarminjar en þar segir: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Ennfremur segir: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.“



## Heimildir

Árni Hjartarson, Hallgerður Gísladóttir og Guðmundur J. Guðmundsson. 1997.

*Manngerðir hellar á Íslandi*. Reykjavík: Menningarsjóður.

*Bakkárholtssel-Sognasel-Gljúfursel-Öxnalækjarsel*. Ferlir. Skoðað þann 16.10.2017. Slóðin er: <https://ferlir.is/bakkarholtssel-sognasel-gljufursel-oxnalaekjarsel-saurbaejarsel/>

Bjarni F. Einarsson. 2009. „Fornleifakönnun.“ *Suðurlandsvegur. Frá Hveragerði og austur fyrir Selfoss*. Reykjavík: Efla og Vegagerðin.

*Biskupasögur II*. 1858-1878. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn: S.L. Möller.

Brynjúlfur Jónsson. 1897. „Fjall í Ölfusi.“ Árbók hins íslenska fornleifafélags 1897. Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja, bls. 18-20.

**DI**: Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn. I-XV. 1857-1972.

Kaupmannahöfn/Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Oscar Aldred og Þóra Pétursdóttir. *Hernámið í ljósi fornleifafræðinnar*. Í vinnslu.

*Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornminjar*. 1990. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík: Fornleifanefnd.

*Frásögur um fornaldarleifar 1817/1823*. 1985. Sveinbjörn Rafnsson gaf út. Reykjavík.

Guðmundur Kristinsson. 1991. *Saga Selfoss. 1. bindi*. Selfoss: Selfoskaupstaður.

Guðmundur Kristinsson. 1998. *Styrjaldarárin á Suðurlandi*. Selfoss: Árnesútgáfan.

Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson. 1999. *Fornleifaskráning í Ölfushreppi II. Svæðisskráning í Selvogs- og Ölfushreppi. FS084-99012*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

ÍF: Íslensk fornrit. I-XVII. bindi. 1935-2002. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

**JÁM II:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Árnassýsla. II bindi.* 1918-1921.

Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.

**JJ:** J. Johnsen. 1847. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi af búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn: án útgefanda.

Kristian Kálund. 1984. *Íslenzkir sögustaðir I. Sunnlendingaffjórðungur.* Haraldur Matthíasson þýddi. Reykjavík

Kristinn Magnússon. 2008. *Hengill og umhverfi: fornleifaskráning.* Rit Fornleifaverndar ríkisins 2008:9. Fornleifavernd ríkisins: Reykjavík.

Lög um menningarminjar. Sótt þann 29.08.2014. Slóðin er: <http://www.althingi.is/lagas/141a/2012080.html>

Margrét Hallmundsdóttir o.fl. 2008. *Aðalskráning fornleifa í Árborg 1.* 2008/2. Eyrarbakki: Bygðasafn Árnesinga.

Margrét Hallmundsdóttir og Edda Linn Rise. 2009. *Fornleifaskráning. Vegna skipulags í Ölfusi.* 2009/2. Bygðasafn Árnesinga: Eyrarbakki.

Minjastofnun Íslands. 2017. *Minjagátt.* Skoðað þann 6.10.2017. Slóðin er: <https://www.map.is/minjastofnun/>

*Núpastígur-Núpasel-Skógarvegur-Valhnúksskarð.* Ferlir. Skoðað þann 6.10.2017. Slóðin er: <http://www.ferlir.is/?id=6397>

Orri Vésteinsson. 1998. „Patterns of Settlement in Iceland: Study in Pre-History.“ *Saga-Book XXV:* 1–29.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2015. *Aðalskráning fornleifa í Ölfusi: Áfangaskýrsla I.* FS536-12021. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2017. *Aðalskráning fornleifa í Ölfusi: Áfangaskýrsla II*. FS626-12022. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

*Riftún-Kross*. Ferlir. Skoðað þann 6.10.2017. Slóðin er: <http://www.ferlir.is/?id=17481>

*Seldalur-Núpasel*. Ferlir. Skoðað þann 6.10.2017. Slóðin er: <http://www.ferlir.is/?id=18711>

**SSÁ: Árnassýsla. Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839/1843 og lýsing Ölfushrepps anno 1703 eftir Hálfván Jónsson.** 1979. Reykjavík: Sögufélag.

Stefán Ólafsson. 1885. *Kvæði I*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

**SB III: Sunnlenskar byggðir III.** 1983. Selfoss: Búnaðarsamband Suðurlands.

Þórður Sigurðsson. 1931. „Örnefnatal í Hellislandi 1931.“ *Skyggvir I*. bls.122-127.

Óútgefnar heimildir

Ágúst Dalkvist. 2012. *Sogn í Ölfusi*. Óútgefið handrit.

**Herforingjaráðskort 47:** Dönsku herforingjaráðskortin 1905-1915. Sótt af <http://islandskort.is/is/category/list/29>

Kort Ingólfs Einarssonar 1969: *Afréttur Hjallasóknar. Skálafell, Hellisheiði, Reykjafell, Svínahraun, Sauðadalir, Lambafell, Meitlar*. Eiríkur Einarsson safnaði örnefnum en Ingólfur Einarsson gerði kortið. Örnefnasafn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Landamerkjabréf:** Árnassýsla – Landamerkjabók 1883-1949. Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.

*Skráning menningarleifa í Ölfusi, örnefni, þjóðtrú o.fl.* Eiríkur Einarsson og Þórður Ö.



Jóhannsson. Óútgefið handrit. Sveitarfélagið Ölfus.

*Túnakort* í Ölfusi frá 1917-1920. Þjóðskjalasafn Íslands. Slóðin er: <http://www.archivesportaleurope.net/ead-display/-/ead/pl/aicode/IS-PI/type/fa/id/Stj%C3%B3rnarr%C3%A1%C3%B0+%C3%8Dslands+-+II.+skrifstofa+-+T%C3%BAanakort+1916-1929/unitid/IS-%C3%9E%C3%8D-0021-0000-012/search/0/T%C3%BAanakort>

**Ö-Alviðra a:** Örnefni í Alviðru. Árni Jónsson skráði 1963. Örnefnasafn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Alviðra b: Örnefni í Alviðru. Sigurður Þórðarson skráði 1971. Örnefnasafn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Árbær:** Örnefni í Árbæ. Þórður Ö. Jóhannsson skráði 1971. Örnefnasafn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Bakki:** Örnefni í Bakka. Eiríkur Einarsson skráði 1968. Örnefnasafn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Bjarnastaðir:** Örnefni á Bjarnastöðum. Jónína Hafsteinsdóttir skráði 1981. Örnefnasafn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Breiðabólstaður:** Örnefni í Vindheimum og á Breiðabólstað. Eiríkur Einarsson skráði 1968. Örnefnasafn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Gljúfur:** Örnefni í Gljúfri. Þórður Ö. Jóhannsson skráði 1968. Örnefnasafn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Gljúfurholt:** Örnefni í Gljúfurholti. Þórður Ö. Jóhannsson skráði 1968. Örnefnasafn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Hengill:** Hengillinn og fjallgarðurinn kringum hann, skráð hefur Þorsteinn Bjarnason frá Háholti. Örnefnasafn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, án ártals.

**Ö-Hellir:** Örnefni í Helli og Fossnesi. Þórður Ö. Jóhannsson skráði. Örnefnasafn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, án ártals

**Ö-Hjallahverfi:** Örnefni í Hjallahverfi. Eiríkur Einarsson skráði 1968. Örnefnasafn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Hlíðarendi:** Örnefni í Hlíðarenda. Eiríkur Einarsson skráði 1968. Örnefnasafn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Hraun.** Örnefni í Hrauni. Eiríkur Einarsson skráði 1969. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Hvammur:** Örnefni í Hvammi. Þórður Ögm. Jóhannsson skráði 1968. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Hvoll a:** Örnefni í Hvoli. Þórður Ö. Jóhannsson skráði 1971. Örnefnasafn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Hvoll b:** Örnefni í Hvoli, svör við spurningum. Jórunn G. Gottskálksdóttir skráði 1996. Örnefnasafn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Kirkjuferja:** Örnefni í Kirkjuferju og Kirkjuferjuhjáleigu. Þórður Ö. Jóhannsson skráði 1981. Örnefnasafn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Kotströnd a:** Örnefni á Kotströnd. Sigmar Sigurðsson skráði. Örnefnasafn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, án ártals.

**Ö-Kotströnd b:** Örnefni á Kotströnd, uppkast. Jónína Hafsteinsdóttir skráði 1996. Örnefnasafn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Kotströnd c:** Örnefni á Kotsrönd, athugasemdir. Jónína Hafsteinsdóttir skráði 1996. Örnefnasafn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Laugarbakkar:** Örnefni á Laugarbökkum. Þórður Ö. Jóhannsson skráði. Örnefnasafn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, án ártals.

**Ö-Litlaland:** Örnefni í Litlalandi. Eiríkur Einarsson skráði 1968. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Núpar:** Örnefni í Núpum. Þórður Ögm. Jóhannsson skráði 1971. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Reykjakot. *Reykjakot í Ölfusi*. Þórður Ö. Jóhannsson skráði 1967. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Reykjatorfan. *Reykjatorfan*. Þórður Ö. Jóhannsson skráði, 1968-1971. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Riftún: Örnefni í Riftúni. Eiríkur Einarsson skráði 1968. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Sogn:** Örnefni í Sogni. Þórður Ö. Jóhannsson skráði, Örnefnasafn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 1967.

**Ö-Tannastaðir:** Örnefni á Tannastöðum. Sigurður Þórðarson skráði. Örnefnasafn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 1971.

Ö-Ytri-Þurá: Örnefni á Ytri-Þurá. Eiríkur Einarsson skráði 1968. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Þóroddsstaðir: Örnefni á Þóroddsstöðum. Eiríkur Einarsson skráði 1968. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Þórustaðir:** Örnefni á Þórustöðum. Þórður Ö. Jóhannsson skráði 1969. Örnefnasafn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Öndverðarnes: Örnefni í Öndverðarnesi. Árni Jónsson skráði 1970. Örnefnasafn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Heimildamenn:

Ari Eggertsson, f. 05.12.1959.

Eystri- og Ytri-Þurá.

Finnbogi Vikar, f. 22. 04.1923 - d. 24.12.2009.

Hjalli



Guðmundur Baldursson, f. 27.01.1952.	Kirkjuferja og Kirkjuferjuhjáleiga
Guðmundur A. Birgisson, f. 01.07.1961.	Núpar
Haukur Gunnlaugsson, f. 19.09. 1962,.	Núpar
Helgi Eggertsson, f. 31.12.1956.	Þórustaðir
Hjörtur Bergmann, f. 13.10.1955.	Lækur
Hulda Svandís Hjaltadóttir, f. 28.05.1965.	Bjarnastaðir
Jón H. Gíslason, f. 02.04.1953.	Tannastaðir
Jón Stefánsson, f. 21.12.1945.	Gljúfur
Jón Ögmundsson, f. 12.09.1956.	Krókur
Kristinn Valdimarsson, f. 19.12.1952.	Laugarbakkar
Kristján Karl Gunnarsson f. 03.09.1964.	Gljúfurholt
Ólafur H. Einarsson, f. 25.03.1961.	Hvoll
Páll Auðar Þorláksson, f. 19.07.1936 - d. 10.09.2018.	Kotströnd, Gljúfur
Sigurhanna Gunnarsdóttir, f. 21.12.1932.	Lækur
Stefán Jónsson, Gljúfur	
Tómas Jónsson, f. Þóroddstaðir	
Þorsteinn Gunnarsson, f. 08.09.1940.	Kotströnd

Viðauki I: Hnitaskrá ISN93

Samtala	Easting	Northing
ÁR-486:001	402935.571	390085.404
ÁR-486:002	402939.329	390159.116
ÁR-486:003	402885.197	390129.113
ÁR-486:004	402876.135	390149.335
ÁR-486:005	402897.119	390246.400
ÁR-486:006	402991.009	390037.713
ÁR-486:007	402929.846	390074.921
ÁR-486:008	403316.923	389935.594
ÁR-486:009	403232.174	389599.284
ÁR-486:010	402460.841	391696.154
ÁR-486:011	400774.998	389589.995
ÁR-486:012	402878.454	390906.220
ÁR-486:013	402712.660	390998.969
ÁR-486:014	402896.911	390943.068
ÁR-486:016	402771.634	390585.910
ÁR-486:017	402774.919	390411.688
ÁR-486:018	402989.286	390304.012
ÁR-486:019	403010.904	390259.720
ÁR-486:020	403237.966	389286.318
ÁR-486:021	402997.681	390046.731
ÁR-486:022a	403109.293	389664.031
ÁR-486:022b	403090.936	389678.322
ÁR-486:022c	403100.226	389702.909
ÁR-486:023a	403156.930	389349.300
ÁR-486:023b	403082.359	389390.488
ÁR-486:024	403131.175	389191.621
ÁR-486:025	402794.372	390224.916
ÁR-486:027	403240.740	390040.378
ÁR-486:028	403281.376	389229.960
ÁR-486:030	402447.202	389219.051
ÁR-486:031	402303.001	392129.155
ÁR-486:032	401887.454	391929.076
ÁR-486:033a	402332.402	390192.504
ÁR-486:033b	402260.976	390151.857
ÁR-486:033c	402276.836	390144.582
ÁR-486:034	402961.269	390397.251
ÁR-486:035	402092.325	391524.115
ÁR-486:036	403126.264	390780.916
ÁR-486:037a	403090.965	391018.695
ÁR-486:037b	403096.670	391018.516

Samtala	Easting	Northing
ÁR-486:038	403002.576	390047.354
ÁR-486:039	402994.090	390002.783
ÁR-486:040a	402985.730	389972.280
ÁR-486:040b	402997.141	389981.092
ÁR-486:041a	401595.322	391480.369
ÁR-486:041b	401594.757	391484.549
ÁR-486:042	402919.337	390435.263
ÁR-486:043	401973.019	389507.098
ÁR-486:044	403025.281	389314.193
ÁR-486:045	403015.673	389294.048
ÁR-486:046	402737.211	390871.787
ÁR-486:047a	401994.239	391323.644
ÁR-486:047b	402046.888	391292.413
ÁR-486:047c	402049.922	391280.051
ÁR-486:047d	402050.569	391254.152
ÁR-486:048	402103.944	391125.311
ÁR-487:001	402750.105	387832.557
ÁR-487:002	402749.913	387887.209
ÁR-487:003	402772.652	387823.480
ÁR-487:004	402637.663	387766.731
ÁR-487:005	402669.612	387703.881
ÁR-487:006	402819.150	387884.482
ÁR-487:008	402659.552	387707.058
ÁR-487:009	402647.135	387851.744
ÁR-487:010	402769.100	387917.841
ÁR-487:011	402730.997	387729.755
ÁR-487:013	402786.249	387830.523
ÁR-487:014	402918.477	387638.313
ÁR-487:016	403116.583	387486.884
ÁR-487:017	402882.001	387314.322
ÁR-487:019	402863.659	387182.719
ÁR-487:020	402525.504	387049.691
ÁR-487:021	402396.343	387323.121
ÁR-487:022a	402684.261	387416.680
ÁR-487:022b	402695.850	387420.551
ÁR-487:023	402654.183	387851.149
ÁR-487:024	402718.156	387985.261
ÁR-487:025	403318.617	388916.853
ÁR-487:026	403081.608	388771.131
ÁR-487:027	403235.972	388253.237

Samtala	Easting	Northing
ÁR-487:030	403267.781	388295.912
ÁR-487:031	402821.829	387852.218
ÁR-487:032a	402640.100	387794.851
ÁR-487:032b	402643.058	387812.494
ÁR-487:033	402693.773	387702.074
ÁR-487:034	403465.291	388436.449
ÁR-487:035	403279.014	388137.205
ÁR-487:036	403183.394	387166.567
ÁR-487:037	402568.134	387908.550
ÁR-487:038	403472.033	388411.575
ÁR-487:039	403425.310	388638.357
ÁR-487:040	403045.479	387131.515
ÁR-487:041	402675.237	387788.838
ÁR-487:042	403456.491	388352.067
ÁR-487:043	403196.770	388251.761
ÁR-487:044	402608.017	387405.803
ÁR-487:045	402892.834	387161.506
ÁR-488:001	403356.255	386085.705
ÁR-488:002	403359.055	386115.619
ÁR-488:003	403403.022	386046.428
ÁR-488:004	403393.935	386075.712
ÁR-488:005	402901.829	386377.987
ÁR-488:006	403264.642	386198.876
ÁR-488:007	403030.664	386049.311
ÁR-488:009	403333.726	385645.044
ÁR-488:010	403399.124	385617.358
ÁR-488:011	402584.811	385810.174
ÁR-488:012	403249.601	386479.868
ÁR-488:013	403185.300	386412.722
ÁR-488:014	402379.092	386340.108
ÁR-488:015	401955.987	386207.696
ÁR-488:016	402166.314	385975.950
ÁR-488:017	401641.528	386008.976
ÁR-488:019a	401817.372	386676.440
ÁR-488:019b	401821.679	386682.437
ÁR-488:020a	401626.105	386393.339
ÁR-488:020b	401611.368	386386.917
ÁR-488:021	403396.603	386106.191
ÁR-488:023	403361.847	386165.839
ÁR-488:024	402213.306	386307.420

Samtala	Easting	Northing
ÁR-488:025	403334.203	386074.903
ÁR-488:026	401880.359	386789.551
ÁR-488:027	401292.379	386716.221
ÁR-488:028	401675.484	386599.306
ÁR-488:029a	402161.219	386225.745
ÁR-488:029b	402175.642	386226.177
ÁR-488:030	401406.367	386383.323
ÁR-488:031	402358.290	385220.229
ÁR-489:035	401227.054	386317.087
ÁR-489:036	401242.467	386407.125
ÁR-489:037a	400723.014	386306.910
ÁR-489:037b	400722.433	386306.470
ÁR-489:037c	400745.763	386295.345
ÁR-489:038a	400746.487	386238.318
ÁR-489:038b	400732.921	386232.620
ÁR-489:038c	400707.793	386219.486
ÁR-489b:001	401858.467	385865.339
ÁR-489b:002	401890.843	385861.303
ÁR-489b:003	401880.600	385875.352
ÁR-489b:005	401786	385860
ÁR-489b:006	401961	386075
ÁR-489b:007	401969	386127
ÁR-489b:008	401889.635	385958.113
ÁR-490:021	400326.845	386458.601
ÁR-490:022	400391.569	386408.143
ÁR-490:023a	400285.336	386274.669
ÁR-490:023b	400284.498	386266.889
ÁR-490:023c	400369.829	386162.860
ÁR-490:023d	400362.928	386163.194
ÁR-490:023e	400356.076	386163.629
ÁR-490:023f	400350.835	386163.695
ÁR-490:024	400507.957	386231.736
ÁR-491:001	399010.276	384503.512
ÁR-491:002	399042.398	384552.191
ÁR-491:003	399019.537	384557.307
ÁR-491:004	399026.164	384594.445
ÁR-491:006	398886.005	384483.713
ÁR-491:007	398756.715	383797.451
ÁR-491:008	399194.555	384366.654
ÁR-491:010	398739.637	383414.404



<b>Samtala</b>	<b>Easting</b>	<b>Northing</b>	<b>Samtala</b>	<b>Easting</b>	<b>Northing</b>
ÁR-491:012	399034.124	386018.946	ÁR-493:015	396127.304	384408.766
ÁR-491:013	399666.675	386168.608	ÁR-493:017	396864.353	383412.563
ÁR-491:014	397936.328	383398.057	ÁR-493:018	396501.441	383659.691
ÁR-492:001	397165.487	385002.469	ÁR-493:019	396437.273	383617.442
ÁR-492:002	397236.521	385094.590	ÁR-493:020	396166.322	385000.500
ÁR-492:003	397328.962	385161.021	ÁR-493:021	396609.704	384202.882
ÁR-492:004	397326.900	385014.513	ÁR-493:022	395461.283	384888.124
ÁR-492:005	397148.877	384979.263	ÁR-494:001	396509.897	384056.739
ÁR-492:006	396834.098	385251.206	ÁR-494:002	396511.929	384109.051
ÁR-492:007	398189.436	387454.878	ÁR-494:003	396556.057	383837.683
ÁR-492:008	398238.929	386333.781	ÁR-494:004	396566.215	384049.024
ÁR-492:009	398363.686	385985.682	ÁR-511:001	395159.662	386949.884
ÁR-492:010	398606.763	385732.537	ÁR-511:002	395201.871	387060.009
ÁR-492:011	398059.351	385307.449	ÁR-511:003	395193.236	387053.805
ÁR-492:012	397532.990	384445.386	ÁR-511:004	395215.733	386935.270
ÁR-492:013	397518.215	384940.251	ÁR-511:006	395272.780	386953.116
ÁR-492:014	396975.302	385216.673	ÁR-511:007	395081.552	387432.320
ÁR-492:016	397304.060	384985.380	ÁR-511:008	395933.708	387915.875
ÁR-492:017	396614.228	384592.703	ÁR-511:009	395818.068	387777.546
ÁR-492:018	397342.737	385129.776	ÁR-511:010	395171.985	386905.522
ÁR-492:019	398775.748	386367.604	ÁR-511:011	394970.049	386862.617
ÁR-492:021	397193.714	384455.066	ÁR-511:012	396376.095	387625.171
ÁR-492:022	396358.843	385012.743	ÁR-511:013	395600.638	387177.375
ÁR-492:024	398618.014	386130.050	ÁR-511:014	395265.394	386939.834
ÁR-493:0006b	396497.437	383735.231	ÁR-511:016	396013.004	388615.962
ÁR-493:001	396420.536	383802.278	ÁR-511:018	395161.054	386931.549
ÁR-493:002	396488.772	383837.144	ÁR-511:019	395132.720	386937.305
ÁR-493:003	396436.852	383808.866	ÁR-511:020	395159.032	386928.382
ÁR-493:004	396391.715	383888.172	ÁR-511:021	395177.996	386821.094
ÁR-493:005	396081.312	384456.264	ÁR-511:022	394775.455	387011.539
ÁR-493:006a	396429.435	383796.847	ÁR-511:023	396684.659	387843.521
ÁR-493:007	396377.523	383884.919	ÁR-511:024	396727.731	387623.233
ÁR-493:008	396402.215	384064.247	ÁR-511:025a	395005.495	387027.507
ÁR-493:009	396524.572	383789.657	ÁR-511:025b	394604.256	387058.157
ÁR-493:010	397787.279	383316.609	ÁR-511:026	396006.615	387307.601
ÁR-493:011	395800.727	383941.637	ÁR-511:027	395165.335	386913.218
ÁR-493:012	395314.573	384111.739	ÁR-511:028	395192.802	387103.372
ÁR-493:013	396049.296	384700.856	ÁR-511:029	395349.590	387020.650
ÁR-493:014a	397150.799	383581.848	ÁR-511:030	396138.551	387117.377
ÁR-493:014b	397168.148	383590.089	ÁR-513:001	396233.147	389917.693

<b>Samtala</b>	<b>Easting</b>	<b>Northing</b>	<b>Samtala</b>	<b>Easting</b>	<b>Northing</b>
ÁR-513:002	396353.473	389993.972	ÁR-514:024	395865.675	389684.641
ÁR-513:003	396731.907	389526.371	ÁR-514:025a	395197.179	391733.058
ÁR-513:004	396594.857	389429.597	ÁR-514:025b	395205.633	391725.404
ÁR-513:005	396708.541	389226.134	ÁR-514:026a	396083.777	391663.297
ÁR-513:006	396641.530	389546.835	ÁR-514:026b	396069.436	391667.566
ÁR-513:007	396650.542	389510.173	ÁR-514:026c	396093.308	391664.314
ÁR-513:008	396035.109	389626.067	ÁR-514:026d	396079.502	391674.371
ÁR-513:009	396266.307	390011.396	ÁR-514:028	395802.629	389928.150
ÁR-513:010	396350.255	390070.374	ÁR-514:029	396001.487	389674.564
ÁR-513:011b	396278.224	391745.111	ÁR-514:030	395631.968	390062.971
ÁR-513:012	395882.172	388630.956	ÁR-514:031	395776.819	389961.482
ÁR-513:013	396301.677	389928.661	ÁR-514:032	395843.381	390014.235
ÁR-513:014	396130.900	389720.787	ÁR-514:033	395817.580	389996.919
ÁR-513:015	396111.998	389847.000	ÁR-514:034	395447.856	390104.053
ÁR-513:016	396589.435	392710.262	ÁR-514:035	395281.140	389782.910
ÁR-513:017	396341.302	391137.961	ÁR-514:036	395847.006	390023.033
ÁR-513:018	396283.157	389995.432	ÁR-514:037	395786.572	389987.922
ÁR-514:001	395620.983	390045.044	ÁR-514:038	395709.228	389971.232
ÁR-514:002	395746.786	390006.000	ÁR-514:039	395564.620	389975.449
ÁR-514:003	395551.776	390032.879	ÁR-514:040	395025.289	389476.231
ÁR-514:004	395462.566	390180.799	ÁR-514:041	395283.601	389332.396
ÁR-514:005	395330.641	390032.887	ÁR-514:045	394824.249	389075.832
ÁR-514:006	395758.927	390268.845	ÁR-514:046	394905.267	390370.141
ÁR-514:007	395748.909	390118.369	ÁR-514:049	395167.401	391329.816
ÁR-514:008	395487.142	389920.373	ÁR-514:050	394908.339	389604.697
ÁR-514:009	395365.654	389882.449	ÁR-514:051	394958.123	389337.423
ÁR-514:010	395399.855	389972.762	ÁR-514:052	395408.011	388985.354
ÁR-514:011	395447.098	390021.608	ÁR-515:010	394954.438	387988.012
ÁR-514:012	395522.738	390097.559	ÁR-515:012	395715.736	389054.651
ÁR-514:013	395425.804	390062.457	ÁR-515:015	395001.914	388516.253
ÁR-514:014	395407.285	390053.490	ÁR-515:016	395141.482	388445.265
ÁR-514:015	395419.553	390112.204	ÁR-527:001	390543.995	388180.496
ÁR-514:016	395613.994	389983.038	ÁR-527:003	390476.652	388239.655
ÁR-514:017	395412.135	390052.101	ÁR-527:004	390555.721	388163.846
ÁR-514:018	395266.739	389774.142	ÁR-527:005	390435.843	387932.658
ÁR-514:019	395186.772	389478.757	ÁR-527:006a	390427.507	388207.930
ÁR-514:020	394971.895	389069.975	ÁR-527:006b	3904259.98	388222.047
ÁR-514:021	395936.797	390060.504	ÁR-527:006c	390426.905	388236.508
ÁR-514:022	395967.771	389717.581	ÁR-527:007	390396.527	388018.045
ÁR-514:023	395518.456	390082.107	ÁR-527:008a	390429.094	388263.762

Samtala	Easting	Northing
ÁR-527:008b	390434.431	388274.728
ÁR-527:009	390360.424	388065.515
ÁR-527:012a	389313.908	390057.685
ÁR-527:012b	389324.502	390036.333
ÁR-527:012c	389324.386	390033.102
ÁR-527:012d	389332.815	390033.136
ÁR-527:012e	389343.043	390032.995
ÁR-527:012f	389350.159	390025.260
ÁR-527:013	390663151	388317.626
ÁR-527:014	390467.494	388854.113
ÁR-527:015	390373.116	387617.283
ÁR-527:017	391149.993	387404.459
ÁR-527:018	391631.107	386916.063
ÁR-527:019	391017.875	387093.253
ÁR-527:020	391078.359	386129.703
ÁR-527:021	391159.990	385577.812
ÁR-527:022	390085.860	386921.661
ÁR-527:023	389600.973	388925.278
ÁR-527:024	390277.130	388340.005
ÁR-527:025	390065.873	387457.387
ÁR-527:026a	389657.946	390311.083
ÁR-527:026b	389519.697	390411.012
ÁR-527:026c	389538.833	390451.972
ÁR-527:026d	389531.479	390490.322
ÁR-527:026e	389516.911	390459.500
ÁR-527:026f	389487.920	390514.199
ÁR-527:026g	389532.376	390574.230
ÁR-527:026h	389899.601	390410.484
ÁR-527:026i	389905.727	390409.742
ÁR-527:026j	389655.548	390438.616
ÁR-527:027	389450.864	390589.102
ÁR-527:028	388987.992	389232.363
ÁR-527:029	390445.844	387990.977
ÁR-527:030	391195.276	388085.075
ÁR-527:031a	389869.059	388979.061
ÁR-527:031b	389875.541	388949.829
ÁR-527:031c	389856.683	388940.819
ÁR-527:031d	389779.412	388880.362
ÁR-527:031e	389932.815	388843.557
ÁR-527:031e	389895.129	388816.416

Samtala	Easting	Northing
ÁR-527:031e	389950.675	388842.665
ÁR-527:031f	389912.939	388790.451
ÁR-527:032	389834.083	387707.078
ÁR-527:033	389533.922	389673.476
ÁR-527:034a	388638.776	388135.700
ÁR-527:034b	389262.566	388204.675
ÁR-527:035	390419.862	387993.459
ÁR-527:036	390006.988	389061.196
ÁR-527:037	389917.410	390825.281
ÁR-527:038	390455.001	387972.691
ÁR-527:039	390897.295	387307.117
ÁR-527:040	390417.371	387891.254
ÁR-527:041	390584.692	388142.469
ÁR-527:042	389974.531	388483.461
ÁR-527:043	391265.307	386576.595
ÁR-528:001	389576.499	386239.919
ÁR-528:002	389462.670	386283.151
ÁR-528:003	389669.931	386227.122
ÁR-528:004	389629.810	386057.210
ÁR-528:005	389650.096	386107.298
ÁR-528:006	389605.485	386118.595
ÁR-528:007	389574.152	386214.872
ÁR-528:008	389946.323	386123.973
ÁR-528:009	389448.737	386556.242
ÁR-528:010	389468.485	386391.675
ÁR-528:011	390114.036	385171.211
ÁR-528:012	389558.597	385688.431
ÁR-528:013	391175.445	385210.959
ÁR-528:014	390768.341	385028.624
ÁR-528:015	390555.266	385128.952
ÁR-528:016	390486.396	384593.965
ÁR-528:017	390416.755	384776.410
ÁR-528:018	390167.448	384719.204
ÁR-528:019	389712.588	387109.635
ÁR-528:020	389272.000	386995.843
ÁR-528:021	389792.296	386793.012
ÁR-528:022a	389985.342	386035.795
ÁR-528:022b	389963.644	386161.134
ÁR-528:023a	390419.948	385453.305
ÁR-528:023b	390986.008	385604.382



Samtala	Easting	Northing
ÁR-528:024	389554.994	386227.599
ÁR-528:025	389699.755	386192.208
ÁR-528:026	389602.378	386205.609
ÁR-528:027	389579.928	386176.067
ÁR-528:028	389547.145	386222.011
ÁR-528:029	389938.548	386967.057
ÁR-528:030	389944.109	386756.729
ÁR-528:031	390127.216	385525.747
ÁR-528:032a	388987.444	388322.861
ÁR-528:032b	389003.095	388263.279
ÁR-528:033	388722.030	388491.142
ÁR-529:001	389404.397	386224.325
ÁR-529:002	389459.494	386145.663
ÁR-529:003	389432.926	386247.572
ÁR-529:004	389225.787	386508.658
ÁR-529:005	388982.268	386987.371
ÁR-529:006	389359.980	386283.709
ÁR-529:007	388670.289	387855.226
ÁR-530:001	388968.847	386088.259
ÁR-530:002	388928.860	386009.708
ÁR-530:003	388963.249	385964.967
ÁR-530:004	388975.462	385981.369
ÁR-530:005	388797.920	385796.427
ÁR-530:007	389420.920	385610.751
ÁR-530:008	388372.271	386673.080
ÁR-530:009	389017.214	386537.190
ÁR-530:010	388634.858	386816.009
ÁR-530:011	388393.207	386361.631
ÁR-530:012	389332.652	385442.560
ÁR-530:013	389116.716	386165.226
ÁR-530:014	389452.656	384680.819
ÁR-530:015	389646.795	384606.568
ÁR-530:016	389860.836	384324.308
ÁR-530:017a	388991.421	385961.497
ÁR-530:017b	388832.014	386281.585
ÁR-530:018	388289.533	387324.216
ÁR-530:019	388928.356	386204.724
ÁR-530:020a	388265.174	386565.157
ÁR-530:020b	388283.554	386569.076
ÁR-530:020c	388327.990	386573.606

Samtala	Easting	Northing
ÁR-530:021	389121.159	385656.161
ÁR-530:022	388775.672	386016.657
ÁR-530:023	388829.639	386087.009
ÁR-530:026	388993.924	386087.360
ÁR-530:027	389777.185	384239.229
ÁR-530:028	389446.474	384737.196
ÁR-530:029	389416.747	385155.901
ÁR-530:030	389203.205	386133.854
ÁR-530:031	388758.442	386018.950
ÁR-530:032	389192.572	386209.422
ÁR-530:033	389177.880	386239.058
ÁR-530:034	389125.683	385958.809
ÁR-530:035	388731.352	385993.817
ÁR-530:036	389453.962	384792.675
ÁR-530:037	389919.834	384177.883
ÁR-530:038	389871.833	384571.032
ÁR-531:001	388661.932	385755.907
ÁR-531:002	388646.227	385706.814
ÁR-531:003	388713.458	385842.576
ÁR-531:004	388620.971	385441.684
ÁR-531:005	389450.639	384415.781
ÁR-531:006	388711.652	385725.411
ÁR-531:007	388512.785	385570.062
ÁR-531:008	388568.686	385707.496
ÁR-531:009	388589.232	385699.174
ÁR-531:010	388592.211	385753.394
ÁR-531:011	389288.003	384489.442
ÁR-531:012	389392.545	384425.293
ÁR-531:013	389233.136	384687.555
ÁR-531:014	389291.901	384672.951
ÁR-532:001	388763.880	384380.083
ÁR-532:002	388850.037	384404.797
ÁR-532:003	388739.998	384524.203
ÁR-532:004	388618.501	384388.236
ÁR-532:005	388633.488	384350.443
ÁR-532:006	388611.551	384326.985
ÁR-532:007	388862.942	384354.217
ÁR-532:008	388873.524	384368.789
ÁR-532:009	388790.515	384336.179
ÁR-532:010	388760.646	384503.142

Samtala	Easting	Northing
ÁR-532:011	388702.046	384408.552
ÁR-532:012	388312.277	385335.881
ÁR-532:013	388137.342	385043.216
ÁR-532:015	387972.263	384782.440
ÁR-532:016	387748.751	384705.305
ÁR-532:017	388885.898	384352.368
ÁR-532:018	389115.865	384198.505
ÁR-532:019	388768.843	384357.043
ÁR-532:020	388974.419	384360.836
ÁR-532:021	389299.369	384126.029
ÁR-532:022	388771.200	384280.061
ÁR-532:023	387779.757	384736.422
ÁR-532:024	387724.131	384672.955
ÁR-532:025	388822.236	384407.947
ÁR-532:026	388439.438	385461.615
ÁR-532:027a	388427.053	385492.491
ÁR-532:027b	388425.875	385496.555
ÁR-532:028	388460.120	385499.388
ÁR-532:029a	388452.575	385559.626
ÁR-532:029b	388453.160	385562.279
ÁR-532:030	389463.932	384092.682
ÁR-532:032	388953.217	383820.392
ÁR-532:033	388956.395	384287.195
ÁR-532:034	389061.188	384417.110
ÁR-532:035	389144.352	384424.359
ÁR-532:036	389030.231	384607.654
ÁR-533:001	387355.758	384049.746
ÁR-533:002	387374.038	384056.668
ÁR-533:003	387372.828	384040.270
ÁR-533:004	387343.762	384165.709
ÁR-533:005	387333.299	384037.575
ÁR-533:006	387366.731	383984.731
ÁR-533:007	387394.871	384111.564
ÁR-533:008	387890.116	382264.776
ÁR-533:009	387539.819	384184.396
ÁR-533:010	387377.953	383803.537
ÁR-533:011	388292.814	383460.997
ÁR-533:012	388158.997	382796.613
ÁR-533:013	388062.165	383478.060
ÁR-533:014	387142.467	383378.882

Samtala	Easting	Northing
ÁR-533:015	388150.355	382888.008
ÁR-533:016	386915.646	383305.340
ÁR-533:017	386879.636	383282.483
ÁR-533:018	387501.936	382428.042
ÁR-533:019	387692.706	384634.382
ÁR-533:020	387537.942	384571.868
ÁR-533:021a	388493.439	383054.301
ÁR-533:021b	388517.820	382893.583
ÁR-533:022	386934.572	383441.169
ÁR-533:023	387355.160	384502.911
ÁR-533:025	386099.931	383514.245
ÁR-533:026	386182.464	383484.987
ÁR-533:027	386304.228	383565.077
ÁR-533:028	386169.599	383499.514
ÁR-533:029	385704.086	383303.121
ÁR-533:030	385512.641	383180.374
ÁR-533:032	384945.233	382971.075
ÁR-533:033	385212.499	383125.387
ÁR-533:034	385141.660	383017.903
ÁR-533:035	387113.610	385662.464
ÁR-533:036	386191.659	384685.450
ÁR-533:037a	385514.783	385773.949
ÁR-533:037b	385518.153	385783.492
ÁR-533:037c	385500.319	385775.583
ÁR-533:037d	385506.045	385774.025
ÁR-533:038	385633.383	384037.646
ÁR-533:039	385496.963	384047.076
ÁR-533:041	384478.589	383311.077
ÁR-533:042	383967.126	383540.092
ÁR-533:043	385681.168	383236.695
ÁR-533:044	385454.565	385779.722
ÁR-533:045	385640.985	384028.197
ÁR-533:046	385339.920	383196.760
ÁR-533:047	385202.143	383139.938
ÁR-533:048	387894.368	382556.248
ÁR-533:049	388669.479	383377.540
ÁR-533:050	385972.388	384171.039
ÁR-533:051	387412.706	384039.130
ÁR-533:052	38866.0879	383039.133
ÁR-533:052a	387296.119	383220.768

Samtala	Easting	Northing
ÁR-533:052b	387327.083	383080.576
ÁR-534:001	387294.761	383994.869
ÁR-534:002	387222.068	383968.649
ÁR-534:003	387310.686	383976034
ÁR-534:004	387281.053	383939038
ÁR-534:005	387308.668	383998.047
ÁR-534:006	387128.234	384023.691
ÁR-534:007	387276.740	384039.034
ÁR-534:008	387258.612	383953.608
ÁR-534:009	387388.560	383955.734
ÁR-535:001	387222.878	384127.124
ÁR-535:002	387157.732	384179.692
ÁR-535:003	387185.023	384188.002
ÁR-535:004	387250.953	384269.263
ÁR-535:005	387127.027	384220.671
ÁR-535:006	386878.375	384051.827
ÁR-535:007	386928.271	383975.317
ÁR-535:008a	386911.109	384010.196
ÁR-535:008b	386921.059	384016.015
ÁR-535:009	386792.839	383933.967
ÁR-535:010	386746.205	383890.600
ÁR-535:011	387315.311	384163.631
ÁR-535:012	387234.615	384075.578
ÁR-535:013	387223.290	384115.954
ÁR-535:014	387269.932	384296.466
ÁR-535:015	387167.041	384158.364
ÁR-535:016	387233.063	384128.147
ÁR-536:001	387315.472	384325.954
ÁR-536:002	387360.419	384366.434
ÁR-536:003	387373.994	384357.203
ÁR-536:004	387334.084	384373.081
ÁR-536:005	387334.961	384368.804
ÁR-536:006	387374.126	384419.033
ÁR-536:007	387345.575	384334.175
ÁR-536:008	387319.843	384376.834
ÁR-536:009a	387304.481	384294.395
ÁR-536:009b	387299.426	384301.153
ÁR-536:010	387325.439	384313.485
ÁR-537:001	387493.671	384328.560
ÁR-537:002	387490.615	384311.278

Samtala	Easting	Northing
ÁR-537:003	387516.152	384314.876
ÁR-537:004	387491.237	384337.802
ÁR-538:001	387483.802	383919.788
ÁR-538:002	387451.874	383896.113
ÁR-538:003	387492.925	383900.240
ÁR-553:031	385366.906	383167.194
ÁR-720:001	395842.325	389070.001
ÁR-720:002a	396261.504	389082.701
ÁR-720:002b	396054.565	388833.641
ÁR-720:006 1	386136.659	381035.541
ÁR-720:006 10	385991.797	380174.147
ÁR-720:006 11	385943.154	380032.959
ÁR-720:006 12	385954.543	379959.191
ÁR-720:006 13	385901.072	379840.847
ÁR-720:006 14	385817.915	379651.836
ÁR-720:006 15	385828.484	379646.781
ÁR-720:006 16	385806.602	379577.033
ÁR-720:006 17	385787.248	379518.666
ÁR-720:006 18	385743.723	379380.021
ÁR-720:006 19	385715.430	379338.180
ÁR-720:006 2	386153.020	380966.799
ÁR-720:006 20	385675.273	379215.178
ÁR-720:006 21	385570.524	379030.185
ÁR-720:006 22	385578.768	379022.372
ÁR-720:006 3	386146.641	380909.460
ÁR-720:006 4	386126.411	380817.693
ÁR-720:006 5	386111.480	380733.437
ÁR-720:006 6	386100.793	380646.501
ÁR-720:006 7	386103.554	380510.109
ÁR-720:006 8	386067.311	380372.503
ÁR-720:006 9	386041.747	380285.646
ÁR-720:009	394470.677	385261.941
ÁR-720:010 1	398885.722	385652.120
ÁR-720:010 2	402740.690	388201.204
ÁR-720:011	393070.839	392663.728
ÁR-720:012 1	392420.844	389172.745
ÁR-720:012 2	392384.660	388922.914
ÁR-720:012 3	391868.637	388444.748
ÁR-720:012 4	387500.009	384501.207
ÁR-720:012 5	389418.389	386474.665




<b>Samtala</b>	<b>Easting</b>	<b>Northing</b>
ÁR-720:012 6	386915.498	384003.823
ÁR-720:012 8	386992.791	383649.555
ÁR-720:012 8	392585.622	389507.505
ÁR-720:013 1	392552.350	387748.739
ÁR-720:013 2	392777.076	387768.157
ÁR-720:014	391363.889	388143.922
ÁR-720:015	396914.506	386997.297
ÁR-720:016	395777.053	385435.836
ÁR-720:017	395815.550	384234.470
ÁR-720:018 1	394684.592	389502.802
ÁR-720:018 2	395593.245	389886.247
ÁR-720:018 3	398143.982	387705.646
ÁR-720:019	394463.612	385626.912
ÁR-720:019 1	393048.100	385613.787
ÁR-720:019 2	392298.664	384897.756
ÁR-720:019 3	392192.991	384851.124
ÁR-720:019 4	393304.713	387512.155
ÁR-720:019 5	393089.792	385822.347
ÁR-720:020	396508.943	383663.900
ÁR-720:021	387788.907	384045.702
ÁR-720:022	390869.182	388417.767
ÁR-720:022 2	392213.848	389862.591
ÁR-720:023	392617.550	389496.147
ÁR-720:024	396594.075	384330.012
ÁR-720:025	397451.159	390315.761
ÁR-720:026	386345.098	382950.113
ÁR-720:027	390427.166	389048.010




## Viðauki II: Minjakort

Loftmyndirnar hér að aftan sýna afstöðu fornleifa innan jarða. Fremst er dreifing allra skráðra minjaastaða sýnd á Íslandskorti 1:50000 en þau voru gerð árið 1908. Hver loftmynd er merkt ákveðinni jörð og ef um fleiri en eina loftmynd af sömu jörð er að ræða er þess getið. Á hverri loftmynd eru eingöngu hnit á þeirri jörð auðkennd með númeri. Hnit er sýnt með rauðum punkti og kennitala staðarins með hvítu letri. Gráar línur tákna landamerki, ljósbláar áveitugarða, svartar línur eru garðlög og rauðar línur tákna leiðir. Loftmyndirnar eru frá Loftmyndum ehf og lagðar til af verkkaupa.

















































































### Viðauki III: Örnefnakort

Örnefnakort Ingólfs Einarssonar sem varðveitt eru á örnefnasafni Stofnunar Árna Magnússonar.









**HRAUN**

HRAUNSHVÆFJALL  
 HRAUN, HRAUNSHVÆFJALL, HRAUN, HRAUN  
 LAGAÐ, HRAUNSHVÆFJALL, HRAUN.

**Þéttbýli:**  
 Hraunshvæfjall, 1891 og 1892 á Hraun. (Lsg. 1891) 202 245 upp og 247 248 fram á fallinu. 146 60. Er þar vel komur.  
 Hraunshvæfjall, 1. 25/6 1895 á Hraun. (Lsg. 1891) 202 245 upp. 830 á víðisliðum um 80 2. Hraunshvæfjall, 1. 20/7 1916 á Hraun. 202 247 199 og 247 248.  
 Hraunshvæfjall, 1. 21/7 1898 á Hraunshvæfjall. 202 245 upp og 247 248.  
 Hraunshvæfjall, 1. 7/4 1899 á Hraunshvæfjall. 202 245 upp. Hraun er vel komur og Hraunshvæfjall.  
 Hraunshvæfjall, 1. 20/7 1916 á Hraun. 202 247 199 og 247 248.  
 Hraunshvæfjall, 1. 21/7 1898 á Hraunshvæfjall. 202 245 upp og 247 248.  
 Hraunshvæfjall, 1. 7/4 1899 á Hraunshvæfjall. 202 245 upp. Hraun er vel komur og Hraunshvæfjall.

**Önnur stafráttir:**  
 Hraunshvæfjall, 1. 20/7 1916 á Hraun. 202 247 199 og 247 248.  
 Hraunshvæfjall, 1. 21/7 1898 á Hraunshvæfjall. 202 245 upp og 247 248.  
 Hraunshvæfjall, 1. 7/4 1899 á Hraunshvæfjall. 202 245 upp. Hraun er vel komur og Hraunshvæfjall.

1:50,000  
 1919

# NJALLAHVERFI GRÍMSLEKIR HRAUN

Helga Heimildarson

**Njallahverfi**  
 Þekktur 2. Stenarsengur, 6/7 1891 á Bjarnastöðum, dýkt þar upp, þá þar til 1962 Þorfeður hana úngu þar. Hermann Eyjólfsson, f. 1/7 1893 í Keldu, dýkt upp á Grímsleki, þá í Garðabæ. Samundur á Kópavogi, f. 3/11 1904. Dýkt upp á Bjarnastöðum, var þar fram á Gullshöfn þá - Ágústur Steindarson, f. 5/2 1888, þá í langi á sjálfu.

**Grímsleki**  
 Þorsteinn Grímsen, f. 2/11 1888 á Grímsleki, dýkt þar upp, þá þar til 1966. - Ólafur Kristinn og Sigurður Jónsson, f. 28/8 1893 þar. Dýkt þar upp, þá á Vinðheimum um 30 ár. - Þóttur Þorsteinsson, f. 20/1 1915 á Hrauni, dýkt þar upp, þá þar.

**Hraun**  
 Þóttur Magnússon, f. 19/12 1901 á Hrauni, dýkt þar upp, var þar langur, er þar var Krúmur - þá Ólafur Magnússon, f. 28/8 1893 þar. Dýkt þar upp, þá á Vinðheimum um 30 ár. - Þóttur Þorsteinsson, f. 20/1 1915 á Hrauni, dýkt þar upp, þá þar.

Þorfeður hefur grímsleki- og hraunanna hefa þá á þessum hömum í marga millibili.


Órnáttunefnið:

*Þorsteinn Grímsen*

Leiklegt í hax eftir ÁMB-þarabáði 1912.

*Jónína Gunnarsdóttir*

1968



**Stærðafærni**  
 H = Hraun  
 K = Kattadýngja  
 M = Mjaltur  
 L = Litlaflói  
 M = Mjaltur  
 S = Steindýngja  
 St = Steindýngja  
 St = Steindýngja



